



VIÐ SKÖPUM VERÐMÆTIN

Fundur formanna

2025

Skýrsla forseta

um störf Alþýðusambands Íslands 2025



Skýrsla forseta

um störf Alpýðusambands Íslands

Formannafundur ASÍ 21. október 2025

Skýrsla forseta ASÍ 2025

Skýrsla forseta um störf ASÍ er unnin af starfsfólki á skrifstofu ASÍ, á ábyrgð sviðsstjóra. Starfsfólk Mímis-símenntunar, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Bjargs-íbúðafélags, Virk-Starfsendurhæfingarsjóðs, Vörðu-Rannsóknastofnunar vinnumarkaðarins og Listasafns ASÍ vann samnefnda kafla skýrslunnar.

Ábyrgðarmaður: *Finnbjörn A. Hermannsson*

Umbrot og hönnun: *Miðlunarsvið ASÍ*

Myndir: *Starfsfólk ASÍ*

Kápuhönnun: *Arnaldur Grétarsson*

Reykjavík, október 2025

Inngangur.....	7
Fundargerð 46. þings Alþýðusambands Íslands	14
Ávarp Finnbjörns A. Hermannssonar, forseta ASÍ.....	14
Ávarp Sonju Ýrar Þorbergsdóttur, formanns BSRB	20
Þingsetning.....	24
Skýrsla forseta	26
Föstudagur 18. október	37
Aðalmenn í miðstjórn.....	52
Lokaræða forseta ASÍ	60
Af vettvangi miðstjórnar ASÍ.....	62
Kjör miðstjórnar.....	62
Breytingar á miðstjórn	63
Vinnufundur um verkefni og skipulag ASÍ	63
Þjónustu- og stefnumótunarkönnun	64
Aukið samstarf um vinnustaðaeftirlit og lögfræðiþjónustu?.....	64
Ályktanir miðstjórnar ASÍ.....	70
Efnahagsmál	78
Kjaramál.....	84
Kjarasamningslotan frá 2024.....	84
Húsnæðismál	86
Óvíst hvort húsnæðisþörf verði mætt.....	87
Rjúfa þarf kyrrstöðuna á húsnæðismarkaði.....	88
Lífeyrismál	90
Samráðshópur ASÍ og SA um lífeyrismál – fundur í desember 2024.....	92
Samráðshópur ASÍ og SA – fundur í september 2025	93
Uppgjör og slit ÍL-sjóðs.....	94
Yfirstandandi vinna að grænbók um lífeyriskerfið.....	95
Jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða	95
Forsaga framlags ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði	95
Breytingar á jöfnunarframlagi 2025	96
Nýtt örorku- og endurhæfingarkerfi almannatrygginga.....	98

Atvinnu,- auðlinda- og umhverfismál	100
Uppfærð áætlun í loftslagsmálum styðji ekki við réttlát umskipti	101
Réttlát umskipti í drögum að frumvarpi til laga um loftslagsmál	102
Orkumál áfram í kastljósinu	103
Engin vernd fyrir verðhækkunum á raforku í frumvarpi stjórnvalda	104
Kílómetragjald stuðli hvorki að jafnræði né jöfnuði	105
Hörð átök um breytingar á veiðigjöldum	106
Verðlagseftirlit ASÍ	108
Útgefnar greiningar og aðferðir	109
Endurbætt smáforrit undir nýju nafni	110
Dagvöruvísitala og birting gagna	110
Félags- og vinnumarkaðsmál	111
Vinnustaðaeftirlit ASÍ og stéttarfélaganna	111
Finnur – skráningar- og upplýsingakerfi vinnustaðaeftirlitsins	112
„Vinnumansal á Íslandi“ – sameiginleg ráðstefna ASÍ og SA	113
Sameiginleg yfirlýsing ASÍ og SA í baráttunni gegn vinnumansali	114
Misneyting og mansal á vinnumarkaði	115
Staða ræstingarfólks á íslenskum vinnumarkaði	118
Í góðu lagi - samstarfsverkefni stéttarféлага og grænmetisbænda	121
Jafnréttismál	122
Jafnréttisnefnd ASÍ	122
Kvennaár 2025 – helstu viðburðir	123
Kvennaráðstefnur	124
Leiðrétting á vanmati kvennastarfa	124
Vinnustofa Söru Hassan	125
Kvennavettvangur ASÍ	125
Fræðslu- og menntamál	126
Alþjóðlegt og norrænt samstarf	127
Félagsmálaskóli alþýðu	128
Stefnumótun stjórnvalda í málefnum innflytjenda	129
Ungir leiðtogar – vor 2025	129
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	131
Raunfærnimat	132
Fagbréf atvinnulífsins	133
Fræðslusjóður	136

Hæfnisetur ferðapjónustunnar.....	137
Lagabreytingar og skipulagsmál.....	139
Laganefnd.....	139
Skipulags- og starfsháttanefnd.....	139
Persónuvernd.....	139
Erlend samskipti	140
Ráðgjafarnefnd EFTA.....	140
Virkni og staða EES-samningsins	140
Gervigreind og algörðmísk verkstjórn á vinnustöðum.....	141
Tilskipun ESB um gigg-starfsfólk (e. Platform workers).....	142
Evrópusamtök verkalýðsfélaga.....	143
Norrænt samstarf.....	146
ITUC.....	147
Alþjóðavinnumálastofnunin – ILO	148
Alþjóðanefnd.....	149
ASÍ-UNG.....	150
Starfsár 2024-2025.....	150
Fundargerð 10. þings ASÍ-UNG.....	151
Skýrsla stjórnar ASÍ-UNG	152
Listasafn ASÍ.....	158
Sýningar á vinnustöðum.....	160
Starfsemi og skipulag á skrifstofu ASÍ.....	163
Starfsfólk á skrifstofu ASÍ 1. september 2025.....	163
X24 – Stjórnmalamenn krafðir svara	164
Fundir með ráðherrum nýrrar ríkisstjórnar	166
Ný félagaskrá	166
Sameiginlegur fundur málefnanefnda miðstjórnar við upphaf starfstímabils	167
Bókasafn Dagsbrúar til ASÍ	167
Bjarg íbúðafélag.....	168
Varða – rannsóknastofnun vinnumarkaðarins.....	169
VIRK – Starfsendurhæfingarsjóður	170
Umsagnir um þingmál.....	173
Fundir og fundarsókn miðstjórnarmanna.....	218
Starfsnefndir miðstjórnar	219

Fulltrúar ASÍ í nefndum og ráðum	225
Fjöldi félagsmanna ASÍ eftir landssamtökum, félögum og deildum	236
Kynjabókhalld ASÍ.....	239
Um kynjabókhalldið.....	239
Kynjakvóti í stjórnnum lífeyrissjóða	247
Stjórnir aðildarféлага og landssambanda ASÍ	249
Reikningar ASÍ og stofnana.....	269

Inngangur

Kjarasamningar ASÍ-félaganna sem undirritaðir voru í mars 2024 hafa sannað gildi sitt. Það eru óumdeilt að þeir hafa orsakað þá verðbólguhjöðnun sem hefur orðið frá undirritunartíma og skapað forsendur fyrir lækkun stýrivaxta. Það er mitt mat að Seðlabankinn hafi ekki stutt nóg við þá vegferð sem farin var og að stofnunin hefði getað lagt meira af mörkum með því að sýna meiri djörfung í lækkun stýrivaxta.

Samningarnir hafa einnig skapað kaupmáttarauka fyrir vel flesta innan ASÍ-félaganna. Síðustu ár hefur hagvöxtur verið ásættanlegur. Nú er aðeins tekið að síga á ógæfuhliðina hvað varðar hagvaxtarhorfur og það örlar á meira atvinnuleysi. Þetta eru ekki góð tíðindi og því hefðu stýrivextir átt að lækka við síðustu ákvörðun.

Nýlokið er endurskoðun á forsendum kjarasamninga og þær stóðust, að einni undanskilinni. Ríkisstjórnin hafði ekki breytt lögum um Menntasjóð námsmanna. Þær breytingar voru á þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar. Við næstu endurskoðun haustið 2026 verður hugað að því hvort það fyrirheit hafi verið efnt.

Baráttunni lýkur aldrei

Reglulega erum við minnt á að baráttu launafólks fyrir mannréttindum og bættum kjörum lýkur aldrei. Jafnan eru til staðar öfl í samfélaginu sem vinna að því að veikja verkalýðshreyfinguna og skerða þann ávinning sem náðst hefur. Venjulegast koma þessir aðilar út úr kunnugum skúmaskotum en svo bregður við að tilraunir til að klekkja á íslensku launafólki koma úr óvæntri átt.

Í tíð síðustu ríkisstjórnar höfðu þingmenn Sjálfstæðisflokksins það eitt fram að færa í málefnum vinnumarkaðarins að leggja ítrekað fram frumvarp til laga sem ætlað var að kippa fótunum undan verkalýðshreyfingunni. Vitanlega var þetta gert í nafni „frelsis“, nánar tiltekið „félagafrelsis á vinnumarkaði“. Og tæpast þarf að taka fram að málið var lagt fram án samráðs, kynningar eða viðvörunar í aðdraganda kjarasamninga.

Þessari aðför tókst launafólki að hrinda með samstöðu og hvössum rökstuðningi. Frumvarpið var að sönnu vanhugsað og óvandað; ekki fór á milli mála sá illi hugur sem lá því til grundvallar.

Tekist á um jöfnunarframlag

Síðasta ríkisstjórn hafði uppi áform um að fella niður jöfnunarframlag sem samið var um 2005 til að jafna örorkubyrði lífeyrissjóða. Það tókst að minnka skaðann af þeim áformum en framlagið var nær helmingað.

Nú í septembermánuði gekk nýtt kerfi örorkulífeyris almannatrygginga loks í gildi eftir ítrekaðar tilraunir og áralanga vinnu. Alþýðusambandið fagnaði þessum tímamótum enda hafði það löngum stutt helstu efnisatriði nýju laganna. Hins vegar lýsti núverandi ríkisstjórn því yfir að hún hygðist ekki hvika frá áformum ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur um að fjármagna breytingarnar með því að fella niður jöfnunarframlagið.

Þetta kallaði á hörð viðbrögð af hálfu Alþýðusambandsins. Fyrir lá að afleiðingarnar myndu koma af mestum þunga niður á fimm lífeyrissjóðum verka- og láglænaþólks. Óhjákvæmilegt yrði að skerða lífeyrisréttindi félaga í þessum sjóðum sem nú þegar eru þau lökustu sem þekkjast á vinnumarkaði.

Alþýðusambandið lýsti því yfir að stjórnvöld þyrftu að gefa skýr fyrirheit um að samkomulag um jöfnunarframlag til lífeyrissjóðanna yrði virt og framlaginu viðhaldið þar til um annað fyrirkomulag hefði

verið samið sem tryggði jöfnun á örorkubyrði. Af hálfu Alþýðusambandsins var þetta ófrávikjanlegt skilyrði fyrir viðræðum. Jafnframt lýsti Alþýðusambandið því yfir að aldrei yrði fallist á að verka- og láglæunafólki yrði einu gert að fjármagna endurbætur á örorkulífeyriskerfi almannatrygginga með frekari rýrnun á lífeyrisréttindum sínum.

Mótmæli okkar og samstaða hefur nú skilað þeim árangri að fjármálaráðherra hefur lýst því yfir að staðið verði við jöfnunarframlagið með sama hætti og gert var í ár.

Við fögnum þessum sinnaskiptum og ítrekum að afnám jöfnunarframlagsins á kostnað lífeyrisréttinda verka- og láglæunafólks hefði verið hróplega óréttlát niðurstaða.

Alþýðusamband Íslands hefur einnig mótmælt harðlega þeim áformum stjórnvalda að skerða atvinnuleysistryggingar og skorað á ríkisstjórn Krístrúnar Frostadóttur að láta aðra en atvinnulausa greiða fyrir sparnaðartillögur ríkisstjórnarinnar.

Atvinnuleysistryggingar eru einn af hornsteinum velferðarsamfélagsins og það kostaði mikil átök að koma þeim á um miðja síðustu öld. Kerfið er órjúfanlegur hluti af grunngerð þess sveigjanlega vinnumarkaðar sem innleiddur hefur verið hér á landi og felur í sér afkomutryggingu fyrir launafólk á erfiðum stundum í lífi þess.

Markaðsvæðing innviða

Markaðsvæðing orkunnar hófst árið 2003 hér á landi í samræmi við tilskipanir Evrópusambandsins (ESB). Þar með fengu fjármagnsöflin enn eitt tækifæri til að breyta einni af undirstöðum samfélags okkar sjálfum sér til hagsbóta en á kostnað allra hinna. Sú er jafnan viðleitni þeirra sem þekkja ekki háleitari markmið en að komast yfir auðlindir og eigur þjóðarinnar.

Ástæða er til að hafa þungar áhyggjur af framhaldinu. Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands frá í maímánuði hafði raforkuverð þá hækkað um 16,1% á síðustu tólf mánuðum. Á sama tímabili mældist almenn verðbólga 3,8%. Á tveimur árum hafði raforkuverð alls hækkað um 28% á meðan hækkun vísitölu neysluverðs mældist 10,2% á sama tíma. Þetta er mesta hækkun raforkuverðs frá árinu 2011.

Í desembermánuði 2024 skýrði verðlagseftirlit ASÍ frá því að verðhækkun á raforku í smásölu hefði numið allt að 37% á einu ári. Neytendasamtökin hafa lýst yfir áhyggjum af því að heimili landsmanna séu nú tekin að keppa við stórfyrirtæki um raforku, bæði í verði og afhendingu.

Alkunna er að orkuskortur ríkir í landinu og ástæða er til að vara alvarlega við áformum um stjórnlausu uppbyggingu vindorkugarða með tilheyrandi náttúruspjöllum og skaða fyrir nærsamfélög þeirra. Ef ætlunin er að byggja upp orkuframleiðslu í sátt verða íbúar að vera þátttakendur í þeirri ákvarðanatöku. Óþöðlegt er að þröngva vindorkuverum upp á samfélög án þess að hlusta á raddir þeirra sem þar búa.

Hér er jafnvel meira undir en virðast kann í fyrstu. Orkan er ekki aðeins tæknilegt úrlausnarefni. Hún er samfélagsmál. Hún snertir lýðræði, réttlæti og framtíðarsýn.

Sterk sérhagsmunaöfl hér á landi ásælast orkuna, landið, vatnið, vindinn, jarðvarmann. Ég tel vaxandi líkur á að tekist verði á af hörku um þessar auðlindir þjóðarinnar í náinni framtíð. Verkalýðshreyfingin og önnur samtök verða að halda vöku sinni og standa saman í þeirri baráttu í nafni almannahagsmuna.

Í enn stærra samhengi eru orkan og auðlindirnar miðpunktur í hugmyndafræðilegri baráttu um sjálfa samfélagskipanina og þjóðfélagssáttmálann. Mikilvægt er að halda þessu grundvallarsjónarmiði til skila hvar sem því verður við komið.

Frá því ég tók við embætti forseta Alþýðusambandsins hef ég ítrekað borið upp eftirfarandi spurningar:

Hvernig hefur sú markaðsvæðing sem þegar hefur farið fram á sviði orkumála komið þjóðinni til góða?

Og í framhaldinu – dettur einhverjum í hug að þessar breytingar séu gerðar til að bæta hag almennings í þessu landi?

Hvers vegna taka stjórnvöld ekki tillit til sérstöðu íslensks raforkumarkaðar við mótun lagaumgjarðar?

Við þessum spurningum hef ég engin svör fengið.

Raforkukauphallir og „Evrópuviðmið“ eru tvær birtingarmyndir markaðsvæðingar raforkunnar í landinu. Skipulögð fjölgun milliliða skýrir að hluta mikla hækkun raforkuverðs á seinni árum. Með markaðsvæðingu orkunnar verður almenningur berskjaldaður fyrir „snúningum“ fjármagnsaflanna. Sú sérstaða sem Íslendingar hafa löngum notið hvað varðar hagstætt orkuverð mun heyra sögunni til innan ekki langs tíma, fari fram sem horfir.

Varðstaða um innviði gagnvart ásælni fjármagnsaflanna er stærsta hagsmunamál fólksins í landinu nú um stundir.

Varða kannar stöðu launafólks

Frá stofnun Vörðu árið 2020 hafa kannanir þessarar rannsóknastofnunar vinnumarkaðarins á stöðu launafólks í landinu jafnan vakið verðskuldaða athygli og umræðu. Í byrjun mánaðar var skýrt frá niðurstöðum fimmtu könnunar Vörðu sem byggði á svörum tæplega 25.000 félaga í aðildarfélögum ASÍ og BSRB. Þessi könnun er að sönnu einstök, ekki síst sökum þess hversu vel gengið hefur að ná til innflytjenda í landinu.

Nýjasta könnunin bregður upp skýrri mynd af óheillavænlegri þróun á vinnumarkaði og í samfélaginu almennt. Um 70% launafólks telja afkomu sína viðunandi eða ágæta, sem ber að fagna, en það eru hin 30% sem kalla á athygli okkar. Vissulega hafa kannanir Vörðu áður leitt í ljós erfiða stöðu og koma einstæðir foreldrar og öryrkjar þar fyrstir upp í huga. Í hinni nýju könnun Vörðu er hins vegar upplýst að umtalsverður hluti íslensks launafólks, nánar tiltekið um það bil fimmtungur, býr við slíkan skort á efnislegum og félagslegum gæðum að jafna má við raunverulega fátækt.

Í skýrslunni má finna margvísleg sláandi dæmi um áhrif skorts og fátæktar á daglegt líf foreldra og barna þeirra. Jafnframt er sýnt fram á gríðarlegan mun á andlegri og líkamlegri líðan fólks eftir tekjum. Þannig er langhæst hlutfall fólks með lægstu og næstlægstu heimilistekjurnar sem mælist með slæma andlega líðan (41% og 39%) en mun lægra sérstaklega í efstu tveimur tekjuhópunum (17% og 13%). Sams konar niðurstöður sjást hvað varðar líkamlega heilsu sem er verst í tekjulægstu hópunum.

Lægri atvinnutekjur innflytjenda endurspeglast í mælikvörðum um fjárhagsstöðu.

Skýrslan hlýtur að vera okkur öllum áhyggjuefni. Hún leiðir skýrlega í ljós að stór hluti launafólks í landinu nær ekki endum saman á þeim launum og með þau stuðningskerfi sem í boði eru á vinnumarkaði. Segja má að þetta verkafólk hafi orðið eftir þrátt fyrir þá viðleitni að hækka lægstu laun sérstaklega.

Skýrsla Vörðu leiðir í ljós óboðlegt ástand og hlýtur að kalla á viðbrögð aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda.

Vítahringur húsnæðiskreppu

Verkalýðshreyfingin hefur ítrekað á undanliðnum árum vakið athygli á því ófremdarástandi sem ríkir í framboði húsnæðis á viðráðanlegu verði og lagt fram margvíslegar tillögur til úrbóta. Þá nefni ég einnig

frumkvæði ASÍ og BSRB frá því fyrr í ár að efna til samstarfs við Reykjavíkurborg um að þróa nýjar leiðir í því skyni að flýta fyrir byggingu íbúðarhúsnæðis.

Vinnuhópur sem skipaður var í þessu skyni hefur lokið störfum og skilað af sér tillögum. Tillögur verkalýðshreyfingarinnar hafa verið að borgin taki upp samstarf við lífeyrissjóði við þróun íbúðahverfis með það að markmiði að hraða uppbyggingu. Verkefnið er nú komið á hið pólitíska svið og beðið er viðbragða Reykjavíkurborgar. Í mínum huga er ljóst að aðeins með samstarfi á borð við það sem lagt er til í skýrslu vinnuhópsins verður vítahringur húsnæðiskreppunnar rofinn; framboðsskortur sem veldur verðhækkunum sem orsaka verðbólgu og hærra vaxtastig sem veldur framboðsskorti.

Húsnæðismarkaðurinn má ekki vera í höndum gróðadrifinna félaga sem hafa hag af því að viðhalda húsnæðisskorti. Það er í ljósi þessa sem álitlegt hefur verið talið að fá lífeyrissjóði til að taka þátt í Reykjavík-verkefninu. Takist ekki að kalla fram raunveruleg og raunhæf viðbrögð hið fyrsta mun ástandið verða enn alvarlegra í náinni framtíð ef marka má skýrslur og mannfjöldaspár.

Verkalýðshreyfingin hlýtur að kalla á skýr svör um húsnæðismálin af hálfu stjórnmalafólks og -flokka í sveitarstjórnarkosningunum vorið 2026. Það verður að segjast eins og er að framganga stjórnmalamanna á þessu sviði hin seinni ár hefur tæpast opinberað hæfni þeirra eða visku.

Gigg-hagkerfið

Gigg-hagkerfið svonefnda er ógeðfelld birtingarmynd hugmyndafræði sem þekkir enga mælikvarða aðra en hagkvæmni og hámarksun arðs. Verkalýðshreyfingin getur ekki horft fram hjá þeirri atlögu að siðuðu samfélagi sem felst í innleiðingu gigg-hagkerfisins. Markmiðið er að brjóta á bak aftur samfélagsgildin og þar með réttindin og mannlega reisn til að arðsemiskröfur fjármagnsafla gangi óhindraðar fram.

Fjármálaöflin hafa ítrekað gripið til þess ráðs að snúa út úr málflutningi verkalýðshreyfingarinnar um gigg-hagkerfið m.a. með þeim rökum að þannig sé ráðist gegn sjálfstætt starfandi sérfræðingum á borð við lögmenn og fleiri stéttir sem eru frjálsar og fullfærar að semja um sín kjör! Þetta er vitaskuld fráleit staðhæfing; hugtakið „gigg-hagkerfið“ vísar fyrst og fremst til fólks, iðulega innflytjenda, sem sökum viðkvæmrar stöðu neyðist til að gera sér að góðu þau lúsarlaun og réttindaleyfi sem í boði eru yfirleitt fyrir sendlastörf af ýmsum toga.

Verkalýðshreyfingin hefur ekkert á móti því að stafrænir verkvangar séu nýttir á vinnumarkaði og að fólk telji sveigjanleika kost um lengri eða skemmri tíma en um þau störf eins og önnur eiga að gilda skýrir kjarasamningar með tilheyrandi réttindum.

Þeir sem telja að öðrum komi það einfaldlega ekkert við sé fólk tilbúið að stunda þrælavinnu réttindalaust fyrir lúsarlaun hafa sannarlega sagt samfélaginu stríð á hendur.

Það er andstyggileg sýn til samfélagsins að telja sjálfsgætt að tilteknir hópar fólks, oftast innflytjendur, fátækt fólk og unglingar í engri samningsstöðu, afsali sér réttindum sínum og eigi í raun allt sitt undir atvinnurekendum sem sýnilega virða þá einskis og hafa engan áhuga á kjörum þeirra og velferð.

Í öðru lagi er sú staðhæfing að fólki eigi að vera frjálst að láta traðka á lífi sínu og réttindum sökum veikrar samningsstöðu bein ógn við helstu grunngildi samfélags og siðmenningar.

Í þriðja lagi hvílir þessi hugmyndafræði beinlínis á þeirri forsendu að lífsgæði og réttindi annars fólks séu afstæð við þarfir og arðsemiskröfur markaðarins hverju sinni.

Verkalýðshreyfingin getur undir engum kringumstæðum samþykkt þessa mannfjandsamlegu hugmyndafræði og ég tel einboðið að við herðum baráttu gegn henni.

Skipulagsmál

Vinnufundur miðstjórnar ASÍ fór fram 15.–16. janúar 2025 að Hótel Örk og var undirbúinn síðla árs 2024. Markmið fundarins var að ná samstöðu um föst verkefni ASÍ og hvernig núverandi og framtíðar skipulag getur best stutt við þau til ársins 2030.

Fundurinn hófst á því að þátttakendur skilgreindu væntingar sínar til framtíðarstarfsins, og kom þar skýrt fram að samstaða, samvinna og skýr verkaskipting væru lykilatriði fyrir árangur hreyfingarinnar.

Fundinum lauk með sameiginlegri niðurstöðu um áherslur og nauðsynlegar breytingar á skipulagi, sem miða að því að styrkja starf ASÍ og aðildarfélaga þess fram til ársins 2030. Fram komu hugmyndir bæði um þjónustu við aðildarfélögin en einnig hvað varðaði þing sambandsins og völd milli þinga. Forseta og miðstjórn var falið að fylgja eftir þeim tillögum sem komu fram á fundinum.

Ákveðið var að fá Vörðu til að útbúa spurningakönnun sem snerist annars vegar um þjónustuna sem veitt er á skrifstofunni og hins vegar um hvort halda ætti áfram með umræðu sem skapast hafði á vinnufundinum um sameiginlegt vinnustaðaeftirlit og sameiginlega lögfræðistofu á vegum Alþýðusambandsins.

Á fundi miðstjórnar 4. júní gerði Kristín Heba Gísladóttir, framkvæmdastjóri Vörðu, miðstjórn grein fyrir helstu niðurstöðum þjónustu- og stefnumótunarkönnunar. Lesendur geta fræðst nánar um könnun þessa í skýrslunni (sjá kafla „Af vettvangi miðstjórnar“) en vissulega var ánægjulegt að sjá að ánægja með þjónustu skrifstofu ASÍ hafði aukist til muna frá síðustu könnun árið 2016.

Í könnuninni kom fram skýr vilji fyrir því að komið verði á fót miðlægu vinnustaðaeftirliti á vegum ASÍ. Tillaga um miðlæga lögfræðiþjónustu sambandsins við aðildarfélögin hlaut sömuleiðis góðar viðtökur.

Umræða um allt framangreint fer enn fram þegar þetta er ritað (sjá kafla „Af vettvangi miðstjórnar“). Sjálfur hef ég sannfærst um gildi þess að komið verði á miðlægri lögfræðiþjónustu, í áföngum vitanlega því þetta yrði langtíma verkefni, og fyrir slíkri starfsemi er öflug fordæmi að finna á Norðurlöndum.

Staðan er um sumt flóknari hvað miðlægt vinnustaðaeftirlit varðar.

Ég tel mikilvægt að þess verði freistað að þoka umræðu um þessi tvö stórmál áfram á vettvangi Alþýðusambandsins um leið og ég undirstrika að sjálfsákvörðunarréttur aðildarfélaga verður að sjálfsögðu virtur; tillögurnar miða að því einu að bæta þjónustu við félögin á sviðum vinnueftirlits og lögfræðiþjónustu en til þess að það verði unnt þarf að styrkja þessar stoðir skrifstofunnar verulega.

Samstarf aukið og formgert

Í beinu framhaldi er við hæfi að vekja athygli á góðum árangri og breytingum sem náðst hefur að knýja fram á vettvangi vinnueftirlitsins. Um áramótin síðustu tóku gildi breytingar á ýmsum lögum vegna samstarfs og eftirlits á vinnumarkaði. Með breytingunum er Vinnueftirliti ríkisins (VER) gert að formbinda samstarf milli stjórnvalda, ASÍ og Samtaka atvinnulífsins (SA) í baráttunni gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði.

Þetta er fagnaðarefni enda hefur ASÍ lengi hvatt til þess að samstarf þeirra sem fara með eftirlit á vinnumarkaði verði aukið og formgert.

Með lagabreytingum varð einnig til ný samstarfsnefnd stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um aðgerðir gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði. Fyrsta verkefni nefndarinnar er að útbúa tillögu að

aðgerðaáætlun og er stefnt að því að vinnu við hana ljúki á næstunni. Ástæða er til að binda vonir við þennan samstarfsvettvang.

Mannanna verk

Á stundum er þjóðfélagsumræðan hér á landi með undarlegasta móti. Engu er líkara en að það gleymist eða skipulega sé horft fram hjá þeirri staðreynd að ákvarðanir „verða“ ekki – þær lúta ekki lögmálum efnisheimsins eins og veðrið eða náttúruhamfarir. Ákvarðanir eru mannanna verk og þær ber að meta sem slíkar.

Aðfarir að kjörum og réttindum verka- og láglæunafólks eru ekki atburðir í efnisheiminum heldur beinar, pólitískar ákvarðanir. Hið sama á við um markaðsvæðingu orkunnar og áform um frekari aðkomu fjármagnsafla að rekstri og nýtingu innviða landsmanna. Hér er oft um að ræða langtímaaðgerðir aðila sem ekki sitja á Alþingi og hafa aldrei verið kosnir til að leiða þjóðina. Þeir vinna að sínu með „lobbýisma“ og hafa alltaf augu á lokamarkmiðinu.

Í þágu hverra eru þessar ákvarðanir teknar? Með hvaða hætti bæta þær líf og afkomu fólksins í landinu? Við slíkum grundvallarspurningum fást sjaldnast svör og telst það kannski ekki undrunarefni þar sem ráðamenn eru aldrei krafðir svara við þeim á opinberum vettvangi.

Nærtækt er í þessu efni að líta til fyrirliggjandi fjárlagafrumvarps. Spunakarlar stjórnvalda ræða vitanlega jafnan um „hagræðingaraðgerðir“ en við flestum blasir að ríkisstjórnin áformar stórfelldan niðurskurð:

- Bótatímabil atvinnuleysistrygginga verður stytzt um 12 mánuði og reglur um ávinnslu þrengdar.
- Fjárhæðir í barnabótakerfinu haldast óbreyttar og stuðningur við barnafjölskyldur rýrnar að raungildi.
- Fjárhæðir í húsnæðis- og vaxtabótakerfinu haldast óbreyttar og stuðningur vegna húsaleigu og vaxtakostnaðar rýrnar að raungildi.
- Sérstökum aðhaldsráðstöfunum upp á 3,8 milljarða króna verður hrundið í framkvæmd í heilbrigðiskerfinu og kostnaðarþátttaka sjúklinga verður aukin.
- Framlög til framhaldsfræðslu og íslenskukennslu verða lækkuð.

Því hefur stundum verið haldið fram að stjórnsmál snúist um forgangsroðun verkefna. Niðurskurður núverandi ríkisstjórnar lýsir forgangsroðun sem mér sýnist að veki undrun margra svo ekki sé dýpra í árinni tekið.

Einstakt „vopnabúr“

Skýrsla forseta fyrir árið 2025 er að venju efnismikil og ítarleg. Ég þreystist aldrei á að benda á hversu miklar og nytsamar upplýsingar þessar skýrslur geyma. Þarna er að finna umsagnir og greiningar um mörg stærstu álitæfni samfélagsins og um leið helstu hagsmunamál launafólks í landinu. Skýrslan geymir vandaðar yfirlitsgreinar um flókin úrlausnarefni t.d. á sviði lífeyrismála og umhverfismála en umfram allt er hún eins konar „vopnabúr“ fyrir félögin og félögana í skoðanaskiptum og rökræðum um þau málefni sem okkur skipta mestu. Þarna er að finna bakgrunnsefnið sem við byggjum allan okkar málflutning á.

Sú breyting er nú gerð að skýrslan er fyrst og fremst unnin fyrir stafræna útgáfu. Nokkur eintök verða eftir sem áður prentuð og þau félög sem óska eftir því að fá einnig prentað eintak eru beðin um að snúa sér til miðlunarsviðs skrifstofunnar.

Margvíslegt hagræði fylgir því að hafa þennan háttinn á og jafnframt er ástæða til að vekja athygli á að nú er skýrslan öll unnin á skrifstofu ASÍ og á það einnig við um uppsetningu, umbrot og hönnun. Með þessu sparast tími, fyrirhöfn og fjármunir en mestu varðar ef til vill, að með aukinni sjálfbærni eykst styrkur skrifstofunnar.

Október 2025

Finnbjörn A. Hermannsson

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Finnbjörn A. Hermannsson', written in a cursive style.



Finnbjörn A. Hermannsson, forseti ASÍ, flytur ávarp við upphaf 46. þingsins.

Fundargerð 46. þings Alþýðusambands Íslands

Klukkan rúmlega tíu að morgni miðvikudagsins 16. október 2024 stígur Eyrún B. Valsdóttir, framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands, í pontu á Hilton Nordica Reykjavík og býður gesti sem og þá sem fylgjast með í streymi velkomna á opinn dag 46. þings. Ánægjulegt sé að sjá hve margir séu mættir á þennan opna dag sem sé nýbreytni í þinghaldi Alþýðusambandsins. Hér biði þingfulltrúa og gesta fróðleg og fjölbreytileg dagskrá.

Eyrún veitir upplýsingar um túlkunarþjónustu og búnað. Því næst stígur á svið Finnbjörn A. Hermannsson, forseti Alþýðusambands Íslands, og flytur upphafsávarp þingsins.

Ávarp Finnbjörns A. Hermannssonar, forseta ASÍ

„Góðir þingfulltrúar, ágætu gestir.

Ég býð ykkur velkomin á 46. þing Alþýðusambands Íslands.

Það er mér sönn ánægja að bjóða svo marga gesti velkomna en í ár erum við með breytt fyrirkomulag í upphafi þings.

Við höfum kallað til liðs við okkur mikið af kunnáttufólki í þeim málaflokkum sem við ætlum að fjalla sérstaklega um á þinginu. Við væntum mikils af þeim við að kryfja málaflokkana til mergjar og víkka þannig sjóndeildarhring þingfulltrúa og vonandi allra sem á hlýða.

Við erum að opna þingið fyrir almenningi og við ætlum að ræða mál sem ráðandi öfl vilja helst ekki að við ræðum.

Við komum hér saman á miklum óvissutímum.

Í Úkraínu og Mið-Austurlöndum geisa hryllileg stríð sem eru ógn við heimsfriðinn og um framhaldið þar getur enginn sagt.

Verkalýðshreyfingin hefur búið við mikla óvissu síðustu misserin einkum í efnahagsmálunum með tilliti til gerðra kjarasamninga.

Nú þegar loksins hillti undir að verðbólga væri á niðurleið og ferli vaxtalækkana að hefjast gefast ráðandi pólitísk öfl upp á verkefninu, slíta stjórnarsamstarfinu og bjóða þjóðinni upp á enn aukna óvissu og í raun allsherjar ringulreið.

Hér hafa ráðamenn eina ferðina enn tekið hagsmuni sína og flokka fram yfir almannahagsmuni með því að hlaupa frá borði í stað þess að sinna þeim verkefnum sem þeim höfðu verið falin.

Þetta var þá „stöðugleikinn“ sem þetta fólk taldi að aldrei yrði tryggður án stjórnvisku þess.

Þetta er ekki ábyrg framkoma gagnvart fólkinu í landinu.

Verkalýðshreyfingin hlýtur að lýsa yfir þungum áhyggjum af forsendum kjarasamninga og hagstjórninni almennt.

Þessi furðulega atburðarás eykur enn mikilvægi þings okkar því hér ræðum við nokkur stærstu úrlausnarefni samfélagsins með tilliti til almannahagsmuna.

Ég legg áherslu á „almannahagsmuni“ sem jafnan eru efst á baugi innan verkalýðshreyfingarinnar.

Yfirskrift þingsins er að þessu sinni Sterk hreyfing – sterkt samfélag.

Hvað merkja þessi orð?

Þau vísa til innri styrks verkalýðshreyfingarinnar og þess mikilvæga hlutverks sem hún hefur gegnt við mótun þessa samfélags.

Verkalýðshreyfingin byggir á sterkum grunni undangenginna kynslóða.

Verkalýðsfélögin eru sterkt og áhrifamikið afl framfara í sínum heimabyggðum.

Saman mynda aðildarfélögin sterk landssambönd sem mynda sterkt Alþýðusamband.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um öll þau réttindi og kjarabætur sem hreyfingin hefur unnið á undangengnum áratugum.

Engar kjarabætur hafa fengist ókeypis. Ekki lífeyrissjóðir, ekki reglur um vinnutíma, ekki aðbúnaðarlöggjöf og ekki fæðingarorlof.

Og við skulum ekki gleyma sjúkrasjóðum, orlofssjóðum og öllu því menningarstarfi sem verkalýðshreyfingin stendur fyrir.

Við megum heldur ekki gleyma því að þessi árangur og réttindi geta tapast mun hraðar en tók að ávinna sér þau.

Innri styrkur hreyfingarinnar hefur mótað samfélagsrammann og er forsenda þess árangurs sem náðst hefur.

Sagan sýnir að verkalýðshreyfingin hefur verið áhrifamesta afl framfara, breytinga og félagslegs réttlætis í sögu þessarar þjóðar.

Þannig hefur innri styrkur og samheldni hugsjónafólks verið kjarninn í uppbyggingu þess velferðarsamfélags sem Íslendingar hafa mótað á undan liðnum áratugum.

Sterk hreyfing hefur getið af sér sterkt samfélag.

Við megum aldrei missa sjónar á þessu hlutverki hreyfingar okkar. Við megum vera stolt af afrekum hennar og að tilheyra henni.

Um leið og við virðum og gleðjumst yfir þeim árangri sem náðst hefur er mikilvægt að við slökum hvergi á í varðstöðu okkar um þá almannahagsmuni sem liggja síðuðu samfélagi til grundvallar.

Því verkefni lýkur aldrei og við munum einmitt hér á þessu þingi taka til ítarlegrar meðferðar stórmál sem varða sjálfa framtíð þjóðarinnar – hvorki meira né minna.

Mér sýnast sífellt fleiri gera sér ljóst að samfélag okkar stendur á krossgötum.

Takist almenningi ekki að hrinda sókn sérhagsmuna og fjármagnsafla gegn sjálfri samfélagsgerðinni og megnum við ekki að verjast ásælni þessara sömu afla í þjóðarauðinn munu ríða hér yfir afdrifaríkustu samfélagsbreytingar frá stofnun lýðveldisins.

Já, þrátt fyrir að við búum í landi þar sem náttúruöflin eiga það til að breyta forsendum okkar og áætlunum eru það fyrst og fremst manna verk sem við þurfum að hræðast.

Nánar tiltekið verk pólitískra leiðtoga og hagsmunavarða.

Hugleiðum hrun fjármálakerfisins fyrir 16 árum þegar græðgi, siðblinda, vanhæfni og ábyrgðarleysi fór nærri því að kalla efnahagslega gjöreyðingu yfir þjóðina og svipta hana fullveldi sínu.

Þar voru að verki réttnefndir ógnarkraftar mannlegrar heimsku og vitfiringar.

Dettur einhverjum hér í hug að sú þjóðarógæfa geti ekki endurtekið sig?

Nú hafa verið stigin hér markviss skref að hagnaðarvæðingu ellinnar með því að fela einkafyrirtækjum byggingu og rekstur hjúkrunarheimila.

Þessi umskipti hafa verið knúin fram með sífellt verri þjónustu, fjársveldi og biðlistum.

Búin hefur verið til þörf sem einkaframtakinu er síðan falið að leysa.

Þessi breyting á grunni velferðarþjónustunnar er ákveðin án nokkurs lýðræðislegs samráðs við almenning.

Það sama er uppi á teningnum í heilbrigðismálum þjóðarinnar almennt.

Nú er svo komið að stór hluti íbúa á landsbyggðinni getur ekki sótt slíka þjónustu heima í héraði.

Á þjóðinni dynur endalaus áróður um nauðsyn einkavæðingar á sviði orkumála.

Raunar hafa þegar verið stigin mikil ógæfuspor með markaðsvæðingu raforkunnar þar sem fjármagnsöflin eygja ónýtta gróðavon.

Vatnið, bæði það heita og kalda, vindurinn, landið sjálft – allt er þetta undir í þeirri gæslu um almannahagsmuni sem við stöndum frammi fyrir.

Og talandi um almannahagsmuni – hvað skoðun skyldi fólkið í landinu hafa á þróun samfélagsins?

Ég get upplýst að í þjóðmálakönnun sem ASÍ fékk Gallup til að vinna nú í septembermánuði kváðust 68% telja íslenskt samfélag vera á rangri leið með tilliti til almannahagsmuna.

Já, ég endurtek, 68% - aðeins 14% þátttakenda töldu samfélagið á réttri leið.

Þetta er sláandi niðurstaða.

Hún er ekki síður afgerandi þegar spurt er hvort stjórnvöld hafi staðið sig vel eða illa í að tryggja viðunandi heilbrigðisþjónustu. Þar telja 72% stjórnvöld hafa brugðist samfélaginu.

Og þegar spurt er hvort nýting auðlinda til orkuframleiðslu eigi að vera í höndum ríkisfyrirtækja eða einkafyrirtækja telja 85% þjóðarinnar að þau eigi að vera alfarið eða að miklu leyti í höndum ríkisfyrirtækja.

Hvernig má það vera að framgangna kjörinna fulltrúa almennings sé svo gjörsamlega á skjön við þjóðarviljann?

Hlýtur sú spurning ekki að vakna hagsmuna hverra verið er að gæta?

Við getum síðan velt fyrir okkur tekjuöflun ríkisins. Einungis 25% telja réttláta hlutdeild almennings í þeim arði sem verður til við nýtingu auðlinda.

Á sama tíma birtist okkur forgangsroðun stjórnvalda í fyrirliggjandi frumvarpi til fjárlaga.

Þar verður afkomumarkmiðum náð með því að færa auknar byrðar á viðkvæma hópa fremur en að ráðast í skynsamlegar aðgerðir í tekjuöflun.

Afkomubætandi aðgerðir ríkissjóðs felast m.a. í því að skerða framlag til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða og skerða fjárframlög til VIRK starfsendurhæfingarsjóðs.

Hvernig má það vera að stjórnvöld ákveði einhliða að skerða stórlega lífeyrisréttindi þess fólks sem vinnur erfiðustu störf og ber minnst úr bótum?

Reyndar hefur frést að okkur hafi tekist að hrinda áætlun um skerðingu á jöfnunarframlagi ríkisins vegna örorkukostnaðar lífeyrissjóða. Þetta gildir hins vegar aðeins um þetta ár og þessi fjárlög. Okkar biður síðan það verkefni að semja við næstu ríkisstjórn um framtíðarskipan þessara mála.

Vandinn er að viðkvæðið er jafnan það sama – við eigum að borga. Sífelld tilfærsla á peningum er reglan en krafan er sú að auknir fjármunir verði lagðir í málaflokkinn.

Já, nú sem fyrr koma kerfisbreytingar ekki til greina.

Til dæmis að útgerðin greiði eðlilegt gjald af auðlindarentu eða auðugt fólk borgi hærri skatta af fjármagnstekjum og hætti tekjutilflutningi.

Er þessi framgangna stjórnmalanna siðleg og þjóðinni bjóðandi?

Er að undra að sífellt fleiri tali um feyskna innviði, ónýta vegi, neyðarástand í húsnæðismálum og hnignun grunnkerfa í heilbrigði þjóðarinnar og menntun?

Meira að segja réttarvörslukerfið er á fallanda fæti – biðlistarnir í fangelsin eru slíkir að tugir óskilorðsbundinna dóma hafa fyrnst hér á undanförunum árum.

Stöldrum við þetta; ríkisvaldið ræður ekki við fullnustu refsinga.

Hvert erum við komin þegar dæmdir brotamenn komast hjá því að taka afleiðingum gjörða sinna?

Hvaða skilaboð er þarna að finna til fólksins í landinu?

Samt höfum við aldrei verið fleiri og tekjur ríkis og sveitarfélaga hafa aldrei verið jafn miklar.

Og þrátt fyrir þessar miklu tekjur eru grunnkerfin fjársvelt og ráðist er gegn láglæunafólki sem gert er að bera þyngstu byrðarnar.

Á sama tíma og skattkerfið ívilnar fjármagninu og ýtir undir skattasniðgöngu.

Ofsagróði banka er sóttur í vasa almennings.

Meira að segja í loftslagsmálunum tekst að koma fjárhagslegu byrðunum af fyrirtækjunum yfir á almenning sem ber minnsta ábyrgð á vandanum.

Þetta er verk íslensku valdastéttarinnar sem segir launafólk – almenning í landinu – bera ábyrgð á verðbólgu með frekju sinni og ábyrgðarleysi.

Nú síðast eru gjaldfrjálsu máltíðirnar í skólunum sagðar þensluhvetjandi því vegna þeirra muni heimilin hafa örlítið meira á milli handanna.

Þannig talar valdafólkið, sem nýtur sérkjara í öllum efnum, til almennings í landinu.

Þessi málflutningur er fyrir neðan allar hellur.

Launafólk ber ekki ábyrgð á verðbólgunni, húsnæðisvandanum, einokuninni, vaxtaokrinu, verðsamráðinu, þjónustuskortinum og stöðugum hækkunum á nauðsynjavörum.

Almenningi verður ekki kennt um ömurlega stjórn ríkisfjármála.

Þaðan af síður er fólkið í landinu ábyrgt fyrir þeirri skefjalausú misskiptingu auðsins sem við horfum upp á og lýsir sér í allsnægtum útvaldra og eignaleysi hinna mörgu.

Stjórnvöld beita fjársveldi til að vinna gegn almannahagsmunum.

Samkeppniseftirlitið er ágætt dæmi um það.

Því var þröngvað upp á Íslendinga með EES-sáttmálanum fyrir 30 árum en stjórnmalamenn hafa séð til þess að það geti ekki uppfyllt hlutverk sitt.

Þetta sér og veit almenningur, því til sannindamerkis hef ég fyrrnefnda þjóðmálakönnun ASÍ.

Í henni segja 79% að eftirlit með samkeppni á íslenskum neytendamarkaði sé of lítið.

Einungis 6% telja það of mikið.

Og 60% landsmanna telja núverandi reglur um samkeppni á íslenskum neytendamarkaði gagnast illa til að skapa jákvætt samkeppnisumhverfi.

Já, það er sama hvar niður er borið – almennt og yfirleitt telur fólkið í landinu samfélagið á rangri leið og að sérhagsmunir trompi jafnan almannahagsmuni.

Ágætu þingfulltrúar og gestir.

Það er með vísun til þess sem ég hef nefnt hér að framan sem ég treysti mér til að fullyrða að samfélag okkar standi á krossgötum.

Verði fjármagninu hleypt í hinar auðlindirnar, orkuna, landið, vindinn og vatnið - til viðbótar við fiskinn - og takist ekki að brjóta á bak aftur sérhagsmunavörslu stjórnmalafólks fyrir auðinn er ekki von á góðu.

Verði einkavæðingu komið á í velferðarþjónustunni munum við sjá afleitar afleiðingar rétt eins og gerst hefur í Bretlandi og Svíþjóð.

Á endanum er hættan sú að veiking velferðarkerfa og markaðsvæðing auðlinda ýti undir samfélagsrof – jafnvel ekki ólíkt því sem við sáum í aðdraganda hrunsins sem ég nefndi hér í upphafi.

Eiginhagsmunir verði ráðandi viðhorf vegna þess að leikreglunum hafi verið kastað fyrir róða með þeim afleiðingum að límið í samfélaginu hverfi.

Þetta sáum við í hrininu og því fer viðs fjarri að samfélagið hafi náð sér eftir það áfall sem spillingin og græðgin olli og aldrei hefur verið gert upp.

Þetta greinum við m.a. í litlu trausti almennings til margra helstu stofnana samfélagsins. Í kalda stríðinu klofnuðu samfélögin í fylkingar til vinstri og hægri.

Í nútímanum lýsir samfélagsrofið sér í klofningi upp og niður; til verður fámenn og ráðandi eigna- og yfirstétt sem segir sig úr lögum við almenning og kærir sig kollótta um samfélagslega velferð og jöfnuð.

Sífelld stærri hluti samfélagsins er dæmdur til fátæktar og skynjar stöðu sína á þann veg að hann eigi enga möguleika.

Við sjáum vísi að þessu í húsnæðiskreppunni sem framkallar áður óþekkta ójöfnuð í samfélagi okkar og stjórnvöld - ekki síst sveitarfélögin - hafa reynt ófær um að leysa.

Færist afgangurinn af þjóðarauðnum á hendur fjármálaafli verður niðurstaðan upprisa lénskerfisins.

Kæru félagar.

Þetta er saga okkar, hlutverk okkar og ábyrgð.

Verkefni eru skýr.

Íðulega gerist það þegar verkalýðshreyfingin tjáir sig um þjóðfélagsmál að fullyrt er að hún sé þátttakandi í hinni pólitísku baráttu.

Það er alveg rétt. Hreyfing okkar stundar pólitík en það er ekki pólitík sem bundin er við stjórnmálaflokka eða - leiðtoga.

Okkar pólitíska aðkoma mótast af hagsmunavörslu fyrir fólkið í landinu.

Hún snýst um almenning sem stendur undir öllum kerfunum og á réttmæta kröfu um að stjórnmálin snúist um samfélagið, framtíð þess og velferð borgaranna.

Okkar pólitíska aðkoma beinist gegn sérhagsmunum og skipulagðri viðleitni til að grafa undan þeim samfélagsgildum sem við höfum sameinast um.

Við erum og eigum að vera stolt af þeirri hagsmunabaráttu og ástandið í samfélagi okkar kallar á að við herðum hana hvar sem því verður við komið.

Í þeirri hagsmunabaráttu skulum við jafnan hafa í huga:

Sérhagsmunaöflin og valdastéttin munu alltaf kjósa að eiga við sundraða hópa fólks fremur en sameinað afl.

Samstaða er forsenda fyrir baráttu okkar og án hennar getum við ekki vænst árangurs.

Með sameinaðri hreyfingu vinnum við að öflugu samfélagi.

Ég óska okkur, ágætu þingfulltrúar, góðs gengis í okkar mikilvægu málefna- og stefnumótunarvinnu sem hér fer fram næstu daga.

Vinna ykkar er framlag til lýðræðisins.

Ég segi 46. þing Alþýðusambands Íslands sett.

Þakka ykkur fyrir.“

Ávarp Sonju Ýrar Þorbergsdóttur, formanns BSRB

„Forseti ASÍ, kærufélagar og aðrir gestir.

Takk fyrir að bjóða mér að ávarpa þing ASÍ.

Mörg tengja hagsmunabaráttu heildarsamtaka á borð við ASÍ og BSRB eingöngu við kjarasamningsgerð og oft fer því minna fyrir umræðu um að meginhluti okkar starfa felst í því að tryggja lífsgæði félagsfólks aðildarfélaganna í viðum skilningi – s.s. í gegnum stuðningskerfi stjórnvalda, húsnæðisöryggi og sterkt velferðarkerfi.

ASÍ byggir á aldargömlum grunni á sterkri sameiginlegri hugsjón fólks um að skapa betra samfélag. Í fyrstu lögum ASÍ sem sett voru árið 1916 segir að tilgangur sambandsins miði að því að bæta hag alþýðunnar bæði andlega og líkamlega. Ef við setjum þessi orð í samhengi við aðstæður þess tíma þegar launafólk naut nánast engra réttinda, né stuðnings stjórnvalda og samfélagið var gríðarlega fátækt sést hversu ótrúlega framsýnt þetta markmið var. ASÍ hefur frá upphafi lagt áherslu á pólitík. Það má t.d. sjá í fyrstu málunum sem voru á dagskrá sambandsins: skattamál, bankamál, samvinnumál, sjávarútvegsmál, alþýðumenntun og fátækralöggjöf.

Það hefur verið styrkur heildarsamtaka okkar í áranna rás að við sameinumst um grunngildi sem hverfast um samstöðu, samtryggingu og samkennd. Við leggjum áherslu á félagslegt réttlæti, jöfnuð og jafnrétti. Stefnu um mennsku sem við sameinumst um þvert á stjórnmálaskoðanir eða ólíka stöðu okkar að öðru leyti. Höfum þetta í huga nú í aðdraganda kosninga þegar viðbúið er að gamall söngur hefjist, um að við, samtök launafólks, séum að gerast pólitísk og eigum ekkert erindi í þá umræðu.

Við erum pólitísk – verkalýðspólitísk - höfum alltaf verið það og munum vonandi alltaf verða það. Það er kjarninn í okkar starfsemi að vera afl í þágu almennings. Að vera sterkar hreyfingar og skapa sterkt samfélag saman. Það er einmitt meginmarkmið okkar að stjórnmálaflokkarnir geri stefnur okkar að sínum. Og þannig byggjum við upp nýjan samfélagssáttmála.

Í síðustu kosningum lögðu allir stjórnmálaflokkar megináherslu á heilbrigðiskerfið en mörg kosningaloforðanna voru svo loðin að erfitt var að greina hvaða hugmyndafræði réði raunverulega ríkjum. Vildu þau byggja upp sterkt félagslegt kerfi eða átti að leysa málin með einkavæðingu? Þetta eru enn á ný þær grundvallarspurningar sem við verðum að beina til framboðanna – hvaða hugmyndafræði leggur grunn að stefnu þeirra í fjölbreyttum málaflokkum – standa þau fyrir samtryggingu eða einstaklingshyggju?

Kærufélagar,

Kannanir sýna að þau mál sem helst brenna á fólki í dag eru efnahagsmál, húsnæðismál og heilbrigðismál. Það er reyndar merkilegt að þær kannanir sem ég hef séð um þetta efni hafa ekki gert ráð fyrir að fólk geti valið jafnréttismál sem málaflokk sem brenni á þeim. Það er ekki síst áhugavert í ljósi þess að fyrir ári síðan kölluðum við til Kvennaverkfalls einmitt af þeirri ástæðu að aðgerðaleyfi og ládeyða einkenndi jafnréttismálin. Kallinu var svarað með sögulegri samstöðu á stærsta útifundi sem haldinn hefur verið í Reykjavík og á 21 stað um landið allt. Konur og kvár tóku höndum saman og sögðu: Við biðum ekki lengur eftir réttlæti. Þau sýndu með áþreifanlegum hætti fram á mikilvægi framlags þeirra til samfélagsins og lögðu niður launuð sem ólaunuð störf. Þetta er meðal annars afrakstur góðrar samvinnu ASÍ og BSRB ásamt á fjórða tug annarra samtaka. Og byltingin heldur áfram – við megum ekki stoppa – nú hafa tugir samtaka femínista, kvenna, launafólks, fatlaðs fólks og hinsegin fólks aftur tekið höndum saman og leggjá nú á ráðin um næstu skref. Við getum – þorum og viljum!

Efnahagsmálin hafa verið okkur ofarlega í huga vegna hárrar verðbólgu og vaxta. Þrengt hefur verulega að heimilunum, það fjölga í þeim hópi sem ekki nær endum saman og stéttskipting eykst. Á sama tíma er fámennur hópur í samfélaginu sem græðir á þessu ástandi. Það blasir við okkur neyðarástand þegar horft er til félagslegrar stöðu fjölmennra hópa samfélagsins og félagslegra innviða. Tilfinningin er sú að ef ekkert verði aðhafst muni heilbrigðisþjónusta, menntakerfið og aðrir mikilvægir samfélagslegir innviðir keyra sig í þrot vegna skorts á fjármögnun og skilningsleysi stjórnvalda á mikilvægi samtryggingar.

Við höfum of lengi búið við stefnu stjórnvalda sem byggist á úreltum hagfræðikenningum sem leiðir til þess að verðmætunum frá heimilum og litlum fyrirtækjum er dreift til þeirra sem mestar eignirnar eiga, græða mest á nýtingu sameiginlegra auðlinda, finna minnst fyrir verðbólgunni og græða mest á háu vaxtastigi.

Þessi stefna hefur leitt til skattalækkana á þau ríkustu á meðan. Allt frá aldamótum, hafa verið gerðar aðhalds- og niðurskurðarkröfur til mikilvægra stofnana í heilbrigðis-, félagsþjónustu- og menntakerfinu með augljósum neikvæðum áhrifum á þjónustuna og þau sem þar starfa.

Það er ekki bara hér á landi sem mörg leitast við að svara spurningunum um hvað hafi farið úrskeiðis í samfélaginu – hvenær hafi verið farið út af sporinu – hvers vegna fólk líði illa – hvers vegna dregið hafi úr félagslegri samheldni – hvers vegna ofbeldi sé að aukast.

Fjöldinn allur af rannsóknum sýna að ástæðan er efnahagsástandið og efnahagsstjórnin – að byggt hafi verið til lengri tíma á efnahagsstefnu sem þjónar ekki fólki heldur fjármagni. Að niðurskurður í velferðarþjónustu hafi neikvæð áhrif á líðan og auki veikindi. Að skýr tengsl séu á milli ójöfnuðar, slæmrar efnahagslegar og félagslegar stöðu annars vegar og þunglyndis, kvíða, félagslegs óstöðugleika og óróleika hins vegar. Að efnahagsmódelin séu úr sér gengin og að stundin sé nú runnin upp til að forgangsraða þannig að grundvallarkerfin verði styrkt.

Svarið felst þar af leiðandi ekki í að einblína á niðurgreiðslu skulda, eins og er svo oft er haldið að okkur. Svarið felst í nauðsynlegum og tímabærum fjárfestingum í innviðum og fólki.

Verkefnið fram undan er því að endurhugsa tekjuöflun ríkis og sveitarfélaga og skipta kökunni með réttlátari hætti.

Við verðum að gera þá kröfu til stjórnmalanna að áherslur þeirra snúist um fólk og lífsgæði þeirra – að fólk búi við frið, hafi fjárhagslegt sjálfstæði, sé öruggt, að komið sé fram við það af virðingu, það búi við jafnrétti og njóti mannréttinda. Að hér verði frábært að búa, starfa, ala upp börn, annast og styðja við ástvini, fara á eftirlaun og eldast. Fyrir öll en ekki bara sum.

Leiðin fram á við felst í samfélagslegri sátt um nýja efnahagsstefnu. Sátt um að skapa skuli mannsæmandi störf fyrir öll og dreifingu verðmæta í gegnum réttláta og framsækna skattastefnu. Þar sem félagslegar aðgerðir eru í forgrunni og niðurskurðarstefna heyrir sögunni til.

Kæru félagar,

Ef við lítum aftur til fyrstu kröfugöngunnar þann 1. maí fyrir 101 ári síðan er þar margt sem má sjá endurspeglast í kröfum nútímans.

Laun sem duga fyrir framfærslu, vinnan skapar auðinn og styttri vinnuvika eru kröfur sem við reisum í óbreyttri mynd enn þann dag í dag.

Atvinnubætur gegn atvinnuleysi, örorkutryggingar og slysatryggingar eru réttindi sem náðust síðar með gríðarlegri baráttu ASÍ félaga en það er viðvarandi verkefni að tryggja að þau nái markmiðum sínum.

Fyrir rúmlega 100 árum hljómuðu líka kröfur um byggingu Landspítala og heilnæmar og rúmgóðar íbúðir – ein krafan var beinlínis um mannabústaði! - sem í dag eru almennt á þann veg að tryggja þurfi jafnt aðgengi og framúrskarandi heilbrigðisþjónustu fyrir öll óháð efnahag eða búsetu en krafan um að öll njóti sjálfsagðra mannréttinda á borð við húsnæðisöryggi í heilsusamlegu húsnæði er óbreytt.

Á þessum tíma hafði bindindishreyfingin einnig þó nokkur áhrif á starfsemi stéttarfélaga og ein af kröfunum var því: Niður með vínsalana! Sú krafa rímar vel við kröfur nútímans um lýðsheilsu, um að stýra þurfi aðgengi að áfengi sem er besta leiðin til forvarna.

Allar þessar kröfur endurspeгла að heildarhagsmunir voru settir framar sérhagsmunum.

Með harðri baráttu næstu árin og áratugina tókst forverum okkar að bæta líf þúsunda – og tryggja bjartari framtíð næstu kynslóða. Það veitir okkur innblástur fyrir okkar baráttu.

Þing ASÍ er mikilvægur vettvangur til að byggja upp sameiginlega framtíðarsýn. Framtíðar þar sem hlustað er á kröfur vinnandi fólks, þar sem verkalýðshreyfingin stendur sterkari en nokkru sinni fyrr með tilheyrandi áhrifum á samfélag byggt á velferð, jafnrétti og jöfnuði.

Af því að við vitum sem er – að sterk hreyfing byggir upp sterkt samfélag fyrir öll.

Að lokum vil ég hvetja ykkur til að vera framsækin og stórhuga í ykkar störfum hér á þingi ASÍ.

Takk fyrir og gangi ykkur allt að sólu.“

Auðlindir í þágu þjóðar

Karen Ulltveit Moe, prófessor í hagfræði við háskólann í Ósló, segir frá skattlagningu auðlindarentu í Noregi og styðst við slæður. Að erindinu loknu svarar hún spurningum Guðmundar Gunnarssonar.

Auðlindir í þágu þjóðar – orka

Tinna Traustadóttir, framkvæmdastjóri orkusölusviðs Landsvirkjunar, flytur erindi sem hún nefnir Raforka er súrefni samfélagsins.

Þátttakendur í pallborðsumræðu:

Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis- orku og loftslagsráðherra.

Kristrún Frostadóttir, formaður Samfylkingunnar.

Bjarni Bjarnason, fyrrum forstjóri Orkuveitunnar. Halla Hrund Logadóttir, orkumálastjóri.

Stjórnandi umræðu er Guðmundur Gunnarsson.

Í upphafi umræðu eru kynntar niðurstöður þjóðmálakönnunar ASÍ um orkumál.

Samkeppni í þágu samfélags

Nick Shaxson, rannsóknarblaðamaður, höfundur og einn stofnenda Balanced Economy Project, flytur erindi um samfélagsleg áhrif fákeppni og einokunar.

Halla Gunnarsdóttir ræðir við Nick Shaxson um samkeppnismál.

Jafnrétti í heilbrigðisþjónustu

Erindi frá Göran Dahlgren og Lisa Pelling um einkavæðingu heilbrigðisþjónustu í Svíþjóð.

Kristín Heba Gísladóttir, framkvæmdastjóri Vörðu-rannsóknastofnunar vinnumarkaðarins, flytur erindi um aðgengi að heilbrigðisþjónustu fyrir launafólk.

Brynhildur Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna, stýrir umræðu.

Þátttakendur í pallborðsumræðu:

Willum Þór Þórsson, heilbrigðisráðherra.

Alma D. Möller, landlæknir.

Jón Magnús Kristjánsson, bráðalæknir.

Runólfur Pálsson, forstjóri Landspítalans.

Opnum degi lýkur kl. 15.30.

Eyrún framkvæmdastjóri þakkar gestum fyrir komuna og áhorf í streymi. Hún þakkar einnig þátttakendum í pallborðum og tæknifólki.



Séð yfir hluta fundarsalsins á opnum degi 46. þingsins

Þingsetning

Ragnar Þór Ingólfsson, 1. varaforseti ASÍ, kemur í pontu og gefur Finnbirni A. Hermanssyni, forseta ASÍ, orðið.

Finnbjörn A. Hermannsson, forseti ASÍ:

„Góðir þingfulltrúar.

Í morgun setti ég formlega 46. þing Alþýðusambandsins.

Við höfum í dag hlustað á fjölmarga aðila sem eru að dýpka sýn okkar á þau málefni sem við ætlum að taka fyrir næstu tvo daga.

Við erum að taka fyrir mál sem varðar allt okkar félagsfólk. Málefnið eru enn mikilvægari eftir atburði helgarinnar.

Við erum að tala um eignarhald á Íslandi, á íslenska vatninu hvort sem það rennur í ám, dælt upp úr jörðinni heitt eða kalt eða sjórinn sem umlykur Ísland. Og hver á vindinn og hver á að borga rekstur samfélags okkar?

Þetta eru allt spurningar sem við ætlum að velta fyrir okkur. Sumu komumst við að sameiginlegri niðurstöðu um og annað verður í ágreiningi eins og gengur í lýðræðislegu samfélagi. En eina sameiginlega sjónarmiðið sem við höfum öll er að við ræðum þessa hluti út frá almannahagsmunum. Sérhagsmunaöflin sjá um sig sjálf og hafa því miður læðst sem þjófur að nóttu allt of langt ofan í vasa okkar og inn í stjórnkerfi íslenskra laga og regluverks eins og dæmin sanna.

Það er með ólíkindum að ríkisstjórnin skuli hlaupa frá nú þegar loks við erum að sjá afrakstur eftir að við tókum að okkur að varða leiðina út úr verðbólgunni með hófsömum kjarasamningum.

Á því er eflaust skiptar skoðanir, farið hefur fé betra segja einhverjir, eða eins og einn sonur minn sagði „það er eins og það sé léttir í vösum mínum.“

En við verðum að bregðast við hverri stöðu sem kemur upp og við breytum aðeins um kúrs frá því sem við ætluðum okkur. Nú verðum við að gera okkar stefnuskrá fyrir komandi alþingiskosningar fyrr en við ætluðum. Við verðum að gera kjósendum ljóst, og kjósendur erum við, hvaða skoðun við höfum á þeim málefnum sem um ræðir. Og við þurfum að koma þeim sem valkosti í stefnuskrár þeirra flokka sem þjóða fram.

Viljum við öflugt samkeppniseftirlit og verðlagseftirlit?

Er markaðinum, hvort sem um er að ræða matvörmarkaði, bensín og olíumarkaði, eða afurðarstöðvum landbúnaðarins treystandi til að gæta hagsmuna almennings?

Eigum við að fela einkamarkaðinum að leysa heilbrigðisvanda þjóðarinnar?

Eigum við að rétta einkaaðilum notkunarrétt á raforkunni, og treysta á að ríkisvaldið aumkvist yfir almenning og niðurgreiði raforku til heimila, ef einhver verður eftir, að segja?

Eigum við að hafa skattheimtu á auðlindir okkar í anda fiskveiðigjalda þar sem skiptingin er ca. 15% til þjóðarinnar og rest á handhafa auðlindanna?

Það er ekki að tilviljun að ég nefndi í morgun að þjóðin standi á krossgötum. Þessi sjálfstýring sem er á öllum málum er varðar eignarhald og greiðslur fyrir nýtingarétt á þjóðareign ... nei, þetta er ekki

sjálfstýring, þetta er mjög markviss stýring fjármagnsafla í krafti mjög svo óeðlilegrar aðkomu að stjórnarsýslu, reglugerðarverki og lagasetningum.

Það er líka stjórnun og engin tilviljun að byrja starfsemi í stjórnleysi eða vafa um lögmæti með því að láta lukkuriddarana varða leiðina áður en lög og reglugerðir verða settar samanber lagareldi og sala á áfengi. Afstöðu- og framkvæmdaleysi er líka stjórnun.

Þetta verðum við að stoppa og við ætlum að leggja drög að því á þessu þingi.

Og til að hefjast handa þurfum við að koma okkur að verki. Ég fel hér fyrsta varaforseta

Alþýðusambandsins fundarstjórn og hann stýrir þinginu í gang.“

Ragnar Þór Ingólfsson, 1. varaforseti ASÍ:

Býður Jakobi Tryggvasyni, formanni kjörbréfanefndar, að taka til máls.

Álit kjörbréfanefndar

Jakob Tryggvason, formaður kjörbréfnefndar:

Jakob segir að í samræmi við ákvæði 32. gr. laga Alþýðusambandsins hafi forseti ASÍ skipað þau Selmu Björk Grétarsdóttur, Guðbjörgu Kristmundsdóttur og Jakob Tryggvason í kjörbréfanefnd vegna þings sambandsins, 16. – 18. október 2024. Sá síðastnefndi hafi verið kjörinn formaður nefndarinnar á fundi hennar 14. október en starfsmaður hennar hafi verið Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur ASÍ.

Jakob rekur fund kjörbréfnefndar og segir verkefnið hafa verið að fjalla um innkomin kjörbréf og verklag þings ASÍ.

Jakob rekur því næst álit kjörbréfanefndar.

Í samræmi við 2. mgr. 30. grein laga ASÍ var landssamböndum og landsfélögum með beina aðild úthlutað alls 290 fulltrúum.

Þá samþykkti miðstjórn ASÍ að úthluta einu aðildarfélagi sem ekki náði inn fulltrúa á grundvelli 2. mgr. 30. gr. laganna einum fulltrúa skv. 4. mgr. 30. gr. eða samtals 291 fulltrúa.

Samkvæmt ákvörðun miðstjórnar og úthlutun landssambanda innan ASÍ höfðu 44 aðildarfélög og deildir rétt til að senda 291 fulltrúa til þingsins.

Einnig eiga stjórnarmenn í ASÍ-UNG, 9 talsins, rétt til setu á þinginu með full réttindi á grundvelli 5. mgr. 29. gr. laga ASÍ.

Eitt aðildarfélag Samiðnar treysti sér ekki til að senda fulltrúa á þingið og var því sæti úthlutað til Félags iðn- og tæknigreina.

Eitt félag Sjómannasambands Íslands sendir ekki fulltrúa og var því sæti úthlutað til AFLS starfsgreinafélags.

Eitt félag með beina aðild sendir ekki fulltrúa.

14. október höfðu því 41 aðildarfélag og deildir sent inn kjörbréf vegna 290 fulltrúa á þingið. Þá hefur ASÍ-UNG sent inn kjörbréf vegna 9 stjórnarmanna.

Kjörbréfanefnd hefur ákveðið að viðhafa eftirfarandi verklag á þinginu: Í fundargögnum liggur frammi listi með nöfnum þeirra þingfulltrúa sem kjörbréfum hefur verið skilað fyrir, raðað eftir aðildarfélögum og

landssamböndum. Þar sem fulltrúar eru kjörnir af aðildarfélögum á grundvelli aðildar að landssambandi kann sama félag að vera með fulltrúa hjá fleiri en einu landssambandi. Listi yfir þær breytingar sem gerðar verða frá upphaflegum kjörbréfum, þar sem varamenn hafa komið inn í stað aðalmanna verður lagður fram í lok þings.

Kjörbréfanefnd leggur til að kjörbréf í samræmi við framlagða lista verði öll samþykkt.

Afgreiðsla kjörbréfa

Ragnar Þór Ingólfsson ber upp niðurstöðu kjörbréfanefndar. Hún er samþykkt - enginn fulltrúi greiðir atkvæði á móti.

Kosning embættismanna þingsins

Ragnar Þór Ingólfsson stingur upp á Georg Páli Skúlasyni, formanni Grafíu, sem þingforseta. Það er samþykkt með lófaklappi.

Ragnar felur Georg stjórn fundarins.

Georg kemur í pontu. Hann þakkar traustið. Georg fer yfir fyrirbyggjandi tillögur um starfsmenn þingsins.

Tillaga er um Hjördísi Þóru Sigurðardóttur, AFL-i, sem fyrsta varaforseta þingsins. Hún er réttkjörin með lófaklappi.

Tillaga er um Þorvarð Bergmann Kjartansson sem annan varaforseta. Hún er samþykkt með lófaklappi.

Tillaga er um að þingritarar verði:

Guðbjörg Kristmundsdóttir, Ásdís Helga Jóhannsdóttir, Jóhann Guðvarðsson og Bjarni Þór Sigurðsson. Sú tillaga er samþykkt.

Georg Páll þingforseti fer yfir praktísk mál m.a. um hleðslustöðvar fyrir tölvur, hvernig nálgast beri þinggögn og bera fram tillögur. Hann leggur áherslu á að símar séu hafðir á hljóðlausri stillingu og myndatökur og aðrar upptökur séu ekki leyfðar í fundarstörfum.

Allir þurfi að vera með merkisþjöld til að fá aðgang í sal þegar kosningar fara fram. Þetta sé gert til að gæta þess að aðeins atkvæðabærir séu í sal. Til að taka til máls þurfi að fylla út miða og skila til þingritara með nafni og félagi eða sambandi viðkomandi. Gæta beri þess að hafa þessar upplýsingar læsilegar m.a. til að tryggja rétta ritun fundargerðar.

Þingforsetinn fer einnig yfir kynningar og efni í anddyri. Hann minnir á kvöldverð og skemmtun á fimmtudeginum. Þá ræðir hann kosningar föstudagsins þar sem kjörinn verði forseti, varaforsetar, miðstjórnarfolk jafnt aðalmenn sem varamenn, skoðunarmenn reikninga, endurskoðendur og kjörnefnd. Framboð þurfi helst að berast til kjörnefndar fyrir lok fimmtudags en vissulega verði framboðsréttur fram að hverri kosningu. Öll gögn og eyðublöð séu fáanleg hjá starfsmönnum þingsins.

Skýrsla forseta

Að svo mæltu gefur þingforseti Finnbirni Hermannssyni orðið til að gera grein fyrir skýrslu forseta.

Finnbjörn A. Hermannsson, forseti ASÍ:

„Ágætu félagar.

Ég fylgi hér eftir skýrslu forseta sem venju samkvæmt liggur hér frammi og þið getið nálgast í rafrænu formi á vefnum asi.is.

Skýrslan geymir mikinn fróðleik – ekki aðeins um þá viðamiklu starfsemi sem fram fer undir merki Alpýðusambandsins heldur ekki síður um stærstu málefni samfélagsins; kjaramál, velferðarmál, lífeyrismál, efnahagsmál, atvinnumál, félags- og vinnumarkaðsmál og margt fleira.

Fyrir utan ítarlega kafla um þessi málefni vil ég sérstaklega benda á umsagnir um þingmál sem starfsfólk á skrifstofu ASÍ vinnur.

Vera kann að þetta hljómi ekki sérlega spennandi en þarna er að finna mikið magn mjög verðmætra upplýsinga og greininga sem félögin, formenn þeirra og ekki síður hinn almenni félagsmaður geta kynnt sér til að öðlast dýpri skilning á stærstu málefnum samtímans og þannig aukið þekkingu og færni í pólitískum deilumálum og rökræðum.

Þessar umsagnir eru undantekningarlaust afar upplýsandi og vandaðar.

Ég nefni sem dæmi umsagnir um fjárlagafrumvörp, stórmerkilega umsögn um frumvarp um svonefnt „félagafrelsi“ sem er skipuleg viðleitni Sjálfstæðisflokksins til að rústa verkalýðshreyfingunni, umsögn um breytt raforkulög sem er annað stórmál og við munum ræða hér á þinginu, umsagnir um loftslagsmál og svo framvegis.

Annar og ekki síður gagnlegur fróðleikur er fólgin í ályktunum miðstjórnar.

Segja má að miðstjórn álykti um obbann af stærstu málum samfélagsins á hverjum tíma.

Þar er að finna gott „fóður“ sem við getum nýtt enn betur í baráttu okkar.

Í skýrslunni er einnig fjallað um margvísleg innri mál Alpýðusambandsins; fræðslu og menntamál, erlent samstarf, jafnréttismálin, Mími, VIRK, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Lagabreytingar, ungliðana okkar í ASÍ-UNG, Listasafnið, Bjarg, og Vörðu auk upplýsinga um fjölda félagsmanna eftir landssamtökum, félögum og deildum, stjórnir aðildarfélaga og landssambanda, ársreikninga og fleira.

Ég vil nota þetta tækifæri til að hvetja öll þau sem áhuga hafa á verkalýðs- og þjóðfélagsmálum til að kynna sér þetta efni í skýrslu forseta – og raunar skýrslum forseta því eldra efni er ekki síður nýtilegt en hið nýja.

Og fyrst ég er byrjaður hlýt ég að leggja áherslu á mikilvægi þess að hinn almenni félagsmaður láti sig starfsemi síns félags varða og taki helst virkan þátt í henni.

Það er óumdeilt að hraðinn í nútímanum og tækniframfarir hafa dregið úr hinum félagslega þætti starfsins á vettvangi verkalýðshreyfingarinnar; samtölum fólks í millum, innan félaga, þvert á félög og starfssvið, miðlun upplýsinga, áhersluatriða, reynslu og þekkingar.

Allt skiptir þetta gríðarlega miklu máli og ég er og verð eindreginn talsmaður þess að við gerum allt hvað við getum til að efla félagslega þáttinn í störfum okkar.

Í beinu framhaldi vil ég nefna undirbúning okkar fyrir þingið sem við hefjum hér í dag.

Ég fór ásamt nokkrum starfsmönnum skrifstofu ASÍ tvær hringferðir um landið til að funda með félögum um helstu áhersluatriði þingsins.

Þessar hringferðir voru einstaklega ánægjulegar og ég vil þakka öllum sem mættu á fundina og unnu að skipulagningu þeirra.

Í þessum heimsóknum varð ég var við hversu mikilvægt þátttakendum þótti að taka beinan þátt í lýðræðislegri umræðu og stefnumótun á vettvangi ASÍ.

Þarna skynjaði ég sterkt þörfina til að efla enn frekar þennan félagslega þátt sem ég ræddi áðan.

Við eigum beinlínis að stefna að valdeflingu félagsmanna okkar; vinna skipulega að því að auka færni þeirra og kunnáttu á sviði félags- og vinnumarkaðsmála. Það getur svo aftur leitt til þess að einhver þeirra fari lengra og sækist eftir áhrifum á hinu pólitíska sviði, í sveitarstjórnnum eða á alþingi.

Ég leyfi mér að biðja ykkur um að hugleiða þetta; þetta er að mínu viti stórmál sem við verðum að takast á við.

Hvernig getum við skipulega unnið að valdeflingu hins almenna félagsmanns?

Hvernig getum við styrkt félagslega þáttinn sem er svo óendanlega mikilvægur þáttur í að treysta samstöðu okkar?

Svo vikið sé að ályktunum síðasta þings – þess 45. – er þess að geta að greinargerðir um þá vinnu sem fram fer samkvæmt þeim eru unnar árlega fyrir miðstjórn.

Ég vil þó nefna nokkrar hér til sögu.

Á síðasta þingi samþykktum við eftirfarandi ályktun:

„ASÍ mun áfram þrýsta á umbætur á löggjöf sem tryggir umgjörð um samskipti stjórnvalda og aðila vinnumarkaðar.

Þar má nefna viðurlög gegn launabjófnaði, aðgerðir gegn kennitölufлакki, keðjuábyrgð, fastan samráðsvettvang yfirvalda og aðila vinnumarkaðarins um baráttuna gegn brotastarfsemi auk skipulagðs samstarfs stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um eftirlit á vinnumarkaði.“

Við höldum nýlega ráðstefnu um vinnumansal sem heppnaðist afar vel þar sem fjallað var sérstaklega um þetta mál.

Að auki erum við að bæta við starfskrafti í samræmingarmál, eftirfylgni og samstarf við opinbera aðila vegna málaflöksins þ.e. vinnumansals og misneytingar. Til viðbótar hafa félögin verið að styrkja sig á vinnumarkaðs- og -eftirlits sviðinu. Og ég verð að hrósa fyrir það, enda tekist svo vel til að farið er að kvarta undan okkur.

Önnur ályktun var um mikilvægi „vinnustaðaeftirlits“ og sama svarið á við um hana.

Vinnustaðaeftirlit ASÍ og stéttarfélaganna hefur tekið afgerandi frumkvæði í baráttu við það samfélagsból sem vinnumansal og misneyting er.

Þetta hefur vakið verðskuldaða athygli á meðal almennings, fjölmiðla og stjórnmalafólks. Ég tel að þarna hafi verið unnið þjóðfélagslega mikilvægt starf.

Framlag ASÍ er einkum í stefnumótun, utanumhaldi, samræmingu og beinum stuðningi við félögin sem framkvæma hið eiginlega vinnustaðaeftirlit.

Ég tel mig vita að innan verkalyðshreyfingarinnar ríkir djúpur skilningur á mikilvægi þess krefjandi og erfiða starfs sem eftirlitsfulltrúarnir sinna.

Því miður getum við aðeins gert ráð fyrir því að verkefnum á sviði vinnumansals, misneytingar og annarra vinnumarkaðsbrotu muni fjölga.

Við því þurfum við að bregðast.

Á síðasta þingi var einnig ályktað um „viðbrögð við afkomukreppu og auknum ójöfnuði“.

Félögin sjálf stýrðu kjarasamningum og svara sér sjálf varðandi hvað gert var í þeim.

Framlag Alþýðusambandsins hefur falist í stórauðni og – bættu verðlagseftirliti.

Á þessu sviði hefur átt sér stað algjör bylting.

Þetta á ekki aðeins við um nýtt „app“ sem almenningi öllum býðst nú að nota til að gera verðsamanburð heldur gildir þetta um alla verðtöku í könnunum og stöðuga skönnun á verði í helstu matvöruverslunum landsmanna, úrvinnslu gagna, vistun þeirra, miðlun og fleira.

Verslanirnar eru teknar að hræðast þetta nýja tæki okkar í baráttunni og það er vel.

Einokun, fákeppni og samráð ríkir á þessum markaði sem öðrum hér á landi.

Í septembermánuði efndi ASÍ til mótmæla í Reykjavík ásamt BSRB og Kennarasambandi Íslands.

Tílefnið var ærið en áhersla var einkum lögð á þráláta verðbólgu, mjög háa vexti, hækkanir á nauðsynjavörum og gríðarlegan húsnæðiskostnað.

Stjórnvöld voru gagnrýnd fyrir athafnaleysi og værukærð gagnvart hagsmunum almennings.

Við höldum uppi gagnrýni og andófi gagnvart mörgum þeirra stórmála sem við ræðum hér á þinginu; ég nefni „einkavæðingu ellinnar“ þ.e.a.s. markaðsvæðingu í öldrunarþjónustu og frekari einkavæðingu í heilbrigðismálum; markaðsvæðingu í orkumálum landsmanna sem er stórkostleg ógnun við almannahagsmunum; áform um að afnema jöfnunargjald ríkisins vegna örorkubyrði lífeyrissjóða – þar náðum við dálitlum árangri í ár eins og ég nefndi í ávarpi mínu í morgun - brask, sérhagsmunagæslu og skortstefnu á sveitarstjórnarstiginu sem valdið hefur hér neyðarástandi í húsnæðismálum og er að stórauðni ójöfnuði í samfélaginu; óþolandi okurvaxtastefnu Seðlabanka Íslands og þannig mætti áfram telja.

Húsnæðismálin hafa verið fyrirferðarmikil í starfi okkar síðustu 12 mánuðina.

Ég tel að gagnrýni okkar hafi verið beinskeytt og vel rökstudd en því er ekki að neita að við ramman reip er að draga.

Þar nefni ég sérstaklega sveitarstjórnarstigið sem hefur skipulags- og framkvæmdavaldið hvað lóðir undir húsnæði varðar og ríkisvaldið sem eingöngu kemur að fjármögnun og almennri stefnumótun.

Þessi tvö stig stjórnsýslunnar virðast hvorki hafa áhuga né getu til að starfa saman að lausn málsins - en ég hlýt að taka sveitarfélögin út fyrir sviga í þessu efni; staðreyndin er sú að skortstefnan í lóðamálum hefur valdið mikilli hækkun húsnæðisverðs sem aftur hefur stóruð tekjur sveitarfélaga.

Þannig hefur orðið til víthringur sem er erfitt er að rjúfa.

Sveitarfélögin eru beinlínis orðin háð þeim skatttekjum sem lóðaskorturinn getur af sér.

Þetta er gjörsamlega galið ástand.

Vissulega höfum við náð árangri – á vettvangi Bjargs hafa nú verið byggðar 1.000 leiguíbúðir fyrir launafólk og VR hefur sýnt lofsvert frumkvæði og dugnað í húsnæðismálunum.

Ég bendi ykkur á inngang skýrslunnar þar sem ég fjalla nánar um nokkur þeirra stærstu mála sem ég hef tæpt hér á.

Loks vil ég nefna mannauðinn sem Alþýðusambandið býr yfir.

Ég segi það hverjum sem heyra vill; á skrifstofu ASÍ starfar valinn maður í hverju rúmi.

Ég nefndi áðan vinnustaðaeftirlitið og verðlagseftirlitið þar sem risastór framfaraskref hafa verið stigin á síðustu mánuðum.

Ég vil einnig fagna nýju sviði okkar, miðlunarsviðinu.

Sjá má afrakstur þessa starfs m.a. hér á þinginu þar sem við höfum sýnt erindi og viðtöl.

Við sjáum framlagið í nýrri fréttasíðu, vinnan.is, aukinni frétt- og upplýsingamiðlun, nýrri vefsíðu ASÍ og tiltekt í útgáfumálum sambandsins sem bæði sparar fé og eflir stjórnun innanhúss.

Samhliða hefur geta á sviði margmiðlunar verið eflað til muna.

Starfsmenn eru þrír og búa yfir mikilli þekkingu og reynslu á sviði stafrænnar miðlunar, framleiðslu myndefnis og textagerðar.

Þarna hafa verið stigin stór og, að mínu mati, mikilvæg skref.

Ég veit ég þarf ekki að segja ykkur frá því góða þjónustustarfi sem lögfræðingar skrifstofunnar og starfsfólk á fræðslusviðinu skila.

Ég má hins vegar til að vekja athygli ykkar á að hagfræðingarnir okkar hafa tekið forustuna í hagspám í landinu og slá ítrekað út greiningardeildir bankanna, þar með talið Seðlabankans, hvað nákvæmni varðar. Oftar og oftar er vitnað í greiningar ASÍ í stað eingöngu bankanna eins og áður var.

Mér hefur þótt sérlega ánægjulegt að fylgjast með því.

Ágætu félagar.

Skýrsla forseta er hér lögð fram.

Ég tel hana fulla af fróðleik, mikilvæga heimild en ekki síður upplýsingalind sem ég tel að nýta megi betur - ekki síst til að efla hinn félagslega þátt í starfi okkar. Styrkur hreyfingar okkar hvílir á samstöðu sem grundvölluð er á þeim félagslegu gildum sem við aðhyllumst.

Þakka ykkur fyrir.“

Reikningar ASÍ og stofnana

Georg þakka Finnbirni yfirferðina og gefur Theodór S. Sigurbergssyni, endurskoðanda ASÍ, orðið.

Theodór S. Sigurbergsson fer yfir ársreikninga sambandsins og leggur þá fram til afgreiðslu þingsins.

Georg Páll Skúlason þingforseti:

Georg þakkar Theodór yfirferðina og opnar umræðu um skýrslu forseta og ársreikninga. Hann gefur salnum færi á að spyrja eða gera athugasemdir en ítrekar jafnframt að reikningar hafi verið rýndir og yfirfarnir af til þess bærum aðilum þótt þingið taki lokaákvörðun um reikningana.

Gengið er til atkvæða um reikninga og eru þeir samþykktir samhljóða.

Forseti frestar þinghaldi kl. 16.51.

Fimmtudagur 17. október

Georg Páll Skúlason þingforseti:

Þinghald hefst á ný kl. 9. Georg býður fulltrúa velkomna til starfa. Hann fjallar um aðdraganda þingsins, segir stefnuskjöl byggð á grasrótarvinnu sem fram hafi farið í tveimur hringferðum forseta og starfsfólks ASÍ á vormánuðum og nú í haust. Haldinn hafi verið 21 fundur og samtals hafi um 400 manns sótt þá.

Georg upplýsir að fjórar tillögur hafi borist sem vísað hafi verið til allsherjarnefndar þingsins og ein tillaga liggi fyrir laganefnd.

Auðlindir í þágu þjóðar

Þingforseti hefur umræðu.

Guðrún Elín Pálsdóttir fer yfir helstu atriði í fyrirbyggjandi stefnuskjali fyrir hönd formanns atvinnuvega- og umhverfisnefndar (*Auðlindir í þágu þjóðar*, þingskjal 4).

Georg Páll Skúlason þingforseti:

Minnir á að aðalumræða um stefnuskjölin fari fram í málefnanefndum. Segir orðið laust.

Einar Óskar Friðfinnsson, VM:

Einar segir pallborðs-umræðu um málið í gær hafa verið „ótrúlega flotta“. Hann spyr hvort upptaka af þeirri umræðu verði ekki sýnd á netinu, í heild og minni brotum. Þarna sé að finna mikið af góðu efni um mál sem margir velti fyrir sér nú um stundir.

Þjónusta í þágu almennings

Georg Páll Skúlason þingforseti:

Þakkar Einari fyrir hans framlag. Þingforseti hefur umræðu um Þjónustu í þágu almennings og býður velkomna í pontu Hjördísi Þóru Sigurþórsdóttur, formann heilbrigðisnefndar.

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir:

Segir umræðu í gær um heilbrigðismálin hafa verið fróðlega og áhugaverða og kveðst vona að sem flestir hafi átt þess kost að hlýða á hana. Heilbrigðismálin hafi verið einn af áherslupunktum ASÍ frá síðasta þingi. Því til staðfestingar hafi ein af starfsnefndum sambandsins eingöngu fjallað um heilbrigðismál enda séu heilbrigðismálin einn af grunnþjónustupáttum sem öll heimili landsins þarfnist, sum heimili meira en önnur.

Hjördís Þóra fer yfir helstu atriði í fyrirbyggjandi stefnuskjali (*Þjónusta í þágu almennings*, þingskjal 5).

Georg Páll Skúlason þingforseti:

Segir það formsatriði að vísa fyrirbyggjandi þingskjölum til nefndar eftir að þau hafi verið kynnt. Það geri hann hér með. Hann þakkar Hjördísi Þóru yfirferðina og segir orðið laust.

Páll Heiðar Magnússon Aadnegard, VM:

Páll þakkar Hjördísi Þóru vandaða yfirferð. Hann segir vel við eiga að þetta málefni komi til umræðu beint á eftir umfjöllun um auðlindir þjóðarinnar þar sem m.a. hafi verið kvartað undan að auðlindarentu skorti. Hann spyr hvort ekki væri ráð að eyrnamerkja hluta auðlindarentu til velferðarmála.

Georg Páll Skúlason þingforseti:

Þakkar Páli Heiðari fyrir. Þar sem fleiri hafa ekki óskað eftir að taka til máls kynnir hann í pontu Höllu Gunnarsdóttur, formann efnahags- og skattanefndar ASÍ.

Samkeppni í þágu samfélags

Halla Gunnarsdóttir, VR:

Halla segir innlegg Nick Shaxson í gær hafa verið mjög gott og hún telur að taka beri ákveðin atriði þar sem þar komu fram inn í stefnuskjalið. Halla nefnir umræðu um samkeppni, á hvaða sviðum hún henti og á hverjum alls ekki. Hún nefnir sem dæmi hvort íslenskur almenningur eigi almennt að samþykkja að samkeppnisumhverfi ríki um heilsu hans og hvort dvöl barna á fósturheimilum eigi að vera eitthvað sem einkaaðilar keppi um. Halla nefnir einnig að tengja megi þessa umræðu við það sem fram hafi komið í yfirferð Hjördísa Þóru um heilbrigðismálin.

Halla fer yfir helstu atriði fyrirbyggjandi stefnuskjals (*Samkeppni í þágu samfélags*, þingskjal 6).

Að yfirferð lokinni kveðst Halla vonast til að sjá sem flesta í vinnuhópi um málið á þinginu. Hún segist hlakka til þess starfs.

Georg Páll Skúlason þingforseti:

Georg Páll segir orðið laust.

Jóhann Már Sigurbjörnsson, VR:

Hér áðan var rætt um miðlun á efni frá þinginu. Það er ekki nóg að setja þetta á vefinn og vona að allir leiti að þessu. Miðlunardeildin þarf að fara í herferð. Var umræða á borðinu um að lítið hafi farið fyrir fréttum af þinginu í gær og því ljóst að menn þurfa að leggja meira á sig til að koma málinu á framfæri í fjölmiðlum.

Georg Páll Skúlason þingforseti:

Segir stefnuskjali um samkeppnismál vísað til nefndar. Næst verði teknar til umfjöllunar tillögur til allsherjarnefndar.

Tillögur til allsherjarnefndar

Halldóra Sveinsdóttir, Bárunni:

Halldóra kveðst koma í pontu fyrir hönd átta félaga sem talið hafi að vinnumarkaðsmál sem verið væri að fást við í félögunum á degi hverjum daglega hafi vantað í þingskjölin. Halldóra fer tillögu félaganna átta sem ber yfirskriftina *Aðgerðir gegn einbeittri og síaukinni brotastarfsemi á vinnumarkaði* (þingskjal 8).

Georg Páll Skúlason þingforseti:

Georg gefur Finnbirni, forseta ASÍ, orðið. Finnbjörn minnir á það ferli sem tillögur fylgi þ.e. tillögum sé vísað til miðstjórnar sem veiti um þær umsögn. Finnbjörn fer yfir umsögn miðstjórnar um tillöguna (sjá þingskjal 9).

Finnbjörn A. Hermannsson, forseti ASÍ:

Finnbjörn segir miðstjórn ASÍ styðja efni tillögunnar og leggi til að henni verði vísað til umræðu og afgreiðslu í allsherjarnefnd 46. þings.

Bjarni Þór Sigurðsson, VR:

Ræðumaður segir alla þekkja þá neyð sem ríki á húsnæðismarkaði. Í ályktun LÍV sé að finna nokkra punkta sem sambandið vilji leggja inn í umræðu allsherjarnefndar um húsnæðismálin. Ganga þurfi lengra en þegar hafi verið gert.

Bjarni fer yfir ályktun LÍV um húsnæðismál (þingskjal 12).

Finnbjörn A. Hermannsson, forseti ASÍ:

Finnbjörn kemur í pontu og gerir grein fyrir umsögn miðstjórnar um tillöguna (þingskjal 13).

Þau sjónarmið sem fram komi í tillögunni falli fullkomlega að sjónarmiðum og stefnu ASÍ í húsnæðismálum og leggi miðstjórn til að henni verði vísað til umræðu og afgreiðslu í allsherjarnefnd 46. þings.

Georg Páll Skúlason þingforseti:

Þakkar Finnbirni og býður öðrum að taka til máls. Enginn óskar eftir því og er málinu vísað til allsherjarnefndar.

Hildur Þöll Ágústsdóttir kynnir tillögu Leiðsagnar um breytingar á lögum um lífeyrisgreiðslur. (*Greiðsla í lífeyrissjóð eftir 70 ára aldur*, þingskjal 14).

Finnbjörn A. Hermannsson:

Kemur í pontu og gerir grein fyrir umsögn miðstjórnar (þingskjal 15). Í tillögunni er lagt til að ASÍ beiti sér fyrir breytingu á 4. mgr. 1. gr. laga nr. 129/1997 um lífeyrissjóði þannig skyldutrygging lífeyrisréttinda með aðild að lífeyrissjóði falli ekki niður frá og með 70 ára aldri.

Finnbjörn segir það niðurstöðu miðstjórnar að breytingar sem varða lífeyristökualdur eigi skilyrðislaust að fara með í gegnum kjarasamning um lífeyrismál áður en til lagabreytinga kemur. Miðstjórn leggi til að tillögunni verði vísað til umræðu og afgreiðslu í allsherjarnefnd 46. þings.

Georg Páll Skúlason þingforseti:

Þakkar Finnbirni og segir orðið laust um tillöguna. Enginn tekur til máls. Tillögunni og umsögn miðstjórnar er vísað til allsherjarnefndar þingsins.

Georg Páll Skúlason þingforseti:

Georg segir orðið laust:

Jóhann Már Sigurbjörnsson, VR:

Rosalega stór mál til umræðu hér en kveðst undrandi á að ASÍ skyldi ekki setja húsnæðismálin á dagskrá þingsins. Jóhann Már segist hafa gert til þess tvær mislukkaðar tilraunir. Hann vekur athygli á frétt í miðlum þennan morgun þess efnis að greiðslubyrði verðtryggðra húsnæðislána hafi ekki verið meiri frá hrúni fjármálakerfisins 2008. Hann ræðir mikinn fjölda íbúða án þess að þar sé nokkur maður skráður með lögheimili og segir nóg til af húsnæði. Hins vegar þurfi að stöðva braskið. Hann hvetur til samstöðu um að taka á þessum vanda.

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness:

Vilhjálmur tekur undir með síðasta ræðumanni. Finna þurfi farveg til að koma húsnæðiskreppunni á dagskrá. Húsnæðimál, fjármála- og vaxtakerfið brenni einna helst á launafólki nú um stundir. Fela eigi hópi hér á þinginu að smíða kröftuga ályktun varðandi þau mál. Á þessu sviði hafi sjálfur seðlabankastjóri nýlega staðið og gert launahækkanir að umtalsefni sem neikvæðan áhrifaþátt með tilliti til verðbólgu og vaxta. Á hann hafi hlýtt um 500 sveitarstjórnarmenn en seðlabankastjóri hafi ekki vikið orði að ábyrgð sveitarfélaga á húsnæðisliði verðbólgunnar sökum skorts á lóðaframboði og því háa lóðaverði sem af honum hljótist.

Hreinar vaxtatekjur fjármálakerfisins hafi numið yfir 460 milljörðum á aðeins þremur árum þ.e. frá 2021, Þingið eigi að senda skýr skilaboð um að þetta sé ólíðandi með öllu. Þetta sé brýnasta verkefni verkalýðshreyfingarinnar í dag.

Haraldur Örn Sturluson, Félagi íslenskra símamanna:

Ræðumaður tekur undir með Vilhjálmi. Hann spyr hvort unnt sé að taka saman áreiðanlegar tölur um húsnæðismarkaðinn og tiltekur lóðaframboð. Ólíkar tölur séu bornar fram um fjölda lóða á ýmsum stigum undirbúnings. Ráðlegt sé að nálgast áreiðanlegar upplýsingar um stöðu mála og álykta á grundvelli þeirra.

Georg Páll Skúlason þingforseti:

Georg þakkar Haraldi. Fleiri taka ekki til máls og er tillögunni því vísað til allsherjarnefndar ásamt umsögn miðstjórnar. Georg segir að nú sé eftir að kynna eina tillögu til viðbótar og gefur Jóhanni Má Sigurbjörnssyni orðið.

Jóhann Már Sigurbjörnsson, VR:

Jóhann Már gerir grein fyrir tillögu frá LÍV um ráðstöfun húsnæðissparnaðar (Ályktun um ráðstöfun á séreignarsparnaði til greiðslu íbúðarhúsnæðis, þingskjal 10).

Þessi leið hafi nýst til að greiða niður skuldir. Nú hafi fjármálaráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson, lýst því yfir að hann vilji ekki framlengja þetta kerfi. Tillaga LÍV snúi að því að áfram verði tryggt að ráðstafa megi séreignarsparnaði til húsnæðiskaupa.

Jóhann Már les tillöguna.

Finnbjörn A. Hermansson, forseti ASÍ:

Finnbjörn rekur helstu atriði umsagnar miðstjórnar um tillögu LÍV (þingskjal 11).

Finnbjörn segir að skilja verði tillöguna þannig að átt sé við kaup á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Ekki komi fram í tillögunni hvort einungis sé um að ræða fyrstu kaup.

Finnbjörn rekur umsögn miðstjórnar ASÍ til alþingis frá 2014 um frumvarp til laga um séreignarsparnað og ráðstöfun hans til greiðslu húsnæðislána og húsnæðissparnaðar. Þar segi:

„Þessi aðgerð er annars vegar fjármögnuð með því að einstaklingar og fjölskyldur ráðstafa eignum sínum til greiðslu á skuldum og hins vegar með framtíðar skatttekjum. Sá hluti aðgerðarinnar sem snýr að ráðstöfun eigin eignar einstaklinga og fjölskyldna hefur engin áhrif á hreina eign viðkomandi, en eign sem að óbreyttu hefði ekki verið aðfararhæf komi til harkalegra innheimtuaðgerða, verður aðfararhæf þar sem eignabreyting veldur því að sá hluti sem annars hefði tilheyrt séreignarsparnaði og þar með ekki verið aðfararhæf samkvæmt lögum verður aukin hrein eign í húsnæði sem er aðfararhæf. Ráðstöfun á framtíðarskatttekjum hefur þau áhrif að skattbyrði er færð á milli kynslóða með þeim hætti að fallið er frá skattgreiðslum þeirra sem skulda í dag með þeim afleiðingum að hækka verður skatta framtíðarinnar.“

Í greiningu ASÍ frá í mars 2022 segi að gögn sýni að öll árin hafi þau tekjuhæstu notið langstærsta hluta af skattaívilnuninni.

Finnbjörn segir umsögn miðstjórnar í samræmi við ályktun ASÍ-UNG frá í mars 2022. Þar segi: „Stjórn ASÍ-UNG harmar aðgerðir stjórnvalda sem hafa fært beinan húsnæðisstuðning til hinna tekjuhæstu í samfélaginu. ASÍ-UNG eru samtök ungs launafólks innan ASÍ og er deginum ljósara að aðgerðir eins og skattfrjáls ráðstöfun séreignarsparnaðar til niðurgreiðslu húsnæðislána nýtist heldur eldra og tekjuhærra fólki meðan dregið hefur verið úr stuðningi í gegnum vaxtabótakerfið sem nýtist ungu fólki heldur.“

Jafnframt vekur forseti ASÍ athygli á því sem fram komi í umsögn miðstjórnar þar sem vakin sé athygli á að áfram verði heimilt, samkvæmt fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi, að nýta séreignarsparnað til fasteignakaupa undir formerkjum „Fyrstu fasteignar“ þ.e. lög nr. 111/2016 verði óbreytt og hafi ASÍ ekki lagst gegn því. Breytingin varði því aðeins almenna úrræðið til ráðstöfunar séreignarsparnaðar til að greiða niður fatseignalán sem gert sé ráð fyrir að renni sitt skeið á enda um næstu áramót.

Miðstjórn leggur til að tillögunni verði vísað til umræðu og afgreiðslu í allsherjarnefnd 46. þings.

Georg Páll Skúlason þingforseti:

Vísar tillögu og umsögn miðstjórnar til allsherjarnefndar.

Jóhann Már Sigurbjörnsson, VR:

Jóhann Már segir rétt það sem fram komi í umsögn miðstjórnar um aðfararhæfi. Þetta sé galli og það viðurkenni hann. Hann segir frá reynslu sinni á fasteignamarkaði og nýtingu á séreignarsparnaðarúrræði í húsnæðis kaupum.

Jóhann Már ræðir fullyrðingu um að þetta úrræði hafi einkum nýst hátekjufólki. Hann kveðst hafa átt erfitt með að trúa þessum tölum og segir í ljós hafa komið að þær gefi ekki rétta mynd. Þessi afsláttur sem um sé að ræða sé ekki nema 250 þús. Hann hafi kallað eftir tölum þar sem þetta sé aðgreint niður á einstaklinga en þær hafi hann enn ekki fengið.

Jóhann kveðst hafa gert könnun í sínu nærumhverfi og gríðarlega margir séu að nýta sér þetta úrræði. Víska, félag háskólamanna, hafi ályktað um þetta og sagt húsnæðisstyrki hafa lækkað mikið síðustu ár.

Páll Heiðar Magnússon Aadnegard, VM:

Kveðst verða að lýsa furðu með afstöðu miðstjórnar. Engu líkara sé en hún hafi gleymt að forsendubrestur hafi orðið í kjölfar hrunsins með þeim afleiðingum að fjöldi heimila missti fótanna og varð að byrja upp á nýtt. Verðum við að skoða erindi okkar innan ASÍ – erum við of tekjuhá til að vera hérna?

Agnar Ólason, VM:

Vill benda á tvö atriði til mótvægis.

Annars vegar um aðfararhæfi, eflaust sé það rétt sem fram komi í umsögn miðstjórnar en hafi maður þegar misst húsið sé nú fokið í flest skjól hvort sem er.

Hitt atriðið segir Agnar varða afborganir því eftir því sem menn greiði hraðar niður húsnæðisskuldir minnki áhætta á að viðkomandi lendi í kröggum með afborganir og missi húsnæði.

Um það að úrræðið nýttist helst tekjuháum segir Agnar Má að hinir tekjuháu séu líka þeir sem greiði hæstu skattana af tekjum. Þessi hópur og millitekjufólkið eigi alltaf að borga allt, alls staðar en stórlaxar sleppi við skatta í hlutfalli við umsvif sín. Agnar telur í lagi að menn fái þarna ofurlitla smugu í formi nýtingar séreignarsparnaðar til að bjarga sér og koma undir sig fótum.

Georg Páll Skúlason, þingforseti.

Bendir á að umræða fari í raun fram í málefnanefnd. Kveðst loka mælendaskrá þegar næsti maður í pontu hafi lokið máli sínu.

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness:

Kveðst leyfa sér að segja að hann sé hissa á stefnu ASÍ um nýtingu séreignarsparnaðar við húsnæðis kaup. Þetta sé í raun eitt besta úrræðið fyrir launafólk og því fari fjarri að aðeins hátekjuhópar nýti það. Vilhjálmur segir frá félagsfundi með verkamönnum þar sem komið hafi fram að stór hluti þeirra nýti þetta úrræði. Allir spekingar séu sammála um að best sé að greiða niður skuldir sínar.

Hefðum við áhyggjur af aðfararhæfi ættum við frekar að horfa á verðtrygginguna. Hún étur upp allan hluta í íslenskum heimilum. Horfum til 2009 þegar eignarhlutur gufaði upp á einni nóttu. Einstaklingur megi greiða 500.000 krónur á ári inn á lán sín með séreignarsparnaði og hjón 750.000. Vilhjálmur skorar á þingheim að beina athygli að verðtryggingu sem sé stærsti skaðvaldurinn.

Hilmar Harðarson, Félagi iðn- og tæknigreina:

Við hjá Samiðn höfum lengi talið þetta einn besta kostinn fyrir okkar félagsmenn. Þessi útfærsla á nýtingu séreignarsparnaðar hentar okkar hópi. Við styðjum að áfram megi allir greiða inn á lán til fasteignakaupa. Fróðlegt væri að sjá tölfræði um þá sem eru að verða gjaldþrota eftir að hafa nýtt úrræðið því hópurinn sem njóti góðs af því sé mun stærri. Hilmar boðar að hann muni láta þessa skoðun í ljós í starfi nefndarinnar.

Kristján Þórður Snæbjarnarson, Félagi rafeindavirkja:

Mikilvægt er að fram komi að í tillögu í þingskjali 10 er talað um áframhaldandi ráðstöfun séreignarsparnaðar til húsnæðis kaupa. Þetta kveðst Kristján Þórður skilja sem ákall um framlengingu bæði á almenna úrræðinu um inngreiðslur á höfuðstól og því sértæka um fyrstu íbúð. Í umsögn miðstjórnar komi ekki skýrt fram hvort í ráði er að viðhalda greiðslu á höfuðstól. Kristján Þórður telur skynsamlegt að framlengja það líka. Stór hópur fólks nýti sér þá leið. Aðfararhæfið skiptir máli en muni ekki hjálpa þeim yngri.

Georg Páll Skúlason þingforseti:

Segir umræðu um tillögu um séreignasparnað lokið og er henni vísað, ásamt umsögn miðstjórnar, til allsherjarnefndar.

Georg býður Eið Stefánsson, formann laganefndar, velkominn í pontu.

Eiður Stefánsson, Félagi verslunar- og skrifstofufólks Akureyri:

Eiður gerir grein fyrir tillögu til laganefndar (þingskjal 7.) Laganefnd hafi borist tillaga frá miðstjórn um breytingu á lögum ASÍ. Um er að ræða breytingu á fyrstu málsgrein, 49. greinar laga ASÍ um rétt til greiðslu dagpeninga og dánarbóta úr sjúkrasjóði. Breytingin er lögð til á grundvelli sameiginlegrar yfirlýsingar ASÍ og BSRB um útfærslu réttindaflutnings milli sjúkrasjóða aðildarfélaga ASÍ og BSRB frá 10. nóvember 2023.

Georg Páll Skúlason þingforseti:

Segir orðið frjálst um tillöguna.

Páll Heiðar Magnússon Aadnegard, VM:

Leggur áherslu á að tilgangurinn sé að fólk sé ekki réttindalaust þegar það skiptir um starf milli ASÍ og BSRB og auki líkur á að fólk sé í réttum stéttarfélögum.

Bergvin Eypórsson, Verkalýðsfélagi Vestfirðinga:

Bergvin telur ekki skýrt hvort viðkomandi þurfi að eiga fullan rétt áður en hann á rétt á flutningi réttinda. Hann spyr hvort eftir fjögurra mánaða starf þurfi að vinna tvo mánuði til viðbótar til að öðlast fullan rétt á dagpeningum og dánarbótum.

Georg Páll Skúlason þingforseti:

Vísar tillögu miðstjórnar til laganefndar þar sem fyrirspurn Bergvins verði svarað.

Ástþór Jón Ragnheiðarson, ASÍ-UNG:

Ástþór gerir grein fyrir tillögu um breytingu á 29. grein laga ASÍ sem varðar ASÍ-UNG (þingskjal 18) einkum þinghald og kosningar til stjórnar. Ástþór les upp þær orðalagsbreytingar sem tillagan gerir ráð fyrir og segir markmiðið að setja í lög það sem hafi verið iðkað undanfarin ár og samræma lög ASÍ og ASÍ-UNG.

Georg Páll Skúlason þingforseti:

Vísar tillögunni til laganefndar.

Föstudagur 18. október

Georg Páll Skúlason þingforseti býður fulltrúa velkomna til starfa.

Hann fer yfir praktísk mál varðandi yfirferð málefnskjala, kosningar og aðra vinnu dagsins. Fyrst á dagskrá eru nefndarálit. Afgreiðsla ályktana fari fram jafnóðum og ítrekar Georg að þá þurfi að leggja fyrir tillögur, ef einhverjar eru, sem ekki hafið náð í gegn í starfinu í gær.

Því næst gefur þingforseti Hjördísi Þóru Sigurþórsdóttur orðið.

Hjördís Þóra Sigurbórsdóttir, AFLi:

Fer yfir starfið í nefndinni. Um 80 manns tóku þátt og ræddu í þaula ýmis atriði tengd heilbrigðismálum. Nefnir Hjördís Þóra sérstaklega geðheilbrigði og þjónustu án fjárhagslegra hindrana. Áhersla hafi verið lögð á að sálfræðiþjónusta yrði gjaldfrjáls og að réttindi foreldra langveikra barna til veikindadaga yrðu útvíkkuð til 18 ára aldurs.

Rætt hafi verið mikilvægi þess að auka fjárfestingu í opinbera heilbrigðiskerfinu og tryggja jafnt aðgengi að tækjum og þjónustu um allt land, með sérstakri áherslu á þjónustu fyrir fatlaða. Áhyggjur hafi verið ítrekaðar vegna fækkunar heimilislækna og fjallað um mikilvægi þess að fjölga læknum á landsbyggðinni, með fjárhagslegum hvötum ef nauðsyn krefur.

Einnig voru gerðar athugasemdir um ófullnægjandi aðgengi að sérfræðilæknum og biðlistum, auk umræðu um nauðsyn þess að bæta tengingar milli sjúkrahúsa og efla fjarþjónustu.

Að lokum var talsverð umræða um einkarekstur í heilbrigðiskerfinu, þar sem margir lýstu yfir áhyggjum af því að einkarekstur gæti skert aðgengi almennings að heilbrigðisþjónustu. Lögð var áhersla á að ASÍ hafni einkarekstri sem byggir á minni gæðum og að tryggja þurfi að einkavædd þjónusta sé ekki hagnaðardríf.

Hjördís les og fer yfir breytingar sem samþykktar voru í málefnavinnu (skjal 23). Hún segir þennan afrakstur nefndarinnar hafa verið samþykktan samhljóða. Hún þakkar að lokum nefndarmönnum fyrir samstarfið.

Georg Páll Skúlason þingforseti:

Þakkar Hjördísi yfirferðina og opnar fyrir umræður.

Helga Flosadóttir, Bárunni:

Helga þakkar fyrir flott þing. Í málefnum fatlaðra vakning spurning um rafræn skilríki. Ekki geti allir fatlaðir sótt um rafræn skilríki. Foreldrar missi aðgang að heilsuveru og öðru þegar börn verða 18 ára. Foreldrar geti ekki sótt um börnin sín sem orðin séu 18 ára þar sem þau séu þá sjálfráða. Börn detti úr heilsuveru foreldra of snemma.

Halla Gunnarsdóttir, VR:

Þakkar hópnum fyrir góða vinnu. Er með minniháttar athugasemd. Gerir athugasemd við orðalagið „fráflæðisvandi“ í skjalinu. Fólk sé ekki fráflæðisvandi. Halla leggur til að frekar verði sagt „vanda sjúkrahúsanna“. Vil einnig nefna áhyggjur af leiðum til byggingar hjúkrunarheimila. Gefið hafi verið út nýtt fyrirkomulag bygginga undir hjúkrunarheimili, sem verði byggð af einkaaðilum sem fái greidda markaðsleigu. Leigan muni ákvarðast af því hve mikið viðkomandi geti greitt í leigu. Þetta þýði að almenningur muni í raun greiða fyrir fleiri heimili en hann myndi gera ef ríkið byggði heimilin sjálft. Fjármagn muni renna til innlendra og erlendra fjárfesta með þessari leið.

Georg Páll Skúlason þingforseti:

Ítrekar að allar breytingartillögur þurfi einnig að berast skriflega.

Jóhann Már Sigurbjörnsson, VR:

Gerir athugasemd varðandi orðalag í lið 4.1 um að jafna aðgengi að þjónustu. Ræðir fyrirkomulag heilsugæslu og aðgengi að sérfræðingum fyrr og nú með milligöngu heimilislækna sem hann kveðst lengi hafa fylgst með. Heilsugæslan hafi lagst gegn breytingum í þá veru að hún verði fyrsti viðkomustaður

þeirra sem á þjónustu þurfi að halda. Hann biður nefndina um nánari skýringar á þessum lið. Heimilislækna vanti ekki einvörðungu á landsbyggðinni, skortur sé einnig höfuðborgarsvæðinu.

Benedikt Ragnarsson, VR:

Þakkar nefndinni fyrir störf. Hefði gjarnan viljað taka þátt í starfinu og finnst vanta punkta. Fráflæðisvandi í heilbrigðismálum sé staðan þar sem fólk fer á spítala með sjúkdóma sem það þyrfti ekki að lenda í þegar það er eitt heima. Ekki sé talað um öldrunarmál í tillöguskjali nefndarinnar. Setja þurfi aukinn kraft í heimahjúkrun og öldrunarþjónusta. Þörfin sé gríðarleg en það vanti fólk í þau störf. Eldri borgarar séu týndir um hvar þeir eigi að leita aðstoðar, og það sé stórt vandamál að gæta þess að þeir lendi ekki inni á sjúkrahúsunum. Forvarnir séu því grunnur að lausn á fráflæðisvandanum. Hjúkrunarfræðingar séu samningslausir, sett hafi verið á þá lög. Það þurfi að gæta að því að heilbrigðisstarfsfólk sé ekki samningslaust. Það sé ömurleg staða. Fram hafi komið í pallborði í fyrradag að einkageirinn sé á höttunum eftir góðu fólki og það sé flótti þangað yfir þar sem laun eru hærrí. Benedikt harmar að ekki sé tekið á þessu í skjalinu.

Sólveig Anna Jónsdóttir, Eflingu:

Kveðst fyrir hönd Eflingarfólks sem starfar í umönnunargeiranum velta því upp hvort ekki sé full langt gengið þegar því sé haldið fram að lengja þurfi rétt foreldra á launuðu leyfi til 18 ára aldurs barna þeirra. Eflingarfólk telji að full langt sé gengið, ekki vegna þess að það sé á móti börnum, heldur vegna þeirrar staðreyndar að nú sé mönnunarvandi til staðar víða. Fyrir vikið þurfi starfsfólk að hlaupa hraðar. Eflingarfélagar vilji koma áleiðis, að sé veikindaréttur aukinn svona mikið, fram að 18 ára aldri barna, telji þeir að enn frekari fjarvera verði á vinnustöðum sem geri verkefni þeirra sem mæta til starfa enn erfiðari. Margir muni ugglást enn hvernig var að vera unglingur og við hefðum ekki glaðst yfir því að foreldrar sætu yfir okkur veikum. Frekar þurfi að taka tillit til þeirra sem eiga langveik börn en ekki þeirra sem eru með gubbupest.

Georg Páll Skúlason þingforseti:

Þakkar fyrir og gefur Hjördísi Þóru orðið til að bregðast við.

Hjördís Þóra Sigurpórsdóttir:

Um rafrænu skilríkin og vanda fatlaðra barna segir hún rétt að ekkert sé fjallað um þetta atriði í skjalinu. Við því megi bregðast með breytingartillögu.

Um „fráflæðisvanda“ segir hún að þetta sé fagorð sem ekki sé víst að allir þekki. Hún kveðst telja „besta mál“ að breyta þessu orðlagi.

Um uppbyggingu hjúkrunarheimila segir Hjördís Þóra að heilbrigðisnefnd Alþýðusambandsins hafi fjallað um þessa breytingu á kjörtímabilinu. Hún tekur undir að það sé áhyggjuefni ef hjúkrunarheimili verði leiguliðar fatseignafélaga. Það verði þá uggvænleg þróun

Hvað lengingu veikindaréttar varðar tekur Hjördís Þóra fram að sú breyting sé hugsuð í tengslum við alvarleg og langvarandi veikindi barna um en ekki unglinga með gubbupest. Hugmyndin sé sú að skapa varúðarrétt ef nauðsyn krefji.

Um heilsugæslu sem fyrsta viðkomustað segir ræðumaður að hugsunin sé sú að heilsugæsla verði styrkt þannig að henni verði gert kleift að vera fyrsti viðkomustaður til að létta álagi af bráðamóttöku o.s.frv. Opinbera heilsugæslan verði þannig fyrsti viðkomustaður almennings.

Um mönnunarvanda og laun heilbrigðisstarfsfólks segir Hjördís Þóra að í punkti 4.2. sé vikið að mönnun, launum og aðbúnaði heilbrigðisstarfsfólks. Auðvitað ætlist verkalyðshreyfingin til þess að kjarasamningar verði gerðir við þetta fólk eins og annað.

Georg Páll Skúlason þingforseti:

Þakkar Hjördísi Þóru fyrir. Borist hefur skriflega breytingatillaga varðandi orðlagið „fráflæðisvanda“ (þingskjal 27).

Hún hljóðar svo: Í stað „fráflæðisvanda“ komi „að leysa vanda Landsspítala og eftir atvikum annarra sjúkrahúsa.“

Georg ítrekar að ekki sé þörf á prófarkarlestri á þinginu. Öll skjöl verði lesin yfir.

Þingforseti upplýsir að borist hafi breytingartillaga frá Eflingarkonunum Sólveigu Önnu Jónsdóttur og Kolbrúnu Valvesdóttur varðandi lengingu veikindaréttar vegna barna til 18 ára aldurs.

Tillagan hljóði svo: „Lengja þarf rétt foreldra á launuðu leyfi vegna barna sinna til 15 ára aldurs, lengja þarf leyfi þeirra sem eiga langveik eða fötluð börn til 18 ára aldurs.“

Páll Heiðar Magnússon Aadnegard, VM:

Páli þykir það sérkennileg breytingatillaga að leysa eigi mönnunarvanda verkafólks með því að skerða réttindi alþýðunnar. Hann fái ekki séð annað en að þarna sé verið að reikna með því að launþegar séu að misnota veikindarétt. Páll telur það ekki eiga við rök að styðjast og kveðst ekki munu ekki greiða þessari tillögu atkvæði.



Sólveig Anna Jónsdóttir ásamt félögum sínum í Eflingu á 46. þinginu.

Sólveig Anna Jónsdóttir, Eflingu:

Kveðst hafa verið send í pontu af félögum sínum sem hafi móðgast mjög við fyrri athugasemd. Að sjálfsögðu ætlist Eflingarfólk ekki til að mönnunarvandi verði leystur með þessu heldur bendi það á mönnunarvanda þar sem Eflingarfólk starfar t.d. við hjúkrun og í leikskólum. Vandinn geti verið í því fólginu að stór hluti starfsfólksins sé veikur. Eflingarfólk vilji ekki halda því fram að fólk geri sér upp veikindi. Hins vegar þekki það allir að unglingar geti verið heima með væg veikindi. Sólveig Anna segir félaga sína í Eflingu velta því fyrir sér hvort þeir sem fara á sjó myndu samþykkja að halda úr höfn með aðeins helming áhafnar. Hún segir vel þekkt að þau sem starfa við umönnun hafi það sem sitt fyrsta morgunverk á vinnustað að skoða mætingatöfluna. Hún endurtekur að þó hægt sé að senda börn heim til að létta á álagi sé ekki hægt að senda eldra fólk heim.

Ef þessi réttur bætist við þann ríkulega veikindarétt sem þegar sé til staðar þá geti það aukið á þennan vanda vegna mönnunar. Hins vegar vilji Eflingarfólk taka tillit til þeirra sem þurfi vissulega á þessu úrræði að halda og geri það í breytingartillögunni. Unglingar séu annars fullfærir um að vera einir veikir heima.

Páll Heiðar Magnússon Aadnegard, VM:

Biður sína „kæru vinkonu um aldur og ævi“ að tala ekki niður til sín. Hann eigi dóttur sem starfi á leikskóla og þekki vel mönnunarvandann. Hann verði að leysa með öðrum hætti en þessi tillaga kveði á um. Segist reiðubúinn að ræða það nánar á göngum þingsins.

Pálmi Þorgeir Jóhannsson, Eining-iðja:

Kveðst hissa yfir umræðunni. Nú sé talað um ofvernduð bómullarbörn. Hann spyr hvað foreldri sé að gera heima þótt það eigi barn með gubbupest. Kveðst styðja tillöguna varðandi langveik börn en önnur 18 ára börn geti verið veik ein heima.

Ragnar Ólason, Eflingu:

Vill ítreka að hér er ekki verið að tala um að skerða réttindi heldur að auka réttindi, sérstaklega þeirra, sem eru með langveik börn.

Elsa Hrönn Gray Auðunsdóttir, ASÍ -UNG:

Elsa leggur áherslu á að ekki sé verið að ræða stuðning við foreldra unglinga með gubbupest. Málið snúist um langveik börn. Segir sjúkrasögu sína er hún veiktist alvarlega 17 ára gömul og þurfti að vera ein heima án þess að geta séð um sig sjálf. Langveik og fötluð börn sé ekki svo þröngt hugtak. Með því að auka ekki réttindi foreldra langveikra barna verði vandi þeirra aukinn enn frekar. Undirmönnun eigi ekki að vera á ábyrgð starfsfólks. Skila beri ábyrgðinni til stjórnvalda og stofnana.

Sólveig Anna Jónsdóttir, Eflingu:

Við í Eflingu erum að gera alvöru kjarasamninga fyrir alvöru fólk. Við vinnum ekki með útópískar hugmyndir. Enginn er að tala um að skerða réttindi heldur þvert á móti auka þau verulega og gera nákvæmlega það sem hér var sagt áðan. Að þeir sem þurfi fái aukinn rétt. Sólveig Anna segist óska þess að hægt væri að fara til yfirvalda og segja að þau þurfi að taka ábyrgð á mönnun. Við náðum vissulega góðu skrefi í síðustu samningum þar sem unnið var eftir skýrum, raunhæfum markmiðum. Við teljum breytingartillöguna okkar rausnarlega viðbót við það sem nú er. Fráleitt er að ætla Eflingu að hata börn, margir Eflingarfélagar vinna með þau. Erum að koma með málefnalega, þroskaða, raunhæfa kröfu.

Georg Páll Skúlason þingforseti:

Nú hafa öll sjónarmið fengið að koma fram. Gott að það komi fram að við erum að semja ályktanir en erum ekki í samningaviðræðum.

Georg efnir til atkvæðagreiðslu um framkomnar breytingartillögur.

Fyrst ber hann upp breytingartillögu frá Höllu Gunnarsdóttur þess efnis að í stað „fráflæðisvanda“ komi orðalagið „Landspítala og eftir atvikum annarra sjúkrahúsa“ (þingskjal 27).

Hún er samþykkt samhljóða.

Þá ber þingforseti upp tillögu Sólveigar Önnu Jónsdóttur og Kolbrúnar Valvesdóttur, um breytingu á texta varðandi rétt foreldra á launuðu leyfi vegna veikinda barna (þingskjal 28).

Tillagan er samþykkt með meirihluta atkvæða.

Hjördís Þóra Sigurpórsdóttir, AFL-i:

Stígur í pontu að boði þingforseta. Hjördís Þóra telur rökrétt að setningin: „Börn eru börn til 18 aldurs, samkvæmt lögum“, verði felld út úr textanum í ljósi þeirra orðalagsbreytinga sem samþykktar hafi verið.

Georg Páll Skúlason þingforseti:

Georg Páll ber nú upp tillöguna í heild sinni með áorðnum breytingum og er hún samþykkt samhljóða (þingskjal 29).

Guðrún Elín Pálsdóttir, Verkalýðsfélagi Suðurlands:

Guðrún Elín gerir grein fyrir málefnavinnunni, segir fullan sal af fólki hafa tekið þátt í henni og umræður hafa verið líflegar. Unnið hafi verið í skjalinu fram á síðustu mínútu.

Hún fer yfir skjalið, *Auðlindir í þágu þjóðar* (þingskjal 24), og gerir grein fyrir þeim breytingum sem gerðar voru á því. Að því loknu þakkar hún þeim sem tóku þátt í umræðunni í gær.

Georg Páll Skúlason þingforseti:

Hefur umræðu um tillöguna.

Páll Heiðar Magnússon Aadnegard, VM:

Leggur fram tillögu þess efnis að fiskveiðistjórnarkerfið verði endurskoðað frá grunni og endurúthlutað heimildum eftir því sem sú vinna býður upp á (þingskjal 33).

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness:

Vilhjálmur segir þetta gríðarlega mikilvægan málaflokk. Hann hafi lagt til í málefnavinnunni að sett yrði arðsemispak á sölu raforku til heimila. Þetta sé mjög brýnt því allt stefni í græðgisvæðingu í raforku. Frá áramótum hafi Orkuveitan hækkað raforkuverð með flutningi um 27%. Á sama tíma hafi sex milljarða hagnaður verið tekinn út úr fyrirtækinu til eigenda. Þetta segir hann galið. Arðsemispak sé á heitu og köldu vatni og hið sama eigi að gilda um raforkuna.

Vilhjálmur leggur til að kveðið verði á um aukna öflun grænnar orku sem ýti undir fjölbreytt störf um land allt land.

Þingið sendi skýr skilaboð um að samfélagið þarfnist aukinnar grænnar orku því án verðmætasköpunar verði engin velferð. Nú sé keyrt á díselolíu víða um land sökum skorts á raforku. Þetta sé óásættanlegt ástand í einu ríkasta landi heims með tilliti til grænnar orku.

Finnbogi Sveinbjörnsson, Verkalýðsfélagi Vestfirðinga:

Ræðir breytingar á punktum skjalsins varðandi jöfnun á kostnaði við nýtingu auðlinda, þ.e. heitu og köldu vatni, en rafmagn hafi verið strikað út. (Finnboga er bent á að þetta atriði sé að finna ofar í textanum). Finnbogi segist hafa viljað benda á mikilvægi þess að tryggja að þetta eigi einnig við um rafmagn. Heimili og fyrirtæki séu nú kynt með díselolíu fyrir háar upphæðir. Flutningsgeta raforku vestur á firði sé lítil og kostnaður því mikill. Hringtenging sé ekki til staðar og því þurfi fyrirtæki sem ekki geta keypt forgangsorku að skerða starfsemi eða færa rekstur yfir á nætur. Þetta þurfi að taka föstum töku og Finnbogi kvæðst ánægður að sjá þetta inni í stefnuskjalinu. Jöfnun raforku til heimilanna þurfi að tryggja. Fáránlegt sé að keyrt sé á díselolíu í svona auðlindaríku landi.

Valmundur Valmundsson, Jötni sjómannafélagi:

Ræðir breytingu á texta um auðlindir, sýnir auðlindarentu-slæðu og fjallar um breytingar á reikniaðferðum. Valmundur segir þær breytingar hafa stuðlað að lækkun veiðigjalds enda séu hagsmunir útgerðar þeir að lækka stofn til veiðigjalds með hækkun kostnaðar og lækkun launa sjómanna.

Valmundur leggur fram svohljóðandi tillögu (þingskjal 30):

„Auðlindagjald í sjávarútvegi er gjald á umframhagnað sem verður til við fiskveiðar íslenskra útgerða. Fiskvinnslan hefur verið undanþegin auðlindagjöldum frá árinu 2018 þegar lögum um auðlindagjöld í sjávarútvegi var breytt. Það eru hagsmunir stórútgerðanna að fiskverð sé sem lægst til sjómanna svo reiknað veiðigjald verði sem lægst.

ASÍ ætlast til þess að íslensk útgerðarfyrirtæki og fiskvinnslur sem eru í eigu skyldra aðila séu sett undir sama hatt þegar kemur að útreikningi á auðlindarentu í sjávarútvegi.“

Guðmundur Helgi Þórarinnsson, VM:

Tekur undir tillögu Valmundar. Auðlindagjaldi hafi verið breytt með lögum 2018. Þar sé fiskvinnslan ekki inni og þannig geti útgerðin stýrt því hvar hagnaðurinn er tekinn út.

Guðmundur Helgi hefði viljað ganga lengra þannig að ASÍ krefðist alskilnaðar veiða og vinnslu. Útgerðin hafi stjórnað fiskverði frá 2018. Í skýrslu frá því sama ári um eignir Íslendinga í aflandsfélögum hafi komið fram að 18 milljarðar króna í eigu útgerðar eða 8% verðmætisins séu skilin eftir erlendis í stað þess að skila sér hingað heim. Skýrslunni hafi verið komið fyrir í skúffu í fjármálaráðuneytinu sem ekkert hafi viljað gera með hana. Þessu verði að taka á vilji þjóðin afstýra að lenda aftur í lénskerfi og Sturlungaöld.

Málið varði ekki aðeins sjómenn heldur þjóðina alla sem verði að vakna til vitundar um þessi gríðarlegu undanskot. Hagsmunaöflin vinni á þann veg að koma réttum mönnum fyrir í upphafi allra breytinga. Nefnir Guðmundur Helgi að tiltekinn aðili sé nú í framboði fyrir Sjálfstæðisflokkinn og sé honum sýnilega ætlað að verja hagsmuni fiskeldis á alþingi. Guðmundur Helgi minnir á orð forseta ASÍ um nauðsyn þess að verkalýðshreyfingin eigi fulltrúa á þingi og á öðrum upphafsstöðum breytinga. Nú sé tækifæri fyrir áhugasama að bjóða sig fram.

Jónas Yngvi Ásgrímsson, VR:

Segist hafa í gær tekist á við Vilhjálm Birgisson um tillögu hans varðandi aukna öflun grænnar orku. Jónas telur þetta ákvæði of opið. Fyrst og fremst þurfi að tryggja dreifingu á því rafmagni sem þegar sé framleitt. Vissulega þurfi kannski að virkja eitthvað en orðalag sé of opið auk þess sem hann setji spurningarmerki við hvaða grænu orku sé verið að selja. Hann viti ekki betur en búið sé að selja upprunavottanir. Jónas hvetur til þess að þetta verði ekki samþykkt en frekar verði bætt við efnisatriði um trygga dreifingu.

Halla Gunnarsdóttir, VR:

Kveðst vilja taka undir með Jónasi. Hún sé bæði sammála og ósammála Vilhjálmi Birgissyni. Andstaða hennar sé á sömu forsendu og Jónas kynnti. Umhverfi orkumála hafi breyst með innleiðingu orkupakka Evrópusambandsins. Þetta sjáist best í áformum um vindorkuver. Núna séu til teikningar af 35 vindorkuverum, tvö þeirra séu á vegum opinberra aðila en afgangurinn „bara á vegum einhverra“, meðal annars erlendra aðila. Sveitastjórnir hafi ekki undan að afgreiða leyfabeiðnir og rannsóknarmöstur séu sett upp. En enginn viti hvað á að verða um orkuna. Ef ætlunin sé að álykta um græna orku þurfi sú nálgun að vera ígrunduð þar sem almannahagsmunir séu í fyrirrúmi. Finna þurfi lagalegar leiðir til að tryggja að orkan sé notuð í þágu samfélagsins en ekki sem gróðatæki. Verði veittur opinn tékki á að auka orku verði stoðum rennt undir gróðaöflin.

Halla segist hins vegar taka undir með Vilhjálmi hvað varðar raforkuverðið. Í tillögu að stefnu ASÍ í samkeppnismálum sé að finna texta um raforkuverðið. Vinna þurfi gegn gróða milliliða. Raforka hafi hækkað umfram verðbólgu – bara af því það sé hægt að hækka verðið. Halla styður nálgun Vilhjálms en er ekki viss um að tala eigi um „arðsemispak“. Það eigi að vera hægt að tryggja raforku til heimila og lítilla fyrirtækja. Halla leggur ekki til orðalagsbreytingar en kveðst ekki viss um að þetta sé rétti ramminn. Hún ítrekar varnaðarorð um opinn tékka hvað græna orkuöflun varðar.

Andri Reyр Haraldsson, Félagi íslenskra rafvirkja:

Andri Reyр tekur undir orð Höllu. Vissulega hljómi fallega að styðja græna orkuöflun. Hins vegar hafi ríkisvaldið enga mótaða stefnu í þessum málum. Ekki sé unnt að stýra því hvert orkan fer. Fari allt viðbótaraflið í gagnaver skili það litlu. Mjög varhugavert sé að setja þetta inn í ályktun og telur Andri Reyр að það eigi þingheimur alls ekki að gera nema það sé mjög vel rammað inn. Því þurfi að fylgja skýr stefna. Hann óttast að sveitarfélög þurfi að berjast gegn því að aðilar komi inn á markað með ótrygga vindorku. Þá verði til hið vel þekkta fyrirkomulag einkavæðing gróðans og ríkisvæðing tapsins. Fara þurfi varlega. Tekur undir með Höllu að ótækt sé að raforkuverð til heimila hækki „af því bara“. Lítið sé um svör af hverju það sé í lagi.

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness:

Veit og skilur að þegar rætt er um orku eru skoðanir skiptar. Það er eðlilegt. En mikilvægt sé ef landsmenn ætli að halda úti velferðarsamfélagi að skapa verðmæti. Landsvirkjun greiddi í fyrra í formi skatta og arðs 50 milljarða króna. Hann er því sammála að huga þarf að því hvert orkan fer. Nú sé rætt um sjóeldi en fólk vilji fá það upp á landi. Til þess þurfi mikla orku, meðalfyrirtæki þurfi um 10 megavött. Mikilvægt sé að hafa í huga þegar öskrað er á fjármagn frá ríkinu að það nýtist til að auka framleiðslu og fjölga störfum. Sem dæmi nefnir Vilhjálmur Grundartanga þar sem 18 ára unglingur sé með 850 þúsund krónur í mánaðarlaun og yfir milljón eftir fimm ár.

Síðan fullyrði fólk gjarnan að orkan sé gefin. Því fari fjarri. Norðurál hafi í fyrra greitt 40 milljarða króna fyrir rafmagn. Það svari til fimmfalda afnotagjalda sjávarútvegsins. Hér á landi sé ál framleitt með grænni orku en í Kína kosti sú framleiðsla tíu sinnum meiri mengun.

Vilhjálmur telur undarlegt að ASÍ sendi ekki frá sér skýr skilaboð um aukna orkuöflun til hagsbóta fyrir landsmenn. Hreyfingin hljóti að sýna að hún standi undir þeirri ábyrgð sem henni hafi verið falin.

Bergvin Eypórsson, Verkalýðsfélagi Vestfirðinga:

Ég er frá Vestfirðum og þar stendur raforkuskortur uppbyggingu fyrir þrifum. Við greiðum hærra verð fyrir orku en aðrir. Við þurfum að framleiða meira og jafna kostnað svo allir greiði jafnt hvar sem þeir búa. Talað er um að til sé nóg rafmagn. Herjólfur er ágætt dæmi. Það er rafvætt skip sem notast við rafmagn úr dieselrafstöð. Orkan okkar er hrein sama hvað pappírar segja.

Húshitunarkostnaður er ólíkur eftir því hvort fólk býr á heitu eða köldu svæði. Í Eyjum hefur húshitunarkostnaður hækkað um 80% prósent á árinu en laun ekkert. Verið er að byggja kalkþörungaverksmiðju á Súðavík. Ekki er til rafmagn til að keyra hana. Það þarf að framleiða raforku þar sem hún er nýtt svo ekki tapist orka í flutningi. Við verðum að framleiða meira rafmagn, má deila um hvernig, en það þarf að tryggja að orkan sé til. Eins og Vilhjálmur benti á þurfum við að muna að velferð kostar peninga. Við þurfum að búa hana til.

Guðmundur Helgi Þórarinnsson:

Kveðst vilja ganga lengra en Valmundur og taka út síðustu setningu í tillögu hans.

Í staðinn leggur Guðmundur Helgi til eftirfarandi:

„ASÍ ætlast til þess að slitið verði milli veiða og vinnslu í íslenskum sjávarútvegi til að stuðla að réttlátri verðmyndun afurða“ (þingskjal 31).

Halla Gunnarsdóttir, VR:

Vill bregðast við innblásinni ræðu Vilhjálms Birgissonar. Textinn sem hann vilji fella inn í stefnuskjalið fjalli ekki um það sem hann hafi gert að umtalsefni. Textinn sé opinn tékki og engin trygging sé fyrir því að orkan fari þangað sem hennar er þörf. Textinn sé opinn og óljós og hljómi eins og tillaga um leikvöll fyrir gróðaöfl. Vindmyllur séu hryllileg fyrirbrigði - allt líf hverfi nærri þeim. Eigi að fjalla um orkuöflun verði textinn að vera skýrari.

Georg Páll Skúlason þingforseti:

Opnar mælendaskrá um breytingartillögur.

Arnar Hjaltalín, Drifandi stéttarfélagi:

Tillagan eins og hún er lögð fram af Valmundi er góð og verður til þess að við náum rentu af vinnslunni. Ef þessu verður breytt verður það til þess að sjómenn fá hærri laun. En afli fer á markað í meira mæli. Annars verður fiskur fluttur til Austur-Evrópu til vinnslu þar sem launin eru aðeins brot af því sem hér er. Þá fara útlendingar sem starfa í vinnslunni aftur heim. Virðisaukinn verður þá ekki til hér heima. Þetta er aðeins byrjað og þetta mun aukast. Ef þetta er allt á einni hendi er þó tryggt að fiskur sé veiddur þannig að hann henti vinnslunni. Geldur varhug við þeirri breytingu sem Guðmundur Helgi vill gera. Arnar kveðst skilja tillöguna en hann telji hagsmunina meiri að halda vinnslu innanlands.

Georg Páll Skúlason þingforseti:

Segir umræðu lokið. Þrjár breytingartillögur séu fram komnar sem taka þurfi afstöðu til.

Tillaga Páls Heiðars um endurskoðun fiskveiðistjórnunarkerfi og endurúthlutun aflaheimilda. Tillagan er samþykkt með nokkuð afgerandi meirihluta atkvæða.

Tillaga Vilhjalms Birgissonar um græna orkuöflun. Tillagan er felld með 109 atkvæðum gegn 84.

Tillaga Valmundar Valmundssonar og breytingartillaga Guðmundi Helga við hana.

Breyting Guðmundar Helga er samþykkt án andmæla – ekki er óskað eftir talningu.

Tillaga Valmundar með breytingu Guðmundar Helga er samþykkt með þorra greiddra atkvæða.

Þessu næst ber þingforseti upp skjalið í heild með áorðnum breytingum. Það er samþykkt samhljóða.

Loks segir þingforseti komið að þriðju nefndinni, *Samkeppni í þágu samfélags* og býður Höllu Gunnarsdóttur að stíga í pontu.

Halla Gunnarsdóttir, VR:

Kveðst heyra um átök og deilur í hinum hópnum. Annað hafi verið uppi á teningnum í vinnu um samkeppnismálin. Þar hafi verið mikil stemming, hamingja og samhljómur. Halla þakkar samnefndarfólki sínu fyrir skemmtilega vinnu.

Halla gerir grein fyrir umræðum í hópnum. Þær hafi m.a. lotið að því sem Nick Shaxson fjallaði um í erindi sínu og hvernig koma mætti þeim fróðleik inn í textann m.a. hvað varðaði uppbot markaðsráðandi fyrirtækja. Að auki hafi farið fram umræða um hvar samkeppni eigi almennt við og hvar ekki, nauðsyn þess að efla Samkeppniseftirlitið í þágu almannahagsmuna, bankþjónustu, verðstýringu og fleira.

Halla fer yfir fyrirbyggjandi drög og þær breytingar sem lagðar eru til á þeim (þingskjal 21).

Georg Páll Skúlason þingforseti:

Segir sum mál vera þess eðlis að auðveldara sé að sameinast um þau en önnur. Hann opnar fyrir umræðu um skjalið.

Páll Heiðar Magnússon Aadnegard, VM:

Fær ekki séð annað en að breytingar á skjalinu innihaldi málfræðivillur. Kveðst að öðrum kosti ánægður.

Georg Páll Skúlason þingforseti:

Segir að allir textar þingsins verði lesnir yfir. Þingheimur vilji vönduð gögn á íslensku.

Jóhann Már Sigurbjörnsson, VR:

Þakkar vinnuhópnum góð störf. Hann kveðst minnst þess að á einhverju þingi hafi verið rætt um að ASÍ stofnaði tryggingafélag. Hann spyr hvort einhver geti upplýst hann um hvort sú umræða hafi gufað upp eða hvort hún sé enn í gangi.

Halla Gunnarsdóttir, VR:

Bregst við spurningu Jóhanns Márs og segir mikla úttekt til um tryggingamál en umræða hafi legið niðri um nokkurt skeið. Á síðasta þingi hafi verið rætt um að stofna samfélagsbanka. Könnun hafi leitt í ljós að ofboðslega flókið sé að stofna tryggingafélag og banka. Til þess þurfi mikið fjármagn og innviði.

Hins vegar sé unnt að beita sér fyrir að Landsbanki verði samfélagsbanki.

Halla kveðst hafa fengið spurningu um hvers vegna innviðir séu ekki taldir upp í stefnuðrögunum. Hún segir vinnuhópin lita svo á að vatn, vindur og land heyri undir grunninnviði samfélagsins. Sé vilji fyrir því að raforku verði sérstaklega bætt inn í textann hafi hún ekkert á móti því. Það telji hún hins vegar óþarfa en færa megi til bókar að undir hugtakið „innviðir“ falli einnig orka, vegir og aðrir þeir sem taldir séu upp í textanum.

Georg Páll Skúlason þingforseti:

Leggur fram skjalið og ber undir atkvæði þingheims. Það er samþykkt samhljóða sem stefna ASÍ.

Eftir matarhlé tilkynnir þingforseti að framboðsfrestur til embætta renni út kl. 13.30.

Kristján Þórður Snæbjarnarson, Félagi rafeindavirkja:

Gerir grein fyrir störfum allsherjarnefndar. Góð og opin umræða hafi farið fram í nefndinni. Tekist hafi verið á en sátt hafi náðst um sameiginlegar tillögur í öllum tilvikum.

Kristján Þórður les þingskjal 22.

Georg Páll Skúlason þingforseti:

Pakkar Kristjáni Þórði fyrir og opnar fyrir umræður um skjalið frá allsherjarnefnd.

Páll Heiðar Magnússon Aadnegard, VM:

Man ekki eftir því að hafa setið ASÍ þing þar sem brotastarfsemi var ekki til umfjöllunar og ályktað var gegn henni. Vandinn virðist hins vegar fara versnandi. Hann veltir því fyrir sér hvort ályktanirnar séu of kurteislegar. Hann leggur til að gerð verði athugun á gagnsemi/skaðsemi starfsmannaleiga og reglur settar til samræmis við það. Páll Heiðar óskar eftir 15 stuðningsmönnum við þá tillögu.

Sverrir Albertsson, AFL-i:

Sverrir ræðir ráðstöfun séreignarsparnaðar. Kveðst nýbúinn að sjá gögn um að tekjuhærra fólk noti langmest þetta úrræði samkvæmt greiningu ASÍ.

Stjórnvöld skreyti sig með þessu úrræði en vísi kostnaði inn í framtíðina. Ekki sé fyrir hendi skýr stefna stjórnvalda um aðstoð við tekjulægra fólk. Hér á þinginu séu fulltrúar að lýsa vilja sínum en ekki að taka ákvarðanir um fyrirkomulag. Sverrir telur slæmt ef hreyfingin telur að húsnæðisaðstoð eigi einkum að gagnast hinum tekjuhærri en senda eigi kostnað inn í framtíðina. Þetta minni á lífeyrisskuldbindingar. Hann kveðst greiða atkvæði gegn tillögu um ráðstöfun séreignarsparnaðar og hvetur aðra til að gera það sama.

Jóhann Már Sigurbjörnsson, VR:

Segist ekki ætla að endurtaka það sem hann sagði í gær en hann langi að lesa athugasemd varðandi séreignasparnað sem Viska, stéttarfélag háskólamanna, hafa skilað. Hann les ályktun Visku.

Kveðst vita að margir hér á þinginu hafi nýtt sér úrræðið í fasteignakaupum. Auðvitað þurfi að endurskoða kerfið en þangað til telji hann að úrræðið verði að vera til staðar. Á meðan húsnæðisstuðningskerfið hafi ekki verið endurskoðað leggi hann til að þetta úrræði verði áfram og kveðst ætla að kjósa með tillögunni.

Sigmund Halldórsson, VR:

Ekki er ofsögum sagt að deildar meiningar hafi verið um tillögur varðandi séreignasparnað í gær. Hann kveðst hafa tekið til máls og bent á að alþjóðleg staðfesting lægi fyrir um að fjármunir hafi fyrst og fremst ratað til þeirra sem mest eiga. Honum finnst athugavert að ASÍ sem hreyfing styðji slíkt kerfi. Það hafi verið innleitt án umfjöllunar eða samtals við launafólk.

Sigmundur skilur að fyrir þá sem eru að nýta þetta úrræði skiptir það máli. Gild rök séu fyrir því að kasta ekki þessu kerfi á meðan ekkert nýtt komi fram af hálfu stjórnvalda. En á sama tíma telji hann mikilvægt að sett verði fram lausn sem sé betri og réttlátari þannig að þeir sem mest þurfa á aðstoðinni að halda fái meira. Hann biður þingheim að hugsa um þetta. Mögulega ætti þingið að skora á stjórnvöld að finna nýja leið til að styðja við þá sem eru að koma sér þaki yfir höfuðið.

Hörður Guðbrandsson, Verkalýðsfélagi Grindavíkur:

Hörður kveðst hafa séð marga í Grindavík geta eignast húsnæði með því að nýta séreignarsparnaðinn. Það eigi t.d. við um erlent verkafólk á lágum launum. Þetta fólk segi honum að úrræðið hjálpi bæði hvað varðar útborgun og lækkun lána. Mikil umræða hafi farið fram um séreignarsparnaðinn á fundinum í gær. Fyrir liggi málamiðlun sem 50 af 52 hafi treyst sér til að samþykkja.

Hörður hvetur til að hún verði samþykkt. Mikilvægt sé að halda úrræðinu við þangað til betra kerfi liggi fyrir.

Andri Reyur Haraldsson, Félagi íslenskra rafvirkja:

Kveðst ætla að vera sammála öllum í umræðunni. Séreignarkerfið sé byggt upp til að standa undir lífeyrisgreiðslum þegar við erum komin á efri ár. Með þessu kerfi sé verið að grafa undan því fyrirkomulagi. Á meðan kerfið sé til staðar verði hvati hjá stjórnvöldum minni en ella að leggja fram aðrar lausnir til að aðstoða fólk við húsnæðis kaup.

Á sama tíma viti hann að þetta nýtist mörgum, meðal annars hans félagsmönnum. Hann eigi hins vegar erfitt með þetta úrræði því með því sé vandamálinu einungis frestað. Lífeyririnn muni ekki duga launafólki og verið sé að minnka skatttekjur ríkisins í framtíðinni. Kveðst ekki vita hvernig hann muni kjósa en hann hafi viljað koma ofansögu á framfæri.

Bjarni Þór Sigurðsson, VR:

Bjarni kveðst hafa verið á móti þessari ráðstöfun. Nú fari 17 af 30 milljörðum sem veittir séu sem húsnæðisstuðningur fram í þessu formi þ.e. sem skattlaus notkun sparnaðar. Bjarni veit að félagar í VR eru margir fylgjandi þessu. Vandinn sé sá að ekki sé að öðru að hverfa. Nú sé verkalýðshreyfingin að biðja um að þessu kerfi verði viðhaldið. Finna þurfi réttlátari leið. Bjarni myndi vilja að sett væri þak á þetta, þ.e. að hægt sé að nýta úrræðið í ákveðið mörg ár.

Georg Páll Skúlason þingforseti:

Boðar kjörnefnd til fundar.

Hilmar Harðarson, Félagi iðn- og tæknigreina:

Mikil umræða fór fram um tillöguna. Við erum sammála um að hanna þarf betra kerfi enda er þess getið í tillögunni.

Í umræðu vantar að fólk getur misst íbúðir sínar og þurft að byrja upp á nýtt líkt og gerst hafi í tilfelli Grindvíkinga. Bætt hafi verið í lífeyriskerfið sem nú taki 15,5% launa sem eigi að vera 72% af tekjum.

Hilmar hvetur til að fyrirliggjandi málamiðlun verði samþykkt.

Agnar Ólason, VM:

Sagði sína skoðun í gær og fer ekki nánar í það. Bendir þó á að það er þak á þessum stuðningi, 500 þúsund á einstakling og 700 þúsund á hjón á ári. Þannig hafi kerfið verið framkvæmt.

Agnar vill einnig nefna lánstíma húsnæðislána. Hann varar við þeirri stefnu sem fram kemur í drögunum að banna eigi verðtryggð lán til 40 ára. Verðtrygging sé til komin vegna krónunnar sem þýði að raunvextir af verðtryggðum lánum séu mjög háir á hverjum tíma, af því við kostnaði sé ekki fleytt inn í framtíðina. Að lengja lánstíma á háum vöxtum sé kostnaðarsamt. Eftir því sem vextir séu hærri, hafi aukinn lánstími meiri kostnað í för með sér. Þess vegna telji hann tillöguna ekki nægilega ígrundaða. Þurfi menn löng lán sé betra hafa þau verðtryggð fremur en óverðtryggð. Ekki sé skynsamlegt að taka óverðtryggt lán nema það sé til styttri tíma. Þetta sé a.m.k. hans sýn til málsins. Hann muni ekki kjósa með þessari tillögu.

Ragnar Þór Ingólfsson, VR:

Ragnar Þór ræðir séreignarsparnaðinn. Hann kveðst tala fyrir hönd LÍV og VR. Notkun séreignasparnaðar hafi verið í kröfugerð félaganna og honum beri skylda til að fylgja því sjónarmiði eftir hér.

Margt launafólk noti þetta úrræði, ekki aðeins hátekjufólk. Grindvíkingar hafi t.d. nýtt það nú í sínum þrengingum.

Ragnar Þór segir húsnæðisnefnd ASÍ búa að fjölmörgum öðrum tillögum um húsnæðisstuðning af hálfu stjórnvalda. Hann telur niðurstöðuna ásættanlega og mælir með samþykkt málamiðlunar.

Ragnar Þór segir galið að stjórnvöld skuli skilgreina nýtingu séreignarsparnaðar til íbúðakaupa húsnæðisstuðning. Fráleitt sé að þessi upphæð – þ.e. skattleysið – sé talin með.

Hvað eldra fólk varðar segir Ragnar Þór liggja fyrir að staða þess sé afar mismunandi. Hinir skuldlausu séu á allt öðrum stað en skuldugir. Skuldugir búi margir við sára fátækt.

Húsnæðið sé besti lífeyririnn – það veiti öruggari lífeyri en peningar í sjóðum. Í hruni fjármálakerfisins 2008 hafi 97% af innlendum hlutabréfum þurrkast út. Ekkert tryggi að þessir sjóðir verði til staðar til framtíðar. Kreppur skelli á, ófriður geisi og aðrar hörmungar riði yfir – sumir geti verið óheppnir að þurfa að leysa út sparnað í kreppu eða heimsátökum. Taka þurfi tillit til ólíkra hópa og þrýsta á úrræði t.d. fyrir barnafjölskyldur.

Brýnt sé að halda því á lofti að verðtrygging sem lánaform þurfi að hverfa sem fyrst. Fastir vextir séu nú að losna hjá stórum hópum. Ef ekki væri fyrir verðtryggingu væri yfirvofandi greiðslufall í íslenska bankakerfinu. Bankar og stjórnvöld kæmust ekki upp með þetta. Þetta sé þjófalan og úr þeim þurfi almenningur að losna. Verðtryggingin sé sett á lánin til að fólkið hafi ráð á að greiða arðsemiskröfu bankanna. Mikilvægt sé að halda því til haga. Berjast beri fyrir því sem náðist fram 2019 og gera þetta í skrefum.

Ragnar Þór ítrekar stuðning sinn við tillöguna.

Sverrir Albertsson, AFL-i stéttarfélagi:

Held það hafi verið mál manna að séreignarsparnaðurinn og ráðstöfun hans til húsnæðiskaupa sé stórt mál. Fyrirliggjandi tillögu megi túlka sem stefnumótun. Sérstaklega sökum þess að ekki hefur verið

mótuð stefna á vettvangi ASÍ til stuðnings ungu fólki. Því leggi hann og stuðningsmenn tillögunnar til að séreignarsparnaðurinn verði lagður fyrir miðstjórn. Með því sé öllum sjónarmiðum mætt. Málið sé þá á dagskrá og til umfjöllunar án þess að rasað verði um ráð fram.

Georg Páll Skúlason þingforseti:

Fram eru komnar tvær tillögur. Annars vegar tillaga Sverris og fleiri (þingskjal 36) að þeim hluta af þingskjali 22 sem fjallar um séreignarsparnaðinn verði vísað til miðstjórnar til nánari umræðu og afgreiðslu.

Hins vegar tillaga Páls Heiðars um að tekin verði út gagnsemi og/eða skaðsemi starfsmannaleiga.

Mun loka mælendaskrá eftir að næsti ræðumaður, Vilhjálmur Birgisson, hefur lokið máli sínu.

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness:

Þakkar allsherjarnefnd góð störf. Kveðst geta stutt flest af því sem nefndin ber fram heilshugar. Hann tekur undir með Ragnari Þór. Um 320 milljarðar í vöxtum verði endurákvarðaðir á næstu mánuðum. Að öllu óbreyttu verði vaxtastigið 10.5%. Hárrétt sé hjá Ragnari Þór að hefði fjármálakerfið ekki tók á að vísa fólki úr óverðtryggðu lánunum yfir í þau verðtryggðu kæmi til fjöldamótmæla. Ástæða hárri vaxta sé skjól fjármálastofnana í verðtryggingunni. Hann viti ekki hversu oft hann hafi lagt til afnám hennar. Verðtrygging þekkist hvergi annars staðar. Með ólíkindum sé að í Færeyjum bjóðist fólki óverðtryggt lán til 30 ára með 4.5% vöxtum.

Nýting séreignarsparnaðar til húsnæðiskaupa hafi komið til árið 2013 vegna þess að íslensk heimili stóðu á krossgötum. Fyrirkomulagið hafi verið ákveðið í kjölfar kosninga 2013 og verið hugsað sem úrræði til að létta undir með fólki. Það hafi gagnast millitekjufólki mjög vel. Hópurinn sem það nýti sé mjög breiður. Undarlegt væri að taka þennan valmöguleika af 50% félagsmanna. Vilhjálmur kveðst hafa áhyggjur af fólkinu sem ekki geti nýtt þessa leið. Væri kraftur í hreyfingunni ætti að kalla eftir upplýsingum um hversu margir af lágttekjuhópnum geti ekki nýtt þetta úrræði. Innan SGS hafi verið rætt að lágttekjufólk fái móttframlag án þess að leggja sjálft til 2%. Það sé mun brýnna verkefni en að taka þetta úrræði af millitekjuhópnum.

Pálmi Jóhannsson, Einingu-löju:

Kveðst greinilega vera einn þeirra ríku sem nýti viðbótarlífeyrissparnað til að kaupa húsnæði. Vegna þessa úrræðis hafi hann getað keypt sitt fyrsta húsnæði. Þetta sé mikið hagsmunamál unga fólksins.

Pálmi upplýsir að ekki megi greiða lengur en tíu ár inn á höfuðstól húsnæðisláns. Hámarksgræiðsla á ári sé 500 þúsund krónur á einstakling, 750 þúsund á hjón.

Húsnæði sé lang mikilvægasta eign yngra fólks seinna meir; að eiga húsnæði eftir 30 ár kannski skuldlaust og vera í öruggu skjóli. Þetta sé hans mikilvægasti sparnaður,

Páll Heiðar Magnússon Aadnegard, VM:

Páli skilst að þetta skjal hafi verið einna mest rætt í viðkomandi hópi. Og sannarlega einnig áður en nefndavinna hófst. Hann kaupir ekki þau rök að verið sé að rasa um ráð fram og taka þurfi völdin af þinginu og færa til miðstjórnar.

Jóhann Már Sigurbjörnsson, VR:

Lýsir sig sammála síðasta ræðumanni. Þingið eigi að taka þessa ákvörðun. Skoði menn gögn miðstjórnar liggi fyrir að niðurstaðan yrði á hinn veginn.

Benóný Harðarson, VM:

Tók þátt í störfum þessa vinnuhóps í gær. Heldur að þetta sé góð miðlunartillaga sem flestir geti sætt sig við. Hvetur til þess að tillaga Sverris verði felld. Nú standi yfir fjárlagavinna á alþingi. Ekki gefist langur tími til að hafa afskipti af henni. Benóný spyr hvort betra sé að eiga 25 milljónir í flugfélaginu Play eða 25 milljónir í húsnæði.

Georg Páll Skúlason þingforseti:

Segir umræðu lokið og býður Kristjáni Þórði Snæbjarnarsyni að stíga í pontu.

Kristján Þórður Snæbjarnarson, Félagi rafeindavirkja:

Þetta var heitasta málið í gær og mjög skiptar skoðanir um það. Við reyndum að finna lendingu. Umræðan var mikið um hve mikill húsnæðisstuðningurinn væri. Ég sem formaður nefndarinnar tel að niðurstaða hennar hafi verið góð og hvet ykkur til að samþykkja þessar tillögur. Við vorum á nippinu með hvort við kæmumst lengra en sem betur fer var lending í þessu. Kristján þakkar öllum sem þátt tóku í þessari umræðu og á það við um allar þær tillögur sem fyrir nefndinni lágu.

Georg Páll Skúlason þingforseti:

Ber upp tillögu Sverris Albertssonar, Höllu Gunnarsdóttur og fleiri þess efnis að kafla í þingskjali 22 um ráðstöfun séreignarsparnaðar verði vísað til miðstjórnar.

Tillagan er felld með afgerandi mun.

Næst ber þingforseti upp tillögu Páls Heiðars um athugun á starfsmannaleigum. Hún er samþykkt

Þá er skjalið allt með viðbótar tillögur Páls Heiðars borið undir þingheim.

Það er samþykkt með þorra atkvæða.

Georg Páll býður formanni kjörnefndar að koma í pontu.

Tryggvi Jóhannsson, Einingu - lðju:

Hann les upp tillögur kjörnefndar

Forseti ASÍ:

Finnbjörn A. Hermannsson, Byggið, er einn í kjöri.

Georg Páll þingforseti lýsir hann því réttkjörinn forseta ASÍ.

Finnbjörn A. Hermannsson, forseti ASÍ:

Kæru vinir.

Ég þakka traustið. Þetta verkefni er ekki eins manns heldur okkar allra. Ég vona að ég eigi gott samstarf áfram með ykkur.

Þetta er starfsamt og gott þing. Hér höfum við sameinast um góðar tillögur og með þeim setjum við okkur á dagskrá í stórum málum. Hér er þörf á mörgum höndum og ég skora á ykkur, góðir félagar, að við einhendum okkur í að sýna samstöðu okkar því með henni náum við langt.

Georg Páll Skúlason þingforseti:

Býður Tryggva Jóhannssyni á ný í pontu til að tilkynna framboð og uppstillingu nefndar um varaforseta. Eftirfarandi þrjú framboð hafa borist til embætta varaforseta og eru frambjóðendur því sjálfkjörnir.

1. Varaforseti - Ragnar Þór Ingólfsson, VR.
2. Varaforseti - Hjördís Þóra Sigurpórsdóttir, AFL/SGS.
3. Varaforseti - Sólveig Anna Jónsdóttir, Eflingu.

Aðalmenn í miðstjórn

Kjörnir eru 11 aðalmenn í miðstjórn.

Fyrir liggur tillaga kjörnefndar:

Bein aðild: Berglind Kristófersdóttir, Flugfreyjufélag Íslands

LÍV: Eiður Stefánsson, Félag verslunar og skrifstofufólks Akureyri

Samiðn: Hilmar Harðarson, Félag iðn- og tæknigreina S

SÍ: Valmundur Valmundarson, Sjómannafélagið Jötunn

Bein aðild: Óskar Hafnfjörð Gunnarsson, MATVÍS

SGS: Guðbjörg Kristmundsdóttir, Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur.

RSÍ: Kristján Þórður Snæbjarnarson, Félag rafeindavirkja.

LÍV: Tómas Gabríel Benjamin, VR

LÍV: Kolbrún Júlía Erlendsdóttir, VR

SGS: Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélag Akraness.

LÍV: VR: Halla Gunnarsdóttir, VR

Að auki hefur borist framboð frá Jónasi Yngva Ásgrímssyni, LÍV,VR.

Halla Gunnarsdóttir, VR:

Halla dregur til baka framboð sitt. Hún segir að kosning sé til þess fallin að ýfa upp gömul leiðindi og átök og auka ágreining um völd. Ekki megi varpa skugga á þetta góða þing. Halla telur einnig erfitt að VR mæti klofið til leiks. Í ljós þessa hafi hún ákveðið að draga framboð sitt til baka.

Georg Páll Skúlason þingforseti:

Lýsir eftirfarandi réttkjörna aðalmenn í miðstjórn:

Berglind Kristófersdóttir, Flugfreyjufélag Íslands

Eiður Stefánsson, Félag verslunar og skrifstofufólks Akureyri

Hilmar Harðarson, Félag iðn- og tæknigreina S

Valmundur Valmundarson, Sjómannafélagið Jötunn

Óskar Hafnfjörð Gunnarsson, MATVÍS

Guðbjörg Kristmundsdóttir, Veralýðs- og sjómannafélag Keflavíkur.

Kristján Þórður Snæbjarnarson, Félag rafeindavirkja.

Tómas Gabríel Benjamin, VR

Kolbrún Júlía Erlendsdóttir, VR

Vilhjálmur Birgisson, Veralýðsfélag Akraness.

Jónas Yngvi Ásgrímsson, VR.

Þingforseti kallar Eið Stefánsson í pontu til að flytja álit laganefndar.

Eiður Stefánsson, Félagi verslunar og skrifstofufólks Akureyri:

Eiður segir laganefnd hafa komið saman og rætt þær tillögur sem lágu fyrir. Eiður les álit nefndarinnar:

Um 29. gr. (þingskjal nr. 18).

Nefndin tók fyrir tillögu miðstjórnar er varðar ASÍ-UNG. Nefndin er fylgjandi breytingunum eins og þær voru kynntar og hvetur þingið til að samþykkja þær í óbreyttri mynd.

Um 49. gr. (þingskjal nr. 7)

Nefndin leggur áherslu á mikilvægi tryggingakerfis stéttarfélaga í gegnum sjúkrasjóðina. Breytingin felur í sér réttarbætur fyrir félagsfólk beggja heildarsamtaka og stoppar upp í hvíleitt gat sem til staðar hefur verið í kerfinu fram til þessa. Nefndin hvetur því þingið til að samþykkja framkomna tillögu miðstjórnar í óbreyttri mynd.

Georg Páll Skúlason þingforseti:

Segir orðið laust um niðurstöður laganefndar. Hann tekur fram að í báðum tilvikum sé verið að færa inn í lög það sem tíðkast hafi um nokkurt skeið.

Þingforseti ber upp niðurstöðu laganefndar. Hún er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum nema einu.

Georg boðar að önnur mál komi nú á dagskrá þótt kosningum sé ekki lokið.

Þrjár tillögur séu komnar fram:

1. Ályktun um stofnun framtíðarnefndar ASÍ (þingskjal 19).
2. Tillaga um lög um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna (þingskjal 25).
3. Tillaga um nauðsyn þess að auðvelda foreldrum ósjálfbjarga, fatlaðra barna allt utanumhald um þeirra mál (þingskjal 26).

Þorvarður Bergmann Kjartansson, VR:

Les upp þingskjal 10 um stofnun framtíðarnefndar.

Georg Páll Skúlason þingforseti:

Georg ber þingskjal 19 upp við þingheim. Ályktunin er samþykkt með afgerandi meirihluta atkvæða.

Georg segir að það sem samþykkt sé undir liðnum önnur mál sé vísað til miðstjórnar til meðferðar en sé ekki bindandi fyrir Alþýðusambandið.

Tryggvi Jóhannsson, Einingu – lðju:

Kynnir tillögu kjörnefndar um varamenn í miðstjórn. Á tillögunni er orðin sú breyting að Halla Gunnarsdóttir, VR, hefur samkvæmt tilnefningu LÍV fallist á að taka sæti Jónasar Yngva Ásgrímssonar sem varamaður.

Georg Páll Skúlason þingforseti:

Þar sem fleiri framboð hafa ekki borist eru eftirfarandi sjálfkjörin sem varamenn í miðstjórn:

Bein aðild: Eyrún Björk Jóhannsdóttir, Flugfreyjufélag Íslands

SGS: Anna Júlíusdóttir, Eining-lðja

Samiðn: Jón Bjarni Jónsson, Byggiðn

SSÍ: Trausti Jörundarson, Sjómannafélag Eyjafjarðar

LÍV: Selma Björk Grétarsdóttir, VR

Bein aðild: Guðmundur Helgi Þórarinnsson, Félag vélstjóra og málmtæknumanna

RSÍ: Andri Reyrr Haraldsson, Félag íslenskra rafvirkja.

LÍV: Bjarni Þór Sigurðsson, VR LÍV

LÍV: Halla Gunnarsdóttir, VR

SGS: Guðrún Elín Pálsdóttir, Verkalýðsfélag Suðurlands.

SGS: Eypór Árnason, Verkalýðsfélagið Hlíf.

SGS: Finnbogi Sveinbjörnsson, Verkalýðsfélag Vestfirðinga.

Bein aðild: Magnús Örn Friðriksson, MATVÍS

LÍV: Jennifer Schröder, VR

LÍV: Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, VR

Skoðunarmenn reikninga

Tryggvi Jóhannsson, formaður kjörnefndar, kynnir tillögu um aðalskoðunarmenn reikninga:

Hjörtur Geirmundsson, LÍV

Álfhildur Guðmundsdóttir, RSÍ

Tillaga um varaskoðunarmenn reikninga:

Ásta Björk Ólafsdóttir, LÍV

Guðmunda Valdís Helgadóttir, Bein aðild

Georg Páll Skúlason þingforseti:

Spyr hvort aðrar tillögur séu um skoðunarmenn reikninga. Svo er ekki. Georg lýsir ofanrituð réttkjörin.

Endurskoðun

Tillaga er um Theodór S. Sigurbergsson. Ekki kemur fram önnur tillaga. Theodór telst því réttkjörinn.

Kjörnefnd til loka 47. þings

Fyrir liggur tillaga um kjörnefnd til loka 47. þings 2026:

SGS Tryggvi Jóhannsson

SGS Arnar Hjaltalín

LÍV Eiður Stefánsson

LÍV Kolbrún J. Erlendsdóttir

RSÍ Georg Páll Skúlason

Samiðn Ólafur S. Magnússon

Bein aðild Guðni Gunnarsson

Bein aðild Ragnar Ólason

SSÍ Trausti Jörundarson

Ekki kemur fram önnur tillaga og eru þau því réttkjörin.

Georg Páll Skúlason þingforseti:

Hefur umræðu um þingskjal 25, Tillögu um lög um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar.

Diljá Ámundadóttir Zoega, VR:

Þakkar fyrir umræðu um foreldra fatlaðra og langveikra barna fyrr í dag. Þetta sé hópur sem oft sé falinn, búi við mikið álag og hafi ekki sterka rödd. Diljá kveðst vera í stjórn sjúkrasjóðs VR og þar á bæ sé erfið staða foreldra fatlaðra og langveikra barna öllum ljós.

Kristín Heba Gísladóttir, framkvæmdastjóri Vörðu, hafi í erindi sínu á miðvikudag vikið að andlegri líðan einstæðra foreldra. Aukin umönnunarbyrði vegna langveikra barna bæti ekki þar úr.

Tillagan er á þann veg að bætt verði við tillögu í lið 4.2 í fyrirleggjandi drögum að stefnu ASÍ um *þjónustu í þágu almennings*.

Diljá les upp 1. grein laga um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna. Tillagan er þess efnis að bætt verði við eftirfarandi grein:

„Með fjölskylduábyrgð er einnig átt við veikindi rakin til álags og streitu vegna aukinnar umönnunarbyrðar“

Georg Páll Skúlason, þingforseti:

Þakkar Diljá framsöguna og spyr hvort einhver vilji tjá sig um tillöguna. Svo er ekki. Þingforseti ber tillöguna upp. Hún er samþykkt samhljóða.

Georg Páll tekur þingskjal 26 á dagskrá sem geymir tillögu um nauðsyn þess að auðvelda forráðamönnum ósjálfbjarga fatlaðra barna allt utanumhald um þeirra mál þegar þau annars vegar ná 16 ára aldri og svo aftur 18 ára aldri.

Helga Flosadóttir, Bárunni:

Segir tillöguna í samræmi við það sem hún sagði fyrr í dag. Tillagan rími við jafnt aðgengi að heilbrigðisþjónustu þó hún nái víðar. Helga les tillöguna.

Hún segir mál þetta hafa verið á veltingi í kerfinu í mörg ár og megi ekki tefjast lengur. Það sé alltaf sagt á síðustu metrunum. Framgangur þess hafi stoppað á Heilsuveru. Hún nefnir að 17 ára sonur hennar geti ekki sótt um rafræn skilríki þar sem hann þurfi að gefa upp símanúmer, sem hann sé ekki með. Þetta eigi einnig við um allt í heilbrigðiskerfinu. Hún kveðst ekki vita hvort málið þvælist á milli ráðuneyta en mjög sérstakt sé að kerfið ráði ekki við það. Börnin okkar þurfa að vera áfram börnin okkar í kerfinu, segir Helga.

Georg Páll Skúlason, þingforseti:

Enginn hefur óskað eftir að taka til máls um tillöguna sem Helga Flosadóttir mælti fyrir. Hann ber hana því upp til atkvæða. Hún er samþykkt samhljóða.

Forseti tilkynnir að ný útgáfa af Prís, appi verðlagseftirlits ASÍ, komi út á mánudaginn undir nýju nafni.

Forseti ítrekar praktísk atriði varðandi bæði borð- og hátíðarfána félaganna.

Finnbjörn A. Hermannsson, forseti ASÍ:

Flytur eftirfarandi þingsályktunartillögu:

„Þing Alþýðusambands Íslands, haldið í Reykjavík 16.-18. október 2024, vísar því til miðstjórnar ASÍ að fordæma það vaxtaokkur sem fjármálaöflin viðhalda á Íslandi og lýsa yfir þungum áhyggjum almennt af stöðu efnahagsmála og sérstaklega þróun verðbólgu með tilliti til verðtryggingar húsnæðislána.

Launafólk í landinu hefur nú mátt þola óbærilega háa vexti misserum saman. Þróun stýrivaxta hefur ekki verið í samræmi við væntingar frá því að verkalýðshreyfingin féllst á hófstílltar hækkanir launa í síðustu kjarasamningum til að greiða fyrir lækkun verðbólgu og þar með vaxta.

Í dag barst sú frétt að greiðslubyrði af verðtryggðum húsnæðislánum hefði ekki verið hærri frá því að íslenska fjármálakerfið hrundi til grunna haustið 2008 sökum græðgi fjárplógsmanna og ábyrgðarleysis stjórnmalafólks.

Þing Alþýðusambandsins fordæmir það áhugaleysi sem stjórnvöld sýna afkomu fólksins í landinu sem nú sem fyrr að gert að bera byrðar vegna óábyrgrar fjármálastefnu og samræmdrar okurlánastarfsemi íslenska bankakerfisins. Þingið minnir á óheyrilegar vaxtatekjur íslensku bankanna sem rakað hafa til sín 462 þúsund milljónum króna frá árinu 2021. Þessa fjármuni soga peningaöflin upp úr vösum launafólks.

Aukin óvissa ríkir um þróun verðbólgu eftir að stjórnmalamenn heyktust á því verkefni sem þeir höfðu verið kjörnir til að sinna, rufu þing og efndu til kosninga. Þingið lýsir yfir fullri ábyrgð af afleiðingum þeirrar ákvörðunar á hendur þeim stjórnmalamönnum sem um véluðu.

Að auki þarf almenningur að búa við algjört ófremdarástand í húsnæðismálum sem stjórnvöld, ekki síst sveitarstjórnarstigið, bera fulla ábyrgð á enda eru mörg sveitarfélög orðin háð því tekjustreymi sem lóðaskortur getur af sér í síhækkandi fasteignasköttum.

Þingið telur þessa framgöngu stjórnmalamanna og flokka þeirra ólíðandi með öllu.

Verðtryggingin er og hefur jafnan verið helsti fjandmaður fólksins sem Ísland byggir. Hún étur upp eignarhluti almenninga í því húsnæði sem hann nær að festa kaup á í nánast stöðugu efnahagsöngþveiti og hörmulegri fjármálastjórn valdastéttarinnar.

Þingið fordæmir það brask sem sveitarfélög láta viðgangast hvað úthlutun lóða undir íbúðir varðar og minnir á ítarlegar tillögur verkálýðshreyfingarinnar um úrræði sem grípa má til í því skyni að bæta stöðu húsnæðis kaupenda.

Þingið ítrekar að til mannréttinda telst að eiga þak yfir höfuð sér og sinna. Gegn þessum mannréttindum berjast sérhagsmunir sem boða að líta beri á húsnæðis kaup sem fjárfestingu með tilheyrandi „arðsemiskröfum“ ekki síst þegar húsnæðisskortur ríkir. Þing Alþýðusambandsins fordæmir eignasöfnun auðmanna og -hringa og það algjöra skeytingarleysi sem það lýsir um hag meðborgara þeirra. Þingið minnir á ábyrgð Seðlabanka Íslands í að viðhalda því mafíustigi sem ríkir í vaxtamálum þjóðarinnar.

Nú er svo komið að ekki verður unað við það ástand lengur sem almenningi er gert að bera sökum áhuga- og getuleysis valdahaða á sviði fjármála, vaxta og húsnæðismála.

Þing Alþýðusambands Íslands krefst þess að þegar í stað verði brugðist við gríðarþungri vaxtabyrði heimila með lækkun stýrivaxta og auknum stuðningi við kaupendur íbúðarhúsnæðis.

Georg Páll Skúlason þingforseti:

Þakkar Finnbirni og segir að í raun þurfi öll málum undir þessum lið að vera vísað til miðstjórnar.

Finnbjörn A Hermannson, forseti ASÍ:

Þingið ályktar ekki beint en þetta er útdráttur úr því sem rætt hefur verið hér undanfarna daga. Miðstjórn tekur það svo til afgreiðslu.

Helga Flosadóttir, Bárunni:

Við höfum alltaf talað um húsnæðismálin, verðbólgu og vexti. Höfum við einhvern tímann gert kröfu á ríkið varðandi fasteignamat?

Jóhann Már Sigurbjörnsson, VR:

Neyðarástand ríkir á húsnæðismarkaði. Hægt er að fara í neyðaraðgerði og bráðaaðgerðir. Nefnt hefur verið að þrengja að leigu í gegnum Airbnb. Jóhann Már vildi ganga lengra þegar ályktun hjá LÍV var í vinnslu. Hann óskar nýju og gömlu forustufólki til hamingju með titlana.

Georg Páll Skúlason þingforseti:

Georg ber upp tillögu Finnbjörns forseta um ályktun vegna vaxtaokurs og verðtryggingar. Hún er samþykkt.

Georg segir sex á mælendaskrá sem verði lokað á meðan næsti ræðumaður talar.

Kristján Þórður Snæbjarnarson, Félagi rafeindavirkja:

Langar að ávarpa þingið í kjölfar kosninga og óska okkur til hamingju með gott þing. Gott er að koma saman og lenda málum á jákvæðan hátt. Hann óskar nýkjörnu forustufólki til hamingju og hlakkar til að vinna með þeim fulltrúum.

Kristján sat sinn fyrsta ársfund ASÍ árið 2008. Þá var öldurót í samfélaginu. Frá þeim tíma hefur hann setið 11 þing eða ársfundi. Hann segir alltaf jafn skemmtilegt að sækja þingin og taka þátt í þeirri samvinnu sem þar fari fram.

Kristján vill þakka það traust sem honum var sýnt í embætti varaforseta. Hann var kjörinn annar varaforseti árið 2018, síðan fyrsti varaforseti, þá tók hann við sem forseti ASÍ, eftir það varð hann þriðji varaforseti og er nú óbreyttur miðstjórnarmaður. Hreyfingin er sterk. hreyfing. Sameiginlegur styrkur heldur okkur saman. Við ætlum og eigum að byggja upp sterkt samfélag. Okkur ber að vinna af heilindum fyrir félagsfólk og því fylgir mikil ábyrgð.

Vildi þakka fyrir sig á þessum vettvangi þótt hann verði áfram í miðstjórn.

Sæþór Benjamin Randalsson, Eflingu:

Óskar öllum nýkjörnum til hamingju. Þegar hann var lítill fór hann oft á fylkishátíð þar sem hægt var að giska hve margar kúlur væru í krukku. Þegar fáir giskuðu fengust röng svör en þegar margir giskuðu fengust rétt svör.

Hann tók þátt í hringferð sem auglýst var sem samráð. Samt virðist ekki hafa verið tekið mikið tillit til þess sem þar kom fram. Hér virðist það líka vera að við viljum meiri róttækni í smærri hópum.

Hann fann ekki mikið um auðstétt og stéttskipt samfélag hér á þinginu. Ef við köllum félagsfólk inn þurfum við að hlusta á fólkið. Það gerir okkur hjá Eflingu kleift að starfa eins og við gerum. Fyrir næsta þing vill hann að verði boðað samráðs verði það sem fram kemur tekið til greina.

Karla Esperanza Barralaga Ocon, Eflingu:

Karla segist stundum eiga í svolitlum vandræðum að skilja íslenskuna. Hún óskar viðstöddum til hamingju með þingið og góðar tillögur. Hún vonar að næstu ár getum við talað um aðra hluti. Nú taki ný ríkisstjórn bráðum við sem muni lofa öllu fögru. Karla kveðst löngu hætt að trúa loforðum stjórnmalafólks.

Hún er trúnaðarmaður og í stjórn Eflingar. Hún ræðir hversu mikilvægt er að erlendu starfsfólki sé rétt hjálparhönd þar sem iðulega skilji það ekki launaseðla og þekki ekki réttindi sín. Hún hvetur alla sem geta til að veita þetta liðsinni.

Karla segir frá reynslu sinni af launabjórnaði þegar hún vann hjá fyrirtæki þar sem 80% starfsfólks voru útlendingar. Verði ekki brugðist við af fullri hörku muni þetta alltaf endurtaka sig.

Karla vísar að undirmönnum á hjúkrunarheimilum. Efling hafi verið að gera samning þar sem úrbótum sé lofað 1. apríl. Þetta getur breytt miklu fyrir öll hjúkrunarheimili í landinu. Þetta sé ekki bara gott fyrir starfsfólk heldur líka alla hér á þinginu sem allir séu á leið á hjúkrunarheimili.

Hún óskar miðstjórnarfólki til hamingju með kjörið og kveðst treysta á að hreyfingin standi með Eflingarfólki ætli stjórnvöld ekki að standa við loforð um viðbrögð við umönnunarvandannum fyrir 1. apríl.

Ian McDonald, Eflingu:

Ian óskar kjörnum fulltrúum til hamingju. Hann þakkar fyrir þingið og að fá tækifæri til að tjá hug sinn. Hann þakkar sérstaklega túlkunum sem séu svo mikilvægir fyrir þá sem ekki tala íslensku. Starf þeirra sé erfitt og vanþakklátt.

Ian kvaðst hafa verið reiður og svekktur á miðvikudag er fjallað var um einkavæðingu sem Svíarnir hafi varað svo kröftuglega við. Hann spyr hvaða tilgangi það hafi þjónað að hafa í pallborðsumræðu stjórnmálal menn sem allir séu hlyntir einkavæðingu.

Hann minnst Jane McAlevey, bandaríska verkalýðsleiðtogans og rithöfundarins. sem féll frá í sumar tæplega sextug að aldri. Hennar hugmyndafræði hafi verið grundvölluð á aðkomu verkafólks að samningum á öllum stigum þeirra. Ian rifjar upp hryllingssvipinn á framkvæmdastjóra SA þegar hann mætti í fyrsta skipti fjölmennri samninganefnd Eflingar. Þeirri sjón gleymi Ian aldrei.

Páll Heiðar Magnússon Aadnegard, VM:

Sigur þingforseta hafa bent sér á að hann hafi nú þegar talað fyrir næstu tvö til þrjú þing. Þing. Páll kveðst vilja leggja aðeins út frá slagorði þingsins, sterk hreyfing - sterkt samfélag. Hann óskar nýkjörinni forystu til hamingju. Í hreyfingunni er gott fólk. En því miður við gerð síðustu kjarasamninga upplifðum við hjá fagfélögunum ekki stuðning hreyfingarinnar. Vorum uppnefnd eins og prósentuperrarnir. Eru þetta þau vinnubrögð sem við megum búast við í komandi kjarasamningum eða eigum við von á einhverju betra?

Það hlýtur að vera til umhugsunar.

Halla Gunnarsdóttir, VR:

Getur ekki látið hjá líða að horfa til þeirra hörmulegu atburða sem eiga sér stað í Palestínu. Alþjóðasamband verkalýðsfélaga (ITUC) og Evrópusamtök verkalýðsfélaga (ETUC) hafi beitt sér og miðstjórn ályktað og tekið undir með þeim. Hreyfingin sé friðarhreyfing.

Halla telur framgöngu íslenskra stjórnvalda sérlega ámælisverða.

Hún nefnir þá ákvörðun utanríkisráðherra að stöðva greiðslur til flóttamannahjálpar Sameinuðu þjóðanna. Þá rifjar Halla upp þau orð utanríkisráðherrans að alþjóðleg vernd um sjúkrahús gildi ekki þar sem þau hafi verið nýtt í öðrum tilgangi. Halla minnst á Íslendingar séu skuldbundnir samkvæmt alþjóðasamningum. Hún kveðst vilja endurtaka það sem sagt var eftir seinna stríð; Aldrei aftur. Lifi frjáls Palestína.

Svanfríður G. Bergvinsdóttir, ASÍ-UNG:

Byrjar á að óska nýkjörnu forystufólki til hamingju. Á meðan hún gleðjist yfir góðri málefnavinnu verði hún fyrir ákveðnum vonbrigðum þegar komi að kynjahlutföllum. Horfa ætti meira til þess að fá fleiri konur og ungt fólk til ábyrgðarstarfa innan hreyfingarinnar. Hún hvetur alla til að huga betur að þessum málum fyrir næsta þing.

Jón Bjarni Jónsson, Byggið:

Ræðumaður óskar Finnbirni og varaforsetum til hamingju með glæsilega kosningu. Hann þakkar þeim fyrir að taka að sér þessi trúnaðarstörf.

Mikið sé rætt um okurvexti og kaup á fyrstu íbúð. Fólk leggi mikið á sig til þess að eignast hana. Síðan komi iðulega að því að eignin reynist gölluð. Þegar sérfræðingar skoði málið komi í ljós að hér á landi sé byggður fjöldi íbúða sem standast hvorki lög né reglugerðir. Stór hópur fólks sitji uppi með gríðarlegan kostnað vegna húsnæðis sem það hafi keypt í góðri trú.

Þetta hörmulega ástand tengist bæði samkeppnismálum og heilbrigðismálum. Margir búi í heilsuspillandi húsnæði og þetta sé svik við neytendur.

Jón Bjarni segir þetta mikið hagsmunamál fyrir þá sem séu að eignast húsnæði. Hann telur að taka mætti málið til umræðu í miðstjórn. Vandinn snúist um að lögum sé ekki framfylgt. Hér á landi fari húsbyggingar fram við séríslenskar aðstæður. Hvetja beri erlenda aðila sem hér starfa til að fá réttindi sín metin og gera þurfi þeim ljóst að önnur skilyrði ríki hér en þeir eigi að venjast frá sínum heimahögum. Þrýsta þurfi á yfirvöld um að farið verði eftir lögum og reglugerðum.

Georg Páll Skúlason þingforseti:

Mælendaskrá hefur verið tæmd. Hann þakkar öllum sem komu að undirbúningi þingsins, starfsfólki ASÍ, tæknifólki og túlkum.

Að svo mæltu gefur hann Finnbirni forseta orðið.

Lokaræða forseta ASÍ

Finnbjörn A. Hermannsson, forseti ASÍ:

„Góðir þingfulltrúar.

Þá er komið að lokum þessa þings. Við höfum átt gott og innihaldsríkt þing. Við höfum komið stórum þjóðþrifamálum á framfæri. Þetta eru mál sem skipta framtíð samfélags okkar miklu. Það skiptir máli hvernig haldið verður á þessum málum til framtíðar. Við erum búin að velta upp mörgum sjónarmiðum, og fleiri eiga eftir að koma fram. Mestu varðar að við glutrum ekki meiru af þjóðarauði til fárra útvaldra sem ekki leggja sinn eðlilega skerf til samfélagsins.

En hvað svo?

Nú þarf að bretta upp ermarnar og hafa áhrif á stjórnmalaflokkana sem sitja á alþingi og svo komandi kosningar. Við erum ekki að fara að bjóða fram til alþingis en við getum haft áhrif hvert og eitt.

Ég teldi það klókt af okkar hálfu að halda málþing þegar kosningabaráttan er hafin og vera með afrakstur þingsins í búningi kosningalofrða og fá fulltrúa stjórnmalaflokkanna til að bjóða í kosningamál okkar.

Hvernig ætla flokkarnir að bregðast við kröfu almennings um bættu heilbrigðisþjónustu og jafnan aðgang landsmanna að henni?

Ætla þeir að halda áfram einkavæðingu í velferðarþjónustunni þrátt fyrir þau varnaðarorð sem við heyrðum á þessu þingi?

Hvernig ætla þeir að leysa húsnæðiskreppuna og þann mikla ójöfnuð sem henni fylgir?

Hver er stefna þeirra í auðlindamálum, eru þeir hlynntir eða andvígir gjaldtöku fyrir nýtingu auðlinda – allra auðlinda, vatnsins, vindsins og landsins?

Eru þeir hlynntir frekari markaðsvæðingu orkunnar?

Hvernig í ósköpunum hefur sú markaðsvæðing orkunnar sem þegar hefur farið fram gagnast almenningi í þessu landi?

Ætla þeir að bregðast við þeirri skoðun mikils meirihluta almennings að samkeppnismál hér á landi séu í algjörum ólestri?

Hversu lengi telja þessir flokkar að almenningur láti vaxtaokrið yfir sig ganga?

Hverjar eru áætlanir þeirra í glímunni við verðbólguna?

Hver eru áform þeirra í sambandi við verðtrygginguna?

Og síðast en ekki síst – hvernig ætla þeir að bregðast við þeirri sögulegu niðurstöðu í þjóðmálakönnun okkar að tæp 70% landsmanna telja samfélagið ekki á réttri leið með tilliti til almannahagsmuna?

Er þessi niðurstaða ekki sláandi og upplýsandi um þá firringu sem einkennir stóran hluta stjórnmálastéttarinnar?

Já, góðir félagar við skulum taka þetta með okkur af þessu þingi. Við skulum halda þessum spurningum og þessum sjónarmiðum á lofti hvar sem okkur gefst tækifæri til.

Þetta kröftuga þing er enn ein sönnun þess hversu öflug hreyfing okkar er og hverjum við getum áorkað með samstöðu okkar.

Ég óska nýkjörnum varaforsetum til hamingju með þeirra kjör, nýkjörinni miðstjórn og varamiðstjórn með kjörið og hlakka til að starfa með ykkur öllum næstu tvö árin.

Ég vil þakka þingforsetum fyrir frábæra stýringu á þessu þingi, þingskrifurum, starfsfólki ASÍ, starfsfólki hótelsins og öðrum þeim sem gerðu þetta þing að þeim tímamótum sem ég tel að verði dómur sögunnar.

Ég óska ykkur þingfulltrúum góðrar heimferðar og góðrar heimkomu og segi 46. þingi Alþýðusambands Íslands slitið.“



Fundað með fulltrúum Samtaka atvinnulífsins í höfuðstöðvum ASÍ.

Af vettvangi miðstjórnar ASÍ

Miðstjórn stýrir daglegri starfsemi Alþýðusambands Íslands í samræmi við lög þess og samþykktir sambandsþinga og reglulegra formannafunda eftir því sem við á. Miðstjórn ber ábyrgð á allri starfsemi Alþýðusambandsins og stofnana á vegum þess. Á vettvangi miðstjórnar er fjallað um allt það helsta er varðar stefnumótun og starf Alþýðusambandsins og samskipti við aðildarsamtökin, önnur samtök launafólks, samtök atvinnurekenda, stjórnvöld og aðra aðila er varða starfsemi verkalyðshreyfingarinnar og hagsmuni launafólks. Ákvarðanir eru teknar um meginlínurnar í starfseminni með gerð starfs- og fjárhagsáætlunar sem samþykkt er í byrjun hvers árs. Þá eru áherslur og stefna ASÍ í þeim málum sem hæst ber hverju sinni mótaðar og útfærðar frekar á grundvelli samþykktu þinga og reglulegra formannafunda ASÍ.

Í miðstjórn sitja 14 fulltrúar auk forseta ASÍ.

Miðstjórn Alþýðusambandsins kemur að jafnaði saman tvisvar í mánuði ef frá er talið tímabilið frá seinni hluta júní fram í seinni hluta ágústmánaðar ár hvert. Fundað er á miðvikudögum. Almenna reglan er sú að fyrri fundur mánaðarins fer fram á fyrsta miðvikudegi mánaðar í húsnæði ASÍ við Guðrúnartún í Reykjavík en sá síðari fer fram þriðja miðvikudag mánaðar um net. Efnt er til aukafunda miðstjórnar þegar ástæða þykir til.

Kjör miðstjórnar

Á 46. þingi ASÍ sem fram fór 16.–18. október 2024 voru eftirfarandi kjörin aðalmenn í miðstjórn:

Berglind Kristófersdóttir, Flugfreyjufélag Íslands

Eiður Stefánsson, Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri

Hilmar Harðarson, Félag iðn- og tæknigreina

Valmundur Valmundarson, Sjómannafélagið Jötunn

Óskar Hafnfjörð Gunnarsson, MATVÍS

Guðbjörg Kristmundsdóttir, Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur

Kristján Þórður Snæbjarnarson, Félag rafeindavirkja

Tómas Gabríel Benjamin, VR

Kolbrún Júlía Erlendsdóttir, VR

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélag Akraness

Jónas Yngvi Ásgrímsson, VR

Breytingar á miðstjórn

Fyrsti fundur nýrrar miðstjórnar eftir 46. þing Alþýðusambandsins fór fram 30. október 2024.

Á fundi miðstjórnar 5. mars var frá því skýrt að Kristján Þórður Snæbjarnarson hefði sagt af sér sem miðstjórnarmaður eftir að hafa verið kjörinn til setu á Alþingi. Sæti hans tók Andri Reyur Haraldsson.

Halla Gunnarsdóttir hafði áður tekið við sem aðalmaður í miðstjórn í stað Ragnars Þórs Ingólfssonar sem einnig var kjörinn alþingismaður í kosningunum 30. nóvember síðastliðinn.

Loks var upplýst á fundinum að Ástþór Jón Ragnheiðarson hefði sagt af sér sem formaður ASÍ-UNG. Við embættinu tók Ásdís Helga Jóhannsdóttir en í maímánuði tók Svanfríður Guðrún Bergvinsdóttir við sem áheyrnarfulltrúi ASÍ-UNG í miðstjórn.

Jakob Tryggvason var í febrúarmánuði kjörinn formaður Rafiðnaðarsambands Íslands í stað Kristjáns Þórðar Snæbjarnarsonar. Á fundi sínum 19. mars samþykkti miðstjórn þá beiðni RSÍ að Jakob fengi sæti í miðstjórn sem áheyrnarfulltrúi.

Á fundi miðstjórnar 5. febrúar var upplýst að Ragnar Þór Ingólfsson hefði sagt af sér sem 1. varaforseti Alþýðusambandsins eftir að hafa verið kjörinn til setu á Alþingi. Forseti rifjaði upp að samkvæmt lögum ASÍ færist aðrir varaforsetar upp um sæti í slíkum tilvikum. Þannig yrði Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir nú 1. varaforseti og Sólveig Anna Jónsdóttir 2. varaforseti.

Á fundi miðstjórnar 19. mars var Halla Gunnarsdóttir kjörin 3. varaforseti Alþýðusambandsins eftir að hafa borið sigur úr þytum í kosningu um embætti formanns VR.

Vinnufundur um verkefni og skipulag ASÍ

Vinnufundur miðstjórnar ASÍ fór fram 15.–16. janúar 2025 að Hótel Örk og var undirbúinn síðla árs 2024. Markmið fundarins var að ná samstöðu um föst verkefni ASÍ og hvernig núverandi og framtíðar skipulag getur best stutt við þau til ársins 2030.

Fundurinn hófst á því að þátttakendur skilgreindu væntingar sínar til framtíðarstarfsins, og kom þar skýrt fram að samstaða, samvinna og skýr verkaskipting væru lykilatriði fyrir árangur hreyfingarinnar. Í kjölfarið var farið í SVÓT-greiningu þar sem styrkleikar eins og djúp sérfræðipækking og samþætt skipulag voru dregnir fram, en einnig komu í ljós veikleikar á borð við innbyrðis samkeppni og flókið skipulag.

Á fundinum var jafnframt fjallað um ytri ógnanir sem geta haft áhrif á starf verkalýðshreyfingarinnar, svo sem aukin áhrif hægriafila í Evrópu og fjölgun gulra stéttarféлага. Þá komu fram fjölmörg tækifæri, svo sem að efla miðlæga þjónustu, nýta tæknina betur og styrkja tengsl við félagsfólk í gegnum fræðslu og miðlun.

Fundinum lauk með sameiginlegri niðurstöðu um áherslur og nauðsynlegar breytingar á skipulagi, sem miða að því að styrkja starf ASÍ og aðildarfélaga þess fram til ársins 2030.

Þjónustu- og stefnumótunarkönnun

Á 7. fundi miðstjórnar sem fram fór 7. maí sagði forseti frá könnun sem Varða myndi framkvæma fyrir ASÍ. Verið væri að útbúa spurningakönnun sem snerist annars vegar um þjónustuna sem veitt er á skrifstofunni og hins vegar um hvort halda ætti áfram með umræðu um sameiginlegt vinnustaðaeftirlit og sameiginlega lögfræðistofu. Þá yrðu einnig spurningar er sneru að skipulagi ASÍ, s.s. hvernig kosning í miðstjórn ætti að fara fram, hvernig valið yrði inn á þingið, hvort ætti að koma á framkvæmdastjórn (FLSA-hópurinn), o.fl. Þá yrði einnig spurt um staðsetningu ASÍ, í tengslum við fyrirhugaðar breytingar á húsnæði.

Könnunin ætti rætur að rekja til vinnufundar miðstjórnar ASÍ (með aðal- og varamönnum) sem haldinn var í upphafi árs 2025 í Hveragerði. Þar hefðu komið fram hugmyndir bæði um þjónustu við aðildarfélögin en einnig hvað varðaði þing sambandsins og völd milli þinga. Forseta og miðstjórn hafi verið falið að fylgja eftir þeim tillögum sem komu fram á fundinum.

Á fundi miðstjórnar 4. júní gerði Kristín Heba Gísladóttir, framkvæmdastjóri Vörðu, miðstjórn grein fyrir helstu niðurstöðum þjónustu- og stefnumótunarkönnunar. sem stofnunin gerði fyrir Alpýðusambandið. Sagði hún formenn félaga, stjórnarfolk og fulltrúa í vinnunefndum ASÍ (sem ekki tilheyra hinum tveimur flokkunum) hafa fengið könnunina senda, alls 385 manns.

Svarhlutfall reyndist 44%.

Kristín Heba sagði sumar spurninganna hafa verið sambærilegar þeim sem bornar voru fram í könnun sem Gallup gerði fyrir ASÍ árið 2016. Ánægjulegt væri að fá skýrt frá því að í öllum þeim tilvikum hafi ánægja með þjónustu ASÍ aukist.

Almennt sagði hún niðurstöðuna þá að ánægja ríkti með þjónustu ASÍ við aðildarfélögin. Það ætti sérstaklega við um formenn félaga. Stjórnarfolk lýsti frekar hlutleysi sem skýrðist trúlega af því að sá hópur ætti mun minni samskipti við skrifstofu ASÍ en formennirnir.

Mjög lítil afgerandi óánægja hefði komið fram í könnuninni.

Spurt var um afstöðu til tillögu um að komið verði á fót miðlægu vinnustaðaeftirliti á vegum ASÍ og sagði Kristín Heba skýran vilja fyrir því að það verði innleitt.

Hið sama kvað hún eiga við um tillögu um miðlæga lögfræðiþjónustu sambandsins við aðildarfélögin.

Í svörum við spurningum um skipulag ASÍ hefði komið fram lítill vilji til breytinga að því frátöldu að skýr vilji væri fyrir því að varaforsetum verði fækkað úr þremur í einn eða tvo.

Alls vildu 54% óbreytt ástand hvað skipulag miðstjórnar varðaði.

Lítill áhugi væri á að fækka fulltrúum á þingum ASÍ.

Mikill meirihluti vildi halda fjölda formannafunda óbreyttum.

Aukið samstarf um vinnustaðaeftirlit og lögfræðiþjónustu?

Líkt og fram kemur hér að ofan var töluverð umræða á vinnufundum miðstjórnar á fyrri hluta árs 2025 um möguleika á auknu samstarfi aðildarfélaga og eftir atvikum aukinni miðlægni í veitingu þjónustu á vettvangi ASÍ. Samþykkti miðstjórn að fela forseta og skrifstofu ASÍ að kanna hvort og þá með hvaða

hætti slíkt væri fýsilegt. Vilji miðstjórnar til að kanna þessa möguleika hafa lotið að tveimur þáttum, annars vegar vinnustaðaeftirliti og hins vegar lögfræðipjónustu.

Um vinnustaðaeftirlit hefur eftirfarandi komið fram í úttektum sérfræðinga á skrifstofu ASÍ;

- Vinnustaðaeftirlit ASÍ og stéttarfélaganna hefur gegnt lykilhlutverki í baráttunni gegn brotastarfsemi, misneytingu og mansali á vinnumarkaði frá því að því var komið á fót árið 2010. Vinnustaðaeftirlitið hefur þróast gegnum árin og gegnir nú ekki síður því mikilvæga hlutverki að kynna starfsemi stéttarfélaganna fyrir launafólki.
- Sveiflur í umfangi eftirlitsins og skortur á samhæfingu er helsta áskorunin sem eftirlitið glímir við. Starf eftirlitsfulltrúa er sérhæft og krefjandi og takmarkað samstarf og samfélag við aðra eftirlitsfulltrúa veldur því að fólk leitar í önnur störf, oft önnur störf á skrifstofum stéttarfélaganna þar sem verkefni eru alltaf næg. Skortur er á heildarsýn á vinnumarkaðinn og getu til að kortleggja ákveðnar atvinnugreinar.
- Með miðlægu eftirlitsteymi á skrifstofu ASÍ mætti tryggja samfellu og samræmi í eftirliti og efla faglegan og félagslegan stuðning við eftirlitsfulltrúana í þeirra störfum. Miðlægt eftirlit myndi einnig bjóða upp á frekari greiningar og umfangsmeiri útgáfu og miðlun úr eftirlitinu.
- Þörf er á minnst sex eftirlitsfulltrúum til að hægt sé að sinna faglegu eftirliti um allt land, í samráði við formenn félaga á hverju svæði fyrir sig. Vegna stærðar svæðisins verður mesti þunginn í eftirliti ávallt á suðvesturhorni landsins en önnur landsvæði yrðu heimsótt í nokkra daga í senn eftir skipulagi.

Um sameiginlega lögfræðipjónustu hafa verið teknar saman eftirfarandi meginniðurstöður;

- Samtalinn heildarkostnaður aðildarféлага við lögfræðipjónustu í dag er verulegur og gæti dugað til að halda úti öflugri miðlægri lögfræðipjónustu sem gæti helgað sig alfarið vinnuréttarlegum álitamálum fyrir aðildarfélög ASÍ. Til lengri tíma býður slíkt upp á mikla möguleika á að auka og bæta þjónustu gagnvart félagsfólki.
- Mikilvægt er að tryggja betur að þekking á vinnurétti haldist stöðug og örugglega innan ASÍ og aðildarféлага. Uppbrot og breytingar í lögfræðipjónustu til handa aðildarfélögum geta leitt til þess að þekking tapist og að félögin standi hallari fæti en ella gagnvart þeim sem deilt er við.
- Systursamtök ASÍ á hinum Norðurlöndunum viðhafa mun meiri miðlægni í sinni lögfræðipjónustu en þekkist hér á landi.
- Svigrúm er innan laga um lögmenn nr. 77/1998 til þess að sá hópur geti annast um alla réttaraðstoð fyrir félagsmenn aðildarsamtakanna á sviði vinnuréttar. Það tæki bæði til ráðgjafar, hagsmunagæslu vegna ágreinings í ráðningarsambandi, vegna gjaldþrota, vinnuslysa og svo framvegis, auk þess að koma fram fyrir þeirra hönd fyrir dómstólum landsins.
- Uppbygging á sameiginlegri lögfræðipjónustu er langtímaverkefni og ekki er hægt að reikna með að beinn ávinningur komi fram fyrstu árin en ætla má ef vel tekst til að til lengri tíma geti af slíku verkefni verið bæði beinn sparnaður og aukning á þjónustustigi fyrir aðildarfélög og félagsfólk.

Umræða um allt framangreint er enn í gangi þegar þetta er ritað. Ljóst er að afstaða og hagsmunir aðildarféлага gagnvart verkefnunum er mismunandi en í umræðu er reynt að beina sjónum að

heildarhagsmunum verkalyðshreyfingarinnar í heild sinni en um leið er sjálfsákvörðunarréttur aðildarfélaga að sjálfsöggðu virtur.

Sparnaðartillögur ríkisstjórnar

Á fundum miðstjórnar 5. og 19. mars voru framkomnar tillögur hagræðingarhóps ríkisstjórnar Krístrúnar Frostadóttur til umræðu. Minnt var á að Alþýðusambandið hefur almennt lagt áherslu á skilvirkni í ríkisrekstri, að farið sé vel með opinbert fé og að stjórnvöld þurfi að horfa til aðgerða bæði á útgjalda- og tekjuhlið, m.a. með kerfisbreytingum í skattkerfinu sem stuðla að réttlátara skattkerfi.

Tekið var undir að horfa þurfi til fjölbreyttra aðgerða með það að markmiði að bæta nýtingu fjármuna, m.a. með samrekstri stofnana og sjóða þar sem það á við, með bættum opinberum innkaupum og betri fjárstýringu hjá hinu opinbera. Hluti hagræðingatillagna snýr að slíkum umbótum í opinberum rekstri.

Í heildina þóttu tillögurnar hins vegar rýrar og illa rökstuddar. Má þar nefna eina af stærri tillögum, niðurlagningu Kríu nýsköpunarsjóðs, sem felur í sér sölu á eignarhlutum ríkisins í nýsköpunarfyrirtækjum og að dregið verði úr framtíðarfjárfestingu.

Aðrar tillögur sem t.d. snúa að heimildum ríkissáttasemjara voru sagðar pólitískar og vandséð hvernig þær myndu skila hagræðingu í ríkisrekstri. Þeim hefði sýnilega verið „laumað inn“. Minnt var á að tillagan endurómaði þá stefnu Samtaka atvinnulífsins að auka beri valdheimildir ríkissáttasemjara og umbylta þannig íslenska vinnumarkaðslíkaninu með skerðingu á verkfallsréttinum.

Tillögur um breytingar á valdheimildum ríkissáttasemjara og opinberu kerfi voru taldar áhyggjuefni. Sérstaklega var hugmyndum um að leggja niður stjórnir stofnana og einkavæða vinnueftirlitið mótmælt. Einnig var rætt um sameiningu sýsluembættar og fækkun lögregluembættar, sem gæti haft neikvæð áhrif á þjónustu í dreifbýli.

Yfirskrift 1. maí

Á fundi miðstjórnar 5. mars upplýsti forseti að efnt hefði verið til óformlegrar skoðanakönnunar þar sem lagðar hefðu verið fram þrjár tillögur að yfirskrift 1. maí. Mest fylgi hefði reynst við yfirskriftina „Við sköpum verðmætin“.

Hann spurði hvort miðstjórnarfolk hefði eitthvað við þessa yfirskrift að athuga eða vildi koma annarri tillögu á framfæri. Svo reyndist ekki vera og var yfirskriftin því samþykkt samhljóða.

Frumkvæði í húsnæðismálum

Húsnæðiskreppan í landinu kom reglulega til umræðu í miðstjórn ASÍ enda einn helsti orsakavaldur verðbólgu og þar með hins háa vaxtastigs í landinu.

Í marsmánuði 2025 skýrði forseti miðstjórnarfólki frá undirritun viljayfirlýsingar ASÍ, BSRB og Reykjavíkurborgar í samræmi við það umboð sem hann hafði fengið þar um. Yfirlýsingin felur í sér að skoðaðar verði nýjar leiðir til þess að auka framboð og hraða uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Reykjavík og þannig stuðla að auknu jafnvægi á fasteignamarkaði. Í framhaldinu var stofnaður starfshópur sem falið var:

- að kanna hvort hægt er að flýta uppbyggingu húsnæðis í Úlfarsárdal (M22) með aðkomu innviðasjóðs í eigu lífeyrissjóða.
- að kortleggja mögulega áframhaldandi uppbyggingu íbúðahúsnæðis til næstu 10–15 ára, sem meðal annars byggist á þeim sóknarfærum sem skapast á grunni uppfærðs samgöngusáttmála.

- að rýna árangur verkefnisins „húsnæði fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur“ og gera tillögur að hugsanlegum breytingum, nýjum svæðum til lóðaúthlutana eða annarra leiða til að fjölga slíkum íbúðum og úthlutunarreglum fyrir annan fasa verkefnisins.

Miðstjórn samþykkti að skipa þá Róbert Farestveit, hagfræðing ASÍ, og Ólaf Sigurðsson, framkvæmdastjóra Birtu lífeyrissjóðs og formann nefndar um fjárfestingar lífeyrissjóða, sem fulltrúa ASÍ í starfshópnum.

Jöfnunarframlag ríkisins vegna örorkubyrði lífeyrissjóða

Deila um jöfnunarframlags ríkisins vegna örorkubyrða lífeyrissjóða kom ítrekað til umræðu á fundum miðstjórnar.

Á fundi miðstjórnar sem haldinn var 18. september 2024 ræddi miðstjórn þau áform stjórnvalda að draga úr og síðan leggja af jöfnunarframlag ríkisins vegna mismunandi örorkubyrði lífeyrissjóða. Áform þessi voru kynnt í fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi.

Miðstjórn var einhuga um að hér væri um að ræða gríðarlega mikilvægt mál fyrir verka- og láglæunafólki. Kostnaður vegna örorku væri mestur í þeirra sjóðum og ljóst er að yrði framlagið lagt niður myndi reynast nauðsynlegt að skera niður réttindi félaga. Skerðingin gæti numið 4%.

Athygli var vakin á stöðu verkakvænna sem margar hverjar eigi lítið inni í lífeyrissjóði eftir allt að 20 ára starf. Þessi fráleitu og svívirðilegu áform stjórnvalda væru því að sönnu kvenréttindamál.

Þetta var ekki í fyrsta skiptið sem stórmál þetta kom til umræðu í miðstjórn. Forseti hafði átt tvo fundi með ráðuneytisstjórum fjármálaráðuneytis og félags- og vinnumarkaðsráðuneytis um fyrirhugaðan niðurskurð og komið sjónarmiðum hreyfingarinnar skýrlega á framfæri.

Miðstjórn var á einu máli um að ASÍ þyrfti að fylkja liði og hrinda þessari árás á kjör verka- og láglæunafólks. Í ályktun miðstjórnar sagði m.a. að miðstjórn hefði þungar áhyggjur vegna áforma ríkisstjórnarinnar um skerðingu á lífeyrisréttindum verka- og láglæunafólks. Miðstjórn teldi framgöngu ríkisstjórnarinnar í þessu efni ótæka með öllu. Sú breyting sem boðuð væri í frumvarpinu væri að mati miðstjórnar sem blaut tuska í andlit verka- og láglæunafólks í landinu. Ljóst væri að Alþýðusambandið gæti aldrei samþykkt einhliða ákvörðun stjórnvalda um að skerða stórlega lífeyrisréttindi þess fólks sem sinnti erfiðustu störfunum og bæri minnst úr bótum. Slík framganga væri enda siðlaus og með öllu óþöðleg.

Á 11. fundi miðstjórnar sem fram fór 18. júní 2025 var málið enn til umræðu. Fram kom að það hefði valdið nokkrum titringi í röðum félagsmanna sem óttuðust að lífeyrisrétturinn yrði að óbreyttu skertur. Samstaða var um að ótækt væri að ríkisstjórn hygðist bæta kjör öryrkja með því að seilast í vasa eldri borgara. Minnt var á nýleg ummæli formanns Landssambands eldri borgara þess efnis að með framgöngu sinni væri ríkisstjórnin að etja saman eldri borgurum og öryrkjum.

Lífeyrissjóðir verkafólks ættu einir að fjármagna nýtt örorkulífeyriskerfi og aldrei yrði unnt að samþykkja svo yfírgengilegt óréttlæti.

Á þessum fundi komu fram upplýsingar þess efnis að útreikningar gæfu til kynna að framlag ríkisins ætti með réttu að hlaupa á 12 til 15 milljörðum á ári í stað þeirra fjögurra milljarða sem tekist hefði í fyrra að fá ríkisvaldið til að samþykkja til eins árs.

Fram kom að efnahags- og fjármálaráðherra hefði verið loðinn mjög í svörum en hann hefði boðað viðræður um málið haustið 2025.

Áhyggjur af hækkandi raforkuverði

Á síðasta miðstjórnarfundinum ársins 2024 sem fram fór 18. desember var m.a. lögð fram greining á þróun raforkuverðs. Þetta stórmál var til umræðu á 46. þingi ASÍ þar sem eining ríkti um nauðsyn þess að heimili og smærri fyrirtæki fái skjól gagnvart þeirri samkeppni sem innleidd hefur verið á raforkumarkaði hér á landi í samræmi við tilskipanir Evrópusambandsins.

Miðstjórnarfolk var sammála um að nú hefðu varnaðarorðin ræst því heimili landsmanna stæðu frammi fyrir stöðugum hækkunum raforkuverðs sem væri skipulega „pumpað upp“ með útboðum.

Frammi lá greining þar sem m.a. kom fram að raforkuverð hefði hækkað um allt að 37% hjá smásölum á einu ári. Inn í greininguna vantaði hækkanir á dreifingarkostnaði sem einnig hefði aukist mikið. Staðan hvað raforkuverð til heimila varðaði hefði gjörbreyst á stuttum tíma hér á landi. Síðustu ár hefðu litlar sem engar breytingar átt sér stað en nú hefðu skarpar verðhækkanir ríðið yfir á síðustu misserum.

Verðið réðist nú af markaði, framboði og eftirspurn, og þar sem engar girðingar hefðu verið reistar um hagsmuni heimila og smærri fyrirtækja kepptu þau nú við stórnotendur á markaði. Þessi væri kjarni málsins.

Lausnin væri því ekki sú að virkja meira því þeirri orku yrði eins og annarri komið á markað við hæsta mögulega verði. Grípa þyrfti til aðgerða til að undanskilja heimili og smærri fyrirtæki frá þeirri ójöfnu samkeppni. Fram kom að innan orkutilskipana Evrópusambandsins væri gert ráð fyrir frávikum vegna hagsmuna heimila og fyrirtækja. Ekki færi mikið fyrir þessari staðreynd í umræðu hér á landi um orkumál og verðhækkanir.

Íslenski raforkumarkaðurinn væri einstakur í sinni röð á heimsvísu og um hann þyrfti að setja reglur sem tækju mið af þeirri staðreynd.

Í líflegri umræðu í miðstjórn varð fulltrúum tíðrætt um að sýnilega væri líka hafin „græðgisvæðing“ innan orkugeirans eins og á öllum öðrum megin sviðum samfélagsins. Fulltrúar skiptust á skoðunum um réttmæti þess að virkja meira en lögð var áhersla á að orkuna þyrfti að tengja við vel útfærða orkustefnu til að tryggja að þessi auðlind nýttist samfélaginu og væri fallin til að skapa góð störf. Minnt var á að þessi hefði verið ein niðurstaða 46. þingsins. Þá taldi miðstjórnarfolk einnig sýnt að dreifikerfi raforku í landinu væri hvergi nærri í viðunandi ástandi.

Samstarf um baráttu gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði

Á staðfundinum miðstjórnar 7. maí var m.a. gengið frá tilnefningu fulltrúa í samráðshóp vegna samstarfs um baráttu gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði

Hópnum er ætlað að efla samstarf milli eftirlitsstofnana og samtaka aðila vinnumarkaðarins með það að markmiði að sporna gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði.

Miðstjórn samþykkti að tilnefna þær Sögu Kjartansdóttur og Kristjönu Fenger sem fulltrúa í samráðshópin. Báðar starfa þær á sviði vinnustaðaeftirlits á skrifstofu ASÍ og búa yfir mikilvægri reynslu og þekkingu auk þess að hafa traust tengsl við landsbyggðina sem miðstjórn lagði töluverða áherslu á.

Þær munu starfa í nánú samráði við stéttarfélögin á viðkomandi svæðum. Reglubundin upplýsingamiðlun verður tryggð bæði til og frá hópnum.

Málefni vinnustaðaeftirlits og réttindabrot atvinnurekenda gagnvart launafólki, einkum því aðflutta, komu ítrekað til umræðu á fundum miðstjórnar. Almenn ánægja ríkti með framgöngu vinnustaðaeftirlits og eftirfylgni þess vegna hagsmuna þolenda í svonefndu Wok On-máli.

Tillögur fyrir 46. þing ASÍ

Á fundi miðstjórnar 18. september 2024 var fjallað um fjórar tillögur sem höfðu borist fyrir 46. þing Alþýðusambandsins.

Frá átta stéttarfélögum, Verkalýðsfélagi Vestfirðinga, Verkalýðsfélagi Snæfellinga, Öldunni, Bárinni, Verkalýðs- og sjómannafélagi Bolungarvíkur, Drifanda, Verkalýðs- og sjómannafélagi Sandgerðis og Verkalýðsfélagi Suðurlands, barst tillaga um *aðgerðir gegn einbeittri og síaukinni brotastarfsemi á vinnumarkaði*.

Frá Landssambandi íslenskra verzlunarmanna barst tillaga um ályktun um húsnæðismál.

Frá sama sambandi barst tillaga um ályktun um ráðstöfun séreignarsparnaðar.

Frá Leiðsögn, félagi leiðsögumanna, barst tillaga um að ASÍ beiti sér fyrir breytingu á lögum þannig að skyldutrygging lífeyrisréttinda falli ekki niður frá og með 70 ára aldri.

Samkvæmt lögum ASÍ ber að kynna tillögur í miðstjórn sem síðan vinnur um þær umsögn.

Miðstjórn samþykkti að vísa öllum tillögunum til umræðu og afgreiðslu allsherjarnefndar 46. þings.

Ályktanir miðstjórnar ASÍ



Félagar í Unite krefja eigendur Bakkavarar í Bretlandi um bætt kjör. Verkfall starfsfólks í verksmiðju Bakkavarar í Spalding hófst í september 2024 og lauk með nýjum kjarasamningi í marsmánuði 2025.

Kjarabarátta félagsfólks UNITE í Bretlandi, 20. nóvember 2024

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands lýsir yfir fullum stuðningi við kjarabaráttu félagsfólks UNITE í Bretlandi sem starfar hjá verksmiðju Bakkavarar í Spalding á Englandi. Bakkavör Group er að meirihluta í eigu íslenskra aðila og fulltrúar starfsfólks komu til Íslands á dögunum til að vekja athygli á sinni baráttu.

Bakkavör er einn stærsti matvælaframleiðandi Bretlands og hefur skilað hluthöfum gríðarlegum hagnaði undanfarin ár. Forstjóri fyrirtækisins er á ofurlaunum en félagsfólk UNITE starfar á afar lökum kjörum og vinnur á 12 tíma vöktum í rými sem er með hitastig á við ísskáp. Að sögn UNITE hafa laun starfsfólks rýrnað um tæp 11% undanfarin þrjú ár og dæmi er um starfsfólk sem þarf að reiða sig á matargjafir til að komast af. Ákall UNITE lýtur að því að fram fari raunverulegar samningaviðræður til að leysa deiluna en sem stendur hafa hundruð félagsmanna verið í verkfalli í heilan mánuð. Bakkavör hefur á sama tíma fengið annað starfsfólk til að ganga í störf þeirra sem eru í verkfalli.

Miðstjórn ASÍ styður sjálfsagðar kröfur UNITE og undirstrikar mikilvægi þess að rétturinn til þess að leggja niður störf sé virtur af viðsejendum UNITE. Aðstæður félagsfólks UNITE og breskur vinnumarkaður er víti til varnaðar íslensku samfélagi og áminning um alvarleg áhrif niðurskurðarstefnu og skipulagðs niðurbrots á verkálýðshreyfingunni. Miðstjórn ASÍ sendir starfsfólki Spalding-verksmiðju Bakkavarar stuðnings- og baráttukveðjur og minnir á að baráttu launafólks er í eðli sínu alþjóðleg.“

Vaxtahækkun Íslandsbanka, 22. nóvember 2024

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands (ASÍ) fordæmir þá ákvörðun Íslandsbanka að hækka vexti á verðtryggðum lánum á sama tíma og verðbólga gengur niður og vonir vakna um að hagur almennings taki að batna. Þessi viðbrögð við löngu tímabærri lækkun stýrivaxta Seðlabankans jafngilda því að stjórnendur Íslandsbanka hafi kastað blautri og illa þefjandi tusku sinni beint í andlit landsmanna.

Miðstjórn telur óboðlegt með öllu að stjórnendur Íslandsbanka skuli nánast á sömu mínútu og tilkynnt var um 0,50 prósentustiga lækkun stýrivaxta Seðlabankans greina frá því að breytilegir verðtryggðir vextir hækki um 0,30 prósentustig. Þessi gjörningur er enn ein sönnun þess hvernig fjármálavaldið ætlar ekki að missa mínútu úr við að mergsjúga fólkið í landinu.

Vakin skal athygli á að með hækkuninni í gær, miðvikudaginn 20. nóvember, hefur Íslandsbanki hækkað breytilega verðtryggða vexti um 0,80 prósentustig á síðustu 60 dögum. Mjög margir lántakendur sem trúðu gaspri stjórnámálanna um efnahagslegan stöðugleika hafa staðið og standa nú frammi fyrir því að fastir vextir eru að losna. Flestir neyðast til að endurfjármagna lánin með verðtryggðum lánum. Þannig hefur íslenskum lántakendum skipulega verið „smalað“ yfir í hið verðtryggða lánaform til að gefa bönkum færi á frekari vaxtahækkunum. Á sama tíma fækkar þeim sem greiða af óverðtryggðum lánum sínum. Þá vexti lækkar því Íslandsbanki.

Miðstjórn ASÍ telur með öllu óásættanlegt að nú þegar launafólk hefur sýnt ábyrgð við gerð kjarasamninga og árangur er tekinn að sjást að fjármálastofnanir nýti tækifærið og hækki verðtryggða vexti með það að markmiði að viðhalda óeðlilegri arðsemi á fákeppnismarkaði. Nú þegar hefur almenningur þurft að horfa upp á bankana stinga lækkun bankaskatts í vasa eigenda frekar en að skila ábatanum til neytenda. Ósvífinn er fullkomnuð þegar bönkum er falið að innheimta ábata kjarasamninga í krafti einokunar.

Miðstjórn Alþýðusambandsins telur að launafólk fái ekki þolað lengur það siðleysi sem fær þrífist óáreitt innan íslenska bankakerfisins. Á þessum „markaði“ ríkir gjörspillt fákeppni sem einkennist af ógegnsæi og græðgi.“

Ályktun um gervistéttarfélagið „Virðingu“, 6. desember 2024

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands (ASÍ) lýsir yfir fullum stuðningi við málflutning Eflingar – stéttarfélags um félagið „Virðingu“ sem stofnað hefur verið sem stéttarfélag án þess að uppfylla grundvallarskilyrði sem um slík félög gilda. Miðstjórn tekur einnig undir varnaðarorð Eflingar til starfsfólks í veitingageiranum um að halda sig fjarri félaginu og taka ekki þátt í starfsemi sem miðar að því einu að skerða kjör og grafa undan réttindum sem áunnist hafa með áratuga baráttu.

Í þessu samhengi vill miðstjórn taka fram að gervifélag þetta hefur látið til sín taka á fleiri félagssvæðum og má þar nefna Einingu-löju á Akureyri sem starfar innan vébanda Starfsgreinasambandsins (SGS).

„Virðing“ fellur undir þá skilgreiningu sem notuð er um svonefnd „gul stéttarfélög“. Þar er átt við félög sem atvinnurekendur eiga frumkvæði að því að stofna og stýra og gera þannig í reynd kjarasamninga við sjálfa sig. Yfir allan vafa er hafið að minnst tveir stjórnarmenn „Virðingar“ koma beint að rekstri veitingastaða sem eigendur eða stjórnarmenn. Þeir veitingastaðir starfa innan SVEIT, samtaka fyrirtækja á veitingamarkaði.

Félög af þessum toga eru ekki stéttarfélög í skilningi Stjórnarskrár Íslands, laga nr. 80/1938 eða í skilningi mannréttindasáttmála sem Ísland er aðili að. Nú þegar eru í gildi löglegir kjarasamningar fyrir yfirgnæfandi meirihluta þess launafólks sem í þessum geira vinnur um land allt, þ.m.t. fyrir yfirgnæfandi meirihluta þess launafólks sem vinnur hjá aðildarfyrirtækjum SVEITAR og sem eru félagsmenn í Eflingu og öðrum stéttarfélögum innan ASÍ.

Miðstjórn ASÍ beinir því til allra heiðvirðra atvinnurekenda að hafna afdráttarlaust markmiðum og aðferðarfræði veitingamanna á vettvangi SVEIT og „Virðingar” sem grafa undan réttindum launafólks til þess eins að skapa sjálfum sér betri samkeppnisaðstöðu gagnvart þeim sem löglega standa að rekstri fyrirtækja sinna.

Miðstjórn beinir því einnig til aðildarfélagas ASÍ að bregðast af fullri hörku við þessari aðför að kjörum og réttindum starfsfólks og grípa til þeirra aðgerða sem þörf verður á til þess að hrinda henni.

Miðstjórn vekur athygli á að kjarasamningur „Virðingar” við SVEIT felur í sér augljósan ásetning um að skerða kjör og réttindi starfsfólks í veitingageiranum. Það á við um lengingu dagvinnutíma, lækkun kvöldvaktalags, beina lækkun launa í tilfelli starfsmanns á veitingahúsi með eins árs starfsreynslu, niðurfærslu orlofsréttinda, skertan veikindarétt og fleira. Að auki uppfyllir „Virðing” ekki ýmsar lögbundnar skyldur sínar gagnvart félagsmönnum, m.a. er varðar rekstur sjúkrasjóðs og fræðslusjóðs.

Miðstjórn telur heiti þessa nýja „stéttarfélags” lýsa fádæma ósvífni og að meintur „kjarasamningur” þess við SVEIT feli í sér aðför og fullkomið virðingarleysi gagnvart vinnandi fólki í landinu og löglegum stofnunum á vinnumarkaði. Þeir atvinnurekendur sem þannig ganga fram eru engar virðingar verðir.

Miðstjórn Alþýðusambandsins lýsir yfir óbilandi og skilyrðislausri samstöðu með launafólki í veitingageiranum. Miðstjórn lýsir yfir stuðningi við réttindabaráttu þess og við gerð raunverulegra kjarasamninga í stað skipulegrar viðleitni til að niðast á láglaunafólki, ekki síst innflytjendum og ungmennum. Árásum af þessum toga er heimilt að bregðast við með þeim vopnum sem verkalýðshreyfingin býr yfir.“

Ný ríkisstjórn fordæmi glæpaverk Ísraels, 9. janúar 2025

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands (ASÍ) hvetur ríkisstjórn Krístrúnar Frostadóttur til að fordæma, á hverjum þeim vettvangi sem við verður komið, framferði Ísraels gagnvart Palestínumönnum. Mikilvægt er að hin nýja ríkisstjórn Íslands sýni í verki þá andstyggð og óhugnað sem skipulagt þjóðarmorð á Palestínumönnum á Gaza-svæðinu vekur.

Miðstjórn hefur ítrekað ályktað um málefni Palestínu á undanliðnum misserum, enda getur siðað fólk ekki með nokkru móti réttlætt þá algjöru fyrirlitningu á alþjóðalögum sem mótar framgöngu ísraelskra stjórnvalda og lýsir sér í óhæfuverkum gagnvart óbreyttum borgurum, gjöreyðingu innviða og skipulögðum „þjóðernishreinsunum“.

Markmið þeirrar aðskilnaðarstefnu (e. apartheid) sem ísraelsk stjórnvöld fylgja er að eyða byggðum Palestínumanna á hinum svonefndu hernumdu svæðum og hrekja þá íbúa sem ekki tekst að myrða í flóttamannabúðir utan landamæra Ísraels.

Miðstjórn vekur athygli á að Ísraelar hafa á ný hafið landvinninga í kjölfar falls einræðisstjórnar Bashar al-Assad í Sýrlandi. Ísraelar hafa þegar innlimað Gólan-hæðir þvert á alþjóðalög og samþykktir Sameinuðu

þjóðanna og hærnumið stóran hluta Sýrlands sunnan höfuðborgarinnar, Damaskus. Á Vesturbakkanum, sem Ísraelar hyggjast innlimi líkt og Gaza, eru hafnar þjóðernishreinsanir gagnvart Palestínumönnum.

Miðstjórn ASÍ ítrekar áskoranir um að íslensk stjórnvöld beiti Ísrael hnitmiðuðum viðskiptaþvingunum og taki til alvarlegrar umræðu að slíta stjórnmalasambandi við glæpastjórn Netanyahu forsætisráðherra.“

Tillögur starfshóps um hagræðingu í ríkisrekstri, 21. mars 2025

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands tekur undir stefnu nýkjörinnar ríkisstjórnar að fara vel með fé almennings, en leggur í því samhengi áherslu á mikilvægi þess að hugmyndir um hagræðingu í ríkisrekstri séu ræddar af ábyrgð og í samhengi við stefnumörkun í ríkisfjármálum, þar sem bæði er horft á tekju- og útgjaldahlið hins opinbera. Tillögurnar sem hópurinn leggur fram eru af ýmsu tagi en meðal þeirra er að finna tillögur sem snúa að hápólitískum viðfangsefnum, sem sum hver hafa verið sett fram af hálfu hagsmunaaðila og vandséð að þær þjóni boðuðum tilgangi. Þá eru margar tillögur lítt útfærðar, illa rökstuddar og forsendur um mat á sparnaði óljósar.

Meðal tillagna sem starfshópurinn setur fram eru hugmyndir um breytingar á lagaumhverfi vinnumarkaðarins, hlutverki ríkissáttasemjara og réttindum opinberra starfsmanna sem teknar eru beint úr smíðju samtaka atvinnurekenda. Miðstjórn mótmælir því harðlega að slíkar tillögur, sem stríða gegn hagsmunum og samningsrétti launafólks og ganga í berhögg við ráðandi vinnumarkaðslíkan, séu settar fram í nafni hagræðingar í ríkisrekstri. Þá geldur miðstjórn varhug við tillögum um að leggja niður fyrirvaralaust lögbundnar stjórnir og ráð í stofnunum sem fara með mikilvæg réttindi og eftirlit með hagsmunum launafólks s.s. Vinnumálastofnun og Vinnueftirlitið auk tillagna um einkavæðingu opinbers eftirlits. Mikilvægi hvers kyns eftirlits með öryggi og aðbúnaði vinnandi fólks hefur ítrekað sannað sig á undanförunum misserum. Miðstjórn mótmælir harðlega þeim vinnubrögðum að setja fram tillögur sem varða almannahag miklu, án allra greininga og hagsmunamats.

Þá er gagnrýnivert að í tillögunum er engin tilraun gerð til að draga fram byggðarsjónarmið og mismunandi áhrif þeirra á hinar dreifðu byggðir.

Miðstjórn kallar eftir vandaðri og ábyrgari vinnubrögðum af hálfu stjórnvalda og gerir kröfur um að tekin sé pólitísk ábyrgð á mikilvægum hagsmunamálum almennings.“

Breytingar á lögum um veiðigjöld, 3. apríl 2025

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands (ASÍ) styður boðaðar breytingar á lögum um veiðigjöld og telur rétt að skattstofninn miðist við raunverulegt markaðsverð á afurðum.

Auðlindir Íslands eru sameign þjóðarinnar. Auðlindamál voru meginþema síðasta þings ASÍ og kallaði þingið eftir endurskoðun gjalddtóku vegna nýtingar hvers kyns auðlinda. Þar eigi að miða að því að gjaldtaka af auðlindum tryggi þjóðinni réttláta hlutdeild í þeim umframardi sem til verður við nýtingu auðlinda. Þetta hefur ekki tekist með núverandi kerfi þar sem veiðigjöld eru einungis lítill hlutur í mældri auðlindarentu í sjávarútvegi.

Fiskveiðistjórnunarkerfið hefur skapað hagræðingu, aukið framleiðni og skapað gríðarlegan arð. Augljós galli í núverandi kerfi veiðigjalda er að sjávarútvegsfyrirtæki geta komist hjá greiðslu eðlilegs gjalds með milliverðlagningu. Boðað frumvarp bætir úr framangreindum galla.

ASÍ leggur þó áherslu á að hluti auðlindaarðs verði eftir í þeim byggðum þar sem nýting fer fram. ASÍ telur jafnframt mikilvægt að stjórnvöld rýni vel hvaða áhrif þessar breytingar hafa á smærri útgerðir og fiskvinnslur.“

Viðskiptabann gagnvart Ísrael, 21. maí 2025

„Almenningur í Palestínu hefur mátt þola ólýsanlegar þjáningar í tengslum við ólögmætt árásar- og landvinningastríð Ísraels á Gaza, sl. tæp tvö ár. Nú er svo komið að Ísraelsher hefur lokað fyrir alla neyðaraðstoð og matarflutninga inn á Gaza-svæðið og heimurinn horfir upp á um tvær milljónir manna, þar af stórum hluta börn, sveltur hægt og bítandi til dauða. Í mars árið 2024 komst Alþjóðadómstóllinn að þeirri niðurstöðu að Ísraelsríki sé líklega (e. *plausible*) að fremja þjóðarmorð og í júlí á sama ári, úrskurðaði sami dómstóll að herseta Ísraels á palestínsku landi væri ólögleg.

Miðstjórn hefur þegar sent frá sér þrjár ályktanir í tengslum við átökin á sama tímabili þar sem óhæfuverk Ísraels hafa verið fordæmd og kallað hefur verið eftir raunverulegum aðgerðum af hálfu íslenskra stjórnvalda.

Þann 9. maí samþykkti norska alþýðusambandið (LO) róttæka ályktun um Palestínu á þingi sínu. Yfirlýsingunni svipar mjög til þeirra sem miðstjórn ASÍ hefur sent frá sér um sömu mál undanfarið.

- Krafist er sniðgöngu á Ísrael vegna hernaðaraðgerða landsins í Palestínu.
- Þess er krafist að norsk lífeyrissjóðurinn (Statens pensjonfund utland), fyrirtæki og fjármálastofnanir hætti öllum viðskiptum við fyrirtæki sem styðja við ísraelska hernámið.
- Krafa er um lagasetningu sem banni viðskipti og fjárfestingar í Ísrael.
- LO krefst þess að norska ríkið beiti sér á virkan hátt til þess að binda enda á hernám Ísraels og umsátrið við Gaza.
- Verði hernáminu ekki lokið fyrir september 2025 (í samræmi við niðurstöðu Alþjóðadómstólsins), mun LO beita sér fyrir því að Noregur taki frumkvæði að alþjóðlegri efnahagslegri sniðgöngu gegn Ísrael.

Miðstjórn ASÍ telur fulla ástæðu til þess að taka undir gagnrýni og kröfur LO í Noregi og gerir það með þessari ályktun.

Á sama tíma er full ástæða til þess að fordæma ákvörðun Ríkiskaupa um að endurnýja samninga við ísraelska greiðslumiðlunarfyrirtækið Rapyd til tveggja ára, þrátt fyrir áberandi ákall frá stórum hluta almennings um hið gagnstæða og þrátt fyrir yfirlýstan stuðning forsvarsmanna fyrirtækisins við þær aðgerðir Ísraelshers sem Alþjóðadómstóllinn hefur lýst sem líklegu þjóðarmorði.

Lýsa má yfir ánægju með frumkvæði forsætisráðherra, Kristrúnar Frostadóttur, að leiða saman ríki sem taka vilja afstöðu gegn yfirstandandi herför Ísraels gegn mannúðinni, en gera þarf margfalt meira, og tafarlaust. Tíminn vinnur ekki með sveltandi börnum.

Alþýðusamband Íslands kallar eftir því að allar mögulegar leiðir verði reyndar til þess að binda enda á það martraðarástand sem ríkir fyrir botni Miðjarðarhafs og til þess að Palestínumenn megi njóta fullra mannréttinda og virðingar til jafns við aðra í heimalandi sínu.“

Launahækkun æðstu embættismanna, 5. júní 2025

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands (ASÍ) telur 5,6% launahækkun forseta, ráðherra, þingmanna og æðstu embættismanna um næstu mánaðamót algerlega úr takti við þá baráttu sem almenningur í landinu stendur í til að ná niður verðbólgu. Á almennum markaði var samið um 3,5% launahækkun til alls þorra launafólks. Lægstu laun voru hækkuð sérstaklega um 5,6% þar sem þau eru skammarlega lág. Lægstu laun eru um 450 þús. á mánuði og 5,6% hækkun á þau gera kr. 25.200.

Þingfararkaup, sem núna er rúmar 1,6 milljónir króna á mánuði, hækkar um 85 þúsund krónur. Laun forseta Íslands nálgast fimm milljónir króna og ráðherrar eru sömuleiðis hálaunamenn.

Miðstjórn ASÍ vekur athygli á að stjórnmalamenn í þessum hátekjuhópi halda því ítrekað fram að smávægilegar hækkanir almennra launataxta séu gífurleg ógn við stöðugleika, velferð og framtíð íslensku þjóðarinnar.

Gangi þessar hækkanir eftir sannast enn á ný að hin pólitíska yfirstétt deilir ekki kjörum með alþýðu manna í landinu. Sama hefur reynst hvaða aðferð notuð er til að ákvarða laun þessa fólks, því tekst jafnan að tryggja sér kjör umfram þau sem skömmtuð eru almenningi.

Þetta er birtingarmynd viðvarandi siðferðisskekkju sem er hin raunverulega ógn við stöðugleika og velferð þjóðarinnar.“

Vegna skerðingar atvinnuleysistrygginga, 17. september 2025

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands (ASÍ) mótmælir harðlega þeim áformum stjórnvalda að skerða atvinnuleysistryggingar og skorar á ríkisstjórn Kristrúnar Frostadóttur að láta aðra en atvinnulausa greiða fyrir sparnaðartillögur ríkisstjórnarinnar.

Bein réttindaskerðing er ekki hagræðing eða ráðdeild í ríkisfjármálum.

Umrædd áform bætast nú við miður ígrunduð áform ríkisstjórnarinnar um afnám jöfnunarframlags vegna örorkubyrði sem leiðir til beinnar skerðingar réttinda örorku- og ellilífeyrisþega í lífeyrissjóðum.

Atvinnulausir og aldraðir eru ekki breiðu bökin sem sanngjarnt er að beri byrðarnar af hagræðingu í ríkisrekstri.

Atvinnuleysistryggingar eru einn af hornsteinum afkomuverndar launafólks. Atvinnuleysistryggingum var upphaflega komið á fyrir baráttu verkalýðshreyfingarinnar eftir mikil átök og langt verkfall um miðbik síðustu aldar. Alla tíð síðan hefur verið viðurkennt að ekki yrði hróflað við þeim grundvallarréttindum nema í breiðri sátt við verkalýðshreyfinguna. Hagsmunir launafólks eru miklir og kerfið órjúfanlegur hluti af grunngerð sveigjanlegs vinnumarkaðar hér á landi. Ríkisstjórnin hefur nú vikið harkalega af þessari braut með áformum um styttingu bótatímabils atvinnuleysistrygginga um 12 mánuði auk umtalsverðrar þrengingar á ávinnslurétti tryggingarinnar.

Atvinnuleysistryggingar eru hluti af réttindum sem launafólk ávinnur sér með þátttöku á vinnumarkaði. Fyrir allan þorra fólks er mikið áfall að missa atvinnuna. Réttindakerfið á því fyrst og fremst að vera uppbyggilegt, tryggja afkomu, ráðgjöf og stuðning við virkni og atvinnuleit.

Verkalýðshreyfingin er nú sem endranær reiðubúin í viðræður um umbætur á atvinnuleysistryggingakerfinu. Rétt er að minna stjórnvöld á að starfshópur umendurskoðun laga um

atvinnuleysistryggingar skipaður fulltrúum aðila vinnumarkaðarins hefur ekki fengið tækifæri til að ljúka vinnu sinni og leggja fram tillögur eins og eðlilegt væri.

Miðstjórn ASÍ skorar á ríkisstjórn Krístrúnar Frostadóttur að falla nú þegar frá einhliða áformum um að skerða réttindi atvinnuleitenda og sýna í verki að hér á landi sé þríhliða samstarf aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda haft í heiðri.

Niðurfelling jöfnunarframlags vegna örorkubyrði, 17. sept. 2025

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands ítrekar ríka andstöðu sína við fyrirætlanir stjórnvalda um að fella niður framlag til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða sem hafa mun veruleg áhrif á lífeyrisréttindi í sjóðum verka- og láglaunafólks.

Með þessu rjúfa stjórnvöld einhliða það samkomulag sem gert var við aðila vinnumarkaðarins um jöfnun á örorkubyrði árið 2005 án þess að forsendur þess hafi breyst eða um annað hafi verið samið sem tryggir jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða.

Áformin komu fyrst fram í tíð fyrri ríkisstjórnar og voru sett í samhengi við fjármögnun á endurbótum á örorkulífeyriskerfi almannatrygginga sem tóku gildi um síðastliðin mánaðarmót. Verka- og láglaunafólki var þannig gert að greiða fyrir löngu tímabærar kjarabætur til örorkulífeyrisþega með lífeyrisréttindum sínum. Núverandi ríkisstjórn heldur sér við þessi áform og bætir um betur með því að áforma skerðingar á réttindum í atvinnuleysistryggingum til að fjármagna það sem út af stendur vegna breytinganna.

Alþýðusamband Íslands mótmælir þessum áformum harðlega og krefst þess að ríkisstjórnin endurskoði áform sín um niðurfellingu jöfnunarframlagsins þar til um annað fyrirkomulag hefur verið samið til að jafna örorkubyrði lífeyrissjóðanna með fullnægjandi hætti.

ASÍ mun aldrei fallast á að verka- og láglaunafólk eitt verði látið bera byrðarnar af misskiptri örorkubyrði með frekari lækkun á lífeyrisréttindum sínum í nafni hagræðingar í ríkisrekstri.

Vegna uppsagna í sjávarútvegi, 17. september 2025

Miðstjórn ASÍ harmar nýlegar uppsagnir í sjávarútvegi og telur ótækt að útgerðin beiti starfsfólki sínu fyrir sig í pólitískum slag um veiðigjöld. Auðlindir hafsins í kringum Ísland eru ekki séreign útgerðarinnar. Útgerðin hefur hins vegar um langt skeið fengið aðgang að þeim án eðlilegs endurgjalds til eigenda hennar, þjóðarinnar. Íslenskur sjávarútvegur hefur verið vel rekinn undanfarinn áratug, skilað afkomu og byggt upp eigið fé sem hleypur á hundruðum milljarða. Miðstjórn ASÍ telur óboðlegt að útgerðin beiti uppsögnum starfsfólks sem vopni í pólitískum slag um veiðigjöld. Nýting sameiginlegrar auðlindar snýst ekki einungis um hag eigenda útgerðafyrirtækja heldur um samfélagslega ábyrgð, hag nærsamfélags og starfsfólks.

Vegna fjöldafunda „Þjóð gegn þjóðarmorði“, 17. september 2025

Alþýðusamband Íslands kom að skipulagi fjöldafunda undir yfirskriftinni Þjóð gegn þjóðarmorði sem fóru fram 6. september sl. Sjö fundir voru haldnir samtímis í Reykjavík, á Akureyri, Ísafirði, Egilsstöðum,

Húsavík, Stykkishólmi og Hólmavík. Áætlað er að um 10.000 manns hafi sótt fundina, sem boðað var til vegna skipulagðra óhæfuverka ísraelskra stjórnvalda gegn Palestínumönnum, sem hafa verið lögð að jöfnu við þjóðarmorð. Þjóðarmorðið hefur nú staðið yfir í 23 mánuði og staðfest er að 20.000 börn hafa verið drepin. Nánast allir innviðir á Gasa eru í rúst og hernaður Ísraels þyngist með hverjum deginum. Þar ríkir manngerð hungursneyð og nær enga lækniþjónustu er að fá.

Skilaboð þjóðar gegn þjóðarmorði voru skýr. Fundurinn krafðist aðgerða af hálfu íslenskra stjórnvalda, eða eins og einn ræðumanna komst að orði í ræðu sinni á Austurvelli: Í dag heimtar þjóðin alvöru aðgerðir af hálfu íslenskra stjórnvalda. Ekki fleiri orð sem lýsa áhyggjum, hneykslun eða uppgjöf. Við krefjumst aðgerða sem bíta og láta þá seku sæta ábyrgð.

Ýmsar tillögur að aðgerðum komu fram í máli ræðumanna. Ríkisstjórnin gæti komið á almennu viðskiptabanni við Ísrael, sagt upp þátttöku Íslands í fríverslunarsamningi EFTA við Ísrael og komið vopnaflutninga- og vopnasölubanni gagnavart Ísrael, svo eitthvað sé nefnt. Ríkisstjórnin brást hratt við og tilkynnti strax næsta dag aðgerðir sínar. Miðstjórn ASÍ lýsir yfir miklum vonbrigðum með bitlausar og veikburða aðgerðir ríkisstjórnarinnar, sem eru í engu samræmi við ákall fjöldafundanna og breiðfylkingarinnar sem stóð þar að baki. Enn síður eru þær í samræmi við alvarleika hinna grimmilegu glæpa sem ríkisstjórn Ísraels hefur framið gegn palestínsku þjóðinni, glæpa sem fela í sér skýr og alvarleg brot gegn alþjóðalögum og stigmagnast dag frá degi.

Boðaðar aðgerðir ríkisstjórnarinnar, sem fela í sér óútfærðar tillögur um merkingu vara frá landránsbyggðum Ísraels í Palestínu, töf á þátttöku Íslands í uppfærslu á fríverslunarsamningi EFTA við Ísrael, mögulega uppfærða greinargerð frá Íslandi í máli Suður-Afríku gegn Ísrael hjá Alþjóðadómstólnum og ferðatakmarkanir gagnvart tveimur ráðherrum Ísraelsstjórnar, bera með sér að ríkisstjórnin annað hvort skilji ekki eða vilji ekki viðurkenna ábyrgð sína samkvæmt þjóðarrétti um að gera allt sem í hennar valdi stendur til að stöðva yfirstandandi þjóðarmorð.

ASÍ hvetur stjórnvöld til að svara ákalli þjóðar gegn þjóðarmorði um aðgerðir í samræmi við alvarleika málsins.



Efnahagsmál

Samdráttur á árinu 2024

Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands mældist 0,7% samdráttur á vergri landsframleiðslu á árinu 2024. Tölurnar benda til töluverðs viðsnúnings í efnahagslífinu frá tímabilinu eftir heimsfaraldur en árið 2023 mældist 5% hagvöxtur og 8,7% hagvöxtur á árinu 2022. Þróunin er ekki óvænt ef litið er til þróunar stýrivaxta sem örvuðu hagkerfið á árunum 2020–2022 og voru svo hækkaðir vegna mikillar spennu í hagkerfinu og vaxandi verðbólgu.

Samdráttur ársins 2024 skýrðist bæði af litlum vexti þjóðarútgjalda og neikvæðu framlaga utanríkisviðskipta til hagvaxtar. Þannig dróst útflutningur saman á árinu vegna 6% samdráttar í útfluttri þjónustu. Einkaneysla jókst einungis um 0,8% sem er sambærileg aukning við árið 2023. Nokkur vöxtur mældist hins vegar í fjármunamyndun ef litið er á fjárfestingu atvinnuvega (7%) og íbúðafjárfestingu (18,9%) á meðan opinber fjárfesting dróst saman um 2,2% milli ára.

Hægari vöxtur í hagkerfinu kemur fram í minni spennu á vinnumarkaði. Dregið hefur úr fjölgun starfa í hagkerfinu en miðað við staðgreiðslugögn voru um 0,6% fleiri starfandi á fyrri helmingi ársins 2025 en árið á undan. Þrátt fyrir minni spennu á vinnumarkaði hefur ekki mælst veruleg aukning á atvinnuleysi, sem mældist 3,9% á fyrri helmingi árs en var 3,4% á sama tímabili árið á undan. Það jafngildir um þúsund fleiri atvinnulausum á mánuði.

Segja má að vaxandi óvissa ríki um horfur í efnahagsmálum bæði hérlandis og víðar í heimshagkerfinu. Þessi óvissa, einkum um horfur í alþjóðaviðskiptum, hefur orðið til þess að alþjóðastofnanir hafa


niðurfært efnahagsspár sínar sem nú gera ráð fyrir hægari vexti. Í fyrstu beindust yfirlýsingar um tollaaðgerðir Bandaríkjanna að Kanada og Mexíkó en í minna mæli gagnvart Evrópu og öðrum ríkjum. Í vörspá OECD var fjallað um boðaðar tollaaðgerðir í samhengi við efnahagslega óvissu. Þar var sérstaklega bent á að áhrif þeirra geti verið sérstaklega mikil á Mexíkó og Kanada þar sem um 20–25% alls vöruútflutnings fer á Bandaríkjamarkað. Samkvæmt sviðsmyndum OECD hafa þáverandi aðgerðir haft mest áhrif á Bandaríkin, Kanada og Mexíkó. Frá þeim tíma hafa aðgerðir Bandaríkjanna verið útvíkkaðar og í byrjun ágúst tóku gildi 15% tollar á innflutning á íslenskum vörum til Bandaríkjanna. Um svipað leyti bárust fréttir um mögulega verndartolla á íslenskan innflutning á kísiljárninn á Evrópumarkaði sem myndu hafa áhrif á framleiðslu Elkem á Grundartanga.

Ljóst er að tollar Bandaríkjanna og mögulegir verndartollar Evrópusambandsins munu hafa áhrif á íslenskt hagkerfi með einum eða öðrum hætti. Áhrifin kæmu þó frekar fram í minni verðmætasköpun, mögulegum áhrifum á atvinnustig fremur en áhrifum á verðlag. Þó er einnig hætt á að versnandi efnahagshorfur sökum alþjóðlegra vendinga ásamt sterku raungengi geti haft áhrif á stórar atvinnugreinar eins og ferðaþjónustu og geti því haft áhrif á hagvaxtarhorfur á næstu misserum.

Verðbólga lækkað en áfram yfir markmiði

Meginmarkmið stöðugleikasamninganna sem undirritaðir voru í byrjun mars 2024 var að stuðla að lækkun verðbólgu og skapa forsendur fyrir lækkun vaxta. Í aðdraganda kjarasamninga hafði verðbólga verið þrálát og mælst á breiðum grunn. Við gerð samninga mældist verðbólga 6,8% og yfir 50% af mældum undirliðum vísitölu neysluverðs höfðu hækkað yfir 5%.

Segja má að þau markmið samninganna sem sneru að hjöðnun verðbólgu hafi gengið eftir á fyrsta tímabili samnings. Ári eftir gerð samninga mældist verðbólga 3,8% og þar af 2,5% ef horft var fram hjá áhrifum húsnæðiskostnaðar. Verðbólga var því komin innan vikmarka Seðlabankans og við verðbólguþakmið sé horft á undirliggjandi verðbólgu. Ýmsir þættir höfðu stuðlað að hjöðnun verðbólgu, m.a. hagfelld ytri skilyrði, minni alþjóðlegar verðhækkningar, gengisþróun og aukin samkeppni á dagvörumarkaði með tilkomu Prís lágvöruverðsverslunar á markaðinn.




Segja má að ákveðið bakslag hafi orðið í byrjun árs 2025 þegar merki sáust um almennar verðhækkningar frá birgjum og smásöllum¹. Á þetta var bent í frétt verðlagseftirlits ASÍ frá febrúar 2025 en þar kom fram

¹ Sjá <https://vinnan.is/olgerdin-og-kjoris-leida-haekkanir-i-byrjun-ars/>

að dagvöruvísitala ASÍ hafði tekið stökk milli mánaða og mælt 0,65% milli mánaða.² Hækkun dagvöruverðs var þó ekki bundin við einstakar áramótahækkanir í febrúar heldur gerðu umtalsverðar hækkanir vart við sig frá febrúar til maí³. Um mitt ár mátti því sjá að ýmsir útgjaldaliðir heimilanna höfðu tekið verulegum hækkunum, matur og drykkjarvörur um 6,1%, tryggingar um 7,3%, kjötvara um 9,5% og þar af nautakjöt um 15,1%. Einnig mældust miklar hækkanir á vörum eins og súkkulaði og kaffi en þær hækkanir má að hluta rekja til þróunar á heimsmarkaðsverði⁴.

Verðhækkanir í júní 2025



Verðbólguþrýstingur var þó ekki einungis vegna almennra hækkana á matvöru, búvöru og annarri dagvöru, heldur mældust áfram umtalsverðar hækkanir á húsnæðiskostnaði, bæði eigenda og leigjenda. Af þeim sökum lækkaði verðbólga ekki yfir sumarið 2025, heldur sveiflaðist á bilinu 3,8–4,2% og óvíst að verðbólga hjaðni mikið á næstu mánuðum.

Annar þáttur sem ýtti undir verðbólgu á árunum 2024–2025 var snörp hækkun á raforkuverði. Að jafnaði hækkaði verð á raforku til heimila um 15% á árinu 2025 frá fyrra ári samkvæmt mælingum Hagstofunnar. Í úttekt sem Verðlagseftirlit ASÍ gerði á verði á raforku í smásölu mátti þó finna hækkunir upp á allt að 37%⁵ hjá einstökum smásöluaðilum. Rekja má verðhækkanirnar til ólíkra þátta en einnig þeirrar staðreyndar að mikilli eftirspurn undanfarinna ára hafi ekki verið mætt með auknu framboði.

Stýrivextir lækkað en raunvextir hækkað

Stýrivextir voru 9,25% þegar stöðugleikasamningar voru undirritaðir í mars 2024 og höfðu þá verið óbreyttir frá því í ágúst 2023. Í fyrstu vaxtaákvörðun í kjölfar kjarasamninga ákvað peningastefnunefnd að stýrivöxtum yrði haldið óbreyttum. Vísaði nefndin til þess að þó verðbólga hafi hjaðnað og hægt hafi á efnahagsumsvifum væru verðbólguvæntingar enn háar. Var það mat nefndarinnar að aðhaldsstig

² Sjá <https://vinnan.is/matvoruverd-tekur-stokk/>

³ Sjá <https://vinnan.is/innlend-dagvara-haekkar-mun-hradar-en-erlend/>

⁴ Sjá <https://vinnan.is/noi-sirius-haekkar-langmest-milli-ara-netto-laekkar-verd-a-voldum-vorum/>

⁵ Sjá <https://vinnan.is/allt-ad-37-verdhaekkun-hja-smasolum-raforku-a-einu-ari/>

peningastefnunnar væri hæfilegt til að ná niður verðbólgu. Miðstjórn ASÍ taldi ástæðu til að gagnrýna ákvörðun nefndarinnar en í ályktun miðstjórnar minnti verkalyðshreyfingin á að gerðir hafi verið hóflegir kjarasamningar sem stuðla myndu að hjöðnun verðbólgu. Miðstjórn gagnrýndi einnig ríki og sveitarfélög fyrir að hafa ekki tekist að mæta þeim vanda sem ríkti á húsnæðismarkaði og ætti stóran þátt í verðbólgu⁶.

Vöxtum var einnig haldið óbreyttum þegar peningastefnunefnd kom saman í ágúst 2024 en þá voru um sex mánuðir frá gerð kjarasamninga. Í yfirlýsingu nefndarinnar var bent á að bæði verðbólga og verðbólguvæntingar væru enn háar ásamt því að lítið hafi dregið úr spennu frá síðustu ákvörðun nefndarinnar. Á þeim tíma mældist verðbólga 6% og raunvaxtastig stýrivaxta því um 3,25%.

Það var svo loks í október 2024 sem stýrivextir voru lækkaðir um 0,25 prósentur og vaxtalækkunartímabilið því hafið. Á þeim tíma mældist verðbólga 5,4% og nefndin taldi sig sjá merki um minna umfang verðhækkana. Vextir voru aftur lækkaðir mánuði síðar og þá um 0,5% samhliða lækkun verðbólgu sem þá mældist 5,1%. Nefndin tók þó fram að verðbólguvæntingar og áframhaldandi verðbólguþrýstingur kallaði á varkárni í ákvörðunum.

Lækkun verðbólgu yfir veturinn gaf tilefni til frekari vaxtalækkana, um 0,5 prósentur í febrúar 2025 og svo í tvígang um 0,25 prósentur í mars og maí. Stýrivextir voru því orðnir um 7,5% eftir að hafa hæst verið 9,25% við gerð kjarasamninga. Nefndin benti á að dregið hafi úr spennu í þjóðarbúinu en enn væri til staðar verðbólguþrýstingur, sérstaklega í innlendum vörum. Seðlabankastjóri taldi þó ástæðu til að taka fram að óvíst væri um frekari vaxtalækkanir fyrr en merki sæjust um hjöðnun verðbólgu í átt að markmiði Seðlabankans.

Opinber fjármál

Ný ríkisstjórn lagði fram sína fyrstu fjármálaáætlun á vormánuðum 2025. Síðustu ár hefur meginstefnumörkun opinberra fjármála verið að stöðva skuldasöfnun og hallarekstur ríkissjóðs. Frumjöfnuður ríkissjóðs hefur verið jákvæður frá árinu 2022 en að teknu tilliti til vaxtagreiðslna hefur ríkissjóður verið rekinn í halla frá því fyrir heimsfaraldur. Líkt og í fjármálaáætlun 2025–2029 gerir áætlun ríkisstjórnar ráð fyrir jákvæðum heildarjöfnuði, en mun fyrr, þ.e. á árinu 2027 í stað ársins 2029. Þetta hefur þau áhrif að lækkun skuldahlutfalls fer úr 39% í 37% á tímabili áætlunar.

Í raun var ekki um að ræða mikla breytingu á meginstefnumörkun fjármálaáætlunar síðustu ríkisstjórnar. Hins vegar hvíldi fyrri áætlun á forsendum um hagvöxt sem ekki stóðust en við endurmat á afkomu ríkissjóðs í desember 2024 kom í ljóst að halli ríkissjóðs á árinu 2024 var 1,2% af VLF í stað 0,5% eins og lagt var upp með síðustu fjármálaáætlun.

Nýjar áherslur litu dagsins ljós í áætluninni. Þar taldi ASÍ jákvætt að lögð hafi verið fram fjármálaáætlun án óútfærðra afkomubætandi ráðstafana en slíkar ráðstafanir hafa numið allt að 40 milljörðum króna á ári í áætlunum. Sambandið hefur ávallt talið það veikleika hversu mikið áætlanagerð hvílir á óútfærðum ráðstöfunum, eignasölum og ólögfestum breytingum sem pólitísk samstaða virðist ekki ríkja um. Í áætluninni var einnig boðað að fjármálareglur myndu taka breytingum og svokölluð stöðugleikaregla taka við afkomureglu. Í umsögn ASÍ um breytingar á fjármálareglum taldi ASÍ til bóta að innleidd yrði stöðugleikaregla í stað afkomureglu sem væri til bóta og líklegri til að styðja við grunnngildi laga um opinber fjármál⁷.

⁶ <https://vinnan.is/oskiljanleg-akvordun-peningastefnunefndar/>

⁷ Sjá umsögn ASÍ, <https://www.althingi.is/altext/erindi/156/156-528.pdf>

Í fjármálaáætlun var einnig boðað að heimild til samsköttunar milli skattþrepa verði felld niður. Í almennri umræðu mátti skilja að samsköttun verði alfarið hætt en samsköttun felst m.a. í samnýtingu persónuafsláttar sem áfram verður heimil og hins vegar samnýtingu skattþrepa. Þegar núverandi tekjuskattskerfi var innleitt með upptöku staðgreiðslu tekjuskatts var sambúðaraðilum gert kleift að millifæra ónýttan persónuafslátt sín á milli. Í upphafi var heimilt að nýta allt að 80% af ónýttum persónuafslætti en heimildin var rýmkuð í 100% árið 2003.

ASÍ taldi til bóta að heimild til samnýtingar skattþrepa verði afnumin. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem stefnt er að afnámi heimildarinnar. Það kom einnig til skoðunar þegar skattþrepum var fækkað árið 2016 og einnig við endurskoðun tekjuskattskerfisins árið 2019 en þá stóð til að afnema heimildina og nýta fjármagnið til frekari lækkunar á neðsta skattþrepi. Í umsögninni sagði:

„Nokkuð hefur verið ritað um að afnám heimildarinnar hafi sérstaklega neikvæð áhrif á ungt barnafólk. Það er mat ASÍ að almennur skattaafsláttur sem nýtist eingöngu sambúðaraðilum þar sem annar aðili er í efsta skattþrepi sé ekki skilvirk leið til að styðja við barnafjölskyldur sem glíma tímabundið við tekjufall og aukinn kostnað vegna barneigna. Mun eðlilegra væri að nýta fjármunina til að efla barnabótakerfið, fæðingarorlofskerfið eða til að auka aðgengi að leikskólum og draga úr kostnaði heimila vegna leikskóla. Samhliða gerð kjarasamninga vorið 2024 voru boðaðar markvissar aðgerðir við að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla. ASÍ hvetur stjórnvöld eindregið áfram í þeirri vinnu. Barnafjölskyldur búa í dag við óviðunandi ástand þar sem skortur á dagvistunarúrræðum leiðir til verulegs kostnaðar fyrir heimili og atvinnulíf ásamt því að hafa neikvæð áhrif á atvinnuþátttöku.“

Tillögur hagræðingarhóps gagnrýndar

Tillögur hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar voru kynntar í byrjun mars en tillögurnar byggðu m.a. á opnu samráðsferli í gegnum Samráðsgátt stjórnvalda. Alþýðusambandið hefur almennt lagt áherslu á að farið sé vel með opinbert fé og að stjórnvöld þurfi að horfa til aðgerða bæði á útgjalda- og tekjuhlið til að ná fram jöfnuði í ríkisfjármálum. Þar á að vera viðvarandi verkefni að ná fram sem bestri nýtingu fjármuna en með það að markmiði að tryggja nauðsynlega opinbera þjónustu. ASÍ hafnaði tillögum sem miða að því að auka gjaldtöku eða draga úr aðgengi að þjónustu eða ná sparnaði fram með lakari kjörum eða aðstæðum launafólks.

Tillögur hagræðingarhópsins ollu vonbrigðum verandi í mörgum tilfellum illa útfærðar, illa rökstuddar og ekki til þess fallnar að ná fram sparnaði. ASÍ tók undir mikilvægi þess að ná fram hagræðingu í opinberum innkaupum og í samrekstri stofnana. Tillögur um breytingar á lagaumhverfi vinnumarkaðarins, heimildum ríkissáttasemjara og breytt hlutverk mikilvægra eftirlitsstofnana eru hins vegar ekki til þess fallnar að ná fram neinni hagræðingu fyrir ríkissjóð og hefur miðstjórn ASÍ gagnrýnt slík áform harðlega⁸.

Varað við aukinni efnahagslegri óvissu

Í umsögn ASÍ um fjármálaáætlun var varað við því að þó mjúk lending hagkerfisins geti verið í auglýsingu ríki mikil óvissa um efnahagshorfur vegna alþjóðlegra vendinga. Þar sagði „bæði OECD og AGS hafa fært niður efnahagsspár sínar og efnahagsleg óvissa mælist svipuð og við upphaf heimsfaraldurs, samkvæmt mælikvarða OECD á efnahagslega óvissu. Við slíkar aðstæður er nauðsynlegt að tryggja varfærni í áætlanagerð. Þó Ísland kunni að verða fyrir takmörkuðum beinum áhrifum af tollastríðum er hætta á að

⁸ Sjá <https://vinnan.is/alyktun-midstjornar-um-tillogur-starfshops-um-hagraedingu-i-rikisrekstri/>

neikvæð óbein áhrif verði meiri á íslenskt hagkerfi, m.a. í gegnum samdrátt í okkar helstu viðskiptalöndum, minni ferðavilja yfir Atlantshafið og áhrif á framleiðslukeðjur milli landa.“



Kjaramálin rædd í hringferð forseta.

Kjaramál

Kjarasamningslotan frá 2024

Árið 2024 voru kjarasamningar endurnýjaðir fyrir flest launafólk með gildistíma til ársins 2028. Almennnt var samið um blandaða leið krónutölu- og prósentuhækkana. Kjarasamningarnir á almennum vinnumarkaði leiddu samningalotuna með undirritun fyrstu samninga í mars 2024. Í þeim samningum stéttarfélaganna innan ASÍ var lagt upp með að stuðla að lækkun verðbólgu og vaxta, auka kaupmátt launafólks, skapa fyrirsjáanleika í efnahagslífinu, draga úr verðbólguvæntingum og styrkja samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

Á opinberum markaði komust fyrstu kjarasamningarnir í lotunni á í júní 2024 og flestum samningum þar var lokið á síðari hluta ársins. Samningar opinbera markaðarins gilda afturvirkir frá apríl 2024 til mars 2028 en í samningunum var samið um launahækkanir sem byggðu á samningum almenna markaðarins.

Framvinda kjarasamninga og umfang þeirra

Kjaratölfræðinefnd (KTN) tók saman í vorskýrslu nefndarinnar fyrir 2025 að frá mars 2024 til sumars 2025 voru gerðir nærri 250 kjarasamningar á vettvangi heildarsamtaka launafólks, innan SA og hjá ríki og sveitarfélögum. Í þeim samningum voru tæp 189 þúsund manns á kjörskrám stéttarfélaganna. Nefndin áætlaði að þá stæðu eftir um 30 kjarasamningar fyrir um 3.000 manns, innan við 2% launafólks.

Í áðurnefndri vorskýrslu KTN var yfirlit yfir framvindu kjarasamninga með talningu þeirra og fjölda launafólks sem samið var fyrir frá undirritun samninga í mars 2024. Í 26 samningum á almennum vinnumarkaði strax í mars voru komnir á samningar fyrir flest launafólk á almennum vinnumarkaði. Samningarnir í mars 2024 náðu til hátt í 110 þúsund manns, meirihluta þeirra sem samið er fyrir.

Sameiginlegur kjarasamningur ríkis og sveitarfélaga við aðildarfélög KÍ var síðasti stóri hópurinn í lotunni þegar kjarasamningur komst á fyrir rúma 11 þúsund félagsmenn sambandsins. Til verkfallsaðgerða kom

meðal aðildarfélaganna Kennarasambands Íslands í 33 skólum á tímabilinu október 2024–febrúar 2025. Samningurinn byggði á innanhússtillögu ríkissáttasemjara sem var ólíkt öðrum samningum í lotunni. Tillagan fól í sér framlengingu á kjarasamningum KÍ til 2028 og að unnið verði að virðismatskerfi og það nýtist til grundvallar launasetningu kennara.

Kauptaxtaauki í apríl 2025

Forsendunefnd kjarasamninga úrskurðaði að kauptaxtaauki virkjaðist 1. apríl 2025. Kauptaxtaaukinn fól í sér hækkun lágmarkstaxta kjarasamninga um 0,58%. Forsendur þessa voru hækkun launavísitölu á almennum markaði umfram umsamdar taxtahækkanir.

Samkvæmt kjarasamningum á árunum 2024–2028, ber nefndinni að fylgjast með efnahagslegum forsendum og mögulegum áhrifum á markmið samninga um minnkun verðbólgu og lækkun vaxta. Einnig verður lagt mat á samningsforsendur í september 2025 og september 2026 auk þess sem úrskurðað verður um kauptaxtaauka samninganna að nýju fyrir apríl 2026 og apríl 2027.

Við úrskurð forsendunefndar um kauptaxtaauka í mars 2025 var haldið til haga að verðbólga mældist um 8% þegar undirbúningur kjarasamninga hófst haustið 2023. Forsendunefndin var sammála um að árangur samninganna hafi verið merkjanlegur, verðbólga mældist 4,2% við úrskurð sinn og 2,7% ef horft er fram hjá áhrifum húsnæðisverðs. Kaupmáttur launa jókst því á fyrsta ári samnings. Forsendunefndin sagði mikilvægt að stjórnvöld, Seðlabanki Íslands og fyrirtæki vinni áfram að markmiðum samninganna og skapi þannig forsendur fyrir áframhaldandi minnkun verðbólgu og lækkun vaxta. Þar telur nefndin brýnt að ríki og sveitarfélög vinni með peningastefnunni, gæti hófs í álagningu gjalda og taki markviss skref í íbúðauppbýggingu.

Launatöfluauki opinberra kjarasamninga

Nefnd um launatöfluauka opinberra kjarasamninga, skipuð fulltrúum heildarsamtaka launafólks (BHM, KÍ, BSRB og ASÍ) og launagreiðenda (ríki, Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg), komst að þeirri niðurstöðu að launatöfluauki virkjaðist í kjarasamningum ríkis við stéttarfélög innan BHM og BSRB sem uppfylltu forsendu um að semja fyrir tilskilinn tíma. Þannig hækkuðu launatöflur ríkis við BHM félög sem féllu undir um 1,24% og hjá BSRB um 0,75%. Launatöflur viðkomandi stéttarfélaga tóku breytingum þann 1. september 2025. Launatöflur annarra félaga breytast ekki.

Tilgangur launatöfluauka, sem er að finna í viðauka kjarasamninga stéttarfélaga við opinbera launagreiðendur, er að stuðla að því að þróun launakostnaðar starfsfólks á opinberum markaði innan vébanda heildarsamtaka haldi að jafnaði í við þróun launakostnaðar sambærilegra hópa á almennum markaði.

Á fundi við afgreiðslu launatöfluauka lagði Kennarasamband Íslands fram skoðun sína að sambandið hafði ígildi kjarasamnings innan tilskilins tíma og því eigi félagsfólk KÍ rétt á launatöfluauka. Innan nefndar bókaði einungis KÍ að sambandið ætti að eiga rétt á auknum en verkfallslotur KÍ stóðu fram á vorið 2025 og samningur var samþykktur með atkvæðagreiðslu félagsfólks í mars 2025.

Launa- og forsendunefnd kjarasamninga

Við ritun skýrslu forseta var launa- og forsendunefnd að störfum við rýni stöðunnar varðandi forsendur kjarasamninga um verðlagsþróun og efndir á aðgerðum í yfirlýsingu ríkisstjórnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem gefin var út í tengslum við samningana. Verðlagsforsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði eru að 12 mánaða verðbólga í ágúst 2025 verði 4,95% eða lægri og reyndist verðbólga í mánuðinum 3,8%. Einnig er forsenda að lagabreytingar sem heitið var í yfirlýsingu ríkisstjórnar hafi náð fram að ganga. Nefndinni ber að horfa heildstætt til stöðu efnahagsmála og viðbragð við frávikum frá samningsmarkmiðum á að hafa jákvæð áhrif á framvindu markmiða samninganna um efnahagslegan stöðugleika, lækkun verðbólgu og vaxta. Verði forsendubrestur og ekki næst samkomulag um viðbrögð við honum skal sá samningsaðila sem vill ekki að samningurinn haldi gildi sínu tilkynna um það í síðasta lagi 8. október og fellur samningurinn þá úr gildi í lok mánaðarins.



Húsnæðismál

Þrátt fyrir veruleg umsvif í mannvirkjagerð á árunum 2019–2023 hefur fjölgun íbúða ekki verið næg til að vega upp uppsafnaðan skort á árunum eftir hrun eða mæta mikilli fólksfjölgun undanfarinn áratug. Þessar aðstæður ásamt lækkun vaxta í kjölfar heimsfaraldurs leiddu til mikilla hækkana á húsnæðisverði og verulegrar spennu á leigumarkaði. Af þeim sökum hefur húsnæðiskostnaður verið ráðandi þáttur í verðbólguþróun um langt skeið og í vaxandi mæli leitt til versnandi lífskjara, sérstaklega meðal tekjulágra á leigumarkaði. Þannig mældist verðbólga að jafnaði 3,9% á árunum 2013–2025 en 2,5% ef horft er fram hjá áhrifum húsnæðiskostnaðar.

Seðlabankinn hefur gripið til margvíslegra aðgerða frá árinu 2023 til að bregðast við áhrifum sem leiða af spennu á húsnæðismarkaði. Bankinn hefur hækkað vexti til að stuðla að verðstöðugleika og gripið til sérstakra lánþegaskilyrða á húsnæðismarkaði til að stuðla að fjármálastöðugleika. Samspil hás raunverðs húsnæðis, hárra vaxta og lánþegaskilyrða hafa þung áhrif á getu fyrstu kaupenda til að komast inn á húsnæðismarkað. Hátt fasteignaverð kallar því á mikið eigið fé hjá fyrstu kaupendum og háir vextir

og lánþegaskilyrði gera þeim erfitt fyrir að standast greiðslumat eða uppfylla skilyrði um greiðslubyrðarhlutfall⁹.

Þrátt fyrir þessar aðgerðir Seðlabankans er ekki hægt að segja að frost ríki á húsnæðismarkaði. Að jafnaði voru gerðir 934 kaupsamningar á mánuði á fyrstu fimm mánuðum ársins 2025 sem er sambærilegt við veltu ársins 2022 og meira en á árinu 2023. HMS hefur bent á að sölutími hafi vissulega lengst en fyrst og fremst á nýjum íbúðum til sölu. Þær íbúðir séu dýrari og stærri en aðrar íbúðir¹⁰, en einungis 12% af íbúðum í sölu kosti innan við 60 milljónir króna. Tölurnar benda til þess að til viðbótar við takmarkanir af völdum vaxta og útlánaskilyrða sé einnig ósamræmi á milli framboðs og þarfa kaupenda. Núríkjandi aðstæður á húsnæðismarkaði benda til þess að verð á eignum, hátt vaxtastig og þröng lánþegaskilyrði ýti undir spennu sem byggist upp á leigumarkaði en þar hefur ekkert lát hefur verið á hækkun á leiguverði þar sem meðal árshækkun hefur verið yfir 10% þá mánuði sem liðnir eru af árinu 2025.

Óvíst hvort húsnæðisþörf verði mætt

Í nýlegum úttektum bæði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og OECD¹¹ er staðan á húsnæðismarkaði til ítarlegrar umfjöllunar. OECD bendir á að framboð húsnæðis þurfi að aukast en Ísland sé fyrir ofan meðaltal OECD-rikja þegar horft er á húsnæðisbyrði leigjenda og þröngbýli. Þar þurfi að gera áætlanir til langs tíma við uppbyggingu húsnæðis til að koma í veg fyrir misræmi milli framboðs og eftirspurnar. Í úttekt AGS¹² er einnig bent á að húsnæðisframboð hafi ekki aukist í takt við aukna eftirspurn:

„Housing imbalances reflect a combination of demand and supply factors: Demand has been bolstered by increasing disposable incomes, rapid population growth, a rise in short-term rentals targeted at the tourism industry, and more recently the decline in interest rates and one-off factors related to the volcanic activity. There is also a structural increase in demand as the number of residents per household gradually declines toward levels in other Nordic countries. Meanwhile, housing supply has failed to keep pace. Housing affordability remains a concern, especially for renters and low-income households.“

Í júlí 2022 undirrituðu ríki og sveitarfélög rammasamning¹³ um aukið framboð íbúða á árunum 2023–2032 og sameiginlega sýn og stefnu í húsnæðismálum. Grundvallarforsenda samningsins var að sveitarfélög myndu leggja áherslu á að útvega byggingarhæfar lóðir til samræmis við húsnæðisáætlanir og ríkið myndi tryggja fjármuni í húsnæðisstuðning til móts við uppbyggingu. Reykjavík er eitt af fáum sveitarfélögum sem gerst hafa aðilar að rammasamningnum¹⁴.

⁹ HMS hefur bent á að lánþegaskilyrðin hafi leitt til þess að fækka eignum sem rúmast innan lánþegaskilyrða, þ.e. lítið er um ódýrar eignir sem gera tekjulægri kaupendum kleift að koma inn á húsnæðismarkað. Sjá t.d. https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/IRN/Frettatengt-skjol/Graenbok%20um%20husnaedis-%20og%20mannvirkjamal_endanleg%20utgafa.pdf


¹⁰ Sjá <https://hms.is/frettir/fasteignamarkadurinn-aukid-frambod-ibuda-a-hofudborgarsvaedinu-skyrist-alfarid-ad-dyrari-ibudum>

¹¹ Sjá https://www.oecd.org/en/publications/oecd-economic-surveys-iceland-2025_890dbe05-en.html

¹² Sjá <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/lisla2025001-print-pdf.pdf>

¹³ Sjá https://hms-web.cdn.prismic.io/hms-web/225348b7-df25-44cb-a905-d30482c6b5aa_Rammasamningur+IRN+Samband+HMS+-+undirrita%C3%B0.pdf

¹⁴ Sjá <https://reykjavik.is/frettir/2023/timamotasamkomulag-rikis-og-borgar-um-husnaedisuppbyggingu>



Heimild: Hagstofa Íslands, HMS

Rammasamningurinn byggði á ítarlegri kortlagningu starfshóps um aðgerðir og umbætur á húsnæðismarkaði. Mat starfshópsins var að byggja þyrfti 35 þúsund íbúðir á næstu 10 árum til að mæta fólksfjölgun en til viðbótar var uppsöfnuð og óuppfyllt íbúðapörf metin um 4.500 íbúðir. Mat hópurinn að byggja þyrfti að *lágmarki* 4 þúsund íbúðir á ári á fyrstu fimm árum samningsins og 3.000 á ári á síðari fimm árunum. Nýrri tölur HMS¹⁵ benda þó til þess að áætluð íbúðapörf við gerð rammasamnings hafi fremur verið varfærin. Markmið rammasamkomulagsins eru því nær miðspá HMS á íbúðapörf á fyrstu fimm árunum en nær lágspánni á síðari fimm árunum.

Raunveruleg óvissa ríkir um hvort það takist að byggja í takt við þörf á næstu árum. Íbúðatalningar HMS hafa bent til þess að íbúðaframboð sé fremur að dragast saman en að aukast¹⁶. Nýleg spá HMS um fullgerðar íbúðir á næstu árum sýnir að nokkur þróttur hafi verið í mannvirkjagerð þrátt fyrir hátt vaxtastig. Sé spáin skoðuð samhliða markmiðum rammasamkomulags og áætlun um íbúðapörf má telja verulegar líkur á því að áframhaldandi spennan verði á húsnæðismarkaði á næstu árum¹⁷. Gangi spá HMS um fullgerðar íbúðir eftir mun þegar vera kominn halli upp á 3 þúsund íbúðir á fyrstu fimm árum rammasamkomulagsins.

Rjúfa þarf kyrrstöðuna á húsnæðismarkaði

Aðstæður á húsnæðismarkaði sem vinna gegn jöfnuði, viðhalda verðbólgu og læsa tekjulága í fátæktargildrum á hagnaðardrifnum leigumarkaði eru með öllu óásættanlegar. Alþýðusambandið hefur undanfarið haft frumkvæði að því að kalla eftir aukinni uppbyggingu viðráðanlegs húsnæðis bæði á leigu og eignarmarkaði. Í mars 2025 var undirrituð viljayfirlýsing af ASÍ, BSRB og Reykjavíkurborg¹⁸ um að skoða í sameiningu mögulegar aðgerðir til að auka framboð á húsnæði og flýta innviðauppbbyggingu í Reykjavík. Samhliða undirritun var skipaður starfshópur með fulltrúum framangreindra aðila þar sem m.a. hafði það hlutverk að skoða hvernig flýta mætti uppbyggingu allt að 3 þúsund íbúða í Úlfarsárdal.

¹⁵ Byggir á mati sveitarfélaga á íbúðafjölgun

¹⁶ Sjá <https://hms.is/frettir/nyjar-ibudir-naegja-ekki-vaxandi-ibudathorf>

¹⁷ Sjá <https://hms.is/skyrslur/ibudir-i-byggingu>

¹⁸ Sjá <https://vinnan.is/undirritudu-viljayfirlysingu-um-husnaedismal/>

Samhliða undirritun birti Finnbjörn A. Hermannsson grein þar sem minnt var á að verkalýðshreyfingin hefur oft í sögu sinni átt frumkvæði að uppbyggingu íbúðarhúsnæðis. Þar má nefna verkamannabústaðina sem reistir voru í vesturborginni á fjórða áratug síðustu aldar, öll byggingasamvinnufélögin sem byggt hafa yfir heilu starfsstéttirnar, Breiðholtið og Bjarg íbúðafélag sem BSRB og ASÍ stofnuðu árið 2016 og náð hefur eftirtektarverðum árangri – byggt meira en 1.000 íbúðir þar sem leigjendur njóta mun betri kjara en á almennum markaði¹⁹.

Árásir hagsmunaaðila á viðráðanlegt húsnæði

Á vormánuðum 2025 setti Viðskiptaráð fram ítrekaða gagnrýni á uppbyggingu almenna íbúðakerfisins þar sem stofnframlög hins opinbera voru gagnrýnd og lagt til að kerfið væri lagt niður í heild sinni. Forseti ASÍ svaraði gagnrýni Viðskiptaráðs margsinnis og benti þar á að afleit staða á húsnæðismarkaði hafi komið niður á almenningi en einnig tryggt félagsmönnum Viðskiptaráðs, þ.e. verktökum og hagnaðardrífnum leigusölum, mikla arðsemi²⁰. Að lokum sendi Viðskiptaráð erindi til eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) vegna meints ólögmæts ríkisstuðnings við almenn íbúðafélög sem starfa skv. lögum nr. 52/2006.

Í greinum forseta ASÍ var farið yfir aðdraganda almenna íbúðakerfisins, þar sagði: „Bjarg íbúðafélag var stofnað árið 2016 sem viðbragð við óviðunandi aðstæðum á húsnæðismarkaði. Á þeim tíma hafði uppsafnaður húsnæðisskortur og mikil fólksfjölgun leitt til mikilla hækkana á húsnæðisverði og leiguverði með neikvæðum áhrifum á húsnæðisöryggi og líf skjör almennings. Afleiðingin var tvískiptur húsnæðismarkaður, þeirra sem eiga og þeirra sem bjuggu á afleitum leigumarkaði og áttu engan kost á að safna sér fyrir útborgun í húsnæði.

Síðan þá hefur Bjarg íbúðafélag byggt yfir þúsund íbúðir og tryggt þúsundum manns húsnæðisöryggi og viðráðanlegan húsnæðiskostnað. Verkefninu er þó hvergi nærri lokið enda um 4 þúsund fjölskyldur á biðlista eftir íbúð hjá Bjargi.“ Einnig benti hann á þá staðreynd að hinn frjálsi markaður hafi hvergi nærri mætt uppsafnaðri þörf eftir leiguhúsnæði heldur þvert á móti, hafi hagnaðardrífni leigufélög þrýst upp leiguverði langt umfram verðlags- og launaþróun.

¹⁹ Sjá <https://vinnan.is/vilji-til-ad-rjufa-kyrrstodu-i-husnaediskreppunni/>, <https://vinnan.is/hvernig-husnaedismarkad-vill-vidskiptarad/>, <https://vinnan.is/vindhogg-vidskiptarads/>, <https://vinnan.is/rangfaerslur-vidskiptarads/>




Lífeyrismál


Á árinu 2024 skiluðu samtryggingadeildir lífeyrissjóða góðri afkomu, með jákvæða raunávöxtun upp á 6,8%. Til samanburðar stóð hún nær óbreytt árið á undan, með 0,4% hreina raunávöxtun árið 2023. Sé litið yfir fimm ára tímabil er meðalraunávöxtun samtryggingadeilda 2,9%, og yfir síðustu tíu ár nemur hún að meðaltali 4,1%, umfram 3,5% langtíma uppgjörsviðmið lífeyrissjóða.

Mikill munur er enn á tryggingafræðilegri stöðu lífeyrissjóða launafólks eftir því hvort um er að ræða almenna eða opinbera vinnumarkaðinn, þar sem staða opinberu sjóðanna er töluvert verri. Hjá lífeyrissjóðum launafólks innan ASÍ hefur tryggingafræðileg staða samtryggingadeilda batnað, sem markar viðsnúning eftir þrjú ár þar sem hún annaðhvort versnaði eða stóð í stað. Í árslok var staðan neikvæð um 145 milljarða, sem er 173 milljörðum betri staða en ári áður, en þá nam neikvæða staðan 318 milljörðum.

Tryggingafræðileg staða samtryggingadeilda lífeyrissjóða innan ASÍ var um síðustu áramót neikvæð sem samsvarar 2,05% af skuldbindingum þeirra. Sama hlutfallið hjá samtryggingadeildum opinberu sjóðanna var neikvætt um tæp 25%. Neikvæð staða samtryggingadeilda opinberu sjóðanna nam 1.011 milljörðum í árslok 2024, og hefur sú staða versnað um 525 milljarða frá árinu 2013.



Síðustu ár fjölga lífeyrisþegum lífeyrissjóðanna nokkuð árlega þar sem fjölmennir árgangar ná eftirlaunaaldri og mun sú þróun halda áfram næstu árin. Lífeyrissjóðirnir greiddu samtals um 139 þúsund manns ellilífeyri á árinu, 67 þúsund konur og tæp 72 þúsund karlar, en nokkuð er um að einstaklingar séu tvítaldir vegna réttinda í fleiri en einum sjóði. Þar af fengu um 88 þúsund manns greiddan ellilífeyri úr almennum lífeyrissjóðunum sem aðildarfélög ASÍ eiga aðild að. Frá árinu 2014 hefur þeim sem fá greiddan ellilífeyri úr lífeyrissjóðunum fjölgað um ríflega 69 þúsund, eða um rúm 98%. Samkvæmt bráðabirgðatölum, úr skattskýrslum ársins 2024, fengu 55.958 einstaklingar, 68 ára og eldri, lífeyri frá samtryggingadeildum lífeyrissjóða.



Lífeyriskerfi Íslands í öðru sæti í alþjóðlegum samanburði

Eins og árinu áður skipaði íslenska lífeyriskerfið annað sæti í alþjóðlegum samanburði á lífeyriskerfum 48 ríkja um allan heiminn haustið 2024, en árin 2021 og 2022 fékk íslenska lífeyriskerfið hæstu einkunn allra landa. Það er bandaríska ráðgjafarfyrtækið Mercer og samtökin CFA Institute sem standa að úttektinni. Úttektin lýtur að þremur grunnþáttum lífeyriskerfa sem eru nægjanleiki, sjálfbærni og traust. Íslenska lífeyriskerfið hlaut hæstu einkunn fyrir sjálfbærni kerfisins og var það þriðja árið í röð.

Samráðshópur ASÍ og SA um lífeyrismál – fundur í desember 2024

Samráðshópur Alþýðusambandsins og Samtaka atvinnulífsins um lífeyrismál efndi til fundar 6. desember 2024 í Húsi fagfélaganna, við Stórhöfða í Reykjavík. Fundarefnið var Sérnit Seðlabankans um umsvif lífeyrissjóða á fjármálamarkaði og æskilegar umbætur á löggjöf um lífeyrissjóði sem gefið var út í október 2024. Gestir fundarins voru Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri og sérfræðingar bankans sem komu að gerð skýrslunnar.

Finnbjörn A. Hermannsson, forseti Alþýðusambands Íslands, gerði grein fyrir afstöðu verkalyðshreyfingarinnar í stuttu upphafsávarpi. Sigríður Margrét Oddsdóttir framkvæmdastjóri fjallaði um sýn Samtaka atvinnulífsins til lífeyriskerfisins. Í máli beggja komu fram verulegar efasemdir um ýmsar ábendingar og hugmyndir um breytingar á lögum og starfsháttum lífeyrissjóða. Af hálfu Seðlabankans var lögð áhersla á að sérritið væri fyrst og fremst hugsað til þess að skapa umræðu um kerfið og að ekki stæði til að þröngva breytingum á því upp á Alþýðusambandið og Samtök atvinnulífsins.

Fundurinn hófst með ávarpi Finnbjörns sem telur mikilvægt að fram fari samtal um efni, inntak og þróun lífeyriskerfisins. Jafnframt sé mikilvægt að regluleg samskipti eigi sér stað við stjórnvöld til að tryggja að fyrirkomulag kerfisins sé í takt við kjarasamning og þjóni hagsmunum sjóðsfélaga. Dæmi um þetta séu hugmyndir um sköttun inngreiðslna í lífeyrissjóði. Finnbjörn sagði ljóst að verði tillagan að veruleika verði sjálfum grundvelli lífeyriskerfisins rústað.

Finnbjörn ræddi sögu lífeyriskerfisins og lagði áherslu á að sjóðirnir séu í eigu sjóðsfélaga, á samningssviðinu félagsmanna aðildarfélaganna innan ASÍ. Hann sagði ekki unnt að horfa fram hjá sérstöðu sjóðanna sem séu ekki fjármálastofnanir heldur liður í félagslegu kerfi.

Í ávarpinu var víkið að stjórnarskipan og hún sem og hæfnikröfur stjórnarmanna sagðar vel skilgreindar. Virkt fulltrúalyðræði sé á réttað í kjarasamningi ASÍ og SA um lífeyrismál. Þar sé kveðið á um tilnefningar, samráð og kynjahlutföll. Eðlilegt sé að baklandið eigi sína sjálfstæðu fulltrúa í stjórn. Reynslan af þessu kerfi sé góð og mikilvægt sé að fara varlega í breytingar sem þá þurfi að skoðast í því kjarasamningsbundna fyrirkomulagi sem sátt sé um.

Forseti ASÍ hélt til haga að ekki megi missa sjónar á árangri kerfisins. Sótt sé að kerfinu úr ýmsum áttum og nefndi forsetinn að dregið hafi úr fyrirsjáanleika þess s.s. með heimildum til að ganga á séreignarsparnað. Samtryggingin sé eftir sem áður kjarninn. Örorkubyrði lífeyrissjóða hafi verið jöfnuð með greiðslum úr ríkissjóði. Það samkomulag hafi verið rofið og því biði að rétta kerfið af. Eðlilegt sé að jafna byrði með greiðslum úr ríkissjóði.

Í ávarpi sínu kom Finnbjörn inn á að reglulega skapist kunnugleg umræða um skylduaðild og markaðsvæðingu lífeyriskerfisins. Og nú sé lagt til að kerfið stuðli að stöðugleika í gjaldmiðilsmálum. Samtrygging og samstaða aðila vinnumarkaðarins nái nú yfir nær sex áratugi. Lauk forseti ASÍ erindi sínu á að ef til vill sé tímabært að endurskoða samninginn í heild – góðan samning megi alltaf bæta.

Ásgeiri Jónsson seðlabankastjóri og sérfræðingar bankans fjölluðu um sérritið sem lýtur að fjármálahluta lífeyriskerfisins. Ritinu er ætlað að skapa umræðu en ekki leggja fram fastmótaðar tillögur. Ásgeir lagði áherslu á mikilvægi félagslegs samtryggingarkerfis í sátt við þjóðina og sagði að aðilar vinnumarkaðarins hefðu sinnt kerfinu vel.

Tekið var fram að í umræðuskýrslunni sé ekki að finna sérstaka umfjöllun um neytendavernd og réttindi sjóðfélaga. Þeir hagsmunir séu þó undirliggjandi. Lífeyrissjóðalöggjöfin byggir á neytendavernd. Í ritinu kemur fram að Seðlabankinn telur mikilvægt að rýna fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða. Þannig var nefnt að „skynsemisregla“ ætti að vera ráðandi í fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða. Þá telja þeir seðlabankamenn að samræma ætti, eftir því sem við á, lög um lífeyrissjóði við löggjöf um aðra eftirlitsskylda aðila á fjármálamarkaði.

Eins var haldið til haga af fulltrúum bankans að kerfið varði fjármálastöðugleika þar sem sparnað landsmanna sé að finna þar. Seðlabanki Íslands leggur fram í því sjónarmiði að þörf sé að samræma löggjöf um lífeyrissjóði við aðrar fjármálastofnanir, þar sem kerfið hafi að mestu staðið utan þróunar síðustu ára. Skynsemisregla ætti að leysa af hólmi magnbundnar takmarkanir á fjárfestingum, og áhersla er lögð á meiri áhættudreifingu, samráð og sveiflujöfnun.

Lífeyriskerfið er stórt, með eignir upp á 8.000 milljarða króna. Þrír stærstu sjóðirnir halda utan um helming eigna og erlendar eignir nema 36%. Fjallað var um lýðfræðilegar áskoranir og að hækkun eftirlaunaaldurs gæti orðið óhjákvæmileg innan 20 ára. Í heild var lögð áhersla á nauðsyn þess að laga lífeyriskerfið að breyttum aðstæðum og efla umræðu um framtíð þess.

Sigríður Margrét Oddsdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, gerði grein fyrir afstöðu SA til umræðuskýrslu Seðlabanka. Fór hún yfir að alþjóðlegar vísitölur segi íslenska lífeyriskerfið eitt það besta í heimi. Vega þurfi og meta hvort vænta megi þess að raunverulegur ávinningur muni fylgja þeirri aðlögun löggjafar sem Seðlabankinn mæli fyrir. Breytingar þær sem Seðlabankinn mæli fyrir muni fela í sér aukinn kostnað. Markmið sé alltaf hið sama; að aldrað fólk fái notið fjárhagslegs sjálfstæðis. Þá sé nauðsynlegt að regluverkið taki mið af umræðu á evrópskum vettvangi þar sem sú skoðun njóti nú vaxandi fylgis að einfalda þurfi regluverk fjármálakerfisins.

Framkvæmdastjóri SA sagði SA telja jákvæða þá tillögu Seðlabankans um að „skynsemisreglan“ leysi magnbundnar takmarkanir af hólmi en geldur varhug við að lífeyrissjóðir verði nýttir sem tæki til sveiflujöfnunar í hagkerfinu. Almennt sé afstaða SA sú að komið verði í veg fyrir íþyngjandi regluverk við innleiðingu evrópskra reglugerða hér á landi.

Samráðshópur ASÍ og SA – fundur í september 2025

Þann 5. september 2025 var haldinn samráðsfundur SA og ASÍ um samspil almannatrygginga og lífeyrissjóða þegar kemur að örorkulífeyri. Á fundinum hélt Sigríður Margrét Oddsdóttir, framkvæmdastjóri SA, erindi þar sem hún fjallaði um mikinn kostnað ríkissjóðs og vinnumarkaðar vegna örorku, skerðingar á eftirlaunaréttindum og félagslega einangrun öryrkja. Hún benti á að 85% fjárframlaga ríkisins fari í almannatryggingar eða bætur, sem verði 38% af heildargjöldum ríkissjóðs árið 2030. Nýtt örorkubótakerfi tók gildi 1. september 2025, en hún gagnrýndi að starfsendurhæfing hefjist of seint. Núverandi staða sé óásættanleg og vinnumarkaðurinn verði að axla ábyrgð á lausnum.

Gylfi Arnbjörnsson, verkefnastjóri í fjármálaráðuneytinu, kynnti nýtt örorkubótakerfi sem byggir á einfaldara skipulagi og samþættu sérfræðimati. Hann varaði við samskiptaleysi milli TR og lífeyrissjóða, sem gæti aukið ójöfnuð. Þrátt fyrir góða stöðu Íslands í alþjóðlegum samanburði hefur kostnaður vegna

örorku hækkað mikið. Gylfi hvatti til þess að horfa til erlendra fyrirmýnda og bregðast fyrir við með endurhæfingu.

Finnbjörn A. Hermannsson, forseti ASÍ, lagði áherslu á að móta þurfi heildstæða lausn í áföngum og að áhrif vinnuumhverfis á örorku verði skoðuð sérstaklega. Hann sagði nauðsynlegt að fjármálaráðherra standi við samkomulag um jöfnunarframlag til að tryggja vinnufrið, og að allar hugmyndir um nýja sjóði fari í gegnum félagslegt samráð innan ASÍ.

Jón Ólafur Halldórsson, formaður stjórnar SA, lagði fram sjö meginatriði sem gott örorku- og endurhæfingarkerfi þurfi að uppfylla, m.a. einfaldleika, sjálfbærni og hvata til atvinnuþátttöku. Hann gagnrýndi núverandi kerfi fyrir að bregðast í þessum þáttum og lagði til að réttindi verði tengd skyldu til endurhæfingar. SA kallar eftir heildstæðri kerfisbreytingu sem snertir veikindarétt, endurhæfingu og örorku.

Í umræðum tók Vilhjálmur Birgisson, formaður SGS, til máls og lagði áherslu á að verkafólk og lágtækjufólk hafi orðið af hlunnindum og beri of þunga byrði örorku. Hann gagnrýndi ójafnt jöfnunarframlag og sagði að ef það verði felld niður aukist ójöfnuður. SGS og Efling muni ekki taka þátt í frekari vinnu um framtíðarlausn nema jöfnunin verði tryggð með skýrum hætti.

Uppgjör og slit ÍL-sjóðs

Tilraunir stjórnvalda til að leysa úr skuldastöðu ÍL-sjóðs hafa staðið yfir frá árinu 2022, þegar fjármálaráðherra lagði fram hugmyndir um uppgjör og slit sjóðsins. Í kjölfar þeirrar kynningar féll verðmæti skuldabréfa ÍL-sjóðs hratt og viðskipti með þau stöðvuðust nánast alfarið. Verðbréfin, svokölluð HFF-bréf, voru óuppgreiðanleg skuldabréf með ríkisábyrgð, á meðan lánin sem þau fjármögnuðu voru uppgreiðanleg. Þetta leiddi með tímanum til mikils rekstrarvanda þar sem eignahlið sjóðsins rýrnaði, en skuldahliðin stóð eftir óbreytt.

Í kjölfarið átti sér stað viðamikil og viðkvæm umræða milli stjórnvalda og helstu eigenda skuldabréfanna, lífeyrissjóða landsins. Sjóðirnir lýstu því yfir að engar forsendur væru fyrir að gefa eftir kröfur um fullar efndir, enda hefði ítrekað verið staðfest með lögfræðialítum að einhliða slit eða uppgjör gæti falið í sér eignaupptöku og brot gegn stjórnarskrá og mannréttindasáttmála Evrópu. Boðaðar lagasetningar um slit sjóðsins hefðu leitt til verulegs taps fyrir sjóðfélaga og aukins réttarágreinings.

Fjármálaráðuneytið lagði í mars 2023 fram áformaskjal um frumvarp sem mælti fyrir um slit sjóðsins. Það mætti víðtækri og þverpólitískri andstöðu, m.a. frá ASÍ, BSRB, SA, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, lífeyrissjóðum og Seðlabanka Íslands. Í nefndaráhliti minnihluta efnahags- og viðskiptanefndar var frumvarpið gagnrýnt sem tilraun til að stilla lífeyrissjóðum upp við vegg og neyða þá til samninga. Það gekk aldrei til annarrar umræðu og dagaði uppi í þinginu, en málið hélt áfram að vera til umræðu innan stjórnkerfisins.

Í mars 2025 kynnti fjármálaráðherra loks tillögur um uppgjör sem borin voru undir eigendur skuldabréfanna á formlegum kröfuhafafundi 10. apríl. Þar náðist samkomulag með tilskildum meirihluta þar sem samþykkt var að ganga að uppgjöri sem fól í sér að bréfin voru gerð upp með afhendingu annarra eigna, ríkisskuldabréfa að mestu, markaðsverðbréfa auk gjaldeyris og reiðufjár, samtals var uppgjörið metið upp á 651 milljarð króna.

Með samþykktu uppgjöri var ÍL-sjóður leystur upp í samræmi við samkomulag og sérstakt frumvarp sem Alþingi samþykkti í kjölfarið. Þetta er talið draga úr skuldatöku ríkissjóðs til framtíðar og lækka skuldir A-hluta ríkissjóðs um rúm 5% af vergri landsframleiðslu samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu.

Pó hafa margir bent á að tap hafi þegar átt sér stað fyrir eigendur skuldabréfanna. Bréf ÍL-sjóðs hröpuðu í verði strax árið 2022 og náðu aldrei fyrra verði. Þetta hafði áhrif á verðmæti eigna lífeyrissjóða og þar með framtíðarréttindi sjóðfélaga. Í ljósi stöðunnar töldu sjóðir, eigendur bréfanna, niðurstöðu ásættanlega.

Yfirstandandi vinna að grænbók um lífeyriskerfið

Fjármálaráðherra skipaði starfshóp sem vinnur að gerð grænbókar um lífeyrismál. Að verkefninu koma stjórnvöld, heildarsamtök á vinnumarkaði og Landssamband lífeyrissjóða. Markmiðið er að setja fram heildstæða greiningu á lífeyriskerfinu, draga fram helstu áskoranir þess og skapa sameiginlegan grundvöll fyrir opna umræðu, stefnumótun og ákvarðanatöku um framtíð kerfisins. Grænbókin mun lýsa núverandi stöðu lífeyriskerfisins og halda til haga verkefni til þróunar þess til framtíðar. Vonast er að unnt verði að fara yfir efni grænbókarinnar í skýrslu forseta að ári.

Jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða

Við ritun skýrslu forseta liggur ekki annað fyrir en að framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða falli niður að óbreyttu á árinu 2026. Það hefur veruleg áhrif á ellilífeyrisréttindi einkum í sjóðum verkafólks og sjómanna innan ASÍ.

Þessu mótmælti ASÍ ítrekað harðlega og benti á að með því hafi stjórnvöld einhliða rofið það samkomulag sem gert var við aðila vinnumarkaðarins árið 2005 um jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða. Samkomulagið er rofið án þess að forsendur hafi breyst eða samið hafi verið um annað fyrirkomulag sem tryggi jöfnun á örorkubyrði sem raski ekki getu sjóðanna til þess að standa undir skuldbindingum sínum gagnvart sjóðfélögum.

Fjármála- og efnahagsráðherra gaf fyrirheit um að fram færi samtal um framtíðarfyrirkomulag jöfnunar á örorkubyrði en ekki liggur fyrir að standi til að greiða jöfnunarframlag á árinu 2026. Ráðherra óskaði þó eftir aðkomu aðila að vinnu við mótun á framtíðarfyrirkomulagi á samspili almannatrygginga og lífeyrissjóða sem feli í sér lausn á ólíkri örorkubyrði sjóðanna og víxlverkunarvandanum.

Forsaga framlags ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði

Aðkoma ríkisins að jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða á rætur að rekja til samkomulags stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins í tengslum við endurskoðun kjarasamninga á árinu 2005. Örorkubyrði sjóðanna hafði þá aukist verulega, einkum í sjóðum verka- og láglæunafólks og áhrifum þessa á skuldbindingar sjóðanna og lífeyrisréttindi var mjög misskipt. Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði hafði að markmiði að jafna stöðuna milli einstakra sjóða. Samkvæmt samkomulaginu skyldu 0,25% af tryggingagjaldsstofni hvers árs renna til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða.

Samkomulagið frá árinu 2005 náði einvörðungu til lífeyrissjóða á samningssviði ASÍ og SA en í meðförum Alþingis um málið í lok árs 2006 þar sem lögfest var hlutdeild af tryggingargjaldi til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða var sjóðum á samningssviðinu tryggt framlag á árunum 2007-2009 en jöfnunin útvíkkuð til allra lífeyrissjóða og hlutdeildin hækkuð í 0,325% af tryggingargjaldi frá og með árinu 2010.

Lykilláttur í útfærslu á framlagi stjórnvalda til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða hefur að mati aðila vinnumarkaðarins ávallt verið að um ótímabundið framlag sé að ræða sem byggir á fastri hlutdeild í tryggingagjaldsstofni þannig að unnt sé að taka mið af því við tryggingafræðilegt mat á stöðu sjóðanna á hverjum tíma - og framlagið nýtist þannig til að treysta ellilífeyrisréttindi þeirra sjóða sem hafa hæsta örorkutiðni.

Stjórnvöld hafa á liðnum árum ítrekað komið fram með hugmyndir um að einhliða draga úr eða fella niður framlag til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða án samráðs eða mats á þeim áhrifum sem slík breyting hefði á afkomu sjóðfélaga ólíkra lífeyrissjóða. Voru slík áform nú síðast sett fram haustið 2024 í frumvarpi til fjárlaga ársins 2025 þar sem til stóð að lækka framlagið um ríflega 65% á milli ára með vísan til breytinga á örorkulífeyriskerfi almannatrygginga. Breytingar á örorkulífeyriskerfi almennatrygginga munu þó að svo komnu máli engin áhrif hafa á ólíka örorkutiðni lífeyrissjóða. Fjármálaáætlun 2026 – 2030 gerir þá ráð fyrir að framlagið falli að fullu niður á árinu 2026. Aðilar vinnumarkaðarins lögðust líkt og áður eindregið gegn áformunum enda ljóst að þau ganga þvert á gildandi samkomulag og slíkt hefði haft umtalsverð áhrif á ellilífeyrisréttindi fjölda fólks.

Niðurstaða Alþingis við afgreiðslu fjárlaga í desember 2024 var sú að framlag til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða var lækkað í 0,193% af tryggingagjaldstofni sem jafngildir um 40% lækkun vegna yfirstandandi árs en áform um niðurfellingu á árinu 2026 standa óbreytt. Þá var úthlutunarreglum framlagsins breytt þannig að það rennur nú til þeirra lífeyrissjóða sem hafa hæsta örorkubyrði í stað þess að dreifast á alla lífeyrissjóði sem er til bóta að mati ASÍ.

Breytingar á jöfnunarframlagi 2025

Í tengslum við setningu fjárlaga árs 2025 var annars vegar gerð breyting á hlutfalli tryggingagjalds sem varið er til jöfnunar og hins vegar á aðferðafræði við úthlutun framlagsins sem miðar að því að beina framlaginu til sjóða með þyngstu örorkubyrðina.

Framlag til jöfnunar örorkubyrði var þannig lækkað hlutfallslega um 40,6% og nemur í ár 0,193% af gjaldstofni Tryggingargjalds ársins 2024 í stað 0,325% áður og mun að óbreyttu falla niður að fullu á árinu 2026.

Ný aðferð við úthlutun á fjárframlagi til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða á árinu 2025 miðar að því að framlagið renni eingöngu til lífeyrissjóða þar sem hlutfall örorkuskuldbindingar af framtíðarskuldbindingu er tveimur prósentustigum hærra en meðaltal örorkuskuldbindingar sjóðanna miðað við næstliðið ár. ASÍ taldi þessa breyttu aðferð við úthlutun framlagsins til bóta enda tryggir hún að framlagið renni til þeirra sjóða þar sem örorkutiðnin er hæst en með eldri aðferð fengu allir sjóðir framlag jafnvel þó svo örorkutiðni væri mjög lág.

Ólík örorkubyrði lífeyrissjóða

Ólíkt umfang örorku greinist við samanburð á örorkuskuldbindingum milli lífeyrissjóða. Í grófum dráttum er staðan tvískipt, þ.e. sjóðir verkafólks og sjómanna þar sem örorkuskuldbindingin er hærri og aðrir sjóðir þar sem skuldbindingin er lægri. Á árinu 2024 var örorkulífeyrir á bilinu 15-17% af framtíðarskuldbindingum í sjóðum verkafólks og sjómanna en hlutfallið var lægst um 6-8% meðal sjóða á samningssviði ASÍ og SA og enn lægra í sjóðum utan samningssviðsins. Horft til síðustu 15 ára hefur bilið milli sjóða með háa örorkuskuldbindingu og þeirra með lægri farið heldur vaxandi.

Við eins tvískipta dreifingu og raunin er með örorkuskuldbindingar lífeyrissjóðanna mun jöfnunarframlag, sem byggir á meðaltali örorkuskuldbindinga eins og fyrirbyggjandi úthlutunarreglur gera, í reynd ekki jafna að fullu muninn á milli sjóða með há og lága örorkubyrði heldur einungis draga úr honum.

Óleystur víxlverkunarvandi

Frumvarp fjármála- og efnahagsráðherra til lausnar á víxlverkunarvandinum sem lá fyrir Alþingi vorið 2025 varð ekki að lögum. Frá september 2025 horfa lífeyrissjóðir til tekna almannatrygginga við tekjuathugun örorkulífeyrisþega og örorkugreiðslur lífeyrissjóða lækka vegna þessa sem dregur úr þeirri

kjarabót sem örorkulífeyrisþegar máttu vænta vegna kerfisbreytinga á örorkulífeyriskerfi almannatrygginga.

Vænta má þess að víxlverkun lækkana og hækkana hefjist milli greiðsla almannatrygginga og lífeyrissjóða til hóps örorkulífeyrisþega með tilheyrandi óhagræði og óvissu ef ekkert verður aðhafst. Sjóðirnir komu sér saman um verklag við tekjueftirlit vegna þessa sem lagt var fyrir stjórnir sjóðanna. Samkvæmt tillögunni mun framkvæmdin á tekjueftirliti sjóðanna verða með þeim hætti að bráðabirgðaákvæðin sem verið hafa í gildi og framlengd reglulega frá árinu 2011 myndu halda sér gagnvart þeim sem hafa hafið töku örorku fyrir 1. september 2025. Tekjugrundvöllur þeirra sem þegar höfðu hafið lífeyristöku yrði þannig óbreyttur að því er lýtur að TR tekjum fram að 1. september nk. en eftir það yrði tekið tillit til hækkana sem verða eftir þann tíma. Varðandi þá sem hefja töku örorkulífeyris eftir 1. september yrði tekið að fullu tillit til greiðslna TR. Áhrifin af þessari ákvörðun á örorkulífeyrisþega og stöðu sjóðanna liggja ekki fyrir að svo komnu máli.

Samtal við stjórnvöld – jöfnunarframlag og samspil

Nýtt örorkulífeyriskerfi almannatrygginga sem tók gildi 1. september 2025 fól í sér miklar breytingar á mati, greiðslukerfi, og þjónustu við einstaklinga með skerta starfsgetu með aukinni áherslu á endurhæfingu og virkniúrræðum áður en til endanlegs mats á starfsgetu kemur. ASÍ benti endurtekið á að í aðdraganda þessara breytinga var ekki hugað nægilega að samspili milli örorkulífeyris almannatrygginga og lífeyrissjóða og hvernig þessi kerfi vinni saman að því að tryggja þjónustu og afkomu við einstaklinga sem missa starfsorku. ASÍ hefur lagt áherslu á mikilvægi þess að kortleggja samspilið og tryggja að verkskipting milli þessar kerfa sé vel skilgreind og skýr í samhengi við nýtt skipulag örorku- og endurhæfingarmála.

Við umfjöllun um frumvarp fjármála- og efnahagsráðherra vorið 2025 um víxlverkun örorkulífeyris almannatrygginga og lífeyrissjóða boðaði ráðherra að til stæði að fara í viðræður um framtíðarfyrirkomulag jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða við aðila vinnumarkaðarins. Ráðherra boðaði aðila til fundar eftir sumarið og lögðu aðilar þar fram kröfu um að framlagi ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóðanna yrði viðhaldið þar til samkomulag liggur fyrir og innleitt hefur verið framtíðarfyrirkomulag sem tryggir jafna örorkubyrði lífeyrissjóða. Jafnframt lögðu ASÍ og SA til að unnið verði að tillögum um samspil og skýra verkaskiptingu milli almannatrygginga og lífeyrissjóða við að tryggja afkomu og þjónustu til einstaklinga sem missa starfsorku. Á grundvelli þess yrði mótað framtíðarfyrirkomulag sem tryggi fyrirsjáanleika og festu í jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða.

Ráðherra óskaði eftir aðkomu aðila að vinnu við mótun á framtíðarfyrirkomulagi á samspili almannatrygginga og lífeyrissjóða sem feli í sér lausn á ólíkri örorkubyrði sjóðanna og víxlverkunarvandanum. Sú vinna skyldi unnin með hraði á komandi hausti.

ASÍ lýsti sig reiðubúið til þátttöku í slíkri vinnu en setti jafnframt þann fyrirvara að slík vinna tæki tíma og þyrfti félagslega umræðu innan raða hreyfingarinnar. Brýnt væri því að jöfnunarframlaginu yrði viðhaldið til að skapa vinnufrið um þessar tillögur. Ekki mætti til þess koma að sjóðirnir þyrftu að grípa til skerðinga á lífeyri til að standast tryggingafræðileg skilyrði vegna niðurfellingar á jöfnunarframlaginu. Í slíkri vinnu væri einnig mikilvægt að fram fari ýtarleg greining á örorkubyrði sjóðanna og þróun hennar, áhrifum ójafnar dreifingar og þörf á jöfnun til framtíðar.

Nýtt örorku- og endurhæfingarkerfi almannatrygginga

Breytingar á örorkulífeyriskerfi almannatrygginga haustið 2025 áttu sér langan aðdraganda en einnig var fjallað um breytingar á lögum varðandi örorku almannatrygginga í skýrslu forseta 2024. Á undanförunum árum hefur þjónusta og stuðningur við starfsendurhæfingu þeirra sem missa starfsgetu aukist verulega, meðal annars með tilkomu frumkvæðis aðila vinnumarkaðarins þegar VIRK var stofnað í tengslum við kjarasamninga árið 2008. Á þeim tíma hófst einnig heildarendurskoðun á örorkulífeyriskerfinu, sem lauk loks með lagabreytingum vorið 2024.

Nýja löggjöfin, með gildistíma frá 1. september 2025, fól í sér grundvallarbreytingar á greiðsluflokkum og kerfinu í heild. Markmiðið er að efla möguleika einstaklinga með skerta starfsgetu til virkni og þátttöku á vinnumarkaði. Lagt er upp með að starfsgeta verði metin út frá því hversu mikla getu einstaklingur hefur til starfa, í stað þess að miðað sé fyrst og fremst við óvinnufærni líkt og hið eldra kerfi hefur verið byggt upp og hefur haldist óbreytt í tugir ára.

Í nýju örorkulífeyriskerfi almannatrygginga voru gerðar umfangsmiklar breytingar sem miðuðu að einföldun kerfisins, auknum sveigjanleika og bættri aðlögun að mismunandi aðstæðum.

Í fyrsta lagi var innleitt nýtt greiðslukerfi sem fól í sér margvíslegar breytingar á fyrirkomulagi greiðslna. Nýr greiðsluflokkur, hlutalífeyrir, var tekinn upp og náði til einstaklinga með 26–50% starfsgetu. Þessi hópur hafði áður ekki átt rétt á örorkulífeyri innan almannatrygginga, og var því um verulega útvíkkun réttinda að ræða.

Sjúkra- og endurhæfingagreiðslur voru sameinaðar í einn greiðsluflokk. Samhliða því voru sjúkrageiðslur innleiddar sem nýjung í kerfinu en tilgangur þeirra var að tryggja framfærslu þeirra sem ekki gátu hafið endurhæfingu eða meðferð vegna veikinda, slysa eða vegna biðlista eftir viðeigandi úrræðum.

Uppbygging kerfisins var jafnframt einfölduð. Greiðsluflokkar og forsendur fyrir greiðslum urðu skýrari og aðgengilegri auk þess sem frítekjumörk voru aukin sem hvetja til virkni og þátttöku á vinnumarkaði. Ný frítekjumörk voru útfærð með hliðsjón af greiðsluflokkum og vinnugetu einstaklinga. Þeir sem hafa 100.000 kr. almennt frítekjumark, þar er um að ræða hóp með skerta vinnugetu að mestu leyti. Þau sem eru á sjúkra- og endurhæfingagreiðslum hafa 250.000 kr. frítekjumark, en hæsta frítekjumarkið, 350.000 kr., er hjá þeim sem eru á hlutalífeyri, þar sem gert var ráð fyrir meiri starfsgetu og þátttöku á vinnumarkaði. Þessi ólíku frítekjumörk endurspeglu aðlögun kerfisins að ólíkri vinnugetu.

Til að styðja enn frekar við einstaklinga með skerta starfsgetu var innleiddur virknistyrkur. Þeir sem eru á hlutalífeyri geta fengið virknistyrk frá Vinnumálastofnun í allt að 24 mánuði á meðan atvinnuleit stendur yfir með aðstoð stofnunarinnar. Samanlögð fjárhæð hlutalífeyris og virknistyrks samsvaraði þá fullum örorkulífeyri.

Með framangreindum breytingum eru stigin mikilvæg skref í átt að sanngjarnara, skilvirkara og hvetjandi örorkulífeyriskerfi sem tekur betur mið af fjölbreyttum aðstæðum einstaklinga.

Mat á starfsgetu verður framvegis byggt á samþættu sérfræðimati sem tekur í auknum mæli mið af einstaklingsbundnum aðstæðum. Jafnframt verður aukinn stuðningur og þjónusta tryggð með samhæfingu milli stofnana og með starfsemi samhæfingarhópa.

Vonir standa til að með þessum breytingum verði kerfið einfaldara og aðgengilegra fyrir þá sem þurfa á stuðningi að halda. Mikilvægt er að hver einstaklingur fái raunhæft tækifæri til virkni og þátttöku í samræmi við getu og aðstæður. Kerfinu er jafnframt ætlað að styðja við snemmtæka íhlutun þegar óvinnufærni kemur fyrst fram og tryggja samfellda þjónustu. Sérstaklega er bent á mikilvægi hinna nýju

sjúkrahluta innan sameinaðra sjúkra- og endurhæfingagreiðslna. Greiðslurnar brúa bilið hjá þeim sem annaðhvort geta ekki hafið virka endurhæfingu eða biðað eftir henni, til dæmis vegna sjúkdóms, heilsufars eða biðlista eftir úrræðum. Með þessu er tryggt að fólk hafi ráðstöfunartekjur á viðkvæmum tímabilum, en rannsóknir sýna að endurhæfing er árangursríkust þegar grunnþættir eins og húsnæði og fjárhagur eru tryggðir og styður við snemmtæka íhlutun.

Eitt mikilvægasta nýmælið er viðurkenning á hópi fólks með 26–50% starfsgetu. Þar sem þessi hópur hefur ekki áður átt rétt á örorkulífeyri hérlandis verður vert að fylgjast með þróuninni. Tryggja þarf aðgengi þessa hóps að vinnumarkaði, meðal annars með viðeigandi aðlögun og inngildingu í gegnum breytt samfélagsleg viðhorf og stuðningsrík vinnumarkaðsúrræði.

Samhliða lagabreytingunum hafa verið gerðar breytingar á ýmsum reglugerðum, þar á meðal um vinnumarkaðsúrræði, öryrkjavinnu og endurhæfingarlífeyri. Einnig hefur verið sett ný reglugerð um samþætt sérfræðimat. Mikilvægt er að regluverk og stjórnsýsla séu í stakk búin til að styðja við markmið laganna og tryggja jákvæðar breytingar í framkvæmd.

Alþýðusamband Íslands studdi breytingarnar og mun fylgja þeim eftir og rýna framkvæmdina m.t.t. áhrifa þeirra. Nefna má t.d. útafstandandi verkefni um samspil örorkulífeyris almannatrygginga við örorkulífeyri lífeyrissjóða. Kerfisbreytingin var umfangsmikil og mikilvægt að fylgja eftir með markvissum hætti, þannig að ávinningurinn skili sér í auknum stuðningi, bættri þjónustu og raunhæfum tækifærum til virkni fyrir þá sem þurfa á kerfinu að halda.



Atvinnu,- auðlinda- og umhverfismál

Eftir þing ASÍ haustið 2024 tók atvinnumála- og auðlindanefnd við af atvinnumála- og umhverfisnefnd. Þau málefni sem heyra undir nefndina hafa breiðari skírskotun en áður sem er í takt við þær áskoranir sem samfélagið stendur frammi fyrir. Mikil skörun er á milli þeirra málefna sem heyra nú undir nefndina og snúa að þróun atvinnulífs og nýtingu auðlinda samhliða örum tæknibreytingum og þeim áskorunum sem fylgja því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Þá hafa aðgerðir í einum málaflokki haft mikil áhrif á þann næsta.

Íslenskt atvinnulíf er afar auðlindadrifið og bendir allt til að svo verði áfram. Fjölmörg dæmi eru um mikinn og hraðan vöxt atvinnugreina hér á landi sem byggja á auðlindanýtingu án þess að viðunandi stefnumörkun um auðlindanýtingu, afnotagjöld eða atvinnuuppbyggingu hafi farið fram af hálfu hins opinbera, með neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfi og samfélag. Í því samhengi má nefna gjalddöku af sjávarútvegi sem skort hefur sátt um í langan tíma, áhrif hins hraða vaxtar ferðaþjónustu á húsnæðismarkað og neikvæð áhrif fiskeldis á umhverfi og lífríki. Þá má rekja stærstan hluta losunar gróðurhúsalofttegunda til fárra stórra atvinnugreina sem byggja starfsemi sína á nýtingu auðlinda en almenningur ber samt sem áður þyngstu byrðarnar af loftslagsaðgerðum.

Nauðsyn þess að stefnumótun í atvinnu,- auðlinda- og umhverfismálum sé samræmd og að horft sé til samlegðaráhrifa aðgerða í málaflokkum þessum er því alltaf að verða ljósari. Meginmarkmiðið er að þróa samfélagið með sjálfbærum hætti meðfram því að tryggja afkomu launafólks og stuðla að aukinni velferð og jöfnuði í samfélaginu í samræmi við réttlát umskipti.

Réttlát umskipti eru áfram eitt af meginviðfangsefnum nefndarinnar með auknum þunga á atvinnumál og tengdar aðgerðir sem styðja við heilbrigðan vinnumarkað, bætt lífskjör og jöfnuð. Viðfangsefni réttlátra umskipta teygja anga sína yfir á önnur málefnasvið og til annarra málefnanefnda miðstjórnar ASÍ. Þar má nefna málefni sí- og endurmenntunar, skattlagningu og gjalddöku sem heyra einnig undir efnahagsnefnd,

menntanefnd og framtíðarnefnd. Réttlát umskipti teygja sig einnig yfir á vinnumarkaðssvið og er atvinnumála- og auðlindanefnd því í samtali og samvinnu um aðrar nefndir um ýmis málefni.

Loftslagsmál, orkuskipti í samgöngum og orkumál í viðu samhengi voru ofarlega á baugi á árinu sem leið, bæði hjá fyrri ríkisstjórn og nýrri ríkisstjórn Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins sem tók við í byrjun árs 2025. Í ríkisstjórnarsáttmála flokkanna er töluverð áhersla lögð á þau málefni sem tekin voru fyrir á nýafstöðnu þingi ASÍ, sér í lagi þau sem heyra undir nefndina, sem endurspeglast í fjölda frumvarpa og mála frá ríkisstjórninni. Aukin áhersla er á stefnumörkun í atvinnu- og auðlindamálum hjá nýrri ríkisstjórn og þá hefur nýr umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra sagst munu leggja aukna áherslu á réttlát umskipti. Á liðnu ári hefur Alþýðusamband Íslands haldið þeim áherslum sem samþykktar voru á síðastliðnu þingi á lofti, bæði í umsögnum sem sambandið hefur skilað um þingmál í málaflokknum en einnig með greiningum, umfjöllunum og þátttöku í opinberri umræðu.

Uppfærð áætlun í loftslagsmálum styðji ekki við réttlát umskipti

Íslensk stjórnvöld hafa litlum árangri náð í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda en samfélagslosun jókst um 2% milli ára 2023 og 2024 skv. bráðabirgðatölum frá Umhverfisstofnun. Það er einnig mat loftslagsráðs, sem sagði aðgerðaáætlun í loftslagsmálum sem var uppfærð og gefin út í júní 2024, vera ómarkvissa og að margar aðgerðir væru enn ófjármagnaðar, auk þess sem ávinningur af þeim hefði ekki verið metinn. Þrátt fyrir slakan árangur í samdrætti í losun hefur þörfin fyrir aðgerðir ekki minnkað og sýna rannsóknir betur og betur fram á mikilvægi þess að tekist verði á við vandann. Nýleg rannsókn sýnir að meiri líkur eru á hruni Golfstraumsins en áður var talið en straumurinn er grunnundirstaða lífvænlegs loftslags hér á landi. Rannsóknin leiddi í ljós að 70% líkur eru á hruni hans ef losun heldur áfram að aukast, en ef losun helst óbreytt verða líkurnar 37%. Þá féllu hitamet víða um heim á árinu sem leið og var Ísland þar ekki undanskilið.

Ný og uppfærð aðgerðaáætlun í loftslagsmálum var kynnt í samráðsgátt stjórnvalda í júní 2024 en umsagnarfrestur var fram í september sama ár. Í kynningu ráðherra á aðgerðaáætluninni var sérstaklega tekið fram að viðamikil samráð hefði verið haft við atvinnulífið við gerð áætlunarinnar. Í áætluninni sjálfri var einnig farið vel og vandlega yfir téð samráð við atvinnulífið og fulltrúa einstaka atvinnugreina. Í sameiginlegri umsögn ASÍ, BSRB, BHM og KÍ um aðgerðaáætlunina var samráðsleysi stjórnvalda við fulltrúa launafólks við gerð áætlunarinnar gagnrýnt harðlega. Í umsögninni sagði að aðgerðaáætlunin beri þess skýr merki að almenningur í landinu sitji ekki við sama borð og atvinnulífið þegar kemur að því að hafa áhrif á stefnumótun stjórnvalda í loftslagsmálum og að skammtímahagsmunir hluthafa fyrirtækja trompi almannahagsmuni og hagsmuni komandi kynslóða.

Í aðgerðaáætluninni var að finna mat á mögulegum neikvæðum og jákvæðum áhrifum á efnahag heimilanna án þess að fjallað væri nánar um með hvaða hætti eða upp að hvaða marki áhrifin væru jákvæð eða neikvæð. Ein aðgerð í aðgerðaáætluninni sneri að því að meta samfélagsleg áhrif loftslagsaðgerða og fól í sér að móta leiðbeiningar um það mat og ferli til að aðlagja aðgerðir að markmiðum um réttlát, græn umskipti. Í umsögninni voru heildarsamtök launafólks afar gagnrýnin á að stjórnvöld væru ekki komin lengra á veg með að stuðla að réttlátum umskiptum en svo, að sex árum eftir að fyrsta aðgerðaáætlunin kom út væri ætlunin að ráðast í mat á áhrifum loftslagsaðgerða. Mikil þekking væri til staðar á áhrifum loftslagsaðgerða og kominn væri tími til að móta aðgerðir með þeim hætti að þær stuðli að réttlátum umskiptum.

Í umsögninni var einnig að finna gagnrýni á beitingu ríkisfjármála sem væri ógagnsæ auk þess sem fjöldi aðgerða fæli í sér fjárhagslega hvata eða ívilnanir sem væri beint að atvinnulífi á meðan lítið færi fyrir

tekjuöflun úr þeim ranni þrátt fyrir að um 90% losunar stafaði frá atvinnulífi. Fjárhagslegri byrði af loftslagsvandannum væri í stað þess velt yfir á almenning sem greiddi meirihluta umhverfisskatta þrátt fyrir að bera minnsta ábyrgð á vandanum.

Samtökin beindu einnig sjónum sínum að loftslagsaðgerðum í samgöngum sem eru fyrirferðarmiklar enda einn stærsti losunarpáttur gróðurhúsalofttegunda. Að mati samtakanna var áhersla á eflingu almenningssamgangna og deilibilakerfis af hinu góða en þótti skjóta skökku við að á sama tíma ætti að fella niður ívilnanir vegna kaupa á reiðhjólum, rafmagnsreiðhjólum og hlaupahjólum. Þá væri nauðsynlegt að endurskoða ívilnanir vegna kaupa á vistvænum bifreiðum en þeir styrkir hefðu fram að þessu að mestu gagnast tekjuhærri hópum og síður fólki á landsbyggðinni. Tekjulægri hópar hefðu ekki haft efni á að skipta yfir í rafbíl og sætu uppi með síhækkandi gjöld sem fylgdu bílum sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti og ýttu aðgerðir stjórnvalda í orkuskiptum því undir ójöfnuð.

Réttlát umskipti í drögum að frumvarpi til laga um loftslagsmál

Í lok ágúst skilaði Alþýðusamband Íslands inn sameiginlegri umsögn með BSRB, BHM og KÍ um drög að frumvarpi til laga um loftslagsmál. Frumvarpið felur í sér margvíslegar breytingar á lögum um loftslagsmál frá 2012, m.a. ný ákvæði sem snúa m.a. að réttlátum umskiptum.

Í umsögninni fagna samtökin sýndum vilja stjórnvalda til að styðja við réttlát umskipti en benda á sama tíma á að þau ákvæði sem eiga að styðja við þau séu of óskýr og veikburða til að ná því markmiði. Samtökin leggja til breytingar á frumvarpinu, einstaka greinum og greinargerð, sem stuðla að því að allt stefnumótunarferlið taki mið af réttlátum umskiptum, frá samtali og samráði til stefnumótunar og mótunar aðgerða, framkvæmdar, innleiðingar og loks eftirfylgni. Breytingatillögurnar fela í sér að stjórnvöldum ber að taka tillit til réttláttra umskipta við mótun loftslagsstefnu og að tryggja skuli að loftslags- og aðlögunaraðgerðir séu mótaðar með tilliti til réttláttra umskipta.

Í umsögninni leggja samtökin ríka áherslu á að stjórnvöld komi á formlegum samstarfsvettvangi um réttlát umskipti þar sem aðilar vinnumarkaðarins taki þátt, vilji þau sannanlega stuðla að réttlátum umskiptum og koma í veg fyrir að loftslagsaðgerðir ýti undir ójöfnuð. Í því samhengi benda samtökin á viljayfirlýsingu af fundi sem íslensk stjórnvöld áttu frumkvæði að og sem fulltrúar ríkisstjórna og aðila vinnumarkaðarins á Norðurlöndunum sátu þann 1. desember 2023. Í yfirlýsingunni er efni samþykktar Alþjóðavinnuáráðs (ILO) um réttlát umskipti ítrekað og tekið fram að leiðarvísir stofnunarinnar frá 2015 um réttlát umskipti eigi að vera „grundvallarrit í allri stefnumótun og aðgerðum“.

Frumvarpið felur einnig í sér breytingar á skipan loftslagsráðs þar sem fulltrúar launafólks, fyrirtækja og umhverfissamtaka hverfa á brott með það að markmiði að ráðið verði vísinda- og sérfræðiráð. Í umsögninni kveðast heildarsamtök launafólks geta stutt þær breytingar sem lagðar eru til á skipan fulltrúa í loftslagsráð, að því gefnu að stjórnvöld setji á fót vettvang um réttlát umskipti. Þannig megi tryggja raunverulega þátttöku launafólks í stefnumótun og þríhliða samtal og samráð aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda þar sem samstöðu er náð um vegferðina áfram og hún undirbyggð með rannsóknum og greiningu. Samtökin gagnrýna aðkomuleysi almennings að Grænvangi, samstarfsvettvangi stjórnvalda og atvinnulífs í loftslagsmálum og krefjast úrbóta á aðkomuleysi fulltrúa launafólks að vettvanginum.

Þá gagnrýna samtökin að fjármögnun loftslagsaðgerða sé í lausu lofti. Í frumvarpsdrögnum sé ekki að finna ákvæði sem feli í sér skuldbindingu um fjármögnun aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum með skýrum tengslum við fjárlög og framkvæmd á stefnu stjórnvalda. Einnig skorti ákvæði um stórlosendur þar sem þeim verði gert skylt að upplýsa um losun sína og setja fram aðgerðaáætlun til að draga úr henni.

Samtökin kalla eftir því að skýrar sé kveðið á um hvernig aðgerðaáætlun stjórnvalda verði fjármögnuð, starfsemi loftslagssjóðs verði tengd aðgerðaáætluninni og að fulltrúar launafólks fái fulltrúa í stjórn sjóðsins líkt og atvinnurekendur, umhverfissamtök og háskólasamfélagið.

Grænn sáttmáli og réttlát umskipti á fundi ETUC nefndar

Í febrúar 2025 sótti ASÍ fund nefndar Evrópsku verkalyðshreyfingarinnar (ETUC) um réttlát umskipti í Brussel ásamt fjölda annarra fulltrúa stéttarfélaganna og alþýðusambanda frá hinum ýmsu löndum innan Evrópusambandsins. Efni fundarins var Græni iðnaðarsáttmálinn (e. Clean Industrial Deal), leiðarvísir Evrópusambandsins fyrir aukna samkeppnishæfni (e. Competitiveness Compass) sem og aðgerðir til að styðja við launafólk og stuðla að réttlátum umskiptum. Græni iðnaðarsáttmálinn og leiðarvísirinn fyrir aukna samkeppnishæfni eru hluti af viðtækari stefnu ESB til að gera evrópskan iðnað kolefnishlutlausan og styrkja á sama tíma samkeppnishæfni hans með því að veita fjárhagslegan stuðning og hvata vegna grænna fjárfestinga, stuðla að sjálfbærri notkun efna og auðlinda og þróa hæfni vinnuaflsins til að styðja við umskiptin.

Að mati margra hafa hagsmunir stórfyrirtækja haft of mikil áhrif á skýrsluna og þar af leiðandi á leiðarvísinn, á kostnað áherslna á velferð og umhverfismál. ETUC hefur lýst yfir áhyggjum af því að áherslur á aukna skilvirkni og samkeppnishæfni verði á kostnað launafólks. Að mati ETUC er hættu á að markmið um réttlát umskipti verði undir ef Evrópusambandið skuldbindur sig ekki til stuðla að þeim, og að aðgerðir til að auka samkeppnishæfni í iðnaði og ná markmiðum um kolefnishlutleysi, muni leiða til skertra réttinda, lakari lífskjara og verri starfsaðstæðna launafólks í Evrópu. Áhyggjur Evrópsku verkalyðshreyfingarinnar eru ekki úr lausu lofti gripnar en markmið Evrópusambandsins um réttlát umskipti í tengslum við Græna sáttmálann (e. Green Industrial deal) og aðgerðir þar að lútandi hafa ekki tekist nægjanlega vel til. Mikil óánægja hefur blossað upp í mörgum löndum Evrópusambandsins um Græna sáttmálann enda hefur bylgja uppsagna riðið yfir marga lykilgeira atvinnulífsins í Evrópu vegna hans. Strangari umhverfiskröfur og skortur á fjárfestingu innan Evrópusambandsins hafa gert að verkum að störf hafa tapast til annarra heimsálfa. Þá eru mörg af þeim nýju störfum sem eru að verða til innan Evrópusambandsins af lakari gæðum og með verri kjörum en þau störf sem þau hafa leyst af hólmi. Markmið Evrópusambandsins um endurmenntun og þjálfun hafa heldur ekki náðst og kallar Evrópska verkalyðshreyfingin því eftir að ráðist verði í aðgerðir til að stemma stigu við neikvæðum afleiðingum umskiptanna á launafólk. Evrópusambandið ætlar nú að setja fram vegvísi um gæðastörf (e. Quality Jobs Roadmap) sem á að styðja við réttlát umskipti og stuðla að sköpun góðra starfa, sanngjörnum og mannsæmandi launum, góðum vinnuaðstæðum, aukinni þjálfun og stuðningi við starfsskipti fyrir launafólk sem og sjálfstætt starfandi. Að mati ETUC felur vegvísirinn í sér mikilvægar aðgerðir sem væru til þess fallnar að styðja við vinnandi fólk og ná félagslegum markmiðum í anda réttláttra umskipta.

ETUC kallar einnig eftir því að hvers kyns fjárhagslegur stuðningur í formi hvata eða ívilnana frá hinu opinbera til fyrirtækja sé skilyrtur við félagsleg og umhverfisleg markmið. Fyrirtæki sem njóti styrkja frá hinu opinbera virði kjarasamninga og réttindi starfsfólks eigi að styðja við sí- og endurmenntun starfsmanna og styðja með öðrum gjörðum sínum við lífsgæði, velferð og heilsu starfsfólks.

Orkumál áfram í kastljósinu

Hækkandi raforkuverð, aukin orkuöflun og raforkuöryggi almennings og smærri fyrirtækja voru ofarlega á baugi í samfélaginu á árinu sem leið og eru orkumálin enn fyrirferðarmikil í þjóðfélagsumræðunni þrátt fyrir ríkisstjórnarskipti síðastliðið haust. Veturinn 2024–2025 átti sér stað mikil umræða um hækkandi raforkuverð, orsakavalda þess og mögulegar lausnir til að stemma stigu við því. Í desember gaf ASÍ út

samantekt með verðsamanburði hjá smásölum raforku og umfjöllun um verðþróun sem sett var í samhengi við þróun á raforkumarkaði og stefnumótun stjórnvalda í málaflokksnum. Í samantektinni var fjallað um hvernig eftirspurn eftir raforku hefur aukist síðustu ár sem hefur þrýst raforkuverði upp á við. Ástæðuna fyrir því að íslensk heimili og smærri fyrirtæki finni nú fyrir verðhækkunum á raforku megi þó fyrst og fremst rekja til þess að stjórnvöld hafi ekki ráðist í nauðsynlegar aðgerðir til að tryggja orkuöryggi og verðvernd fyrir þessa hópa, þó þeim sé það heimilt og að Evrópusambandið mæli í raun með því.

Einnig var farið yfir samspil framboðs og eftirspurnar á raforku og áhrif á raforkuverð á Íslandi en vegna sérstöðu íslensks raforkumarkaðar virka þessi markaðslögmál ekki með sama hætti og á meginlandi Evrópu. Þar sem Ísland sé eina landið í heiminum sem er bæði með lokaðan raforkumarkað og nær 100% endurnýjanlega orku sé ekki hægt að auka framboð með jafnskömmum fyrirvara og víða annars staðar. Verðstöðugleika verði því að ná fram með öðrum hætti.

Engin vernd fyrir verðhækkunum á raforku í frumvarpi stjórnvalda

Í mars 2025 lagði umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra fram frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum sem hafði það markmið að tryggja raforkuöryggi almennings og smærri fyrirtækja. Í umsögn Alþýðusambands Íslands um frumvarpið kvaðst sambandið fagna sýndum vilja stjórnvalda til að tryggja forgang heimila og almennra notenda. Sambandið teldi frumvarpið samt sem áður ófullnægjandi og ekki ná þeim markmiðum sínum að tryggja raforkuöryggi fyrir þessa hópa. Frumvarpið tæki ekki tillit til sérstöðu íslensks raforkumarkaðar og fæli ekki í sér neina vernd gagnvart verðhækkunum á raforku. Sambandið bendir á að raforka sé nauðsynjavara og til að tryggja raforkuöryggi verði jafnframt að tryggja að raforka standi til boða á viðráðanlegu verði. Frumvarp sem feli ekki í sér neina vernd fyrir verðhækkunum á raforku tryggi ekki raforkuöryggi.

Í umsögninni var fjallað um mikilvægi þess að umgjörð raforkumarkaðar taki mið af sérstöðu Íslands þar sem aðstæður eru gjörólíkar þeim á meginlandi Evrópu. Með því að taka ekki tillit til þessarar sérstöðu hætti stjórnvöld á að grafa undan líf skjörum almennings, auki kostnað smærri fyrirtækja, dragi úr samkeppnishæfni þeirra og setji rekstur þeirra fyrirtækja sem nota mikla raforku í uppnám.

Meirihluti atvinnuveganefndar skilaði inn nefndaráltiti með breytingartillögu eftir að nefndin hafði fundað með þeim aðilum sem skiluðu inn umsögn og að undangengnu samráði við ráðuneytið. Meðal breytingatillagna nefndarinnar var viðbót við skilgreiningu á hugtakinu raforkuöryggi þannig að skýrt sé að í raforkuöryggi felist að notendur hafi aðgang að raforku á viðráðanlegu. Frumvarpið var samþykkt á Alþingi í júlí með breytingatillögum nefndarinnar.

Frumvarp um Hvammsvirkjun með breytingum

Árið 2024 fékk Landsvirkjun öll þau leyfi sem þyrfti til þess að hefja framkvæmdir við Hvammsvirkjun. Í byrjun árs 2025 ógilti Héraðsdómur Reykjavíkur virkjunarleyfi Hvammsvirkjunar með þeim rökum að lög um stjórn vatnamála veittu ekki heimild til þess. Í kjölfarið lagði umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra fram frumvarp til laga um breytingar á raforkulögum og lögum um stjórn vatnamála. Frumvarpinu var ætlað að bregðast við þeirri stöðu.

Stefna Alþýðusambands Íslands í orkumálum felur ekki í sér afstöðu til einstakra virkjana. Frumvarpið fól hins vegar í sér almennar breytingar á umgjörð ákvarðanatöku um virkjanir og því skilaði sambandið inn umsögn um málið. Í stefnu sambandsins er áhersla lögð á að ákveðin leiðarljós og sjónarmið skuli liggja til grundvallar við stefnumótun og ákvarðanatöku í tengslum við auðlindanýtingu. Ákvarðanir um orku- og

auðlindanýtingu eigi m.a. að byggja á faglegu og gagnsæju mati þar sem sjálfbær þróun og hagsmunir komandi kynslóða liggja til grundvallar. Þá skuli virkt samráð haft við almenning á öllum stigum.

Í umsögn ASÍ um málið útlistaði sambandið afstöðu sína um að orkuöflun og nýting eigi að þjóna almannahagsmunum; styðji við raforkuöryggi, verðmæta- og atvinnusköpun, velferð og bætt kjör almennings. Eðlilegt sé að bregðast þurfi við því sé formgalli á lögum sem kemur í veg fyrir að hægt sé að gera breytingar á vatnshloti vegna virkjana. Sambandið telji þó varhugavert að ráðast eigi í jafnumfangsmiklar og almennar breytingar á lagaumgjörð um ákvarðanatöku, greiningu og mat á hvaða hagsmunir vega þyngst fyrir almannaheill við nýtingu á orkuauðlindum allra landsmanna án undangengins samráðs og samfélagslegrar umræðu. Frumvarpið gangi lengra en þörf krefji til að ná þeim markmiðum sem því er ætlað. Þá hafi vinnubrögð við framlagningu frumvarpsins hvorki verið vönduð né lýðræðisleg auk þess sem áformaðar breytingar styðji ekki við faglegt mat á virkjanakostum.

Frumvarpið var samþykkt að teknu tilliti til breytingatillagna frá meirihluta umhverfis- og samgöngunefndar sem fólu í sér að skemur var gengið í að breyta ákvæðum sem snerta mat á virkjanaframkvæmdum en upphaflega var lagt upp með.

Kílómetragjald stuðli hvorki að jafnræði né jöfnuði

Í október 2024 lagði þáverandi ríkisstjórn fram áform um frumvarp til laga um kílómetragjald á ökutæki. Markmið stjórnvalda með breytti gjaldtöku af bifreiðum og notkun þeirra er að tryggja jafnræði í gjaldtöku óháð orkugjöfum og viðhalda hvötum til orkuskipta ásamt því að tryggja sjálfbæra tekjuöflun til að standa straum af kostnaði við uppbyggingu og viðhald á vegakerfinu.

Alþýðusamband Íslands skilaði inn umsögn þar sem það gagnrýndi harðlega samráðsleysi við fulltrúa launafólks í tengslum við áformin. Sambandið taldi margvíslega ágalla vera á fyrirhuguðum breytingum á gjaldtöku á bifreiðum og útfærslu á kílómetragjaldi sem væri ekki til þess fallin að stuðla að jafnræði milli bílaeigenda. Fyrirhugaðar breytingar fælu í sér aukna áherslu á notkunargjöld og flata skattlagningu sem komi verst niður á tekjulægri hópum.

Þá væri það vafa undirorpið hvort frumvarpið styddi við loftslagsmarkmið auk þess sem óljóst væri með hvaða hætti stjórnvöld myndu haga gjaldtöku á stórnotendur vegakerfisins sem yllu mun meira álagi en fólksbílur. Sambandið lýsti einnig yfir áhyggjum af því að lækkun á bensínverði vegna breytinganna gæti ruglað verðvitund neytenda sem gæti skapað svigrúm fyrir aukna álagningu olíufélaganna.

Í nóvember 2024 lagði fjármála- og efnahagsráðherra fram frumvarp til laga um kílómetragjald á ökutæki. Í umsögn ASÍ um frumvarpið ítrekaði sambandið þau sjónarmið sem komu fram í umsögn um áformin og í umsögn um kílómetragjald á hreinorkuökutæki. Að mati sambandsins væru breytingarnar ekki til þess fallnar að stuðla að því að þeir borgi sem noti þegar sama gjald er lagt á alla eigendur bíla undir 3,5 tonnum að þyngd. Endanleg áhrif frumvarpsins á neytendur ráðist af samspili fjölda ekinna kílómetra og eldsneytisnotkunar bílsins. Eyðslumeiri bílar njóti þar af leiðandi góðs af lækkun bensingjalda þrátt fyrir hækkun kolefnisgjalds, á meðan gjöld á eigendur minni bíla hækki. Sambandið sé því ósammála þeirri ályktun sem stjórnvöld dragi af matinu að þær kerfisbreytingar sem felist í frumvarpinu séu í samræmi við markmið um réttlát umskipti og að þær tryggi jöfnuð og réttlæti.

Sambandið gagnrýndi jafnframt að ekki lægi fyrir ítarlegt mat á áhrifum frumvarpsins sem og samanburður við aðrar leiðir við tekjuöflun. Frumvarpið náði ekki fram að ganga og verður endurflutt haustið 2025.

Stjórnvöld ráðast í gerð atvinnustefnu

Í ágúst 2025 birtu stjórnvöld í samráðsgátt áform um gerð atvinnustefnu til ársins 2030. Samkvæmt áformunum er tilgangur ríkisstjórnarinnar með mótun atvinnustefnu að lýsa því hvernig stjórnvöld vilja vinna með atvinnulífinu og marka með hvaða hætti ýta eigi undir hagvöxt á næstu árum, efla útflutning og auka verðmætasköpun í landinu. Til að ná því markmiði verði aðgerðir skilgreindar sem ríkisstjórnin hyggist ráðast í. Þá muni ríkisstjórnin skipa óháð atvinnustefnuráð sem verður ríkisstjórn til ráðgjafar um mótun og framkvæmd stefnunnar. Í áformunum eru settar fram spurningar til hagaðila um hver helstu markmið og lykilmælikvarðar stefnunnar eigi að vera og til hvaða aðgerða stjórnvöld geti gripið til að efla útflutning, fjölga vel launuðum störfum og auka framleiðni vinnuafsisins.

Alþýðusamband Íslands og BSRB skiluðu inn sameiginlegri umsögn um málið þar sem samtökin fagna því að stjórnvöld hyggist ráðast í gerð atvinnustefnu. Hagvöxtur hafi verið mikill undanfarinn áratug en hann hafi einkum verið drifinn áfram af uppbyggingu í mannaflsfrekum greinum og skortur hafi verið á stefnumörkun stjórnvalda. Aukin landsframleiðsla skýrist því fremur af fólksfölgun en aukinni framleiðni sem leitt hafi til þess að hagvöxtur á mann hafi verið umtalsvert minni en hagvöxtur í hagkerfinu öllu.

Samtökin telji brýnt að stefnumörkun stjórnvalda um aukna verðmætasköpun hafi að markmiði að viðhalda jöfnuði og tryggja öllum hópum samfélagsins sanngjarna hlutdeild í verðmætasköpuninni. Skipulagður vinnumarkaður með sterkri verkalyðshreyfingu og almennri stéttarfélagsaðild sé forsenda þess að framleiðnivöxtur og ábati aukinnar samkeppnishæfni leiði til bættra lífskjara almennings.

Í umsögninni er farið yfir sjónarmið samtakanna um að styrkja þurfi félagslega innviði til að styðja við atvinnuuppbyggingu sem og grunninnviði eins og húsnæðismarkað, fjarskiptakerfi, samgöngur og orkuinnviði. Efla þurfi menntakerfi og tryggja að samræmi sé á milli menntunar og færni auk þess sem styðja þurfi við aukna sí- og endurmenntun. Samtökin benda einnig á nauðsyn þess að ráðist verði í stefnumörkun um auðlindanýtingu og afnotagjöld vegna hennar sem verði tengd við atvinnustefnu stjórnvalda. Stjórnvöld þurfi einnig að efla rannsóknarstarf, nýsköpun og tækniþróun til að styðja við verðmætasköpun og miða eigi við að styðja við vaxtarsprotu á fyrri stigum þegar aðgengi að fjármagni er takmarkað. Þá þurfi skýr markmið að liggja fyrir um árangur almennra skattastyrkja og endurgreiðslna vegna rannsókna- og þróunarkostnaðar sem styðja við atvinnustefnu stjórnvalda, auk þess sem regluverk þar um þurfi að vera gagnsætt og skilvirkt sem og eftirlit með framkvæmdinni.

Hörð átök um breytingar á veiðigjöldum

Frumvarp atvinnuvegaráðherra um breytingar á veiðigjöldum var fyrirferðarmikið í þjóðfélaginu á fyrri helmingi ársins 2025 en upphæð og fyrirkomulag veiðigjalda hefur verið eitt helsta bitbein þjóðarinnar í lengri tíma. Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu var eitt meginmarkmið þess „að tryggja að reiknað aflaverðmæti tiltekinna nytjastofna endurspegli betur raunverulegt aflaverðmæti og þar með réttlát auðlindagjöld fyrir aðgang að sjávarauðlindinni“. Frumvarpið fól í sér breytingar á útreikningum á fiskverði sem síðan er lagt til grundvallar við ákvörðun veiðigjalda. Atvinnuvegaráðherra og ríkisstjórnin lögðu áherslu á að málið væri fyrst og fremst eðlileg leiðrétting á fiskverði sem hefði fram að þessu verið vanmetið.

Óánægja þjóðarinnar með hlutdeild almennings í þeim arði sem verður til við auðlindanýtingu hefur verið staðfest margsinnis í gegnum árin eins og þjóðmálakönnun ASÍ sem framkvæmd var fyrir þing ASÍ 2024 sýndi. Þar kváðust um 57% þátttakenda telja hlutdeildina ýmist frekar eða mjög rangláta.

Í apríl 2025 skilaði ASÍ skilaði inn umsögn um drög að frumvarpi um breytingarnar þar sem það lýsti yfir stuðningi við boðaðar breytingar sem fælu í sér að skattstofninn væri miðaður við markaðsverð á afurðum. Augljós galli væri í núverandi kerfi veiðigjalda sem gerði að verkum að sjávarútvegsfyrirtæki kæmust hjá greiðslu eðlilegs gjalds með milliverðlagningu.

ASÍ legði þó áherslu á að hluti auðlindaarðs yrði eftir í þeim byggðum þar sem nýting færi fram og að stjórnvöld rýndu vel hvaða áhrif þessar breytingar hefðu á smærri útgerðir og fiskvinnslur. Í umsögninni var farið yfir megináherslur ASÍ í auðlindamálum; að auðlindir landsins væru sameign þjóðarinnar og að tryggja yrði réttláta hlutdeild þjóðarinnar vegna auðlindanýtingar. Vísað var til þess að auðlindamál hefðu verið meginþema 46. þings ASÍ sem haldið var haustið 2024. Miðstjórn ASÍ sendi einnig frá sér ályktun um málið 3. apríl þar sem það lýsti yfir stuðningi við breytingarnar.

Í umsögn Alþýðusambandsins um frumvarpið sjálf sem skilað var inn í maí 2025 kom fram að mikilvægt væri að skapa sátt um nýtingu auðlinda. Það hefði ekki tekist með núverandi kerfi þar sem veiðigjöld væru einungis lítill hlutur í mældri auðlindarentu í sjávarútvegi. Farið var yfir ýmis sjónarmið varðandi skattlagningu á nýtingu auðlinda og m.a. bent á að gjaldheimta á umframhagnað væri hlutlaus gagnvart hagkvæmni fjárfestingakosta. Vísað var í umfjöllun um auðlindarentu í sjávarútvegi í skýrslu ASÍ frá 2021 um réttlátara og skilvirkara skattkerfi þar sem fjallað var um að gjaldheimta sem væri hlutlaus gangvart ákvörðunum einstaklinga og fyrirtækja hefði ekki sömu efnahagslegu áhrif og almennir skattar og myndi hönnuð gjaldheimta á auðlindanýtingu því ekki koma niður á hvötum til fjárfestinga og verðmætasköpunar.

Alþýðusambandið sagði bættu afkomu hafa haldist í hendur við hagræðingu, fækkun starfa og samþjöppun sem hefði verið sáraukafull fyrir sumar byggðir í landinu. Áskorun stjórnvalda sneri því að því að finna jafnvægi milli hagkvæmni og samþjöppunar annars vegar og byggðasjónarmiða hins vegar. Mikilvægt væri að stjórnvöld kortlegðu áhrif breytinga á stöðu ólíkra fyrirtækja í veiðum og vinnslu, á byggðir og þá yrði að stilla frítekjumörk eftir þörf.

Gagnrýni á frumvarpið beindist meðal annars að því að það gerði ekki nægjanlega grein fyrir áhrifum hækkunarinnar á litlar og meðalstórar útgerðir og á byggðir landsins. Einnig var bent á að frumvarpið legði of mikla byrði á útgerðir. Þá komu fram áhyggjur af samþjöppun og því að fiskvinnsla og útgerð myndu draga sig úr ákveðnum byggðarlögum vegna aukins kostnaðar.

Umræða um málið á Alþingi þróaðist yfir í málþóf og endaði með að verða lengsta umræða í sögunni frá því að málstofur Alþingis voru sameinaðar í eina. Að lokum notaði forseti Alþingis 71. grein þingskapalaga til að stöðva umræðuna og var það í fyrsta sinn frá árinu 1989 sem ákvæðinu var beitt.

Þrátt fyrir harða andstöðu stjórnarandstöðunnar við málið á þingi sýndu kannanir fram á afgerandi stuðning meirihluta íslensku þjóðarinnar við málið og andstöðu við málþóf stjórnarandstöðunnar. Svo fór að frumvarpið var samþykkt á Alþingi 14. júlí eftir minniháttar breytingar á upphæð frítekjumarks og þrepaskiptingu.



Verðlagseftirlit ASÍ

Verðlagseftirlit ASÍ heyrir undir efnahags- og skattanefnd miðstjórnar. Hlutverk þess er að veita neytendum upplýsingar um verðlag og verðþróun á helstu neytendamörkuðum, efla aðhald með verðhækkunum og kynda undir samkeppni.

Sú umbótavinna sem staðið hefur yfir frá vordögum 2023 tók að skila árangri. Greiningar verðlagseftirlitsins geta nú séð dýpra inn í virðiskeðjuna og geta greint verðbreytingar eftir framleiðanda og heildsala af nokkurri nákvæmni. Slíkar greiningar grundvallast á flokkun þeirra umfangsmiklu gagna sem aflað er daglega á rafrænan máta, sem og á tveimur jafnfljótum.

Safnað fyrst, spurt svo

Stærsti munurinn sem orðið hefur á verðlagseftirliti er að gögnum var áður safnað sem hluti af könnun eða rannsóknarspurningu, og fréttir og greiningar svo birtar úr þeirri gagnaöflun. Nú er gögnum markvisst safnað og greiningar unnar upp úr gagnasafni í kjölfarið.

Reglulegar fréttir eru birtar um þróun stóru myndarinnar á matvörumarkaði, þróun matvöruverðs í heild sinni og hvaða þættir – vöruflokkar, framleiðendur eða verslanir – eru ástæða fyrir sveiflum. Þær fréttir koma að nokkru leyti í stað vörukörfunnar sem áður var mælikvarði á verðþróun verslana. Nákvæmni mælingarinnar er nú mun betri, en niðurstaðan er á kostnað skiljanleika – vísitölur birtast ekki á kassakvittuninni. Þróunarvinna verðlagseftirlitsins miðar nú að því að samræma breiða gagnaöflun við hversdagslegan skilning á heimilisútgjöldum.

Útgefnar greiningar og aðferðir

Tuttugu verðlagsgreiningar voru birtar á árinu 2024. Voru þar ýmis greiningartæki og ný aðferðafræði notuð til að góma aðila á ýmsum stigum dagvörumarkaðarins.

- **Samsteypa breytir verðstefnu**

Verslanir Samkaupa; Nettó, Kjörbúðin og Krambúðin, hækkuðu verð svo um munaði um mitt sumar 2024. Síritun verðs í vefverslunum og mánaðarleg verðgögn úr öðrum verslunum komu upp um þessa hækkun innan fárra daga eða vikna. Í kjölfar birtingar fréttar um hækkunina var undið ofan af þessum hækkunum að miklu leyti.

- **Ný verslun kortlögð á fyrsta degi**

Verslunin Prís var opnuð 17. ágúst 2024 og hafði verðlagseftirlitið kortlagt öll verð verslunarinnar á nokkrum klukkustundum. Sérhæft verðtökuforrit, smíðað innanhúss hjá Alþýðusambandinu, gerði þessa snörpu gagnaöflun mögulega. Einnig var kortlagt verðstrið milli Bónuss, Krónunnar og Prís sem hófst nokkrum klukkustundum eftir að Prís var opnuð.

- **Nettó sníður verðstefnu að verðsamanburði**

Í desember 2024 leiddi samanburður á árshækkunum verslana í ljós að Nettó hafði lækkað verð á vörum sem líka mátti finna í Bónus um tæplega 4%, en hækkað verð á öðrum vörum að meðaltali um 2%. Þetta leiddi til betri stöðu Nettó í verðsamanburði, þar sem Bónus var oft með lægsta verðið og því samanburðarverð í verðkönnunum. Skráning strikamerkja á vörum leyfði samkeyrslu gagna úr verslununum tveimur, en slíkur samanburður hefði annars verið næsta ómögulegur.

- **Vörur dýrari í Krónunni ef þær fást ekki í Bónus**

Rannsókn á verðlagningu Krónunnar á tilbúnum réttum 1944 gaf vísbendingar um að Krónan hafi verð herra á vörum sem Bónus býður ekki upp á. Þegar Prís var opnuð lækkaði Krónan verð á níu réttum frá 1944, einmitt þeim níu sem ekki voru í boði í Bónus. Réttir frá 1944 sem seldir voru í Bónus voru 13% dýrari í Krónunni en í Prís. Réttir frá 1944 sem *ekki* voru seldir í Bónus voru 29% dýrari í Krónunni en í Prís.

- **Flett ofan af „grænum punkti“**

Kjörbúðin auglýsti haustið 2024 að fjöldi vara væri „á lágvöruverði“, vörur merktar með grænum punkti. Úttekt verðlagseftirlitsins leiddi í ljós að margar af þessum vörum voru í raun þriðjung til helmingi dýrari en í Bónus eða Prís. Á einni vöru var verðið nær verðinu í 10-11 en verðinu í Bónus.

- **Hækkanir framleiðenda í sigtinu**

Nokkrar greiningar undanfarið ár hafa beint sjónum að verðhækkunum sem greinast í mörgum verslunum, þar sem verðhækkunin skýrist betur af ákvörðunum framleiðanda en af verðstefnu verslana. Skýrustu dæmin hafa verið hækkun á súkkulaðiverði frá upphafi árs 2024 og hröð hækkun kaffiverðs frá byrjun árs 2025. Þótt rót hækkanna sé herra hrávöruverð, þá er hætta á að fyrirtæki nýti það sem skálkaskjól til að auka arðsemi, líkt og verðlagseftirlitið benti á í tilfelli Nóa Sírús sumarið 2025.

Endurbætt smáforrit undir nýju nafni

Smáforritið Prís kom út um jólin 2023. Þar mátti fletta upp vörum með því að skanna á þeim strikamerkið og sjá hvað þær kostuðu í verslunum. Haustið 2024 kom út önnur útgáfa undir nýju nafni, „Nappið“, þar sem mátti líka leita að vörum með nafni og senda ábendingar um breytt verð beint á verðlagseftirlitið. Á annað hundrað ábendinga berast gegnum forritið á mánuði, og er þeim miðlað beint í gagnasarp verðlagseftirlitsins.



Dagvöruvísitala og birting gagna

Á vefnum verðlagseftirlit hefur frá ágúst 2024 verið unnt að fletta upp vörum og sjá verð og verðsögu þeirra í verslunum. Þar er einnig birt vísitala dagvöruverðs, byggð á nýjustu gögnum, sem sýnir hvernig þessi veigamikli útgjaldaflokkur þróast milli mánaða. Dagvöruvísitalan er reiknuð með svipaðri aðferð og matvöruliður vísitölu neysluverðs, og hefur legið afar nærri tölum Hagstofunnar undanfarin misseri. Greiningartæki verðlagseftirlitsins, til dæmis sundurliðun vísitölunnar á verslunarkerðjur og framleiðendur, segja nú áður óþekkta sögu um hverjir drifa áfram eða halda aftur af verðbólgu.

Verðmæti og áreiðanleiki gagna verðlagseftirlitsins sést ekki síst af aðsókninni í þau af hálfu óprúttinna aðila. Frá því að gagnaveiturnar Nappið og verðlagseftirlit.is opnuðu hafa ítrekaðar tilraunir verið gerðar til að sækja allar upplýsingar sem liggja þar inni. Vefurinn og smáforritið eru hönnuð fyrir sem greiðastan aðgang almennra notenda að gögnum, en gildir eru lagðar fyrir botnvörpur sem dregnar eru þar í gegn.



Halldóra S. Sveinsdóttir, formaður Bárunnar, ásamt eigendum Friðheima í Bláskógabyggð þegar fyrirtækið fékk vottun þess efnis að farið sé eftir kjarasamningum og reglum vinnumarkaðarins. Vottunarkerfið sem kallast „Í góðu lagi“ var formlega tekið í gagnið í júní 2025.

Félags- og vinnumarkaðsmál

Vinnustaðaeftirlit ASÍ og stéttarfélaganna

Á síðari hluta árs 2024 var ráðinn nýr verkefnastjóri vinnustaðaeftirlits til starfa á lögfræði- og vinnumarkaðssviði. Um er að ræða mikilvæga viðbót við teymi sérfræðinga á skrifstofu ASÍ sem starfa við eftirlit á vinnumarkaði og búa yfir sérþekkingu á alvarlegum brotum, svo sem launaþjófnaði, misneytingu og vinnumansali. Með þessari viðbót hefur geta ASÍ og stéttarfélaganna til að bregðast við flóknum málum sem upp koma í eftirliti og stuðningur skrifstofu ASÍ við eftirlitsfulltrúa aukist.

Á fyrstu sex mánuðum ársins 2025 fóru fram 654 eftirlitsheimsóknir viðs vegar um land og í þeim heimsóknum var rætt við alls 1.965 einstaklinga. Algengustu ágallar sem fram komu vörðuðu laun og önnur kjör starfsmanna, sem stéttarfélögin leystu í flestum tilvikum í beinum samskiptum við atvinnurekendur og starfsmenn. Fjöldi ábendinga var jafnframt sendur til ríkisstofnana með eftirlitshlutverk, svo sem Vinnueftirlits, Vinnumálastofnunar og lögreglu, ef grunur vaknaði um alvarlegri brot.

Af þeim sem eftirlitsfulltrúar ræddu við voru 63% með erlent ríkisfang, sem er hækkun frá árinu 2023 þegar hlutfallið var tæp 60%. Hátt hlutfall erlendra ríkisborgara í þessum eftirlitsheimsóknum endurspeglar samsetningu starfsfólks í þeim atvinnugreinum sem eftirlitið beinist að, einkum ferðaþjónustu, mannvirkjagerð og veitingarekstri.

Í þessu samhengi ber þá að nefna að í september 2024 var gert viðbótarsamkomulag milli ASÍ og SA um þær atvinnugreinar sem eftirlitið nær til og bættust við fiskvinnslur, hreingerningaþjónusta, minni matvöruverslanir og önnur blönduð smásala. Af því tilefni hefur verið lögð áhersla á markvisst eftirlit í fiskvinnslum á árinu 2025 og fyrirhugað er að efla eftirlit með starfsfólki er starfar við hreingerningar en

slíkt hefur reynst flókið í framkvæmd þar sem oftast en ekki eru þau störf ekki staðbundin og erfitt að ná á starfsfólk.

Hátt hlutfall erlendra ríkisborgara á vinnumarkaði, og sérstaklega í þeim atvinnugreinum sem vinnustaðaeftirlitið nær til, undirstrikar mikilvægi þess að eftirlitsfulltrúar fái þjálfun í menningarnæmi og að þeirra á meðal sé fólk með fjölbreytta tungumálaþekkingu og bakgrunn, auk þess sem þeir hafi aðgang að túlkun og prentefni á mörgum tungumálum.

Reglulegir stöðufundir eftirlitsfulltrúa

Stöðufundir eftirlitsfulltrúa voru haldnir að jafnaði á tveggja vikna fresti, í gegnum fjarfund á Teams. Á stöðufundina mæta virkir eftirlitsfulltrúar um allt land, auk starfsfólks skrifstofu ASÍ. Þar fá eftirlitsfulltrúar tækifæri til að ræða mál sem eru á þeirra borði hverju sinni og deila og fá ráðgjöf frá öðrum eftirlitsfulltrúum og starfsfólki ASÍ. Þeir eru jafnframt vettvangur ábendinga og umræðna tengdum samráðsvettvangi VER (sjá kaflann Samstarfsvettvangur VER um brotastarfsemi á vinnumarkaði).

Finnur – skráningar- og upplýsingakerfi vinnustaðaeftirlitsins

Síðsumars 2024 var tekinn í notkun „Nýr Finnur“, nýtt skráningar- og upplýsingakerfi fyrir vinnustaðaeftirlit ASÍ og stéttarfélaganna, sem leysti af hólmi eldra kerfi sem hafði verið í notkun frá árinu 2010. Við hönnun nýrrar útgáfu af Finni var lögð áhersla á notendavænt viðmót fyrir eftirlitsfulltrúa, skilvirka og skipulega gagnasöfnun og auðvelda gagnavinnslu og útflutning gagna. Kerfið er að ákveðnu leyti enn í mótun og hafa breytingar verið gerðar eftir því sem tilefni hefur verið til. Heilt yfir hefur verið ánægja með kerfið og er það talið styðja við fagleg vinnubrögð og skýra skráningu í eftirlitinu.

Eftirlitsáttak í ferðapjónustu

Í febrúar 2025 óskuðu VR og Leiðsögn eftir liðsinni ASÍ við undirbúning og samhæfingu sameiginlegs vinnustaðaeftirlits í ferðapjónustu. Tilgangurinn með átaksverkefninu var að ná til félagsfólks á vettvangi, veita því upplýsingar um réttindi og skyldur og svara fyrirspurnum tengdum starfskjörum og vinnuumhverfi. Þar sem ljóst þótti frá upphafi að árangur verkefnisins myndi ráðast af breiðri þátttöku eftirlitsaðila varð úr að átakið var sameiginlegt með lögreglu, Skattinum og Vinnueftirlitinu. Verkefnið byggði á víðtækri samvinnu milli ASÍ og stéttarfélaga og þessara stofnana og endurspeglar sameiginlega ábyrgð og vilja til að efla markvisst eftirlit í einni af stærstu atvinnugreinum landsins.

Ákveðið var að eftirlitsferðir færu fram á fjölförnum ferðamannastöðum á Suðurlandi á mismunandi tímabilum sumarsins. Fræðsla til þátttakenda átaksins var veigamikill þáttur í undirbúningi þess, þar sem mikil þörf hefur verið á að samræma skilning og þekkingu ólíkra aðila á umhverfi og reglum ferðapjónustunnar. Fræðsla fór fram af hálfu ASÍ og VR/Leiðsagnar, Ferðamálastofu, Samgöngustofu, Vinnumálastofnunar, Vinnueftirlitsins og Skattsins. Mikil ánægja var með fræðsluröðina og var hún vel sótt, bæði af þátttakendum átaksins og annarra innan þessara stofnana sem og lögreglunnar.

Samstarfsvettvangur aðila vinnumarkaðarins og Vinnueftirlitsins

Um áramótin síðustu tóku gildi breytingar á ýmsum lögum vegna samstarfs og eftirlits á vinnumarkaði. Með breytingunum er Vinnueftirliti ríkisins (VER) gert að formbinda samstarf milli stjórnvalda, ASÍ og Samtaka atvinnulífsins (SA) í baráttunni gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði.

Breytingin á sér nokkurn aþdraganda og tillaga þess efnis var meðal annars sett fram árið 2019 í skýrslu samstarfshóps félags- og barnamálaráðherra um félagsleg undirboð og brotastarfsemi á vinnumarkaði. ASÍ hefur lengi kallað eftir auknu og formlegu samstarfi milli þeirra stofnana og samtaka sem fara með

eftirlit á vinnumarkaði. Öflugt samstarf er enda forsenda þess að árangur náist í baráttunni gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði.

Ljóst er að miklar væntingar eru bundnar við samstarfið, bæði af hálfu verkalýðshreyfingarinnar og stjórnvalda. ASÍ hefur lagt áherslu á að fyrirhugað samstarf verði nægilega öflugt og reglulegt til að skila raunverulegum árangri.

Nokkrir fundir hafa þegar verið haldnir á vettvangi VER og er fyrirkomulag fundanna að einhverju leyti enn þá í mótun.

Markmið ASÍ er að á vettvangnum verði hægt að taka upp mál sem aðildarfélögin og vinnustaðaeftirlit ASÍ og stéttarfélaganna hafa til skoðunar hverju sinni og fá opinbera aðila að málinu svo hægt sé að nálgast þau heildstætt. Þá verði með fundunum auðveldara að koma auga á breytingar á vinnumarkaði og ný mynstur í brotastarfsemi. Einnig verði í sumum tilfellum hægt að skipuleggja sameiginlegar heimsóknir á vinnustaði þegar það á við.

Samstarfsnefnd stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins

Með lagabreytingum um síðustu áramót varð einnig til ný samstarfsnefnd stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um aðgerðir gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði. Fyrsta verkefni nefndarinnar er að útbúa tillögu að aðgerðaáætlun og skal áætlunin vera tilbúin síðar á þessu ári. Í nefndinni sitja fjórir ráðherrar auk fulltrúa aðila vinnumarkaðarins, sveitarfélaganna, Útlendingastofnunar, Skattsins og Vinnueftirlitsins. Á fyrsta fundi nefndarinnar afhenti fulltrúi ASÍ nefndarmönnum minnisblað með níu tillögum sem allar miða að heilbrigðari vinnumarkaði. Tillögurnar eru eftirfarandi:

1. Keðjuábyrgð í öllum stærri byggingarframkvæmdum
2. Fávíti við launapjófnaði
3. Fullfjármögnuð og tímasett aðgerðaáætlun í mansalsmálum
4. Endurskoðun atvinnu- og dvalarleyfa útlendinga utan EES með tilliti til hættunnar á misneytingu og mansali
5. Endurskoðað regluverk um lögverndaðar iðngreinar
6. Hið opinbera gangi á undan með góðu fordæmi í opinberum innkaupum
7. Lög um starfsmannaleigur endurskoðuð
8. Sterkar eftirlitsstofnanir
9. Stöðva þarf undirmönnun

„Vinnumansal á Íslandi“ – sameiginleg ráðstefna ASÍ og SA

Þann 26. september 2024 stóðu ASÍ og SA fyrir sameiginlegri ráðstefnu um vinnumansal í Hörpu. Hátt í 300 manns sóttu ráðstefnuna og þar á meðal voru fjölmargir fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar, atvinnulífs, stjórnvalda, opinberra stofnana og fræðasamfélagsins. Aðalframsögukona ráðstefnunnar var Natalia Ollus, forstöðukona finnsku rannsóknastofnunarinnar HEUNI, en Finnar hafa náð eftirtektarverðum árangri í baráttunni gegn misneytingu og mansali á vinnumarkaði. Auk þess mættust þau forseti ASÍ, framkvæmdastjóri SA og ráðherra vinnumarkaðsmála í pallborði og Henry Alexander Henrysson heimspekingur fór með erindi um samfélagslega ábyrgð í stóru samhengi. Í málstofum var

fagfólk úr öllum áttum fengið til að ræða málefnið frá fjölmörgum sjónarhornum, svo sem varðandi ábyrgð fyrirtækja, eftirlit, vernd við þolendur mansals og rannsókn og saksókn mansalsmála.

Samhliða ráðstefnunni gáfu samtökin út sameiginlega yfirlýsingu sem hljóðar svo:

Sameiginleg yfirlýsing ASÍ og SA í baráttunni gegn vinnumansali

Undanfarin misseri hafa komið upp á yfirborðið nokkur mál á íslenskum vinnumarkaði sem sýna að vinnumansal þrífst í íslensku samfélagi. ASÍ og SA lýsa sameiginlega yfir áhyggjum sínum af því að slíkt geti þrífst hér á landi og finna til ábyrgðar sinnar um að gera allt sem er á þeirra valdi til að vinna gegn vinnumansali.

Íslenskur vinnumarkaður er að mestu leyti vel skipulagður enda hafa aðilar vinnumarkaðarins viðhaft mikið og virkt samtal um allt það sem lýtur að sameiginlegum hagsmunum. Stjórnvöld verða svo eðli málsins samkvæmt einnig að axla ábyrgð á samstarfinu sem þar með verður þríhliða sem er sérlega mikilvægt hvað varðar baráttuna gegn brotastarfsemi og markmiðið um að hér á landi þrífst ekki vinnumansal.

Vinnumansal er að mati ASÍ og SA ólíðandi og nauðsynlegt að allt sé skoðað með það að markmiði að uppræta slíka háttsemi.

Áhyggjur ASÍ og SA lúta ekki síst að stöðu erlendra ríkisborgara á vinnumarkaði enda sýna dæmin bæði hérlandis og erlendis að einstaklingar í viðkvæmri stöðu sem hafa lagt mikið á sig og flutt um langan veg í leit að betra lífi eru sérstaklega berskjaldaðir fyrir vinnumansali. Sameiginlegir hagsmunir allra eru að tryggja heilbrigðan vinnumarkað sem tekur vel á móti því fólki sem hingað kemur til að vinna.

Með vísan í allt framangreint skora ASÍ og SA á stjórnvöld að grípa svo fljótt sem verða megi til eftirfarandi almennra aðgerða:

- Tryggð verði aðgerðaáætlun sem tekur sérstaklega til vinnumansals, þá sérstaklega viðbragðs- og eftirlitskerfis enda til lítils að sinna eftirliti ef niðurstaða fyrir þolendur er jafnslæm eða verri en var meðan á vinnumansalinu stóð.
- Þolendum vinnumansals verði tryggð nauðsynleg félagsleg úrræði, eftir atvikum.
- Koma þarf upp sérstöku ferli til að bera kennsl á þolendur vinnumansals.
- Tryggja þarf fullnægjandi þekkingu á málaflokknum í réttarkerfinu og forgangsraða fræðslunni til að geta betur sinnt málaflokknum. Enda eru slík mál alla jafna flókin og viðkvæm bæði í rannsókn og saksókn.
- Lög um atvinnuréttindi útlendinga verði endurskoðuð og eftir atvikum lögum um útlendinga í því augnamiði að takmarka líkur á vinnumansali.

ASÍ og SA lýsa því yfir að auk þess að vinna sameiginlega að framgangi framangreinds munu þau vinna að markvissum aðgerðum á borð við:

- Hvetja fyrirtæki til þess að taka ábyrgð á virðiskeðjunni í rekstri sínum. Aðilar munu m.a. útbúa fræðsluefni um hvernig best sé að gera það.
- Búa til fræðsluefni um einkenni vinnumansals í samstarfi við önnur samtök fyrir almenning og atvinnurekendur.

Misneyting og mansal á vinnumarkaði

Undanfarin misseri hefur fjölgað mjög þeim einstaklingum sem leita til ASÍ og stéttarfélaganna vegna misneytingar á vinnumarkaði. Fjölgunina má meðal annars rekja til mikillar opinberrar umræðu um Wokon-Pho-málið svokallaða. Málið er enn þá til rannsóknar hjá lögreglu þegar þetta er skrifað og lögregla hefur sagt það vera sennilega stærsta mál sinnar tegundar sem upp hefur komið á Norðurlöndum.

ASÍ og stéttarfélögin sinntu ýmiss konar stuðningi og aðstoð við þolendur í málinu. ASÍ, Bjarkarhlíð, velferðarsvið Reykjavíkurborgar og Vinnumálastofnun héldu samtals 16 upplýsingafundi fyrir þolendur í því máli á tímabilinu mars 2024–mars 2025. ASÍ hélt utan um fundina, sem haldnir voru í sal Eflingar að Guðrúnartúni 1.

Á fundina mættu fulltrúar ofangreindra aðila og veittu þolendum upplýsingar í formi stuttra kynninga sem voru túlkaðar á vietnömsku. Auk þess aðstoðuðu fulltrúar þessara stofnana og félaga þolendur við að fylla út eyðublöð, bóka viðtöl hjá viðeigandi stofnunum og fleira eftir atvikum.

Í samtölum við þolendur síðar meir kom fram staðfesting á því að fundirnir hafi skipt verulegu máli og stuðlað að trausti fólksins á stjórnvöldum og íslensku samfélagi. Þolendur nefndu einnig mikilvægi og gagnsemi kynningar sem þau fengu frá lögfræðingi ASÍ um réttindi og skyldur á íslenskum vinnumarkaði. Það er enda mikilvægt að auka þekkingu og vitund þolenda um réttindi sín til að koma í veg fyrir að þau festist að nýju í slæmum ráðningarsamböndum.

Segja má að stærsta sigrinum hafi verið náð þegar þolendur í málinu fengu farsæla úrlausn sinna mála hjá Útlendingastofnun, í kjölfar yfirlýsingar dómsmálaráðherra í mars 2025. Þolendur hafa nú fengið útgefin dvalarleyfi sem tryggja rétt þeirra til áframhaldandi dvalar á Íslandi.

Ljóst er að í kjölfar Wokon-Pho-málsins hefur þörf fyrir stuðning og leiðbeiningar fyrir þolendur misneytingar og mansals aukist mikið. Misneyting og mansal á vinnumarkaði er ekki nýtilkomið vandamál en þolendur treysta sér betur en áður til að leita aðstoðar og ASÍ hefur ekki farið varhluta af þessari þróun.

Aðstoð ASÍ við þolendur misneytingar og mansals á vinnumarkaði felst meðal annars í að fá þau í viðtal svo að hægt sé að átta sig betur á eðli misneytingarinnar. Fyrir utan sjálft launamálið, sem er lagt í hendur viðeigandi stéttarfélags, snúa þarfir þolenda oftast en ekki að því að tryggja dvalarleyfisstöðu, finna aðra vinnu og í sumum tilfellum þurfa þau aðstoð varðandi húsnæði og framfærslu. Bjarkarhlíð sinnir samræmingu í þjónustu við mansalþolendur og ASÍ starfar þétt með þeim.

Fyrir utan beina þjónustu við þolendur og umfangsmikið samstarf við aðrar stofnanir og samtök sem koma að málaflokknum, hefur ASÍ einnig átt í reglulegu samtali við stjórnvöld um málaflokkinn. Þannig funduðu fulltrúar ASÍ með ráðherrum félagsmála annars vegar og dómsmála hins vegar fyrr á árinu og afhentu þeim minnisblöð við það tilefni.

Kærumál á grundvelli EES-samningsins

Kæra til ESA vegna slysatrygginga hlutavinnufólks o.fl.

Um árabíl hefur verið reynt að fá íslensk stjórnvöld til þess að afnema mismunun í slysatryggingum hlutavinnufólks í störfum hjá ríki og Reykjavíkurborg en án árangurs. Mismununin felst í því að starfsfólk sem ekki er í 50% eða meira starfi hjá þessum aðilum er ekki tryggt almennri slysatryggingu. Samstarf

tókst milli ASÍ, BSRB og BHM um sameiginlega kæru til stofnunarinnar og hefur málinu verið formlega komið í ferli á vettvangi ESA.

Enn eru óleyst mál vegna fyrningar orlofs sem kærð voru til ESA.

Sameiginleg mál í kjarasamningum

Á árinu 2007 var fyrst gerður samstarfssamningur aðildarsamtaka ASÍ vegna sameiginlegra mála. Árið 2010 var hann endurnýjaður og hefur verið óbreyttur síðan.

Tilgangur samstarfssamningsins var og er að koma í veg fyrir að mál sem varða alla eða flesta kjarasamninga aðildarsamtaka séu ekki notuð af SA sem skiptimynt í einstökum kjarasamningum og einnig til þess að tryggja samræmi í réttindum sem eru sameiginleg.

Samningurinn hefur einnig verið virkjaður til þess að samræma endurskoðunarákvæði kjarasamninga. Lögfræðingar ASÍ hafa safnað saman efni í hinar sameiginlegu kröfur í samvinnu við stjórnir og starfsmenn aðildarfélaganna og mikið af þeim varðar ágreining um túlkun gildandi ákvæða í kjarasamningum, bæði túlkanir SA og dómstóla en einnig orðalag sem lagfæra þarf og samræma milli samninga.

Samstarfssamningnum og virkjun hans hverju sinni er ekki ætlað að færa hið almenna og venjulega samningsumboð aðildarsamtakanna í hendur ASÍ. Samninganefnd ASÍ er ekki hluti af stjórnkerfi ASÍ heldur frjáls vettvangur aðildarsamtakanna til samræmingar í þeim málum þar sem aðildarsamtökin telja samræmingar þörf. Þegar virkjun hefur tekist hefur verið lokið sérstökum samningi milli samninganefndar ASÍ og SA sem færður hefur verið inn í almennu kjarasamningana.

Nokkuð er síðan síðast tókst samstaða í aðdraganda kjarasamninga um virkjun hans þó sameiginlegar kröfur hafi verið tilbúnar. Hingað til hefur tekist að semja um 30 einstakar kröfur og árangurinn því verið góður.

Ábyrgðasjóður launa

Ábyrgðasjóði launa er stjórnað af þriggja manna stjórn. Alþýðusamband Íslands á þar einn fulltrúa, ásamt Samtökum atvinnulífsins og fulltrúa tilnefndum af ráðuneytinu. Árið 2024 var Karen Ósk Nielsen Björnsdóttir, lögfræðingur á skrifstofu ASÍ, tilnefnd í stjórn sjóðsins og mun sitja þar næstu fjögur ár, í samræmi við lög um sjóðinn.

Tilgangur Ábyrgðasjóðs launa er að tryggja greiðslu vangoldinna krafna launafólks þegar atvinnurekandi verður gjaldþrota, ásamt vangreiddum lífeyrisðgjöldum. Sjóðurinn gegnir lykilhlutverki í vernd réttinda launafólks – án hans hlupi tjón vegna vangoldinna launa og réttinda á milljarða króna á hverju ári, ef marka má ársreikninga síðustu ára.

Í kjölfar kjarasamninga á almennum vinnumarkaði árið 2024 hækkaði hámarksábyrgð sjóðsins í samræmi við loforð ríkisstjórnarinnar. Á seinni hluta ársins 2024 nam hámarksábyrgð vegna launa 850.000 kr., og hækkaði í 970.000 kr. árið 2025. Hámarksábyrgð vegna orlofslauna var á sama tímabili 1.362.000 kr. og síðar 1.554.000 kr. Þessar hækkanir fela í sér verulega réttarbót og draga úr þeim fjölda launafólks sem fellur utan verndar sjóðsins.

Á vormánuðum 2024 var ákveðið að fresta fyrirhugaðri endurskoðun á lögum um Ábyrgðasjóð launa. Núverandi ríkisstjórn hefur ekki boðað endurupptöku þeirrar vinnu, og óvíst er hvenær hún hefst. Það er hins vegar brýnt að hraða endurskoðun laganna, enda tímabær í ljósi reynslu og þróunar á vinnumarkaði.

Vinnumarkaðsnefnd

Á starfsárinu urðu breytingar á verksviði vinnumarkaðsnefndar, þar sem nefnd um brotastarfsemi á vinnumarkaði var felld undir hana. Jafnframt voru málefni framtíðar færð til nýrrar framtíðarnefndar.

Vinnumarkaðsnefnd fundaði reglulega á árinu og tók til umfjöllunar alvarleg mál, meðal annars umfangsmesta vinnumansalsmál sem komið hefur upp hér á landi – svonefnt Wokon/Pho-mál. Það tengist fyrirtækjum á vegum Quang Le, sem nú eru til rannsókna ásamt fleiri grunuðum aðilum. ASÍ og aðildarfélög hafa frá upphafi tekið virkan þátt í málinu og veitt þolendum víðtækan stuðning í samstarfi við stjórnvöld.

Á árinu var einnig fjallað um nýtt örorkulífeyriskerfi sem tók gildi 1. september 2025. Um er að ræða umfangsmiklar breytingar á greiðslufyrirkomulagi, þar sem bætt var við bótaflokki fyrir einstaklinga með hlutaörorku. Jafnframt var komið á nýjum greiðsluflokki vegna sjúkra- og endurhæfingarlífeyris – sem áður hafði ekki verið greiddur á meðan einstaklingar biðu endurhæfingar eða voru að ná bata eftir veikindi, slys eða áföll. Með breytingunum fylgdu ný viðmið um mat á getu umsækjenda og aukinn stuðningur við atvinnuleit. Þeir sem þiggja hlutaörorkulífeyri njóta nú greiðslu sérstakra bóta á meðan þeir eru virkir í atvinnuleit.

Keðjuábyrgð var einnig rædd innan nefndarinnar. Lögð var áhersla á að hefja greiningu á íslensku lagaumhverfi í samanburði við Norðurlöndin. Auk þess verður skoðað með ítarlegum hætti hvernig keðjuábyrgð er nýtt í þágu réttinda launafólks og framkvæmd kjarasamninga hérlandis, bæði hjá atvinnurekendum en líka innan stéttarfélaga við vinnslu kjaramála.

Framtíðarnefnd

Framtíðarnefnd var stofnuð af miðstjórn ASÍ í upphafi árs 2025, í kjölfar tillögu á þingi sambandsins þann 18. október 2024 sem var vísað til miðstjórnar. Nefndinni er ætlað að starfa tímabundið til loka árs 2025 og sinna málefnum sem varða framtíðaráskoranir vinnumarkaðarins – einkum áhrifum gervigreindar og svokallaðra netvangsstarfa (e. platform jobs).

Gervigreind er í örri þróun og hefur þegar tekið að umbreyta störfum og vinnulaginu í mörgum atvinnugreinum. Talið er að mörg störf hverfi á næstu árum, á sama tíma og ný störf verði til, sem bjóða fólki tækifæri til að aðlagast nýjum veruleika. Framtíðarnefnd fylgist með þessari þróun, kortleggur áhrif á íslenskan vinnumarkað og styður við fræðslu, endurmenntun og úrræði fyrir launafólk.

Helstu áherslur nefndarinnar eru:

- Að tryggja réttindi og vernd launafólks í ljósi tæknibreytinga.
- Að stuðla að sterku og aðgengilegu símenntunarkerfi.
- Að verja mannlega þátttöku í ákvörðunum sem snerta réttindi fólks.
- Að greina stöðu og þróun netvangsstarfa innanlands og í Evrópu.
- Að miðla þekkingu og upplýsingum til aðildarfélaga ASÍ og almennings.

Nefndin fundaði þrisvar á árinu og var þátttaka góð. Á fundum var boðið upp á fræðsluerindi, meðal annars kynningu ASÍ á greiningu netvangsstarfa og kynningu frá nýsköpunar-, iðn- og háskólaráðuneytinu um stefnu stjórnvalda í málefnum gervigreindar. Í júlí 2025 gaf ríkisstjórnin út aðgerðaáætlun um gervigreind þar sem ASÍ mun gegna mikilvægu hlutverki.

Staða ræstingarfólks á íslenskum vinnumarkaði

Við gerð kjarasamninga árið 2024 var sérstök áhersla lögð á leiðréttingu kjara ræstingarfólks. Samkomulag náðist um að hækka laun þessa hóps umfram aðra, með flutningi upp um launaflokka og greiðslu sérstaks ræstingarauka. Tilfnið var niðurstaða nýrrar rannsóknar Vörðu – Rannsóknastofnunar vinnumarkaðarins – sem leiddi í ljós afar bágar aðstæður hópsins. Nær 18% ræstingarfólks býr við fátækt og 46% þeirra glímir við slæma andlega heilsu og var ræstingarfólk þannig í verstu stöðu miðað við annað fólk á vinnumarkaði sem rannsóknin náði til.

Á árinu bárust fjölmargar ábendingar til stéttarféлага um alvarlega annmarka á kjörum og aðbúnaði ræstingarfólks: skort á vinnuáðstöðu og salernisaðgengi, vangreiðslu launa, gerviverktöku og vanhöld á afhendingu launaseðla og ráðningarsamninga.

Alvarlegasta málið tengdist stærsta ræstingarfyrirtæki landsins, sem ákvað að fella niður tímamælda ákvæðisvinnu og lækka þannig laun starfsfólks um 20%. Ákvæðisvinnan krefst allt að 30% meiri vinnuhraða. ASÍ, SGS og Efling fordæmdu þessa aðgerð í febrúar 2025 og lýstu því yfir í opinberri yfirlýsingu að um siðlausu meðferð á launafólki væri að ræða.

Við nánari skoðun á málinu kom í ljós að útboð opinberra aðila væru víða í ólestri. Félagslegum kröfum laga um opinber innkaup, nr. 120/2016, var ekki sinnt nægilega og skortur var á þekkingu opinberra aðila á raunverulegum aðstæðum ræstingarfólks.

ASÍ og aðildarfélög halda nú áfram viðamikilli vinnu til úrbóta í samstarfi við opinbera aðila, fyrirtæki, ræstingarfyrirtæki og trúnaðarmenn víðs vegar um landið, með það að markmiði að tryggja mannsæmandi kjör og réttindi ræstingarfólks á íslenskum vinnumarkaði.

Heimsókn ELA til ASÍ og innganga Íslands í verkefnið

Hinn 19. mars sl. kom Pál Skaufjörð, vinnueftirlitsmaður og fulltrúi Noregs, Íslands og Liothenstein hjá Evrópsku vinnumálastofnuninni (ELA) til fundar hjá ASÍ ásamt tveimur fulltrúum frá félags- og húsnæðismálaráðuneytinu. Fundurinn var afar góður og sammældust fundargestir um mikilvægi góðra tengsla og samvinnu, t.d. er varðar útsenda starfsmenn, svokölluð gígg-störf, skipulagða brotastarfsemi á vinnumarkaði o.s.frv.

ELA er stofnun, staðsett í Bratislava í Slóvakíu, sem stofnuð var árið 2019. Markmið stofnunarinnar er að styðja við réttlátan og skilvirkan vinnumarkað innan Evrópusambandsins (ESB), sérstaklega varðandi hreyfanleika vinnuafls og samræmingu félagslegra réttinda. Tilgangur heimsóknarinnar var að öðlast þekkingu á íslenskum vinnumarkaði og mynda tengslanet til að auðvelda samstarf og upplýsingamiðlun um evrópskan vinnumarkað í framtíðinni. Ísland, líkt og Noregur og Liechtenstein, hefur verið áhorfandi (e. *observer*) hjá ELA frá stofnun en frá og með 1. apríl 2025 hafa Ísland, Noregur og Liechtenstein haft fullan þátttökurétt.

Fyrir stofnun ELA tók Ísland þátt í vettvangnum *European Platform against Undeclared Work*, sem var stofnaður árið 2016. Sá vettvangur er nú orðinn fastur starfshópur innan ELA. Þá samhæfir ELA einnig evrópska atvinnuþjónustunetið (EURES – European Employment Services), sem veitir upplýsingar og stuðning til atvinnuleitenda og atvinnurekenda um allt EES-svæðið, þar með talið á Íslandi.

Stjórn Vinnumálastofnunar

Lögum skv. tilnefni ASÍ tvo af níu fulltrúum í stjórn Vinnumálastofnunar. Frá árinu 2022 hafa þau sæti skipað Halldór Oddsson, sviðsstjóri á skrifstofu ASÍ og Guðbjörg Kristmundsdóttir, varaformaður SGS.

Stjórn Vinnumálastofnunar skal hafa eftirlit með rekstri og starfsemi stofnunarinnar. Stjórninni er meðal annars ætlað að fjalla um og samþykkja starfs- og fjárhagsáætlun stofnunarinnar sem forstjóri leggur fyrir hana eigi síðar en í desember vegna komandi rekstrarárs. Enn fremur skal hún árlega leggja fram tillögur til stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs um fjármagn til greiðslu atvinnuleysisbóta og umsýslu Vinnumálastofnunar fyrir sjóðinn samkvæmt þjónustusamningi. Stjórn stofnunarinnar skal jafnframt annast faglega stefnumótun á sviði vinnumarkaðsaðgerða og gera félagsmálaráðherra grein fyrir atvinnuástandi og árangri vinnumarkaðsaðgerða í skýrslu í lok hvers árs. Skal stjórnin hafa reglulegt samráð við vinnumarkaðsráðin, sbr. 6. gr., við mat á atvinnuástandi á hverju svæði.

Undanfarin misseri hafa einkennst af litlu atvinnuleysi en þó hafa nokkur sér mál verið í brennidepli á vettvangi stjórnar og má þar nefna málefni Grindavíkur og hefur það verið frá því að jarðhræringar hófust og bærinn var rýmdur. Flest sérstöku stuðningsúrræðin hafa þó runnið sitt skeið en engu að síður er um að ræða sérstaka aðstöðu sem margir einstaklingar og mörg fyrirtæki eru í. Auk þess má nefna að mikil áhersla hefur verið á að tryggja enn betur almenna virkni þeirra sem að einhverjum ástæðum eru ekki í hefðbundnu ráðningarsambandi. Í því samhengi má jafnframt nefna að fyrirhuguð breyting á örorkukerfi almannatrygginga og aukið hlutverk VMST hefur verið mikið til umræðu hjá stjórninni.

WOLT og gígg-hagkerfið á Íslandi

ASÍ og aðildarfélögin, auk fjölmargra samtaka um allan heim, hafa haft áhyggjur af þeirri þróun sem getur orðið ef tækniframfarir eru notaðar til að brjóta upp hefðbundið vinnusamband einstaklinga við atvinnurekanda með þeirri vissu og öryggi sem slíku fylgir. Um er því ekki að ræða séríslenska áskorun, heldur má í raun frekar segja að innkoma Wolt á íslenskan atvinnumarkað hafi markað þau tímamót að þessi áskorun sé nú líka komin til Íslands. ASÍ og öll viðlíka sambönd styðja og sjá mikilvægi í tækniframförum en hlutverk verkalyðshreyfingar er að sjá til þess að ávinningurinn skiptist með sanngjörnum hætti á milli atvinnurekanda og launafólks en staðreyndir virðast því miður vera þannig að skiptingin hjá fyrirtækjum líkt og Wolt er ósanngjörn. Þó skal getið að mörg stéttarfélög á Norðurlöndunum og í Evrópu hafa náð að gera kjarasamning við sambærileg „gíggfyrirtæki“ eins og Wolt og þar með tryggt að launafólkið fái ásættanlegan hlut fyrir sína vinnu.

ASÍ og aðildarfélög hafa lýst yfir áhyggjum sínum af þróun mála hjá Wolt hér á landi. Gögn sýni að fólk sem sinni störfunum sé sett í einhvers konar verktakasamband og greiðslur séu talsvert undir því sem lágmarkskjör kjarasamninga kveða á um.

Í samhengi við þetta má þó nefna að á næstu misserum er væntanleg upptaka á tilskipun 2024/2831 um bætt vinnuskilyrði í gígg-hagkerfinu (e. Directive on improving working conditions in the platform economy) í EES-samninginn og í kjölfarið verði hún innleidd hér á landi.

Innleiðing á tilskipunum ESB nr. 2019/1152 um gagnsæ og fyrirsjáanleg vinnuskilyrði annars vegar og tilskipun ESB nr. 2019/1158 um jafnvægi fjölskyldu- og atvinnulífs hins vegar

Þríhliða samtal á milli aðila vinnumarkaðarins annars vegar og stjórnvalda hins vegar er hafið um leiðir til innleiðingar á umræddum tilskipunum sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn. Ljóst er að áhrifin af þeim verða óveruleg í ljósi gildandi lagaramma og kjarasamninga hér á landi en vissulega er þó um að ræða útfærslu á nokkrum mikilvægum breytingum sem skiptir launafólki máli. Ber þar kannski hæst auknar skyldur á atvinnurekendur er varðar ráðningarsamninga.

Stýrihópur um ábyrga viðskiptahætti og leiðbeiningar OECD

Íslenska ríkið hefur skuldbundið sig til að stuðla að því að íslensk stórfyrirtæki starfi í samræmi við leiðbeiningar OECD um ábyrga viðskiptahætti. Lúta þær leiðbeiningar m.a. að mannréttindum, félagslegum þáttum og umhverfismálum. Í samhengi við það er íslenska ríkinu ætlað að setja á stofn ráðgjafarráð sem ætlað er að stuðla að því að einstaklingar og aðilar sem telja að íslensk stórfyrirtæki starfi með óábyrgum hætti séu rannsökuð. Halldór Oddsson situr f.h. ASÍ í umræddu ráðgjafarráði en þar sitja einnig fulltrúar frá almannaeiðissamtökum sem og atvinnulífinu. Tekið skal fram að ekki er um að ræða settan rétt eða úrræði sem eru byggð á lagalegri skyldu sem slíkum. Umræddu úrræði er ætlað að koma til viðbótar við almenn lög og reglur sem gilda um skyldur fyrirtækja.

Viðbrögð við dómi dómstóls ESB um mismunun gagnvart hlutastarfsfólki

Yfirvinna hlutavinnufólks (aukavinnu) ber að greiða með sömu álögum og yfirvinna þeirra sem eru í fullu starfi. Annað felur í sér mismunun og brot gegn annars vegar tilskipun 97/81/EC um hlutastörf og hins vegar gegn tilskipun 2006/54/EC um jöfn tækifæri og jafna meðferð karla og kvenna sé hægt að sýna fram á að brotið hitti konur frekar fyrir þar sem hærra hlutfall þeirra sinnir hlutastörfum en karlar. Þetta er niðurstaða Evrópudómstólsins frá 29.7 sl. í málunum C-184/22 og C-185/22. Tilskipanir þessar hafa verið leiddar í lög hér á landi með lögum nr. 10/2004 um starfsmenn í hlutastörfum og lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Samkvæmt íslenskum kjarasamningum telst yfirvinna almennt vera sú vinna sem unnin er utan tilskilins daglegs 8 klst. vinnutíma á dagvinnutímabili virkra daga, eins og það er skilgreint í viðkomandi kjarasamningi, frá mánudegi til föstudags. Nokkuð hefðbundin ákvæði kjarasamninga á almennum vinnumarkaði hljóða að jafnaði eitthvað á þessa vegu: „Samningsbundin yfirvinna hefst þegar lokið er umsaminni dagvinnu, 7 klst. og 25 mín. virkum vinnustundum, á tímabilinu kl. 07:00 til 17:00, mánudaga – föstudaga.“ Eða „Vinna utan dagvinnutímabils greiðist með tímakaupi sem nemur 0,8235% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu upp að 167,94 klst. vinnu hvern mánuð (38 klst. og 45 mínútur að jafnaði á viku). Vinna umfram 167,94 klst. greiðist með tímakaupi sem nemur 1,0385% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu“, svo tekin séu tvö dæmi.

Þetta þýðir t.d. að þótt skrifstofumaður hefji störf eftir hádegi, og hafi þannig einungis unnið 4 klst. kl. 17.00 þegar dagvinnutímabili lýkur samkvæmt kjarasamningi, hefst yfirvinna hjá honum kl. 17.00. Hjá vaktavinnufólki telst yfirvinna hins vegar vera sú vinna sem unnin er umfram umsamdar vaktir starfsmanns og hjá fólki í 100% starfshlutfalli telst vinna umfram starfshlutfall yfirvinna, óháð hvort unnið er á dagvinnutímabili eða ekki. Það telst hins vegar almennt ekki yfirvinna, vinni starfsmaður sem ráðinn er til hlutavinnu, aukavinnu umfram starfshlutfall sitt, sé sú aukavinna unnin á dagvinnutímabili. Sé hún hins vegar unnin utan dagvinnutímabils telst hún vera yfirvinna. Í kjarasamningum á opinberum vinnumarkaði má þó finna dæmi um að vinna hlutavinnufólks, sem unnin er umfram umsamdan vinnutíma, skuli teljast yfirvinna þótt á dagvinnutímabili sé.

Samkvæmt þessum ákvæðum og öðrum sambærilegum ber hlutavinnufólk skv. dómi Evrópudómstólsins skertan hlut frá borði samanborið við fólk í fullu starfi. Jafnframt er vitað að mun fleiri konur eru í hlutastörfum en karlar hér á landi. Augljóst er að bregðast verður við dómi Evrópudómstólsins hér á landi, bæði með breytingum á lögum og kjarasamningum.

Í góðu lagi - samstarfsverkefni stéttarféлага og grænmetisbænda

Fimmtudaginn 26. júní undirrituðu Sölufélag garðyrkjumanna, Báran stéttarfélag og Framsýn stéttarfélag samstarfssamning sín á milli um vottunarkerfið „Í góðu lagi“.

Um er að ræða nýtt vottunarkerfi sem staðfestir að vinnustaðir fari eftir kjarasamningum og almennum reglum vinnumarkaðarins. Aðilar samkomulagsins hafa unnið að því að þróa vottunarkerfi byggt á trausti, gagnsæi og sanngirni. Hugmyndin felst í því að sýna með skýrum hætti að vinnustaðir fari eftir kjarasamningum og þeim leikreglum sem gilda almennt á vinnumarkaði. Framkvæmdin er að vinnustaðir eru heimsóttir og farið yfir þau gögn sem til þarf. Fyrir liggur metnaðarfullur verkferill sem nær til allra þátta er viðkemur framsæknum vinnustöðum. Með þessu verkefni er byggð samvinna milli aðila sem leiðir til heilbrigðari vinnumarkaðar og bættra kjara launafólks.

Það er ekki á hverjum degi sem stéttarfélög fá beiðnir frá fyrirtækjum/samtökum sem vilja þróa svona verkefni í samstarfi við félögin sem ber að fagna. Stofnuð var sameiginleg nefnd skipuð fulltrúum frá hlutaðeigandi stéttarfélögum og Sölufélagi garðyrkjumanna, sem vann að undirbúningi sérstakrar vottunar. Lögfræðingar ASÍ voru til ráðgjafar í gegnum allt ferlið.

Verkefnið er spennandi og skemmtilegt og byggir upp jákvæð samskipti og samvinnu. Oft er slegin upp mynd af samskiptum atvinnurekenda og stéttarféлага eins og barist sé á banaspjótum. Þetta eru sameiginlegir hagsmunir sem leiða til betri útkomu fyrir alla. Í fyrstu verður verkefnið tilrauna- og þróunarverkefni afmarkað við grænmetisframleiðslu en vonir standa til að vottunin „Í góðu lagi“ geti náð útbreiðslu til fleiri greina ef vel tekst til, enda um ákveðna fyrirmynd að ræða fyrir íslenskt atvinnulíf.



Þátttakendur á Kvennaráðstefnu ASÍ í maí 2025.

Jafnréttismál

Á árinu var unnið að fjölbreyttum jafnréttisverkefnum í samræmi við áherslur jafnréttisnefndar og jafnréttisstefnu ASÍ, sem samþykkt var á 45. þingi hreyfingarinnar. Nefndin vinnur út frá víðri sýn á jafnrétti og beinir sjónum að hópum sem búa við kerfisbundið misrétti, þar á meðal konum, hinsegin fólki, innflytjendum og flóttafólki.

Á þessu ári er þó megináhersla lögð á kynjajafnrétti og málefni kvenna í tilefni Kvennaárs 2025. Tilefnið er 50 ára afmæli kvennaárs Sameinuðu þjóðanna 1975, sem náði hámarki á kvennafrídeginum 24. október hér á Íslandi, þegar 90% kvenna á Íslandi lögðu niður störf til að krefjast jafnra launakjara og sýna fram á mikilvægi vinnuframlags síns.

Jafnréttisnefnd ASÍ

Ný jafnréttisnefnd tók til starfa í ársbyrjun undir forystu Berglindar Kristófersdóttur, formanns FFÍ, sem tók við af Eypóri Þormóði Árnasyni, formanni Hlífar. Nefndin ákvað að halda áfram á sömu braut og sú fyrri og bæta við áherslu á þátttöku í Kvennaári 2025. ASÍ ákvað að á Kvennaári yrðu konur af erlendum uppruna á íslenskum vinnumarkaði, einkum verkakonur, settar í forgrunn og að hvetja til þátttöku um land allt. Árið yrði nýtt til að efla samstöðu allra kvenna á öllu landinu innan hreyfingarinnar. Kvennaársverkefnið samanstendur af rúmlega 60 félagasamtökum og er almennt áhersla lögð á Reykjavík og nágrenni og tengingu við systrafélög sem tengjast baráttu hinsegin og kynsegin fólks. ASÍ ákvað að bæta sínum eigin áherslum við á árinu og varpa ljósi á þær konur sem eru í viðkvæmri stöðu.

Undanfarin ár hefur jafnréttisnefnd haft tvær megináherslur. En nú nýlega hefur sú þriðja bæst við í ljósi samfélagsumræðunnar um stöðu foreldra:

1. Leiðrétting á vanmati kvennastarfa.
2. Þróun móttökuúrræða fyrir þolendur kynferðislegrar áreitni í samstarfi við heildarsamtök launafólks.
3. Stefnumótun ASÍ í leikskólamálum og um brúun umönnunarbilsins.

Kvennaár 2025 – helstu viðburðir

Í upphafi árs var hafist handa við að finna fulltrúa til að sinna málefnum kvennaárs innan hreyfingarinnar. Í framkvæmdastjórn Kvennaárs bættust við Halldóra S. Sveinsdóttir, formaður Bárunnar, Sandra Ósk Jóhannsdóttir, fulltrúi VR og Jóhanna Bárðardóttir, fulltrúi RSÍ, jafnréttisfulltrúa til halds og trausts. Jafnframt tilnefndu formenn stéttarféлага á landsbyggðunum fulltrúa í hóp sem sinna skyldi viðburðum úti um allt land. Einnig voru allir formenn beðnir um að tilnefna fulltrúa í hóp kvenna af erlendum uppruna til að aðstoða við skipulagningu viðburðar á Kvennaári.

Alþjóðlegur baráttudagur kvenna

Framsýn stóð fyrir viðburði á Húsavík 8. mars undir yfirskriftinni: Konur í nýju landi – okkar konur. Þrír fulltrúar frá ASÍ mættu á viðburðinn og tóku þátt í honum auk kvenna úr nærliggjandi sveitarfélögum. Viðburðurinn var vel skipulagður, áhugaverður og vel sóttur.

Verkvest styrkti biósýningu í tilefni dagsins. Ísfröðingum var boðið á heimildamyndina: Dagurinn sem Ísland stöðvaðist (e. The Day Iceland Stood Still) um Kvennafríð 1975, 24. október 1975.

Báran og Verkalýðsfélag Suðurlands buðu félagskonum í leikhús á leikverkið „Átta konur“ eftir franska leikskáldið Robert Thomas.

1. maí, alþjóðlegur baráttudagur verkalýðsins

Á 1. maí hátíðarhöldum um allt land sveif andi Kvennaárs yfir vötnum. Konur leiddu kröfugöngur, stigu í pontu, stýrðu dagskrám og komu fram með tónlist og listflutning, frá Akureyri til Vestmannaeyja. Á Akureyri báru konur fána og fluttu allar ræður. Í Borgarnesi sungu konur og vöktu athygli á sögu kvenna í hreyfingunni. Á Blönduósi, í Búðardal, á Húsavík og Hellu sáu konur um ræðuhöld, tónlist og veitingar. Í Hafnarfirði og á hátíðum á Ísafirði, Selfossi, í Reykjanesbæ og í Vestmannaeyjum var dagskráin að mestu eða öllu leyti í höndum kvenna, bæði sem ræðumenn og í tónlistaratriðum. Í Reykjavík var kvennaársandinn mjög sýnilegur, með kröfugöngu og útifundi. Rauðir sokkar, endursköpuð Venusarstytta og tilvísanir í kröfugönguna 1970 settu svip sinn á gönguna. Árið 1970 var Rauðsokkunum einungis leyft að vera aftast í göngunni en í ár gengu þær fremst til merkis um árangur kvennabaráttunnar á þessari rúmri hálfri öld sem liðin er.

19. júní, hátíðis- og baráttudagur kvenna á Íslandi

Báran stéttarfélag og Foss stéttarfélag í almannapjónustu buðu í bió í tilefni dagsins í Bíóhúsinu á Selfossi, á heimildarmyndina Dagurinn sem Ísland stöðvaðist (e. The Day Iceland Stood Still).



Málþing um stöðu kvenna af erlendum uppruna

Fyrirhugað er að stærsti viðburður Kvennaársins verði haldinn 24. október nk., á kvennafrídaginn, í Hörpu. Málþing verður um stöðu kvenna af erlendum uppruna á vinnumarkaðinum og í samfélaginu almennt.

Kvennaráðstefnur

Kvennaráðstefna ASÍ, 14.–15. nóvember 2024, fór fram á Hótel KEA á Akureyri undir yfirskriftinni **Ryðjum hindrunum úr vegi – kvenfrelsi og stéttabarátta**.

Rúmlega 100 konur skráðu sig og stefndi í metþátttöku þar til að veðrið setti strik í reikninginn og um helmingur þátttakendanna endaði með að vera veðurtepptur. Skipta átti í þrjár mismunandi málstofur; Samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs, launamun kynjanna og mismunun og ójöfnuð. Þegar ljóst var hvað í stefndi einhentu skipuleggjendur sér í að breyta dagskránni en hún hélst að öðru leyti. Stéttarfélögin Eining-löja og FVSA tóku að sér að skipuleggja skemmtidagskrá fyrir þátttakendur sem kunnu vel að meta það. Þrátt fyrir allt heppnaðist ráðstefnan vel og sendi hún kröftug skilaboð til miðstjórnar.

Framhaldskvennaráðstefna, 27.–28. maí 2025, var haldin í Hljómahöllinni, Reykjanesbæ undir yfirskriftinni **Kvenfrelsi og stéttabarátta á Kvennaári**.

Í ljósi fjölda forfalla á síðustu kvennaráðstefnu var ákveðið að halda aðra kvennaráðstefnu á vormánuðum í ár. Alls 65 konur tóku þátt í ráðstefnunni viðs vegar að af landinu og var unnið í þremur málstofum um samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs, launamun kynjanna og mismunun, eins og stefnt hafði verið að á síðustu ráðstefnu. Mikil samstaða myndaðist meðal kvenna þvert á félög og atvinnugreinar og nutu gestir einstakrar gestrisni heimakvenna í VSFK.

Leiðrétting á vanmati kvennastarfa

ASÍ á fulltrúa í stýrihópi um virðismat starfa í þágu launajafnréttis, sem félags- og vinnumarkaðsráðuneytið hefur falið að þróa heildstætt virðismatskerfi til stuðnings kynjajafnrétti, gæðum í opinberri þjónustu og stefnumiðaðri mannauðsstjórnun. Verkefnið byggir á tillögum aðgerðahóps um launajafnrétti og jafnrétti á vinnumarkaði og er hluti af viðtæku samstarfi ríkis, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðar. Jafnréttisfulltrúi ASÍ situr í stýrihópnum fyrir hönd hreyfingarinnar og tekur þátt í þeirri mikilvægu vinnu að útrýma kerfisbundnu vanmati á hefðbundnum kvennastörfum.

Í verkefninu er byggt á gögnum frá Jafnlaunastofu, niðurstöðum þróunarverkefnis og alþjóðlegum leiðbeiningum, meðal annars frá Alþjóðavinnuáráðinu. Gert er ráð fyrir viðtækri samvinnu við hagaðila og innleiðingu virðismatskerfis sem grundvallar jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf óháð kyni. Næstu skref stýrihópsins lúta að upplýsingaöflun, greiningu, þróun tillagna og kynningu lokaskýrslu. Með þátttöku í þessu verkefni tekur ASÍ virkan þátt í að stuðla að sanngjarnari viðmiðum um virði starfa, sem er ein helsta forsenda launajafnréttis á Íslandi.

Samstarf um móttöku þolenda kynferðislegrar áreitni og ofbeldis

Heildarsamtök launafólks, ASÍ, BSRB, BHM og KÍ, hafa í samstarfi við VIRK þróað samræmda og faglega móttöku fyrir þolendur kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni og ofbeldis á vinnustöðum. Verkefnið byggist á verkaskiptingu þar sem stéttarfélög veita ráðgjöf um réttindi og kjaramál en VIRK býður upp á andlegan stuðning. Áhersla er lögð á þolendamiðaða nálgun og að starfsfólk fái sértæka fræðslu um úrræði og viðeigandi viðbrögð.

Samstarfið hófst formlega með sameiginlegri málstofu í október 2023 og hefur síðan falið í sér áframhaldandi fundi, opnun upplýsingasíðu um úrræði og fyrstu sameiginlegu fræðslunámskeiðin. Jafnréttisfulltrúi hefur ásamt lögfræðingi staðið fyrir rafrænum námskeiðum um móttöku þolenda á tímabilinu, þar sem áhersla var lögð á að tryggja viðeigandi og fagleg viðbrögð í anda virðingar og öryggis.

Vinnustofa Söru Hassan

Í maí 2025 var haldin fjölmenn vinnustofa með Söru Hassan, sérfræðingi í valdniðslu og kynbundinni áreitni, á Hilton Reykjavík Nordica. Sara kynnti m.a. *The Red Flag System*, greiningartól sem hjálpar við að bera kennsl á fyrstu merki áreitni og valdbeitingar. Vinnustofan vakti mikla athygli og fjórugar umræður sköpuðust meðal þátttakenda. Stefnt er að því að halda framhaldsfræðslu með Söru á næsta ári.

Samstarfið við VIRK heldur áfram með markvissri þjálfun og þróun verkferla. Með því er stigið mikilvægt skref í átt að vinnumarkaði þar sem þolendum er mætt af fagmennsku, nærgætni og ábyrgð.



Frá vinnustofu Söru Hassan um valdniðslu og kynbundna áreitni.

Kvennavettvangur ASÍ

Jafnréttisfulltrúi heldur utan um Kvennavettvang ASÍ sem er FB-síða fyrir konur í hreyfingunni. Þar er fréttum miðlað inn í hreyfinguna um þá viðburði sem eru á döfinni og tengjast konum og jafnréttismálum almennt.



Fræðslu- og menntamál

Fræðslusvið Alþýðusambands Íslands hefur tekið þátt í fjölbreyttum og viðamiklum verkefnum á árinu 2024–2025. Starfið hefur einkum snúið að því að efla trúnaðarmenn og talsmenn, styðja stéttarfélög í fræðslustarfi og tryggja að launafólk hafi greiðan aðgang að þekkingu og leiðsögn um réttindi sín og stöðu á vinnumarkaði.

Auk þess stendur sviðið fyrir kynningum og fræðslu á vinnumarkaði og í samfélaginu almennt, meðal annars með heimsóknum í framhaldsskóla, fyrirlestrum, erindum og í samstarfi við sveitarfélög og stofnanir.

Starfsmenn fræðslusviðs taka virkan þátt í stefnumótunarvinnu á vettvangi ASÍ og sitja í menntanefnd, framtíðarnefnd og jafnréttisnefnd. Því berast fjölbreytt verkefni á borð sviðsins sem tekur virkan þátt í starfi hreyfingarinnar. Menntun og fræðsla eru lykilþættir þegar horft er til vinnumarkaðar framtíðarinnar og þeirra breytinga sem vænta má á næstu misserum. Ný tækni, sjálfvirknivæðing og gervigreind kalla á stöðuga símenntun og hæfnipróun launafólks, auk þess sem svokallaður „gigg“-vinnumarkaður setur nýjar kröfur á hreyfinguna. Fræðsla gegnir einnig lykilhlutverki í að tryggja jafnrétti á vinnumarkaði, bæði hvað varðar fólk af erlendum uppruna, kyn og aðra fjölbreytta hópa. Með markvissri fræðslu má stuðla að aukinni þátttöku, jöfnum tækifærum og réttlátri meðferð allra hópa á vinnumarkaði.

Stefnumótun og nefndastörf

Sviðið kemur að pólitískri hagsmunagæslu og stefnumótun með setu í stjórnnum og ráðum, ekki síst hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Fræðslusjóði (sjá kafla um Fræðslumiðstöð atvinnulífsins), þar sem unnið er markvisst að því að þróa og efla framhaldsfræðslu, tryggja gæði hennar og auka samræmingu í menntakerfinu. Þar hefur sérstaklega verið lögð áhersla á að efla raunfærnimat og tryggja að launafólk fái viðurkenningu fyrir þá þekkingu og færni sem það býr yfir, óháð formlegu námi. Þetta er mikilvægt til

að auka virðingu fyrir starfi launafólks og stuðla að auknum möguleikum þess á vinnumarkaði. Sviðsstjóri fræðslusviðs var formaður stjórnar Fræðslumiðstöðvar frá júní 2024 fram í júní 2025, en það hlutverk gengur milli eigenda eftir fyrir fram ákveðnu kerfi, og sat í stjórn Fræðslusjóðs.

Kynningarstarf

Fræðslusvið kom að venju að fjölmörgum erindum á árinu, bæði innan hreyfingar og utan, þar sem fjallað var um vinnumarkaðinn, réttindi og skyldur, innflytjendur og inngildingur.

Þá hefur sambandið um árabíl boðið framhaldsskólum landsins upp á fræðsluerindi um vinnumarkaðinn. Fræðslusvið ASÍ hefur annast stóran hluta verkefnisins en stéttarfélög víða um land tekið þátt með kynningum í heimabyggð. Fjölmörg félög hafa jafnframt leitað til ASÍ eftir aðstoð við gerð fræðsluefnis. Eftirspurn eftir erindunum hefur aukist jafnt og þétt. Erindin eru að jafnaði klukkustundarlöng og snúa að helstu þáttum er varða stöðu ungs fólks á vinnumarkaði. Sérstök áhersla er lögð á veikindarétt, ráðningarsambönd, vinnutíma, orlof og lestur launaseðla. Helsta markmið verkefnisins er að gera ungt fólk meðvitað um að vinnumarkaðurinn byggir á reglum sem tryggja réttindi og setja ramma um skyldur. Mikilvægt er að ungmenni sem stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði hafi þessa vitneskju, þar sem hún skapar grundvöll fyrir öruggari og réttlátari starfsaðstæður.

Veturinn 2024–2025 voru heimsóknirnar rúmlega tuttugu talsins, aðallega í framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu, og náðu þær til um 500 nemenda á aldrinum 16–20 ára.

Alþjóðlegt og norrænt samstarf

Norrænt samstarf hefur verið veigamikill þáttur í starfi fræðslusviðs, ekki síst í gegnum NIFH (Nordic International Folk High School – áður ABF-Norden), þar sem reynsla og þekkingu er miðlað milli norrænu landanna. Helsta verkefni NIFH er rekstur og framkvæmd Genfarskólans ásamt því að vera samstarfsvettvangur varðandi félagslega fræðslu verkalýðshreyfinga á Norðurlöndum. Nokkur vinna var unnin við að gera breytingar á starfi, stjórn og skipulagi skólans í kjölfar gjaldþrots AFO-NORGE í júlí 2024.

Norræni lýðháskólinn í Genf, Genfarskólinn, hefur verið haldinn nær árlega frá 1931 samhliða Alþjóðavinnuálagþinginu. Þar kynnast þátttakendur starfi Alþjóðavinnuálastofnunarinnar (ILO), norrænu samstarfi á vettvangi hennar og alþjóðasamtökum verkalýðshreyfingarinnar. Námið fer fram með fyrirlestrum, hópastarfi og fjarkennslu auk beinnar þátttöku á þinginu. Ísland á tvö sæti í skólanum og venju samkvæmt fór einn fulltrúi frá ASÍ og einn frá BSRB. Nokkur aðsókn var í skólann þetta árið en við val á þátttakendum er reynt að horfa til þess að dreifing milli aðildarsamtaka, landshluta, aldurs og kyns sé nokkuð jöfn milli ára.

Þá tók sviðsstjóri þátt í fundi vinnuhópa TUAC, Working Group on Education and Skills, í maí. Fundurinn var haldinn í París og fjallaði um helstu áskoranir í menntamálum og hæfnimótun á tímum örra samfélagsbreytinga. Á dagskránni voru kynningar frá OECD um þróun hæfni og menntastefnu, niðurstöður nýrrar hæfnirannsóknar fullorðinna, áhrif gervigreindar og stafrænnar tækni á nám og störf, sem og hlutverk menntunar í lýðræði og borgaralegri þátttöku. Einnig var fjallað um framtíð kennarastarfsins, velferð barna í stafrænum heimi og reynslu Evrópuríkja af hæfnistefnum. Fundurinn lagði áherslu á að menntun og fræðsla séu lykillinn að því að mæta grænum umbreytingum, stafrænum áskorunum og vaxandi ójöfnuði á vinnumarkaði.

Fræðsluráð ríkissáttasemjara

Árið 2022 setti embætti ríkissáttasemjara á fót Fræðsluráð ríkissáttasemjara þar sem aðilar vinnumarkaðarins eiga fulltrúa, þ.m.t. ASÍ. Hlutverk þess er að styðja við starf samninganefnda og annarra sem koma að kjarasamningsgerð. Hlutverk fræðsluráðsins er að ræða þarfir og uppbyggingu fræðsluefnis og viðburða á vegum embættisins, setja fram fræðsludagskrá og námsefni sem nýtist m.a. samninganefndum. Fyrri hluta árs 2024 var unnið að ráðstefnu um virðismat starfa og áhrif nýrrar gagnsæistilskipunar á vinnumarkaðinn sem áætlað var að halda á haustmánuðum 2024. Við stjórnarskiptin á haustmánuðum var ákveðið að fresta viðburðinum. Engin virkni var í fræðsluráði vorið 2025. Fulltrúi ASÍ í ráðinu er sviðsstjóri fræðslusviðs.

Félagsmálaskóli alþýðu

Félagsmálaskóli alþýðu er í eigu ASÍ og BSRB og starfræktur af fræðslusviði ASÍ, þar sem sviðsstjóri gegnir einnig hlutverki skólastjóra. Starfsstöð skólans er í húsnæði ASÍ, Guðrúnartúni 1, og er skólinn með þjónustusamning við sambandið hvað varðar húsnæði og almenna skrifstofuþjónustu. Félagsmálaskólinn er ætlaður trúnaðarmönnum, talsmönnum og starfsfólki stéttarféлага innan ASÍ og BSRB. Rekstur skólans er í höndum skólanefndar ásamt skólastjóra. Fjármögnun skólans byggist á framlagi frá ríkissjóði sem frá 2017 kemur af safnlið, sem veldur nokkurri óvissu um reksturinn frá ári til árs. Við skólann starfar einn starfsmaður í fullu starfi auk skólastjóra í hlutastarfi. Meðal verkefna eru hefðbundin námskeið, en jafnframt mikil vinna við endurnýjun námsframboðs og aðlögun að breyttum þörfum stéttarféлага og trúnaðarmanna.

Á síðustu mánuðum hefur farið fram ítarleg vinna við endurskoðun á starfi og fyrirkomulagi Félagsmálaskóla alþýðu. Tilefnið eru annars vegar fjárhagslegar áskoranir í rekstri og hins vegar áhersla miðstjórnar ASÍ á að skýra framtíðarhlutverk og fyrirkomulag fræðslu innan hreyfingarinnar. Haldnir hafa verið vinnufundir með fulltrúum aðildarféлага, starfsfólki og stjórn skólans þar sem farið var yfir námsframboð, þátttöku og nýtingu, og styrkleikar og veikleikar í núverandi fyrirkomulagi greindir. Í framhaldinu var í vor lögð fyrir könnun meðal trúnaðarmanna og stéttarféлага þar sem safnað var viðhorfum og ábendingum um starf skólans og framtíðarþörf fyrir fræðslu.

Einnig hefur verið unnið að greiningu á fjármögnun og skoðað hvernig tryggja megi traustari rekstrargrundvöll til framtíðar, þar sem bæði framlög ríkisins og hreyfingarinnar sjálfrar koma til skoðunar. Markmiðið er að móta skýra framtíðarsýn sem byggir á raunverulegum þörfum stéttarféлага og félagsfólks. Félagsmálaskólinn á áfram að vera kjarninn í fræðslustarfi hreyfingarinnar og vettvangur þar sem trúnaðarmenn, talsmenn og forystufólk geta eflt þekkingu sína, burði og áhrif.

Námskeið

Meginhlutverk Félagsmálaskólans er að skipuleggja og bjóða upp á fjölbreytta fræðslu fyrir trúnaðarmenn, stjórnarmenn og starfsmenn stéttarféлага ASÍ og BSRB. Námskeiðin skiptast annars vegar í sérhæfð námskeið fyrir trúnaðarmenn einstakra félaga sem skipulögð eru í samstarfi við þau og byggja á Námskrá trúnaðarmanna, og hins vegar í almenn námskeið sem opin eru öllum áhugasömum og fjalla um vinnumarkaðsmál í víðum skilningi, málefni liðandi stundar og aðra þætti sem tengjast starfi stéttarféлага.

Á síðustu misserum hefur mikil vinna farið í að færa námsefni yfir á rafrænt form og þróa bæði fjarnám og vefnám. Hefðbundin staðnámskeið hafa notið minni eftirspurnar en áður, og því hefur áherslan verið á að tryggja sveigjanlegt og aðgengilegt framboð sem hentar fjölbreyttum hópi þátttakenda um allt land.

		Kennslu stundir	Pátttaka	Konur	Karlar	ASÍ	BSRB	Aðrir
Haust 2024	Trúnaðarmannanám	244	239	172	67	132	93	14
	Almenn	4	13	10	3	6	7	0
	Annað	-	-	-	-	-	-	-
	Alls	248	252	182	70	138	100	14
Vor 2025	Trúnaðarmannanám	218,5	265	181	84	168	97	0
	Almenn	6	29	19	10	25	3	
	Annað*	28	10	8	2	-	-	-
	Alls	252,5	304	208	96	193	100	1
Samtals		500,5	556	390	166	331	200	14

*Um er að ræða undirbúningsnám fyrir hæfismat Seðlabankans fyrir aðila í stjórnun lífeyrissjóða.

Stefnumótun stjórnvalda í málefnum innflytjenda

Árin 2021–2024 fór fram fyrsta heildræna stefnumótunarvinna stjórnvalda í málefnum innflytjenda hér á landi skv. stjórnarsáttmála þáverandi ríkisstjórnarinnar Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs. ASÍ tók virkan þátt í þessari vinnu á öllum stigum hennar bæði beint – í starfi stýrihóps og vinnuhópa, sem og í gegnum umsagnir. Stefnt var að því að ljúka vinnunni haustið 2024 með því að leggja fram drög að tillögu til þingsályktunar í málefnum innflytjenda fyrir Alþingi, ásamt framkvæmdaáætlun. ASÍ skilaði umsögn um drögin í október 2024. Í sama mánuði, áður en stefnudrögin voru lögð fram til samþykkis, féll ríkisstjórnin.

Ný ríkisstjórn Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins tók við í kjölfar kosninga í byrjun desember. Í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar var takmörkuð áhersla lögð á málefni innflytjenda að íslenskukennslu undanskilinni. Þau heildstæðu stefnudrög sem lágu fyrir í málefnum innflytjenda eftir tíð fyrri ríkisstjórnar hafa ekki verið tekin upp og óljóst er hvort núverandi ríkisstjórn hyggt halda áfram með þá vinnu.

Þann 11. júlí 2025 birti félags- og húsnæðismálaráðuneytið í Samráðsgátt „Áform um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2026–2029“. Samkvæmt lögum ber ráðuneytinu að tryggja áframhaldandi framkvæmdaáætlun á hverju tímabili. Í umsögn ASÍ um áformin er stefnuleysi stjórnvalda í málaflokknum gagnrýnt þar sem gerðar eru athugasemdir við að ríkisstjórnin ætli að móta enn og aftur aðgerðaáætlun í málaflokknum án þess að fyrir liggi stefna til að byggja hana á.

Ungir leiðtogar – vor 2025

Námskeiðið Ungir leiðtogar var haldið í þriðja sinn vorið 2025, að frumkvæði Alþýðusambands Íslands. Námskeiðið er ætlað ungu fólki innan verkalýðshreyfingarinnar, með það að markmiði að styrkja þau sem leiðtoga í lífi og starfi og gefa þeim rödd innan hreyfingarinnar og samfélagsins alls. Þrátt fyrir að ungt fólk á aldrinum 18–35 ára skipi stóran hluta vinnumarkaðarins, hefur þátttaka þess í stéttarfélagsstarfi, ákvörðunartöku og stefnumótun hreyfingarinnar verið takmörkuð. Verkefnið er liður í því að bregðast við því.

Námskeiðið samanstóð af þremur lotum: staðlotu í Reykjavík, tveimur fjarfundum, og loks náms- og kynningarferð til Brussel. Megináherslur staðlotu voru leiðtogahæfni og grunngildi verkalýðshreyfingarinnar. Megináhersla fjarfunda var verkefnastjórnun og megináherslur utanlandsferðarinnar voru alþjóðleg tengsl og framtíðarsýn. Alls tóku 14 þátttakendur úr fjölbreyttum bakgrunni þátt í námskeiðinu, bæði fólk af íslenskum og erlendum uppruna frá stéttarfélögum frá öllum landshlutum, en allir áttu það sameiginlegt að vilja efla sig sem virka félagsmenn í sínum félögum og sem rödd ungs launafólks á Íslandi.

Markmið og nálgun

Markmið námskeiðsins var margþætt:

- Að efla leiðtogahæfni ungs fólks innan verkalýðshreyfingarinnar.
- Að veita þátttakendum þekkingu á starfsemi stéttarfélaga og hreyfingarinnar í heild.
- Að styrkja rödd ungs fólks í stefnumótun og ákvörðunartöku.
- Að stuðla að tengslamyndun og samstöðu meðal ungra félagsmanna þvert á starfsgreinar og landshluta.

Námskeiðið byggði á fjölbreyttum kennsluaðferðum þar sem fyrirlestrar, umræður, verkefnavinna og samverustundir sköpuðu lifandi og hvetjandi námsumhverfi. Leiðbeinendur voru valdir með tilliti til sérfræðiþekkingar sinnar innan sem utan hreyfingarinnar, og lögð var áhersla á að veita þátttakendum raunveruleg verkfæri til að láta rödd sína heyrast. Námskeiðið er í stöðugri þróun og á næsta námskeiði verður tekið tillit til ábendinga sem komu fram í sérstakri ánægjukönnun sem framkvæmd var í kjölfar námskeiðsins.



Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) er verkfærasmiðja sem byggir á samstarfi og þjónustu á vettvangi framhalds- og fullorðinsfræðslu á íslenskum vinnumarkaði. Hlutverk FA er að veita fólki á vinnumarkaði sem ekki hefur lokið námi frá framhaldsskóla tækifæri til að styrkja stöðu sína í námi, starfi og samfélagi.

FA starfaði 2024 á grundvelli þjónustusamnings við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið auk samnings við mennta- og barnamálaráðuneytið, um verkefni á sviði framhaldsfræðslu samkvæmt lögum nr. 27/2010. Málaflokkur framhaldsfræðslu færðist yfir til mennta- og barnamálaráðuneytisins 15. mars 2025. FA er í eigu SA, ASÍ, BSRB, fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga og byggir allt starf sitt á víðtækri samvinnu við hagsmunaaðila.

Fræðslumiðstöðin hefur frá upphafi starfseminnar haldið utan um tölfraði úrræða sem FA stendur að. Sú tölfraði segir okkur að í lok árs 2024 höfðu 50.790 einstaklingar lokið námi í námsleiðum FA frá árinu 2003, 158.386 ráðgjafarviðtöl hafa verið veitt frá árinu 2006 og 8.539 einstaklingar hafa lokið raunfærnimati frá árinu 2007.

Hæfnigreiningar

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur þróað aðferð við að greina störf og hæfnikröfur þeirra út frá hugmyndafræði HRSG í Kanada. Hæfnipættir starfa eru viðmið um hvaða hæfni þarf til að gegna tilteknu starfi. Í ferlinu eru hæfnipættir valdir og settir á hæfniprep auk þess sem hæfnipættir almennrar starfshæfni eru einnig valin hæfniprep út frá kröfum starfs. Öll vinna í tengslum við val á hæfniprepum er til samræmis við hæfniramma um íslenska menntun.

Afurð hæfnigreiningar er starfaprófill sem er grunnur að uppbyggingu náms eða matslista fyrir raunfærnimat. FA hefur þýtt og aðlagð hæfnigreiningarferlið að aðstæðum á íslenskum vinnumarkaði.

Aðkoma atvinnulífs er mikilvægur hluti af ferlinu þar sem m.a. ákveðinn fjöldi starfsfólks sem sinnir viðkomandi starfi tekur þátt í greiningunni. Með hæfnigreiningu starfa verða hæfnikröfur sýnilegar og

geta þar með stutt við (a) ráðningar og starfsþróun (b) starfstengdar námskrár sem FA skrifar, og (c) raunfærnimat á móti viðmiðum starfa (Fagbréf atvinnulífsins).

Með þeirri breytingu sem gerð var á ferli hæfnigreininga árið 2023/2024, þar sem bætt var við einum greiningafundi og fyrirkomulag hvers fundar endurskoðað, þá bættust drög að matslista við sem hliðarafurð ferlisins. Þau drög eru nýtt við undirbúning raunfærnimats fyrir viðkomandi starf eða við gerð námskrár. HVIN – háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti óskaði eftir að FA tæki að sér að greina störf iðnmeistara. Í samstarfi FA og ráðuneytis var verkefnið útfært á þann hátt að teknar skyldu fyrir fimm iðngreinar, fyrst skyldi greina þá hæfni sem starf iðnmeistara gerir kröfu um þvert á faggreinar og miðaði sá hluti verkefnis á að ná fram sameiginlegum þáttum óháð faggrein. Síðari hluti verkefnisins sneri svo að því að greina sértæka hæfni innan hversrar þeirra fimm iðngreina sem til skoðunar voru. Iðngreinarnar eru: hársnyrtið, húsasmíði, matreiðsla, rafvirkjun og vélvirkjun. Verkefninu lauká vordögum 2025.

Ávallt er fylgt skilgreindu ferli við hæfnigreiningu samkvæmt eftirfarandi yfirlitsmynd:



Raunfærnimat

Mat á raunfærni er í auknum mæli álitid vera helsta verkfærið til að efla þátttöku í sí- og endurmenntun og hafa mörg Evrópulönd lagt áherslu á að draga fram og viðurkenna það nám sem á sér stað utan hins formlega skólakerfis, til dæmis á vinnustöðum, í frítíma sem og í gegnum fjölskyldu- og einkalíf. Frá árinu 2004 hefur það verið hlutverk Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins að miðla aðferðafræði raunfærnimats, samhæfa vinnulag, útbúa skimunar- og matslista, þjálfar fagaðila sem sinna raunfærnimati, safna tölfraeðilegum upplýsingum og veita ráðgjöf í ferlinu.

Til að raunfærnimat megi vaxa og dafna í samfélaginu í samstarfi þeirra hagsmunaaðila sem því tengjast hverju sinni skiptir máli að raunfærnimatsferli sé ávallt unnið eftir settum gæðaviðmiðum sem tryggja áreiðanleika og réttmæti niðurstaðna. Evrópusambandið hefur þróað leiðbeiningar sem styðjast má við í þessu samhengi og hafa verið uppfærðar reglulega frá því 2004. Það er liður í að tryggja gæði ferlisins að vera með samræmda aðferðafræði raunfærnimats til að varða gæðin gagnvart þátttakendum og niðurstöðum sem er þeirra eign. FA hefur undanfarin ár stutt við innleiðingu raunfærnimats í háskólum með því að kynna hugmyndafræðina, framkvæmd og þjálfar fagaðila. Einnig hefur FA hlutverk í að kynna og styðja við innleiðingu raunfærnimats í framhaldsskólana. Með útbreiðslu aðferðafræði raunfærnimats gefst fleirum tækifæri til að fá færni sína metna og hefja áframhaldandi nám og hæfnipróun á réttum stað.

Alls fóru 580 einstaklingar í gegnum mat á raunfærni á vegum framhaldsfræðslunnar árið 2024, meirihluti voru karlar, eða 59%. Meðalaldur allra var 37,3 ár. Um 12% með annað móðurmál en íslensku fóru í raunfærnimat á árinu. Raunfærni var metin á móti námi á framhaldsskólastigi, námskrám FA og viðmiðum starfa. Sífelld bættast við nýjar starfsgreinar þar sem hægt er að fá reynslu af vinnumarkaði metna.

Á árinu fengu 60 fagaðilar þjálfun í aðferðafræði raunfærnimats til styttingar á námi á framhalds- og háskólastigi og 35 matsaðilar í aðferðafræði Fagbréfs atvinnulífsins, sem er mikil aukning frá árinu 2023 (N=40 samtals). Samtals hafa þá 819 fagaðilar fengið þjálfun hjá FA frá árinu 2007. Handbók um framkvæmd var uppfærð á árinu, hún er undirstaða þjálfunar.

Raunfærnimat til styttingar á námi (til eininga)

Raunfærnimat til styttingar á námi hefur verið í boði á vegum framhaldsfræðslunnar frá árinu 2007. FA hefur unnið markvisst að því að fjölga leiðum í raunfærnimati í samstarfi við hagsmunaaðila og voru fyrstu verkefnin tengd iðngreinum en nú er raunfærnimat í boði fyrir flestar starfsnámsbrautir.

Ef tekið er meðaltal síðustu fimm ára má sjá að hlutfall þátttakenda í raunfærnimati á starfsnámsbrautum og þátttakenda í raunfærnimati í iðngreinum sem lýkur með sveinsprófi hefur jafnast.

Dæmi um starfsnámsbrautir þar sem tekist hefur vel til eru fisktækninám, sjúkraliðabraut, matartækni, félagsliðabraut, leikskólaliðabrá og stuðningsfulltrúabrá.

Ávallt er fylgt skilgreindu ferli í raunfærnimati samkvæmt eftirfarandi yfirlitsmynd sem tekur mið af reglugerð 1163/2011. Þar er m.a. kveðið á um rétt einstaklinga til raunfærnimats og kröfur um aðferðafræði.



Fagbréf atvinnulífsins

Með raunfærnimati er færni starfsfólks metin út frá hæfniviðmiðum starfs. Í framhaldi fer fram þjálfun og fræðsla sem tekur mið af niðurstöðum matsins. Þegar öllum hæfniviðmiðum starfsins er náð er færnin staðfest með Fagbréfi atvinnulífsins fyrir viðkomandi starf. Í því felst ávinningur fyrir fyrirtæki og starfsfólk. Horft er til starfa sem ekki krefjast formlegrar menntunar og eru líkleg til að taka miklum breytingum í náinni framtíð. Verkfærið er sjálfbært og hefur FA verið skilgreind sem umsjónaraðili kerfisins sem felst í samstarfi um útbreiðslu, gæðatryggingu, þjálfun fagsfólks og útgáfu Fagbréfa. Ávallt er fylgt skilgreindu ferli samkvæmt eftirfarandi yfirlitsmynd.

Fagbréf atvinnulífsins - ferli í fjórum þrepum



Copyright © Fræðslumiðstöð atvinnulífsins 2024

Á árinu voru gefin út 96 Fagbréf í eftirtöldum greinum:

Útgáfa Fagbréfa árið 2024

Starf	Fjöldi	Starf	Fjöldi
Verslunarfulltrúi	15	Starf í verslun	12
Sérþjálfaður starfsmaður í matvælaíðnaði	10	Starf í vöruhúsi/lager	7
Öryggisvörður	14	Starf í endurvinnslu	5
Starf við þrif og þjónustu	17	Starf við umönnun	2
Starf í leikskóla	14		

Námskrár

Eitt af hlutverkum FA er þróun og skrif námskráa fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar. Því hlutverki hefur FA sinnt af festu og lítur það hlutverk sem mikilvægt til eflingar bæði fyrir einstaklinga og atvinnulíf í landinu. FA vinnur slík verkefni allt eftir því hvort um er að ræða starfstengt nám eða eingöngu bóklegt eins og í almennum bóklegum greinum.

Á árinu 2024 var ein námskrá send í vottunarferli hjá ráðuneyti barna- og menntamála. Námskráin sem fékk vottun er Smíðja 1 -2, 2 Færni á vinnumarkaði sem er námskrá á hæfniprepi eitt. Megintilgangur náms í Smíðju er að nemar kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á samþættingu huga og handa, sköpunarkraft og tjáningarform.

Námslok eru með Fagbréfi atvinnulífsins út frá tilteknu starfi sem fram kemur á útskriftarskírteini. Tiltölulega stór hluti námsins er vinnustaðanám undir leiðsögn starfsþjálfara á vinnustað. Með þessu námi fjölgar möguleikum til námsloka fyrir tiltekinn hluta markhóps framhaldsfræðslunnar sem hingað til hefur notið fárra valkosta í bæði náms- og starfstækifærum á fyrsta þrepi íslenska hæfnirammans um menntun.

Færni á vinnumarkaði

Í febrúar 2024 kom út skýrsla starfshóps sem félags- og vinnumarkaðsráðherra í samráði við háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og mennta- og barnamálaráðherra stofnaði í desember 2022 um aukin náms- og starfstækifæri fyrir fatlað fólk. Fulltrúi frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) sat í þeim

vinnuhópi. Í skýrslunni voru lagðar fram tillögur til að auka möguleika á þátttöku í atvinnulífinu sem meðal annars stuðlar að valdeflingu og bættum kjörum hópsins. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Vinnumálastofnun (VMST), Fjölmennt og Símennt komu í kjölfarið að þróun starfstengds náms sem bjóða skyldi upp á hjá fræðslu- og símenntunarstöðvum um allt land með starfsþjálfun á vinnustöðum. Markmiðið var að bæta aðgengi fatlaðs fólks utan vinnumarkaðar að framhaldsfræðslukerfinu, að námi sem eflir færni þeirra og möguleika í lífi og starfi.

Í apríl 2024 veitti þáverandi ráðherra félags- og vinnumarkaðar VMST fjármagn í þróunar- og samstarfsverkefnið Færni á vinnumarkaði. Í framhaldi af því gerði VMST samning við FA sem sá um þróun og utanumhald með verkefninu.

Verkefnið var margþætt og voru ákveðnir hlutar þess á vegum FA þar sem í upphafi voru gerðar hæfnigreiningar á sex störfum samkvæmt samkomulagi við VMST sem aflaði möguleikanna. Afurð hæfnigreiningar eru starfaprófilar sem sjá má á vef FA. Störfin eru á hæfniprepi 1.1 og 1.2.

Þá var skrifuð námskrá fyrir væntanlegt nám. Starfaprófilarnir eru grunnur til hliðsjónar við námskrárskrifin auk þess sem mikilvægt samráð var haft við Fjölmennt vegna ákveðinna þátta. Námskráin er Smíðja 1 – 2, 2 Færni á vinnumarkaði sem lýsir náminu og hverjum einstökum námsþætti (áfanga) í námskránni. Tilgangurinn er undirbúningur til almennrar þátttöku í atvinnulífinu. Námskráin hlaut vottun hjá mennta- og barnamálaráðuneytinu. Námskráin inniheldur sex námsþætti og þar af nokkuð langan námsþátt sem fæst við starfsþjálfun á vinnustað undir leiðsögn starfsþjálfara. Jafnframt fer fram fræðsla allan tímann sem starfsþjálfun stendur yfir.

Við námskrána voru skrifaðar sex námslýsingar þar sem þá var VMST komin með sex tegundir starfa til greiningar. Hver námslýsing tekur bæði á almennum þáttum en auk þess sérstaklega á þáttum sem viðkomandi starf snýr að og er ætlað fyrir leiðbeinendur, starfsþjálfara, nema og annað fólk sem vill kynna sér námið. Bæst hefur við námslýsingar þar sem tegundum starfa hefur fjölgað á vegum VMST.

Námið fór af stað hjá 11 símenntunarmiðstöðvum víðs vegar um landið og skráðu 72 einstaklingar sig í námið. Vinnumálastofnun sá um að finna jafnmarga vinnustaði og nemendur. Atvinnurekendur uppgötvuðu gildi þess að taka þátt í verkefninu og nú þegar hafa nær 40 einstaklingar fengið fasta vinnu í kjölfar námsins. Á hverjum vinnustað var starfsþjálfari sem fylgdi nema eftir í hæfnipróun. FA þjálfði alla starfsþjálfara innan fyrirtækja og stofnana (72).

Ef nemendur uppfylltu kröfur námsins, bæði fræðslu- og vinnustaðahlutann, hlutu þau útskrift með Fagbréf atvinnulífsins. Af þeim 72 sem skráðu sig í námið útskrifuðust 57 með Fagbréf atvinnulífsins og 10 luku eingöngu fræðsluhlutanum.

Ráðgjöf um nám og störf

FA er í samstarfi við ráðgjafa fræðslu- og símenntunarmiðstöðva um land allt til þess að þróa og stuðla að gæðum á sviði ráðgjafa um nám og störf á vettvangi. Eitt af markmiðum FA er að efla sérfræðiþekkingu í ráðgjöf innan framhaldsfræðslunnar með því að halda utan um samstarf ráðgjafa, ásamt því að leita leiða til að efla gæði þjónustunnar í gegnum þróun aðferðafræði og endurgjöf frá notendum. Haldnir eru fastir samstarfsfundir með ráðgjöfum þrisvar á ári. Í samstarfsneti FA eru um 25 til 27 ráðgjafa. Þeirra starf gengur meðal annars út á að vera með kynningarfundir á vinnustöðum, einstaklingsviðtöl og hópráðgjöf, þátttöku í virkniðgerðum fyrir atvinnuleitendur, verkefnum í raunfærnimati og þróun aðferðafræði í samstarfi við FA, meðal annars í gegnum erlend þróunarverkefni. Allar miðstöðvar skila ársskýrslum og tölfræðiupplýsingum til FA.

Ráðgjöfinni er ætlað að ná til markhópsins með upplýsingar og hvatningu til símenntunar. Fjöldi ráðgjafarviðtala á árinu með endurkomum var 9.087. Heildarfjöldi einstaklinga var 4.454, sem gefur til kynna að flestir eru að koma í tvö viðtöl eða fleiri. Mestur er fjöldi viðtala hjá IDUNNI fræðslusetri, Mími-símenntun og Framvegis. Af þeim sem komu í ráðgjöf eru langflest í starfi, eða 66%, 13% eru í atvinnuleit, 12% í starfsendurhæfingu og 4% í námi. Flestir atvinnuleitendur í ráðgjöf voru á Suðurnesjum, Vesturlandi og á Vestfjörðum líkt og árið áður.

FA sér um að miðla upplýsingum um ráðgjöfina til hagsmunaaðila og tekur þátt í erlendu þróunarstarfi í málaflokknum í gegnum NVL og CEDEFOP.

EQM/EQM+ gæðavottun

EQM/EQM+ gæðavottun fyrir fræðsluaðila í fullorðinsfræðslu og fræðsludeildir fyrirtækja og stofnana hefur verið í stöðugri þróun með samstarfsaðilum frá því það var fyrst tekið í notkun árið 2008. Þá var því einungis ætlað að ná utan um fræðslustarfið en í dag nær það einnig utan um raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf.

Gæðavottunin felur í sér viðurkennd gæðaviðmið fyrir fræðslu, ráðgjöf um nám og störf og raunfærnimat:

- EQM vottun: Fræðslustarf
- EQM+ vottun: Fræðslustarf, raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf

EQM/EQM+ er hannað til að mæta síauknum kröfum um gagnsemi, gegnsæi í framkvæmd og skjölun og sameiginleg gæðaviðmið fyrir aðila utan hins formlega skólakerfis.

Við lok ársins 2024 voru 17 fræðsluaðilar og fyrirtæki með vottun; flest eru með EQM+ og einstaka hafa EQM þar sem starfsemin snýst einvörðungu um fræðslu. Allir 14 samstarfsaðilar FA á vettvangi framhaldsfræðslunnar eru með EQM+ gæðavottun.

Verkefni á vegum FA

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins annast umsýslu með Fræðslusjóði og fjárreiðum hans samkvæmt þjónustusamningi sem er í gildi milli aðila. Frá 2005 hefur FA hýst landstengilið Íslands í Norræna tengslanetinu um nám fullorðinna (NVL) með fjármagni frá Norrænu ráðherranefndinni. Jafnframt hefur FA frá 2017 hýst Hæfnisetur ferðaþjónustunnar sem vinnur samkvæmt þjónustusamningi við menningar- og viðskiptaráðuneytið (áður atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytið), um uppbyggingu á hæfni starfsfólks í íslenskri ferðaþjónustu. Hæfnisetrið, Fræðslusjóður og NVL gefa út sínar eigin ársskýrslur.

Fræðslusjóður

Fræðslusjóður starfar samkvæmt lögum nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu. Í þjónustusamningi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) er FA falin dagleg umsýsla sjóðsins milli stjórnarfunda. Hlutverk sjóðsins er að veita fé til náms, náms- og starfsráðgjafar, raunfærnimats og nýsköpunar- og þróunarverkefna en öll þessi verkfæri eru ætluð markhópi framhaldsfræðslu. Árið 2024 framkvæmdu samstarfsaðilar Fræðslusjóðs fyrir samtals 1.014,3 milljónir. Skiptist framkvæmdin þannig að til kennslu og námskeiðahalds fóru 701,5 milljónir, til náms- og starfsráðgjafar 149,1 milljón, til raunfærnimats 125,4 milljónir og veittar voru 38,3 milljónir til þróunarverkefna.

Ýtarlegar upplýsingar og tölfræði um framkvæmdina er að finna í ársskýrslu Fræðslusjóðs og á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Hæfnisetur ferðaþjónustunnar

Hæfnisetrið er samstarfsverkefni aðila vinnumarkaðarins, fræðsluaðila og stjórnvalda um heildstæðar lausnir og úrbætur til að auka hæfni og fagmennsku starfsfólks í ferðaþjónustu á Íslandi. Hæfnisetrið var stofnað árið 2017 og vistað hjá FA en atvinnuvegaráðuneytið kostar verkefnið. Hæfnisetrið vinnur á forsendum ferðaþjónustunnar og á í samstarfi og samtali við atvinnulífið, ferðaþjónustufyrirtæki, fræðsluaðila, stjórnvöld og opinbera aðila. Hæfnisetrið heldur úti vef undir hafni.is.

Norrænt tengslanet um nám fullorðinna (NVL)

Frá 2005 hefur FA hýst landstengilið Íslands í Norræna tengslanetinu um nám fullorðinna (NVL) með fjármagni frá Norrænu ráðherranefndinni.

Fulltrúar FA og fleiri hagaðila á Íslandi taka þátt í fjölbreyttum netum á vegum NVL og miðla þekkingu um nám fullorðinna á norrænum vettvangi. Hvert net vinnur að afmörkuðum verkefnum út frá áherslusviðum hverju sinni. Efninu er jafnframt miðlað á vettvangi framhaldsfræðslunnar og í Gátt-veftímariti um nám fullorðinna.

Starfandi net á árinu voru sjö talsins. Þau eru:

- Stafræn inngilding fullorðinna til virkrar þátttöku í samfélaginu
- Stafræn hæfni á vinnumarkaði með áherslu á störf iðnverkafólks
- Raunfærnimat
- Ráðgjöf fullorðinna
- Alfaráðið
- Sjálfbærni
- Menntun í fangelsum

Hægt er að nálgast afurðir, viðburðadagatal, fréttir, greinar og hlaðvörp á NVL.org.

Mannauður

Árið 2024 voru ársverk hjá FA 13,5 sem er aukning frá árinu 2023 þegar ársverkin voru 12,2. Alls þáðu 18 manns laun hjá FA á árinu, en í árslok voru 15 starfsmenn í samtals 13,7 stöðugildum, sem skiptist þannig að konur voru tólf í samtals 10,7 stöðugildum og þrír karlmenn í samtals þrem stöðugildum.

Fjöldi verkefnastofna gerir kröfu um að sérfræðingar FA búi yfir viðtækri þekkingu og reynslu. Áhersla er lögð á samvinnu starfsfólks og að nýta styrkleika þess og þekkingu í gegnum teymisvinnu innan hvers verkefnastofns. Starfsfólk er almennt í fleiri en einum verkefnastofni.

Á árinu voru reglulega lagðar fyrir starfsfólk starfsánægjukannanir. Auk þess sótti starfsfólk námskeið sem tengdust þeirra sérsviði eða styrkti það faglega á annan hátt. Í erlendu samstarfi FA felst einnig stöðug símenntun og öflugur hvati til þróunar á vettvangi framhaldsfræðslunnar sem skilar sér bæði beint og óbeint inn í allt starf FA.

Viðburðir

Þrír viðburðir voru haldnir á árinu í umsjón FA. Auk þeirra fóru fram fjölbreyttir samráðsfundir með samstarfsaðilum, þjálfun fyrir matsaðila vegna aðferðafræði Fagbréfa atvinnulífsins, vinnustofur og námskeið fyrir fagaðila í raunfærnimati, ráðgjafa og verkefnastjóra á vettvangi framhaldsfræðslunnar.

Markmiðið er að miðla reynslu, þjálfu, læra hvert af öðru og hvetja til umræðu um vettvanginn og markhóp framhaldsfræðslunnar.

- Heimsókn til Svíþjóðar með fulltrúum aðila vinnumarkaðarins. FA skipulagði og stóð fyrir námsferð til Svíþjóðar til að skoða umgjörð og leiðir við hæfnipróun fullorðinna og raunfærnimat dagana 21.–24. október, 2024. Námsferðin var hluti af símenntunaráætlun FA í tengslum við Erasmus KA1 aðild, með það markmið að bjóða með 10 fulltrúum hagsmunaaðila og efla þannig samtal, samstarf og þróun á vettvangi framhaldsfræðslunnar. Móttökuaðilinn var Landsskrifstofa fyrir fagháskóla sem hafði umsjón með dagskrá dagana 22. og 23. október og Stjórnsýsla vinnumarkaðarins í Stokkhólmi sem tók á móti hópnum 21. október.
- Ársfundur FA var haldinn 13. nóvember í samstarfi við NVL undir yfirskriftinni *Frá færni til vottunar – í námi, starfi og samfélagi*. Áhersla var á að fara yfir stöðu Fagbréfaíðarinnar, þar sem færni starfsfólks er staðfest og vottuð. Finnbjörn A. Hermannsson, forseti ASÍ, opnaði fundinn. Mats Johansson, framkvæmdastjóri Verslunarráðsins í Svíþjóð, fór yfir mikilvægi þess að atvinnulífið taki þátt í að skilgreina og viðurkenna hæfni starfsfólks. Fulltrúar VR og Félags tæknifólks fóru yfir starfsmenntamál og nýtingu hæfnigreininga starfa sem grunn að Fagbréfum. Fulltrúi VMST fór yfir verkefnið Færni á vinnumarkaði sem fór kröftuglega af stað á árinu. Fulltrúar ASÍ og SA kynntu hæfnilaunakerfið sem er nýjung í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði. Að venju voru veittar viðurkenningar til fyrirmynda í námi fullorðinna og féllu þær í skaut Sigurðar K. Guðmundssonar og Noelinie Namayanja.
- Samráðsfundur um ráðgjöf á vettvangi framhaldsfræðslunnar. Áhersla fundarins var á fræðslu sem valin var út frá niðurstöðum fræðslugreiningar sem FA gerði á meðal ráðgjafa fræðslu- og símenntunarmiðstöðva víðs vegar um landið í byrjun árs, auk samtals um þróun og gæðamál. Kynningar voru frá Samtökum atvinnulífsins, Hraðlestrarskólanum, ENIC/NARIC, Fjölmennt og Norrænu tengslaneti um nám fullorðinna (NVL). Einnig var rætt um stöðu Fagbréfa atvinnulífsins sem verkfæri á vettvangi.

Lagabreytingar og skipulagsmál

Laganefnd

Alls bárust laganefnd níu breytingar á lögum aðildarfélaganna. Haldnir voru þrír fundir í laganefnd á tímabilinu. Þann 30.4 2025 sameinaðist Félag Leiðsögumanna VR og afgreiddi nefndin breytingar á lögum VR af þeim ástæðum.

Skipulags- og starfsháttanefnd

Skipulags- og starfsháttanefnd kom saman á þó nokkrum fundum á starfsárinu. Nefndin staðfesti á árinu breytingar á reglugerðum átta sjúkrasjóða aðildarféлага og fylgdi að venju eftir skilum á ársreikningum og skýrslum. Jafnframt hefur nefndin nú sem áður haft eftirlit og yfirsýn með því að aðildarfélög framkvæmi tryggingarfræðilegt mat á sjúkrasjóðum sínum sbr. lög ASÍ en þau mál eru komin í fastar skorður og skil hafa gengið vel. Nefndin starfar nú sem áður skv. metnaðarfullri og ítarlegri starfsáætlun um ýmis mál er varðar innri málefni og skipulag verkalýðshreyfingarinnar. Hefur nefndin m.a. einsett sér að setja málefni sjúkrasjóða rækilega á dagskrá á starfsárinu.

Persónuvernd

Frá því að reglugerð ESB um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (EU 2016/679 – General Data Protection Regulation „GDPR“) var samþykkt og gefin út í apríl 2016 hefur legið fyrir að umrædd reglugerð myndi er hún tæki gildi hafa talsverð áhrif á einstaklinga, fyrirtæki sem og ýmiss konar starfsemi sem með einum eða öðrum hætti vinnur með persónuupplýsingar frá þeim degi í maí 2018 sem ætlast var til að innleiðingu væri lokið. Frá sjónarhóli verkalýðshreyfingarinnar var breytingunum tekið fagnandi enda helsta markmið hennar að styrkja friðhelgi einstaklinga gagnvart ofríki stórfyrirtækja. Jafnframt var ljóst að þar sem stéttarfélög vinna með talsvert mikið magn af persónuupplýsingum um sína félagsmenn og stéttarfélagsaðild hefur verið skilgreind sem viðkvæmar persónuupplýsingar, að nýja reglugerðin kallaði á það að gengið yrði úr skugga um að starfsemi stéttarféлага yrði aðlöguð að þeim kröfum sem nýja reglugerðin leggur á ábyrgðaraðila. Halldór Oddsson, lögmaður hjá ASÍ, sinnir hlutverki hins lögformlega persónuverndarfulltrúa hjá meirihluta aðildarféлага ASÍ. Lögfræðingar ASÍ eru aukinheldur reglulega til ráðgjafar við aðildarfélög og einstaklinga um hin ýmsu mál sem upp koma á þessu ört vaxandi réttarsviði.



Norrænir verkalyðsleiðtogar lýsa yfir stuðningi við Solidarnast, hina frjálsu verkalyðshreyfingu Belarús (áður Hvíta-Rússlands).

Erlend samskipti

Ráðgjafarnefnd EFTA

Halldór Oddsson sviðsstjóri hefur setið f.h. ASÍ í ráðgjafarnefnd EFTA. Síðan um áramót hefur hann jafnframt verið formaður nefndarinnar en það embætti rúllar árlega á milli fulltrúa launafólks og atvinnurekenda. Í ráðgjafarnefndinni sitja 16 fulltrúar samtaka launafólks og atvinnurekenda. Sex frá Noregi, fjórir frá Íslandi og Sviss og tveir frá Liechtenstein. Auk þess starfa fulltrúar frá skrifstofu EFTA með nefndinni og sérfræðingar frá aðildarsamtökunum í einstaka málum. EFTA-ríkin sjálf standa straum af öllum kostnaði við starf ráðgjafarnefndarinnar. Nefndin fundar að jafnaði fjórum sinnum á ári, ýmist á staðfundum eða í gegnum fjarfundarbúnað. Nánari upplýsingar má finna á; <https://www.efta.int/about-efta/advisory-bodies/consultative-committee>

Málefnasviðin skiptast í tvennt. Nánar tiltekið í EES-gerðir og þróun EES-samningsins annars vegar (EES mál) og svo málefni fríverslunarsamninga við ríki utan EES og almennt um verslun og viðskipti í heiminum utan EES (EFTA-mál). Helstu málefni sem hafa verið til umfjöllunar á árinu innan EES-stoðarinnar eru:

Virkni og staða EES-samningsins

Helstu áskoranir EES-samningsins eru að EES-EFTA löndin þurfa að innleiða reglur frá ESB án þess að hafa atkvæðisrétt í lagasetningu ESB, sem skapar lýðræðishalla. Einnig eru tafir í innleiðingu nýrra laga og reglna, sem geta valdið vandræðum. Sjávarútvegur og landbúnaður eru utan samningsins, sem skapar

spennu milli Íslands og ESB. Samningurinn býður einnig upp á takmarkaðan sveigjanleika, þar sem reglur ESB þurfa oft að vera teknar upp óbreyttar, sem getur verið óhagstætt fyrir mismunandi aðstæður. Að auki krefst innleiðing og eftirfylgni við reglur mikilla auðlinda, og samningurinn nær ekki yfir pólitísk málefni, svo sem utanríkis- og öryggismál, sem getur valdið vöntun á pólitískri samhæfingu.

Endurnýjun samnings ESB og Sviss um aðgang Sviss að innri markaðnum

Sviss er ekki aðili að EES, en hefur gert yfir 120 tvíhliða samninga við ESB sem tryggja landinu aðgang að mörgum þáttum innri markaðarins, eins og viðskiptum, flutningum og rannsóknarverkefnum. Sviss er einnig meðlimur í Schengen-svæðinu, sem leyfir frjálsa för fólks milli Sviss og ESB-ríkja. Þó að landið hafi mikið samstarf við ESB, hefur það ekki fullan aðgang að innri markaðnum og þarf ekki að fylgja öllum reglum ESB, sérstaklega í málum eins og landbúnaði og sjávarútvegi. Sviss getur ekki haft áhrif á nýja löggjöf ESB, sem getur valdið spennu, og það er líka hættu á því að landið missi markaðsaðgang ef samningarnir breytast eða falla niður. Nýlega var grundvallarsamningurinn endurnýjaður en þær viðræður höfðu verið langar og erfiðar. Talsverður óróleiki var á meðal EFTA-ríkjanna um að ef ekki næðist samningur yrði staða EFTA-landanna gagnvart ESB verri.

Omnibus-pakki ESB um minni „reglubyrði“ fyrir fyrirtæki

Omnibus-pakkinn hjá ESB er samansafn breytinga á reglum sem miða að því að draga úr reglubyrði fyrir fyrirtæki, sérstaklega á fjármálamarkaði. Hann er hluti af Better Regulation og REFIT-áætlunum ESB, sem leggja áherslu á að einfalda og bæta reglugerðir. Pakkinn felur í sér breytingar á tilskipunum eins og MiFID II og MiFIR, sem varða markaði með fjármálagerninga og viðskipti með verðbréf. Markmið pakkans er að bæta framkvæmd og eftirlit, auka gagnsæi, og draga úr kostnaði fyrir fyrirtæki sem starfa á fjármálamarkaði. Framkvæmdastjórnin telur að með því að einfalda reglur og bæta ferla verður hægt að minnka óþarfa byrðar fyrir fyrirtæki og bæta samkeppnishæfni þeirra. Þetta leiði einnig til skilvirkari og samræmdari eftirlitsferla milli aðildarríkja. Omnibus-pakkinn tryggir að reglur séu betur aðlagðar þörfum fyrirtækja og að þau geti betur fylgt reglum sem eru auðskiljanlegar og einfaldar í framkvæmd. Evrópska verkalýðshreyfingin og alls konar evrópsk almannaeftirlitshættur hafa verið mjög gagnrýnin á þessar fyrirætlanir ESB, sjá m.a. frá ETUC: <https://www.etuc.org/en/document/joint-european-trade-union-statement-omnibus-proposal-direct-attack-workers-rights-and>

Umhverfissvænna ESB (e. European Green Deal)

European Green Deal er áætlun sem ESB setti fram árið 2019 með það markmið að gera Evrópu kolefnislausari og sjálfbærari. Áætlunin miðar að því að minnka útblástur gróðurhúsalofttegunda í Evrópu og ná kolefnisjöfnuði fyrir árið 2050. Þetta felur í sér að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis, auka nýtingu endurnýjanlegra orkulinda og bæta orkusparnað.

Áætlunin felur einnig í sér að stuðla að grænum atvinnugreinum, styrkja umhverfisvernd og bæta lífsgæði í Evrópu með því að vernda náttúru og dýralíf. Til þess að ná þessum markmiðum, leggur ESB til fjárfestingar í grænni tækni, samgöngum, og endurnýjun orkukerfa. Green Deal felur í sér umfangsmiklar breytingar á atvinnulífi, orku, landbúnaði og samgöngum til að stuðla að sjálfbærri þróun og vernda plánetuna.

Gervigreind og algjöfðmísk verkstjórn á vinnustöðum

Evrópska verkalýðshreyfingin bindur vonir við að drög ESB að svokallaðri Artificial Intelligence Act verði að veruleika í náninni framtíð. Löggjöfin miðar að því að setja reglur um gervigreind innan Evrópu. Markmiðið er að tryggja að gervigreind sé notuð á ábyrgan og öruggan hátt, vernda mannréttindi og

forðast skaðleg áhrif. Tilskipun þessi leggur áherslu á að fyrirtæki geti nýtt sér gervigreind á ábyrgan hátt, með því að taka mið af félagslegum áhrifum, svo sem viðeigandi vinnuumhverfi og nýrri þjálfun. Það er einnig verið að skoða hvernig hægt er að vernda vinnuafli sem gæti orðið fyrir áhrifum vegna sjálfvirkni. Á sama tíma eru áskoranir sem tengjast ójöfnum áhrifum gervigreindar á mismunandi atvinnugreinir og vinnumarkaðinn, þar sem minni fyrirtæki gætu átt erfiðara með að nýta þessa tækni, og sum störf gætu farið í hættu. Umræðan er þó komin miklu mun styttra á veg en vonir stóðu til og í raun virðist vera að hræðsluáróður um reglubyrði á evrópskum fyrirtækjum minnki líkurnar á að reglugerðin verði að veruleika að svo stöddu.

Tilskipun ESB um gígg-starfsfólk (e. Platform workers)

ESB hefur lagt fram tilskipun sem miðar að því að tryggja betri vernd og réttindi fyrir platform workers, þar á meðal að tryggja að þeir fái sanngjarnt kaup, vernd gegn ótryggum vinnuskilyrðum og að þeir njóti sömu réttinda og hefðbundið starfsfólk, þegar það á við. Tilskipunin leggur einnig áherslu á að tryggja að starfsmenn sem vinna í gegnum platform séu rétt flokkaðir sem sjálfstæðir eða fastir starfsmenn, þar sem þetta hefur áhrif á réttindi þeirra. Tilskipunin hefur verið afgreidd og samþykkt en er í innleiðingarferli í aðildarríkjum ESB. Ekki er gert ráð fyrir öðru en að tilskipunin verði tekin inn í EES-samninginn og verði því að íslenski réttarheimild á komandi misserum.

Hvað EFTA-málin varðar, nánar tiltekið samskipti við ríki utan EES, er hægt að greina það helsta niður með eftirfarandi hætti:

Fríverslun sem verkfæri til að stuðla að heilbrigðri samkeppni fyrirtækja þar sem mannréttindi eru í forgrunni:

Fulltrúar launafólks í ráðgjafarnefnd EFTA hafa verið leiðandi í þróun og upptöku svokallaðra TSD-ákvæða (e. trade and sustainable development) í nýja samninga og uppfærða fríverslunarsamninga. Eitt er að koma slíkum ákvæðum í samninga og annað er svo að tryggja eftirfylgni og samskipti við samningsríki um að slíkir þættir séu hafðir í fyrirrúmi. Undanfarið hefur verið efst á baugi að blanda ILO-skuldbindingum með formlegri hætti inn í samninga og að sú þróun sem eigi sér stað á þeim vettvangi sé leiðarljósið í þróun mála í ríkjunum.

Fríverslunarsamningur við Mercosur-löndin

Viðræður milli EFTA og Mercosur um fríverslunarsamning hafa staðið yfir í mörg ár og eru nú í lokafasa, en þær hafa gengið hægt. Miklar áskoranir hafa verið á borðinu, sérstaklega vegna landbúnaðar- og umhverfismála. Viðræðum lauk svo loks snemma sl. sumar með almennum fyrirvara um samþykktir viðeigandi landa og stofnana. Viðbúið er að málefni tengd TSD-skuldbindingum verði hér talsvert ofarlega á baugi en ESB lauk samningum við Mercosur um ári á undan EFTA og fyrstu viðbrögð eru að sérstaklega muni umhverfismál vera ofarlega á baugi í pólitískri umræðu um réttmæti þess að fullgilda samninginn.

Fríverslunarsamningur við Malasíu

Glænýr fríverslunarsamningur var undirritaður fyrir nokkrum vikum. Af því tilefni og til að styrkja tengslin á milli EFTA og Malasíu fer sendinefnd á vegum EFTA í nokkurra daga heimsókn til landsins núna í seinni hluta mánaðarins. Undirrituðum sem formanni ráðgjafarnefndarinnar er boðið með og er m.a. ætlað að byggja upp tengsl við verkalýðshreyfinguna og almannaheillasamtök á svæðinu. Fylgjast eigi svo með áhrifum samningsins til skemmri og lengri tíma með tilliti til mannréttinda, umhverfisverndar og efnahagslegra áhrifa. Unnið er hörðum höndum að því að koma á formlegum samskiptum við viðeigandi

félagasamtök í Malasíu sem láta sig mannréttindamál varða, en Halldór Oddsson fór sem formaður ráðgjafarnefndarinnar á vegum sendinefndar EFTA í heimsókn til Malasíu sl. vor í þeim tilgangi.

Breytt umhverfi viðskipta í heiminum í kjölfar stefnubreytingar í USA

Eins og allir er EFTA að fóta sig í breyttum heimi eftir þróun mála undanfarin misseri og þá einna helst í USA í kjölfar valdatöku Donalds Trump og innleiðingu tolla á evrópska framleiðslu. Með hliðsjón af því gerði ráðgjafarnefndin álit um stöðu og áherslur EFTA-ríkjanna í breyttum heimi alþjóðaviðskipta sem nálgast má hér:

<https://www.efta.int/sites/default/files/uploads/2025-03/EFTA%20Consultative%20Committee%20-%20Trade%20in%20a%20changed%20geopolitical%20context%20-%20Opinion.pdf>

Áhrif samnings EFTA við Taíland hvað varðar mannréttindi og umhverfið

Ráðgjafarnefndin, a.m.k. þeir sem koma frá verkalyðshreyfingunni, hefur lengi þrýst á EFTA um að gert verði áhrifamat á fríverslunarsamningum. Eðli málsins skv. er það flókið og vandasamt verk. Fyrsta tilraun var gerð nýlega og kynnt með talsverðri viðhöfn innan EFTA, sjá: <https://www.efta.int/sites/default/files/2024-09/SIA-EFTA-Thailand-FTA-Final-Report.pdf>

Evrópusamtök verkalyðsfélaga

Vinnufundur um netvangsstörf

Dagana 25. og 26. september 2024 héldu Evrópusamtök verkalyðsfélaga (European Trade Union Confederation, ETUC) vinnufund í París um netvangsstörf (e. platform work). Markmið vinnufundarins var að þátttakendur ræddu áskoranir slíkra starfa gagnvart evrópsku vinnumarkaðsmódeli og félagslegum réttindum. Vettvangurinn var hugsaður til þess að evrópsk ríki gætu deilt reynslu sinni og hugað að vinnunni fram á við miðað við umhverfi og umfang síns ríkis. Þegar viðburðurinn var haldinn var vinnan að tilskipun Evrópusambandsins um netvangsstörf (e. directive on platform work) langt komin, en þó ekki að fullu afgreidd af þinginu.

Umrædd vinna að tilskipuninni var löng og umfangsmikil og tók hún verulegum breytingum í meðferð. Þrjú lykilatriði má finna í henni:

1. Að einstaklingar hafi úrræði til að fá úr því skorið hvort um vinnu- eða verktakasamband sé að ræða. Á þeim sem stýrir netvangsstörfum (netvangurinn sjálfur) hvílur aukin sönnunarbyrði ef því er haldið fram að um verktökusamband sé að ræða.
2. Upplýsingaskyldu netvangs um gagnakerfi sem er nýtt og aukin persónuvernd notenda kerfisins.
3. Tryggja að manneskja taki vissar ákvarðanir, en ekki tölvukerfið/algórithminn.

Vinnufundurinn ræddi fjölmörg atriði en hér verða listuð upp þau helstu:

Mikilvægi þess að evrópsk ríki líti svo á tilskipunina að hún hafi yfir að ráða lágmarkskröfum en til þess að ná markmiði hennar er mikilvægt að ríki skoði leiðir til að auka við réttindavörslu hennar og tryggja innlenda löggjöf er varðar mat á milli verktökusambands og vinnusambands og tryggja að vinnuvernd nái yfir alla sem þurfa þykir.

Fjölmörg netvangsstörf einblína á þátttöku viðkvæmari hópa í samfélaginu og auka þannig verulega á aðstöðumun sinn gagnvart þeim sem sinna þjónustunni.

Við gervigreindarstýringu er horfið frá því sem við þekkjum í vinnusambandi, svo sem eiginlegan vinnustað, mannlega ákvörðunartöku, tækifæri til framþróunar í starfi og sterkt trúnaðarmannakerfi. Þróunin á gervigreind og þannig netvangsstörfum er hröð og mikilvægt er að standa þétt að baki réttindum fólks við þá þróun.

Tryggja þarf að þeir sem sinna netvangsstörfum eigi aðgengi inn í almannatryggingakerfi ríkja, en mikið skortir á slíkt sökum eðlis starfanna og greiðslufyrirkomulagi þeirra.

Fjöldmörg dæmi hafa komið upp um mismunun á vettvangi netvangsstarfa, þá helst sökum tæknilegra eiginleika þess. Má þannig nefna að lítað fólk lendir fremur í útilokun frá netvöngum og konur eru í aukinni hættu á að fá ekki verkefni sökum fjölskylduábyrgðar.

Tryggja þurfi aðgengi þeirra sem sinna netvangsstörfum að sterkum stéttarfélögum.

Nefnd ETUC um inngildingu og fólksflutninga

Nefnd Evrópusambands verkalyðsfélaga (ETUC) um inngildingu og fólksflutninga (e. Migration and Inclusion Committee) fjallar um aðstæður innflytjenda á evrópskum vinnumarkaði og regluverk kringum atvinnuleyfakerfi Evrópulanda.

Fulltrúi skrifstofu ASÍ sótti fund nefndarinnar í apríl sl. og hér verður gerð grein fyrir helstu umfjöllunarefnum fundarins.

Talent Pool – atvinnumiðlunarverkefni ESB

Talent Pool er verkefni á vegum Evrópusambandsins sem ætlað er að auðvelda atvinnurekendum í Evrópu að finna starfsfólk frá löndum utan EES. Verkefnið tengir saman atvinnuleitendur utan Evrópu og atvinnurekendur í Evrópu. Verkefnið á sér nokkurra ára aðdraganda og hófst með tilraunaverkefni fyrir nokkrum árum síðan sem einblíndi á Úkraínufólk í kjölfar innrásar Rússlands. Á síðu framkvæmdarstjórnar ESB segir að markmið verkefnis sé tvíþætt:

- Að auka aðdráttarafl ESB fyrir menntað og hæft launafólk frá löndum utan sambandsins.
- Að aðstoða evrópska atvinnurekendur í að finna starfsfólk sem þeir þarfnast.

Hugmyndafræðin á bak við verkefnið er sú að Evrópa standi frammi fyrir vaxandi skorti á vinnuafli, eftir því sem fólki á vinnualdri fækkar. Evrópa sé jafnframt í harðri samkeppni við önnur svæði heimsins um starfsfólk, ekki síst sérhæft starfsfólk, og því telur framkvæmdarstjórn ESB nauðsynlegt að bregðast við og tryggja að Evrópa verði ekki eftirbátur annarra heimshluta.

Verkefnið felst í að koma á fót stafrænum vettvangi þar sem atvinnurekendur geta auglýst störf og leitað að starfsfólki. Ekki er um nýtt atvinnuleyfi að ræða; ráðning fer fram gegnum leyfin sem þegar eru til, yfirleitt á grundvelli skorts eða sérfræðikunnáttu.

ETUC hefur lagt áherslu á að Talent Pool verði ekki notað af óprúttum aðilum til að hagnast á kostnað launafólks. Þar hefur verið vakin sérstök athygli á áhættunni sem felst í ólöglegum ráðningargjöldum, slæmum starfsskilyrðum, félagslegu undirboði og notkun milliliða.

ETUC lagði fram tillögur að ýmsum varnögglum til að koma í veg fyrir slíka misnotkun – sumir þeirra rötuðu í niðurstöðuna en aðrir ekki. ETUC hefur einnig gagnrýnt að í verkefninu sé ekkert gert til að sporna gegn spekileka (e. brain drain) frá löndum utan ESB og að ekki hafi verið gerð greining á áhrifum verkefnisins á upprunaríki. Þá hefur sambandið bent á að milljónir óskráðra starfsmanna dvelji nú þegar í Evrópu –

margir þeirra vinna á jaðri samfélagsins, í svörtu hagkerfi og oft við mjög slæm skilyrði – og að brýnt sé að bjóða þessum hópi leið inn í löglega dvöl og atvinnu samhliða þróun nýrra verkefna.

Sumar kröfur evrópsku verkalyðshreyfingarinnar gagnvart Talent Pool, t.d. kröfur um að útiloka starfsmannaleigur frá þátttöku í verkefninu, náðu ekki fram að ganga. ETUC telur hætt við að slíkar leigur verði ráðandi í fyrirkomulaginu og að það dragi að sér atvinnurekendur sem vilja sniðganga reglur og réttindi starfsfólks. Mótmælin snúa ekki að verkefninu sjálfu heldur útfærslunni. Þá bendir ETUC á að skorturinn sem vísað er til sé í mörgum tilvikum í greinum þar sem laun og aðstæður eru bágborin. Frekar eigi að bæta launakjör, tryggja réttindi og laða þannig að starfsfólk – frekar en að flytja inn ódýrt vinnuafli.

Útsendir starfsmenn frá þriðju ríkjum – ný skýrsla ELA

Á fundinum var einnig fjallað um nýútkomna skýrslu frá Evrópsku vinnumálastofnuninni (ELA) um útsenda starfsmenn frá löndum utan EES.

Hér er um að ræða fólk sem hefur fengið atvinnuleyfi í einu EES-ríki en er sent í tímabundna vinnu í öðru ríki í gegnum þjónustufyrirtæki. Vaxandi áhyggjur eru af svokallaðri „gerviútsendingu“, þar sem starfsmenn fá atvinnuleyfi í löndum þar sem fyrirtækið hefur enga raunverulega starfsemi – oft svokölluð „skúffufyrirtæki“. Starfsmaðurinn er þá í skamman tíma í því landi þar sem leyfið er gefið út, áður en hann er sendur til starfa í öðru ríki.

Þetta fyrirkomulag getur verið þáttur í misneytingu launafólks og útsendir starfsmenn frá þriðju ríkjum eru í sérstaklega viðkvæmri stöðu og standa höllum fæti gagnvart launabjórnaði, misneytingu og jafnvel mansali. Þá getur starfsfólkið átt takmarkaðan félagslegan rétt í landinu sem það starfar í, þar sem réttindi þeirra eru bundin við landið þar sem atvinnuleyfið var gefið út í.

Í skýrslu ELA er athygli sérstaklega beint að borgurum frá Úkraínu, Brasilíu og Bosníu og Hersegóvínu sem hafa fengið atvinnuleyfi í Póllandi, Portúgal eða Slóveníu en eru síðan sendir til starfa í Þýskalandi, Austurríki, Belgíu eða Hollandi. Tölur frá 2022 sýna að einn af hverjum fjórum útsendum starfsmönnum hafði ríkisfang utan EES – yfir tvær milljónir einstaklinga ár hvert. Þessi þróun er að hluta til rakin til innrásar Rússlands í Úkraínu, en einnig til þess að sum ríki hafa aðlagð regluverk sitt til að auðvelda ráðningu fólks frá ákveðnum löndum.

Samkvæmt tilskipun um útsenda starfsmenn ber atvinnurekendum m.a. að greiða fyrir húsnæði og ferðakostnað – sem skiptir sköpum fyrir starfsfólkið. ETUC bendir á að þótt evrópska verkalyðshreyfingin sé ekki andvíg þátttöku þriðja ríkis borgara í kerfinu þurfi að bregðast við þeirri miklu hættu á misnotkun sem því getur fylgt. Þeir njóta ekki sömu réttinda og ESB-borgarar, eru háðir atvinnurekanda bæði um atvinnuleyfi og húsnæði, og eiga oft lítil úrræði ef eitthvað fer úrskeiðis.

Kvennanefnd ETUC

Jafnréttisfulltrúi ASÍ sótti fund Kvennanefndar ETUC sem haldinn var í Brussel dagana 26.–27. mars 2025. Meginumfjöllunarefni fundarins var svokallaður Vegvísir að kvenréttindum (Road map for women's rights), ný pólitísk yfirlýsing frá ESB í aðdraganda jafnréttisstefnu sem er í mótun. Gagnrýni kom fram á að Vegvísirinn væri veikburða, væri ekki skuldbindandi og speglaði frekar hagsmuni atvinnurekenda en kvenna. Kvennanefndin gagnrýndi einnig að lítið hefði verið hlustað á sjónarmið hennar við mótun skjalsins.

Áhersla var lögð á að tala skýrt um kynbundið ofbeldi, tryggja aðgengi að öruggu og löglegu þungunarrofi og vinna markvisst gegn kynskiptum vinnumarkaðarins. Fundarkonur lýstu yfir áhyggjum af bakslagi í kvenréttindum og hétu áframhaldandi baráttu.

Einnig var fjallað um þátttöku ETUC-kvenna í fundi Kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna, aðstæður kvenna í Úkraínu og Tyrklandi, og áskoranir tengdar rétti til þungunarrofs í Evrópu. Fundurinn endurspegladi samstöðu og alvarlegar áskoranir sem konur standa frammi fyrir í Evrópu í dag.

NETLEX – árlegur fundur evrópskra lögfræðinga

Dagana 15. og 16. nóvember 2024 fór fram árleg ráðstefna sem ber heitið NETLEX á vegum ETUC (European Trade Union Confederation). Ráðstefnunni er ætlað að fara yfir mikilvæg málefni líðandi stundar um vinnuréttindi og stöðu launafólks innan Evrópu. Yfirskrift ráðstefnunnar var: „Áhrif öfga hægri afla á réttindi vinnandi fólks“.

Nýlega yfirstaðnar kosningar innan Evrópu voru til mikillar umræðu og hversu mikilvægt væri að stuðla og styðja við vinnu- og félagsleg réttindi fólks á sama tíma og miklar breytingar eru í tæknimálefnum, loftslagsmálefnum og sífellt lakari samkeppni og söfnun fjármagns hjá fyrirtækjaeigendum. Þá var rætt mikið um styrk Evrópu gagnvart stórveldum heimsins hvað varðar samfélagslegt öryggi íbúa og að tryggja þurfi að þær hreyfingar sem eru í alþjóðamálum leiði ekki til veikingar réttinda íbúa innan Evrópu.

Þessu samhliða var farið yfir verkefni Evrópuþingsins og hvernig megi sjá breytingar á hagsmunagæslu innri markaðarins á kostnað annarra þátta.

Auk pólitískrar umræðu um stöðu Evrópusambandsins var fjallað um kjaramál í víðu samhengi, svo sem um mikilvægi vinnutímastyttingar, innleiðingu samþykktar ILO (International Labour Organization) nr. 190 um aðgerðir gegn ofbeldi og áreitni á vinnustöðum, tæknibreytingar og gervigreind og stöðu launafólks, útvistun starfa og réttindi kvenna á evrópskum vinnumarkaði.

Þátttakendur voru sammála um að ærin vinna væri fram undan og að evrópsk verkalyðshreyfing þyrfti að stuðla með öllum tiltækum ráðum að því að Evrópuþingið leggi áfram áherslu á réttindi vinnandi fólks

Norrænt samstarf

NFS - Norræna verkalyðssambandið

Stjórn NFS hittist í Kaupmannahöfn 27.11 2024. Fyrri hluti fundarins var kynning á Evrópustarfi Norðurlandanna og þeirra fulltrúa sem þau eiga þar. ETUC er eini aðilinn í Brussel sem getur haft áhrif á stefnumótun ESB um vinnumarkaðinn og NFS á þar sterka rödd. Þar kom m.a. fram að fulltrúar okkar telja hinu nýju framkvæmdarstjórn líta sæmilega út en hafa nokkrar áhyggjur af nýrri skipan Evrópuþingsins eftir sigur margra öfga hægri flokka. Von er á tilskipun un réttinn til að „aftengja sig“ en spurning hvort reynt verður að semja tilskipun um gervigreind. Miklar áhyggjur eru innan ESB um misnotkun á vinnuafli frá löndum utan ESB. Ekki er ólíklegt að reynt verði að koma á rafrænum sjúkraskírteinum sem þá um leið geti nýst sem vinnustaðaskírteini.

Á hinum eiginlega stjórnarfundum var síðan fjallað um verkefni ársins 2025 þar sem eftirfarandi mun standa upp úr: Norræna módelið, lýðræðisþróunin, réttlátt atvinnulíf, réttlát umskipti, mannsæmandi störf, velferð og samkeppnishæfni. Fjárhagsáætlun var samþykkt en hluti hennar er 15% afsláttur 2025–2027 á iðgjöldum sambandanna vegna góðrar fjárhagsstöðu NFS.

Stjórnin hittist síðan aftur í Stokkhólmi 22.–23.4. 2025 en á þeim fundi vék ASÍ úr framkvæmdastjórn NFS og tók BSRB við sætinu. Fengnir voru utanaðkomandi fyrirlesarar sem fóru yfir rannsóknir sínar á norræna módelinu og réttarstöðu og þörf fyrir erlent vinnuafli á Norðurlöndunum.

Kvennanefnd NFS

ASÍ á aðild að Kvennanefnd NFS (Norræna verkalýðssambandið) og er jafnréttisfulltrúi fulltrúi í nefndinni. Kvennanefndin tók á tímabilinu þátt í samnorrænu samstarfsverkefni verkalýðshreyfinga á Norðurlöndum, Friedrich-Ebert-Stiftung í Þýskalandi og þýska verkalýðssambandsins DGB, um jafnlaunamál. Verkefnið miðar að því að útbúa tillögur um aðgerðir til að útrýma kynbundnum launamun og leggja mat á virði starfa með markvissari hætti, með sérstakri áherslu á launagagnsæi, endurmat á vanmetnum kvennastörfum og nauðsyn breiðrar samvinnu milli stéttarféлага, atvinnurekenda og stjórnvalda.

Í tengslum við verkefnið var haldin norræn ráðstefna um jafnlaunamál 31. október 2024, á Hallveigarstöðum í Reykjavík. Þar komu saman sérfræðingar, fræðafólk og fulltrúar stéttarféлага og stjórnvalda af Norðurlöndum og frá Þýskalandi til að ræða lögfestingu jafnlauna, mælingar á launamun, og áhrifaríkar leiðir til að ná fram launajafnrétti. Ráðstefnan skapaði mikilvægan vettvang til þekkingarmiðlunar og eflingar samstarfs þvert á landamæri.

Norræna ILO-samstarfið

Fulltrúar aðildarsamtaka NFS sem ábyrgð bera á málefnum ILO hittust í aðdraganda hvers stjórnarfundar ILO og í aðdraganda hvers þings. Fjallað var um dagskrá næsta fundar, niðurstöður þess síðasta og þátttöku í þingnefndum.

SAMAK

Um er að ræða samstarf alþýðusambandanna á Norðurlöndunum og jafnaðarmannaflokkanna. Almennt er rætt um og skipst á upplýsingum um samstarf aðila og helstu mál sem uppi eru á vinnumörkuðum.

Leiðtogar Alþýðusambandanna og Jafnaðarmannaflokkanna á Norðurlöndum, þ.m.t. sitjandi forsætisráðherrar, hittust á fundi í Osló 25. febrúar 2025. Fjallað var m.a. um norræna módelið og getu þess til þess að varðveita og styrkja velferðarkerfi Norðurlandanna sem öll byggja á vel skipulögðum vinnumarkaði og virku þríhliða samstarfi. Að því loknu flutti Karl Ove Moene, prófessor í samfélagshagfræði við Oslóarháskóla, erindi um efnahagslegt öryggi á tímum alþjóðlegrar hækkunar á vörum og aðföngum. Í framhaldinu fóru formenn Alþýðusambandanna (Peggy Hessen Følsvik, LO Norge, Johan Lindholm, LO Sverige, Morten Skov, FH Danmark, Jarkko Eloranta, SAK Finland og Finnbjörn A. Hermannsson, ASÍ- Ísland) í panel og ávörpuðu það efni hver um sig frá sjónarhorni sinna landa. Gerði Finnbjörn ítarlega grein fyrir stöðu kjaramála hér á landi. Fundinum lauk með því að ungliðahreyfingar Jafnaðarmannaflokkanna stóðu fyrir umræðu um sínar áherslur.

VN

VN (Verkalýðshreyfingin í N-Atlantshafi er samstarf Íslands, Færeyja og Grænlands. Aðalfundir eru haldnir í því ríki sem fer með formennsku hverju sinni og að þessu sinni á Íslandi í september 2024. Fundurinn var haldinn á Egilsstöðum. Auk almennra aðalfundarstarfa var sérstaklega fjallað um þær áskoranir sem ríkin þurfa að svara vegna aðflutts vinnuafls. Afl - starfsgreinafélag annaðist síðan um kynningu á starfsemi hreyfingarinnar og helstu atvinnuvegum á Austurlandi.

ITUC

Fulltrúi ITUC, Alþjóðasambands verkalýðsfélaga, í stjórn ILO (Magnús M. Norðdahl) tók þátt í fjölbreyttu samráði innan ITUC á árinu m.a. vegna þess ágreinings sem lagður hefur verið fyrir Alþjóðadómstólinn í

Haag vegna túlkunar á Samþykktum ILO nr. 87 og 98. ITUC á jafnframt þétt samstarf við alla fulltrúa aðildarsamtaka ITUC sem í stjórn ILO sitja og sækir framkvæmdastjóri ITUC þá fundi í Genf.

Alþjóðavinnumálastofnunin – ILO

113. þing ILO 2025

Sendinefnd Íslands á þinginu var skipuð eftirtöldum aðilum: Frá velferðarráðuneytinu kom Unnur Elfa Hallsteinsdóttir, frá SA kom Álfheiður Sívertsen og frá ASÍ Magnús M. Norðdahl. Varamaður Magnúsar, Elzbieta Sajkowska, sat jafnframt Genfarskólann ásamt Sindra Má Smárasyni frá BSRB.

Samhliða þinginu hittist nefnd um félagsfrelsi (CFA) þar sem Magnús M. Norðdahl á sæti. Hann var jafnframt varaformaður kjörbréfanefndar þingsins f.h. verkafólks. Þingið sátu 5.407 fulltrúar, hvar af konur 35,6%, sem er lægra hlutfall en á síðustu þingum.

Meginnefndir þingsins voru um setningu nýrrar samþykktar um „platform work“ – fyrri umræða, nefnd um setningu nýrrar samþykktar um líffræðilegar hættur – seinni umræða, nefnd um þróun frá hinu óformlega hagkerfi til þess formlega – almenn umræða og loks nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykktar.

Umræðan á þinginu bar skýr merki um þann óróleika sem einkennir alþjóðasamfélagið vegna átaka og aukinnar skautunar. Bandaríkin eru að endurskoða alla þátttöku sína í alþjóðlegu starfi og hafa boðað niðurskurð fjárframlaga. Jafnframt hafa þau hætt að miklu leyti þátttöku í einstökum verkefnum sem fjármögnuð eru utan fjárlaga ILO. Komi til úrsagnar þeirra munu árlegar tekjur stofnunarinnar skerðast um 22%. Umræðan í nefndinni um Platforms var einkar erfið og einkenndist af málþófi og einkar slæmri fundarstjórn en vonandi tekst að vinna bug á þeim erfiðleikum á þinginu 2026.

Loks er vert að vekja athygli á því að gert er ráð fyrir því að jafnaði að hvert aðildarríki sendi það stórar sendinefndir að fulltrúar geti sinnt öllum nefndum. Starfsnefndir eru að jafnaði fimm auk kjörbréfanefndar og fjárhagsnefndar sem aðildarríkin ein skipa. Það þýðir að verkalyðshreyfingin ætti að eiga fimm fulltrúa, atvinnurekendur fimm og ríkisstjórnin 10. Nánast ekkert aðildarríki sendir einungis 1/1/2 eins og Ísland gerir. Undir þessum skyldum standa öll Norðurlöndin.

Stjórnarnefnd ILO (GB) og Félagafrelsisnefnd ILO (CFA)

Catelene Passchier var kjörinn talsmaður launafólks í stjórn ILO á fundi stjórnar strax í kjölfar 113. þings. Stjórnin kom að öðru leyti tvisvar saman á starfsárinu í tæpar þrjár vikur hverju sinni.

Skýrslur af fundum stjórnar eru lagðar fram í miðstjórn ASÍ og birtar á vef ASÍ.

Mikil spennan er enn innan stjórnar vegna innrásar Rússa í Úkraínu og vegna þeirra miklu áhrifa sem hún hefur haft á stöðu verkalyðshreyfingarinnar, stöðu atvinnurekenda og launafólks bæði í Úkraínu og eins í bæði Rússlandi og Hvíta-Rússlandi. Sama á við vegna innrásar Ísraels í Palestínu. Jafnframt ríkir mikil óvissa um óbreytta starfsemi ILO. Bandaríkin hafa stöðvað öll framlög sín til verkefna á vegum hennar og íhuga framtíð sína innan stofnunarinnar en Bandaríkin standa undir 22% af reglulegum útgjöldum.

Fjölmörg erfið og alvarleg mál voru einnig til umfjöllunar í Félagafrelsisnefndinni sem kom saman þrisvar á starfsárinu. Fyrir utan það mikla ofbeldi sem verkalyðssinnar sæta í mörgum ríkjum S-Ameríku og sem stjórnvöld virðast ekki vilja eða geta ráðið við bar hæst þau mál sem varða morð, mannhvörf og fangelsanir.

Þríhliðanefnd ILO á Íslandi

Nefndin hefur það hlutverk að vera samráðsvettvangur um málefni ILO. Engin sátt hefur náðst um fullgildingu eldri samþykktar eins og áður hefur verið gerð grein fyrir og fullgilding Samþykktar nr. 190 hefur enn ekki átt sér stað þrátt fyrir að samkomulag liggi fyrir. Að öðru leyti er unnið að staðfestingu Samþykktar nr. 188, 189 og 191 auk þess sem vænta má að nýsamþykkt um líffræðilegar áhættur komi til kasta nefndarinnar.

Alþjóðanefnd

Alþjóðanefnd kom saman til tveggja funda á árinu. Hafin var endurskoðun á alþjóðastefnu ASÍ auk þess sem tekið var saman og kynnt, ýtarlegt yfirlit um allt alþjóðastarf ASÍ. Nefndin efndi jafnframt til könnunar meðal aðildarsamtakanna um alþjóðastarf aðildarsamtaka ASÍ en niðurstöður hafa ekki verið birtar.



ASÍ-UNG

Starfsár 2024-2025

Undanfarið ár hefur verið áskorunartímabil fyrir ASÍ-UNG, þar sem óvissa og ákveðin tilvistarkreppa hafa einkennt starfsemina. Breytingar á forystu félagsins hafa sett svip sinn á tímabilið og haft áhrif á framgang verkefna.

Á fyrsta stjórnarfundinum starfsársins, þann 7. nóvember 2024, var Ástþór Jón Ragnheiðarson kjörinn formaður ASÍ-UNG, með Ásdís Helgu Jóhannsdóttur sem varaformanni. Þann 28. febrúar sagði Ástþór sig frá formannsembættinu og í kjölfarið tók Ásdís Helga við sem formaður á stjórnarfundinum 24. mars. Svanfríður G. Bergvinsdóttir var skipuð í embætti varaformanns. Þann 19. maí sagði Ásdís af sér og var ákvörðun tekin á stjórnarfundinum 26. maí um að Svanfríður tæki við formannshlutverkinu, en Birgitta Ragnarsdóttir yrði nýr varaformaður. Svanfríður hafði þá gegnt hlutverki ritara ASÍ-UNG frá upphafi tímabilsins fram til 26. maí, og í kjölfarið tók Elsa Hrönn Gray Auðunsdóttir við ritaraembættinu.

Afsagnir tveggja formanna á sama starfsári höfðu óumdeilanlega veruleg áhrif á starfsemi stjórnar og drógu úr stöðugleika hennar. Þetta skapaði áskoranir í daglegum verkefnum og stefnumótunarvinnu. Samskipti við ASÍ um framtíðarsýn, stefnu og ímynd ASÍ-UNG hafa verið áberandi og tímafrek og tekið lungað úr starfsemi stjórnar á tímabilinu. Í því samhengi var ráðist í markvissa stefnumótunarvinnu í samstarfi við starfsmann ASÍ, sem skilaði ítarlegri skýrslu. Sú vinna verður lykilverkefni stjórnar á næsta tímabili og grundvöllur umræðu á 11. þingi ASÍ-UNG.

Þrátt fyrir áskoranir hefur stjórnin lagt sig fram við að viðhalda virkri þátttöku í hreyfingunni. Stjórnarfolk sat fundi í 11 starfsnefndum miðstjórnar auk þess að taka þátt í vinnuhópi um leikskólamál, þar sem sérstök áhersla var lögð á að tryggja að sjónarmið ungs fólks kæmu skýrt fram.

Árlegur viðburður ASÍ-UNG, *Fræðslu- og tengsladagar*, féll því miður niður á árinu. Ástæður má rekja til árekstra við annað ungliðastarf innan hreyfingarinnar og annarra skipulagslegra áskorana. Þrátt fyrir þetta er stefnt að því að endurvekja viðburðinn og halda hann að vori 2026. Í framhaldi af þessu hefur stjórnin unnið að þróun nýrra hugmynda og verkefna til að efla starfsemi félagsins á næsta starfsári og lagt grunn að þeim á vor- og sumarmánuðum.

Stjórnarfolkið Svanfríður G. Bergvinsdóttir og Mateusz Gabriel K. Róbertsson tóku þátt í námskeiðinu *Ungir leiðtogar* á vormánuðum 2025. Þar kynntu sér þátttakendur mismunandi leiðtogastíla, hlutverk leiðtoga og verkalýðshreyfingarinnar, auk þess sem fjallað var um fræðslumál, samskiptahæfni, framkomu og önnur hagnýt atriði. Námskeiðinu lauk með ferð til Brussel, þar sem þátttakendur heimsóttu alþjóðlegar stofnanir á borð við ETUC, ITUC og EFTA. Ferðin var jafnframt mikilvægur vettvangur til tengslamyndunar milli þátttakenda. Stjórnin nýtti þetta tækifæri til að miðla reynslunni á samfélagsmiðlum ASÍ-UNG í fræðsluskyni og til að vekja áhuga annarra ungra félagsmanna á slíkum tækifærum.

Birgitta Ragnarsdóttir, stjórnarkona ASÍ-UNG, tók þátt í Kvennaráðstefnu ASÍ sem haldin var dagana 27.–28. maí í Reykjanesbæ. Á ráðstefnunni var megináhersla lögð á Kvennaárið, stöðu kvenna í samfélaginu og innan verkalýðshreyfingarinnar. Þátttakendur tóku virkan þátt í umræðum og vinnu í þremur málstofum sem fjölluðu meðal annars um samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs, kynbundinn launamun og hvernig sporna megi gegn mismunun og ójöfnuði á vinnumarkaði og í samfélaginu. Ráðstefnan endaði á samþykkt ályktunar sem send var miðstjórn ASÍ til umfjöllunar og frekari vinnu. Þátttaka ASÍ-UNG á slíkum vettvangi er lykilatriði til að tryggja að sjónarmið ungs fólks komi fram í jafnréttisumræðunni og að framtíðarlausnir taki mið af þörfum nýrrar kynslóðar á vinnumarkaði.

Á tímabilinu sat Ástþór Jón Ragnheiðarson einnig áfram í stjórn ETUC Youth fyrir hönd ASÍ-UNG og sótti fundi á þeirra vegum. Með því var tryggt að hagsmunir og sjónarmið ungs fólks innan ASÍ-UNG hefðu rödd á evrópskum vettvangi.

Fundargerð 10. þings ASÍ-UNG

Haldið á Hótel Stracta, Hellu, 7. nóvember 2024

Þingsetning

Ástþór Jón Ragnheiðarson, formaður ASÍ-UNG, leggur til Halldór Oddsson, lögfræðing Alþýðusambandsins, sem fundarstjóra, og tillagan er samþykkt.

Halldór tekur við stjórn fundar, þakkar traustið og leggur til að Bergþóra Guðjónsdóttir, starfsmaður Alþýðusambandsins, verði ritari þingsins, sem einnig er samþykkt.

Boðun þingsins er samþykkt án athugasemda.

Halldór fer yfir dagskrá þingsins og hvetur til umburðarlyndis og virðingar innan hreyfingarinnar. Skýrir að fundarstjóri hefur og gefur orðið, og almennt fari umræður fram í pontu.

Ástþór Jón Ragnheiðarson, formaður ASÍ-UNG, setur þingið formlega.

Ávarp forseta ASÍ, Finnbjörn A. Hermannsson

Finnbjörn rifjar upp sögulega þróun ASÍ og hvernig breyttir atvinnuhættir, samgöngur og tækni framfarir hafa leitt til fækkunar félaga, úr 245 í 44. Hann leggur áherslu á að sameiginlegir hagsmunir haldi félögum saman og að sterkar einingar með samstilltu starfi séu nauðsynlegar fyrir góðan slagkraft.

Hann fjallar um þjónustuhlutverk ASÍ, sem styður félögin með að taka á málum eins og aðbúnaði, hollustuháttum og vinnustaðaeftirliti, en áréttar að sambandið verði aldrei sterkara en félögin sjálf.

Finnbjörn ítrekar mikilvægi ASÍ-UNG, sem vettvangs fyrir ungt fólk innan hreyfingarinnar, þar sem rödd þeirra og þátttaka skipti miklu máli fyrir endurnýjun og aðhald. Hann hvetur þau til að taka virkan þátt sem talsmenn, trúnaðarmenn og formenn til að fylgja málum eftir sem varða sérstaklega ungt fólk.

Að auki vekur hann athygli á stöðu ungs fólks, hvetur þau til að taka afstöðu með málefnum sem skipta þau máli, t.d. varðandi byggðastefnu, spyr hvar það vill búa og hvaða þjónustu það þarf, með áherslu á öryggi óháð búsetu. Hann bendir á að 25% vinnuafslins sé af erlendum uppruna og hvetur unga fólkið til að horfa fram á veginn og meta samfélagið eins og það er nú, frekar en að láta fortíðina lita sýn sína.

Loks fjallar hann um leiðtogahæfileika og sjálfstæði. Hann leggur áherslu á að ungir leiðtogar virði mismunandi skoðanir, byggja upp sjálfstæðar skoðanir og verndi sitt andlega frelsi. Að lokum hvetur hann þá til að tala af einlægni og standa með sjálfum sér.

Fundarstjóri þakkar Finnbirni erindið og opnar á spurningar úr sal.

Sindri Már Smáráson, AFLi stéttarfélagi, þakkar Finnbirni fyrir ávarp sitt og spyr út í þátttöku ungliða úr Eflingu í ASÍ-UNG. Hvernig það standist að formaður félags geti staðið í vegi fyrir þátttöku ungliða úr einu stærsta félagi sambandsins.

Skýrsla stjórnar ASÍ-UNG

Ástþór Jón Ragnheiðarson flytur skýrslu stjórnar ASÍ-UNG og fundarstjóri opnar fyrir spurningar og umræður.

Síðastliðið starfsár ASÍ-UNG hefur verið viðburðaríkt. Starfsár stjórnar hófst 22. september 2023 þegar níunda þing ASÍ-UNG var haldið. Á þinginu var m.a. samþykkt stefna ASÍ-UNG en stefnan speglar að miklu leyti stefnu ASÍ en með þó meiri áherslu á málefni sem snerta sérstaklega ungt fólk. Á þinginu var kosin stjórn en hana skipa: Ásdís Helga Jóhannsdóttir, AFLi, Ástþór Jón Ragnheiðarson, Verkalýðsfélagi Suðurlands, Guðmunda Steina Jósefsdóttir, Öldunni, Birgitta Ragnarsdóttir, VR, Elsa Hrönn Grey Auðunsdóttir, Einingu-löju, Ólöf Helga Adolfsdóttir, Eflingu, Sindri Már Smáráson, AFLi, Svanfríður Guðrún Bergvinsdóttir, Verkalýðsfélagi Vestfirðinga og Þorvarður Bergmann Kjartansson, VR. Varamenn eru Elín Ósk Sigurðardóttir, Stéttarfélagi Vesturlands, Jennifer Schröder, VR og Inga Fanney Rúnarsdóttir, Verkalýðsfélagi Grindavíkur.

Fulltrúar ASÍ-UNG voru þátttakendur á hinum ýmsu vettvöngum. Verður hér farið yfir hin ýmsu verkefni sem til komu á liðandi starfsári:

Ástþór Jón Ragnheiðarson og Svanfríður Bergvinsdóttir, stjórnarfolk í ASÍ-UNG, sóttu Nordenskolan haustið 2023. Skólinn fór fram bæði rafrænt og í tveimur staðlotum. Önnur í Finnlandi í október og hin í Danmörku árið eftir. Á námskeiðinu fengu nemendur m.a. að hlýða á fyrirlestra um norræna módel verkalýðshreyfinga, með áherslu á hvernig hver þjóð getur lagað það að sínum samfélagslegu og efnahagslegu þörfum og samvinnu pólitíkur og verkalýðshreyfingarinnar í hverju landi fyrir sig.

Auk þess var verkefnavinna, en fulltrúar Íslands fjölluðu um sýnileika verkafólks á framboðslistum við alþingiskosningar og árangur í kosningum. Tekinn var mikill fróðleikur úr náminu og fengu þátttakendur góða innsýn inn í verkalýðsmál nágrannalanda okkar. Sérstaklega fróðlegt var að sjá hversu vel Ísland stendur að verkalýðsmálum en mikil stéttarfélagsaðild er nánast einsdæmi. Nordenskolan er frábært tækifæri til að byggja upp tengslanet og þekkingu fyrir ungt fólk sem hefur áhuga eða starfar á vegum verkalýðshreyfingarinnar.

Á fundi ETUC-youth committe þann 12. desember 2023 var Ástþór Jón Ragnheiðarson, formaður ASÍ-UNG, kjörinn í Youth bureau ETUC. Youth bureau er eins konar framkvæmdastjórn vegna ETUC-youth nefndarinnar sem sér um að framfylgja ákvörðunum nefndarinnar. Kjörtímabil Ástþórs er fram í júní 2026. Ástþór hefur setið í ETUC-youth committee síðan 2020 og er innan Youth bureau fulltrúi Norðurlandanna. Á þessum alþjóðavettvangi hefur Ástþór sótt stjórnarfundum ETUC youth Bureau í Brussel, Zagreb og í fjarfundi. Þá hefur Ástþór einnig samhliða þessum störfum tekið sæti í efnahagsnefnd ETUC.

Ástþór Jón Ragnheiðarson, formaður ASÍ-UNG, sótti þann 27. febrúar SAMAK Arbetakongress í Kaupmannahöfn, en þing SAMAK er árviss viðburður þar sem forystufólk alþýðusambanda og jafnaðarmannaflokka á Norðurlöndunum funda.

ASÍ-UNG átti fulltrúa á kvenleiðtogafundi ASÍ. Á fundinum voru fyrirlesarar bæði úr röðum fræðafólks, svo og forystufólks í hreyfingunni. Umfjöllunarefni fundarins var virði kvennastarfa. Meðal annars var vinna starfshóps um endurmat á virði starfa kynnt.

Þann 2. nóvember síðastliðinn var Ástþór Jón Ragnheiðarson, formaður ASÍ-UNG, gestur með erindi á fundi UVG um efnahags- og húsnæðismál.

Dagana 11. og 12. apríl voru haldnir fræðslu- og tengsladagar á Marriot hóteli, Reykjanesbæ. Yfirskrift daganna var „Framtíð vinnumarkaðarins“. Erindi voru um jafnréttismál, fræðslu- og inngildingu, umhverfis- og neytendamál og atvinnulýðræði. Þátttaka var góð og fjörugar umræður mynduðust.

Fulltrúar ASÍ-UNG tóku virkan þátt í málefnanefndum ASÍ. Eftir framhaldsþing ASÍ voru skipaðar nýjar nefndir og nýir fulltrúar þar inn og hefur vinnan farið fram af krafti og meðal annars unnið að þeim áherslum sem var árangur þings ASÍ svo og að vinna að tillögum sem styðja geta komandi kjarasamningsgerðir margra, ef ekki flestra, félaga innan ASÍ. Þá á formaður ASÍ-UNG seturétt með málfrelsi og tillögurétt í miðstjórn ASÍ, en miðstjórn ASÍ fundar aðra hverja viku.

Málþing: Leið ungliða til áhrifa í verkalýðshreyfingunni

Þátttakendur, Kristján Þórður Snæbjarnarson, Birkir Snær Guðjónsson og Gundega Jaunlinina, miðla af sinni reynslu sem ungliðar innan hreyfingarinnar. Allir leggja áherslu á mikilvægi trúnaðarmannastarfa og hvernig reynsla af því starfi hafi kveikt áhuga þeirra á hreyfingunni. Þátttakendur eru einnig sammála um mikilvægi stuðnings frá sínu stéttarfélagi.

Þá nefna allir viðmælendur þörfina fyrir að þróa góða samskiptahæfni, getu til að sætta ólík sjónarmið og þekkingu á áskorunum félagsmanna.

Rætt er um fyrirmyndir leiðtoga, mikilvægi þess að ný kynslóð taki við og þróun hreyfingarinnar til framtíðar. Þátttakendur ræða einnig nauðsyn þess að verkalýðshreyfingin aðlagist breyttum aðstæðum á vinnumarkaði.

Lagabreytingar

Formaður ASÍ-UNG, Ástþór Jón, kynnir tillögu að breytingu á 4. grein laga ASÍ-UNG.

4. gr.

Er núna:

Þing Ungs launafólks skal halda árlega, fyrir lok nóvembermánaðar, og ákveður stjórn ASÍ-UNG þingstað og þingtíma.

Aðildarfélög ASÍ hafa rétt til að senda ákveðinn fjölda fulltrúa í hlutfalli við fjölda fullgilda félagsmanna á þing ASÍ-UNG með full réttindi, eftir svohljóðandi reiknireglu:

< 5000 félagsmenn = 1 fulltrúi

5000– 10.000 félagsmenn = 2 fulltrúar

10.001– 20.000 félagsmenn = 3 fulltrúar

20.001–40.000 félagsmenn = 4 fulltrúar

> 40.000 = 5 fulltrúar

Félög sem eiga aðeins rétt á einum fulltrúa hafa rétt á að senda aukafulltrúa með tillögu- og málfrelsisrétt en ekki atkvæðisrétt.

Verður:

Þing Ungs launafólks skal halda árlega, fyrir lok nóvembermánaðar, og ákveður stjórn ASÍ-UNG þingstað og þingtíma.

Aðildarfélög ASÍ hafa rétt til að senda ákveðinn fjölda fulltrúa í hlutfalli við fjölda fullgilda félagsmanna á þing ASÍ-UNG með full réttindi, eftir svohljóðandi reiknireglu:

< 5000 félagsmenn = 1 fulltrúi

5000– 10.000 félagsmenn = 2 fulltrúar

10.001–20.000 félagsmenn = 3 fulltrúar

20.001– 40.000 félagsmenn = 4 fulltrúar

> 40.000 = 5 fulltrúar

Félög sem eiga aðeins rétt á einum fulltrúa hafa rétt á að senda aukafulltrúa/varafulltrúa sinn á þingið með tillögu- og málfrelsisrétt en ekki atkvæðisrétt. Taki varafulltrúi stöðu aðalfulltrúa á þingi hefur hann allan þann rétt sem aðalfulltrúi hefur samkvæmt samþykktum þessum. Ekki er þá sérstakur réttur til að boða nýjan varafulltrúa í stað þess sem hefur þá tekið sæti aðalfulltrúa.

Afleiddar breytingar:

10. grein

Kjörgengir á þing ASÍ-UNG eru allir fullgildir félagsmenn í aðildarfélögum ASÍ á aldrinum 16–35 ára.

Aðildarfélögum ASÍ er skylt að láta fara fram kosningu aðal-, vara- og aukafulltrúa og varafulltrúa á þing ASÍ-UNG úr hópi félaga sinna 16–35 ára.

Atkvæðisrétt hafa eingöngu félagsmenn á aldrinum 16–35 ára. Stjórn ASÍ-UNG ákveður við hvaða dagsetningu lokaskil á nöfnum aðal-, vara- og aukafulltrúa og varafulltrúa skulu hafa átt sér stað.

Aðildarfélagin hafa ekki rétt til að senda fulltrúa til þings ASÍ-UNG umfram það sem að framan greinir.

Atkvæðisréttur þess fulltrúa sem forfallast flyst til varamanns þess aðildarfélags. Mæti hvorki fulltrúi eða varamaður til þingsins, fellur atkvæðaréttur þess fulltrúa niður.

Hvert aðildarfélag ber sjálft allan kostnað af fulltrúa sínum á þing ASÍ-UNG en ASÍ skal þó standa straum af lágmarksendurgreiðslu vegna ferðakostnaðar sem einstök aðildarfélög verða fyrir, samkvæmt reglugerð sem sett er af sambandsþingi ASÍ.

Þorvarður Bergmann Kjartansson, VR, tekur til máls um og lýsir yfir mikilvægi þess að tilgreina fjölda varafulltrúa í breytingatillögunni.

Fundarstjóri leggur til að mynduð verði laganefnd þar sem tillagan verði útfærð nánar. Sú tillaga er samþykkt og breytingatillögu því vísað til laganefndar, í umsjón Ástþórs Jóns og Þorvarðar Bergmann. Karen Ósk N. Björnsdóttir, starfmaður ASÍ, er settur starfmaður laganefndar.

Var hún flutt svo við aðra umræðu:

4. grein

Þing Unga launafólks skal halda árlega, fyrir lok nóvembermánaðar, og ákveður stjórn ASÍ-UNG þingstað og þingtíma.

Aðildarfélög ASÍ hafa rétt til að senda ákveðinn fjölda fulltrúa í hlutfalli við fjölda fullgildra félagsmanna á þing ASÍ-UNG með full réttindi, eftir svohljóðandi reiknireglu:

< 5000 félagsmenn = 1 fulltrúi

5000– 10.000 félagsmenn = 2 fulltrúar

10.001– 20.000 félagsmenn = 3 fulltrúar

20.001– 40.000 félagsmenn = 4 fulltrúar

> 40.000 = 5 fulltrúar

Félög sem eiga aðeins rétt á einum fulltrúa hafa rétt á að senda aukafulltrúa með tillögu- og málfrelsisrétt en ekki atkvæðisrétt.

4. grein, breytt:

Þing Unga launafólks skal halda árlega, fyrir lok nóvembermánaðar, og ákveður stjórn ASÍ-UNG þingstað og þingtíma.

Aðildarfélög ASÍ hafa rétt til að senda ákveðinn fjölda fulltrúa í hlutfalli við fjölda fullgildra félagsmanna á þing ASÍ-UNG með full réttindi, eftir svohljóðandi reiknireglu:

< 5000 félagsmenn = 1 fulltrúi

5000– 10.000 félagsmenn = 2 fulltrúar

10.001– 20.000 félagsmenn = 3 fulltrúar

20.001– 40.000 félagsmenn = 4 fulltrúar

> 40.000 = 5 fulltrúar

Félög sem eiga aðeins rétt á einum fulltrúa hafa rétt á að senda aukafulltrúa með tillögu- og málfrelsisrétt en ekki atkvæðisrétt.

Félög hafa rétt á að senda varafulltrúa sína á þingið með tillögu- og málfrelsisrétt en ekki atkvæðarétt. Taki varafulltrúi stöðu aðalfulltrúa á þingi hefur hann allan þann rétt sem aðalfulltrúi hefur samkvæmt samþykktum þessum. Ekki er þá réttur til að boða nýjan varafulltrúa í stað þess sem hefur þá tekið sæti aðalfulltrúa.

10. gr.

Kjörgengir á þing ASÍ-UNG eru allir fullgildir félagsmenn í aðildarfélögum ASÍ á aldrinum 16–35 ára.

Aðildarfélögum ASÍ er skylt að láta fara fram kosningu aðal-, vara- og aukafulltrúa á þing ASÍ-UNG úr hópi félaga sinna 16–35 ára. Atkvæðisrétt hafa eingöngu félagsmenn á aldrinum 16–35 ára.

Stjórn ASÍ-UNG ákveður við hvaða dagsetningu lokaskil á nöfnum aðal-, vara- og aukafulltrúa skulu hafa átt sér stað. Aðildarfélögin hafa ekki rétt til að senda fulltrúa til þings ASÍ-UNG umfram það sem að framan greinir.

Atkvæðisréttur þess fulltrúa sem forfallast flyst til varamanns þess aðildarfélags. Mæti hvorki fulltrúi eða varamaður til þingsins, fellur atkvæðaréttur þess fulltrúa niður.

Hvert aðildarfélag ber sjálft allan kostnað af fulltrúa sínum á þing ASÍ-UNG en ASÍ skal þó standa straum af lágmarksendurgreiðslu vegna ferðakostnaðar sem einstök aðildarfélög verða fyrir, samkvæmt reglugerð sem sett er af sambandsþingi ASÍ.

10. gr., breytt:

Kjörgengir á þing ASÍ-UNG eru allir fullgildir félagsmenn í aðildarfélögum ASÍ á aldrinum 16–35 ára.

Aðildarfélögum ASÍ er skylt að láta fara fram kosningu aðal-, vara- og aukafulltrúa og varafulltrúa á þing ASÍ-UNG úr hópi félaga sinna 16–35 ára. Atkvæðisrétt hafa eingöngu félagsmenn á aldrinum 16–35 ára.

Stjórn ASÍ-UNG ákveður við hvaða dagsetningu lokaskil á nöfnum aðal-, vara- og aukafulltrúa og varafulltrúa skulu hafa átt sér stað. Aðildarfélögin hafa ekki rétt til að senda fulltrúa til þings ASÍ-UNG umfram það sem að framan greinir.

Atkvæðisréttur þess fulltrúa sem forfallast flyst til varamanns þess aðildarfélags. Mæti hvorki fulltrúi eða varamaður til þingsins, fellur atkvæðaréttur þess fulltrúa niður.

Hvert aðildarfélag ber sjálft allan kostnað af fulltrúa sínum á þing ASÍ-UNG en ASÍ skal þó standa straum af lágmarksendurgreiðslu vegna ferðakostnaðar sem einstök aðildarfélög verða fyrir, samkvæmt reglugerð sem sett er af sambandsþingi ASÍ.

Tillagan er samþykkt af þorra atkvæða án mótatkvæða.

Kosningar til stjórnar

Kosið er til fjögurra sæta í aðalstjórn og þriggja sæta í varastjórn, með eftirfarandi niðurstöðum:

- Aðalstjórn:
 - o Inga Fanney Rúnarsdóttir, Verkalýðsfélag Grindavíkur (14 atkvæði),
 - o Svanfríður Guðrún Bergvinsdóttir, Verk Vest (11 atkvæði),
 - o Guðmunda Steina Jósefsdóttir, Aldan (9 atkvæði),

- o Andri Ólafsson, Félag málmiðnaðarmanna á Akureyri (8 atkvæði)
- Varastjórn:
 - o Elín Ósk Sigurðardóttir, Stétt Vest (14 atkvæði),
 - o Svandís Dóra Jónsdóttir, AFL (11 atkvæði),
 - o Mateusz Gabriel K. Róbertsson, VR (11 atkvæði)

Önnur mál

Fundarstjóri opnar fyrir liðinn önnur mál.

Sindri Már Smáráson, AFLi, starfsgreinafélagi, þakkar fyrir sig en hann er að ljúka stjórnarsetu. Sindri hvetur nýja stjórnarmenn til dáða og hrósar Ástþóri fyrir framlag hans til ASÍ-UNG.

Þingslit

Fundarstjóri býður formann ASÍ-UNG, Ástþór Jón Ragnheiðarson, í pontu. Ástþór þakkar fyrir góðan fund og öfluga þátttöku, þrátt fyrir að veðrið hafi komið í veg fyrir fulla mætingu. Hann slítur þingi kl. 15.50.


*Sigurður Ámundason
með tveimur úr listráði
Listasafns ASÍ, Dorothée
Kirch og Elísabetu
Gunnarsdóttur safnstjóra.
Einnig eru á myndinni
Eyrún B. Valsdóttir
framkvæmdastjóri ASÍ og
formaður rekstrarstjórnar
safnsins og Hanna Hlíf
Bjarnadóttir, starfsmaður
safnsins*



Listasafn ASÍ

Rekstrarstjórn Listasafns ASÍ skipa: Eyrún Björk Valsdóttir, framkvæmdastjóri ASÍ, sem er formaður rekstrarstjórnar, Bjarni Þór Sigurðsson, stjórnarmaður hjá VR og Hilmar Harðarson, formaður FIT – Félags iðn- og tæknigreina.

Í listráði Listasafns ASÍ eiga sæti sýningarstjórnarnir Dorothée Kirch og Daníel Björnsson auk safnstjórans Elísabetar Gunnarsdóttur sem er formaður. Listaráðið er skipað til tveggja ára í senn og er rekstrarstjórn til ráðuneytis um innkaupastefnu og val á listafólki.



Safnið á aðild að alþjóðaráði safna ICOM, sem er hluti af UNESCO og starfsemi safnsins tekur mið af samþykktum og siðareglum þess.

Safnið hefur hlotið viðurkenningu safnaráðs samkvæmt safnalögum nr. 141/2011. Viðurkenndum söfnum ber að starfa í samræmi við ákvæði safnalaga og skilyrði reglugerðar um viðurkenningu safna. Safnaráð hefur lögum samkvæmt eftirlit með safnastarfsemi í landinu.

Heimasíða safnsins er www listasafnasi.is

Starfsmenn

Starfsmenn safnsins eru tveir í samtals einu stöðugildi. Elísabet Gunnarsdóttir safnstjóri í 60% starfi og Hanna Hlíf Bjarnadóttir sem hefur umsjón með safnbúð og vinnustaðasýningum í 40% starfi. Auk þeirra vinnur lausráðið fólk að ýmiss konar verkefnum fyrir safnið. Safnið hefur gert samning við Háskóla Íslands um að taka á móti starfsnema í listfræði til starfsnáms hjá safninu í nokkrar vikur á ári.

Útlán verka og sýningar safnsins í samvinnu við önnur söfn og sýningarstaði

Safnið leggur áherslu á þjónustu við önnur söfn sem falast eftir verkum í eigu safnsins fyrir sýningar á þeirra vegum. Verkin í stofngjöfni, sem mörg hver eru lykilverk í íslenskri myndlist, eru reglulega lánuð á sýningar en einnig seinni tíma verk. Jafnframt aðstoðar safnið á ýmsan hátt við undirbúning útgáfu listaverkabóka þar sem verk í safneigninni eru til umfjöllunar.

Fjallamjólk Kjarvals, sem margir telja krúnudjásnið í safneigninni, hefur verið á sýningu á Kjarvalsstöðum undanfarin misseri. Mikil eftirspurn er eftir verkinu til sýninga á öðrum söfnum og það sama á við um mörg önnur verk í safneigninni. Safnið hefur fyrir reglu að lána ætíð verk sem sóst er eftir á sýningar ef trygging er fyrir því að aðstæður á sýningarstað séu viðunandi.



Frá málþingi um styrkjaumhverfi listasafna sem Listasafn ASÍ stóð fyrir í samvinnu við Samtök listasafna á Íslandi í nóvember 2024.

Málþing um styrkjaumhverfi íslenskra listasafna

Safnið fékk styrk úr safnasjóði til að halda málþing um styrkjaumhverfi listasafna í samvinnu við Samtök íslenskra listasafna.

Málþingið var haldið í húsakynnum Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsinu í nóvember 2024.

Markmið viðburðarins var að draga fram mynd af þeim innlendu samkeppnissjóðum sem söfnin og þeirra helstu samstarfsaðilar geta sótt í og skoða með hliðsjón af starfsumhverfinu, helstu skyldum safna og sérstæði einstakra safna – en söfnin eru jafnólík og þau eru mörg.

Bók um Sigrid Valtingoer

Í ár var undirritaður samningur við Kristínu G. Guðnadóttur, listfræðing og fyrrverandi safnstjóra Listasafns ASÍ, um gerð bókar um listakonuna Sigrid Valtingoer. Árið 2013 fékk Listasafn ASÍ afhenta dánargjöf Sigrid Valtingoer, en hún arfleiddi safnið af öllum verkum sínum að sér látinni auk höfundarréttar. Í safninu eru um 300 grafikverk, flest þeirra í nokkrum eintökum auk annarra verka. Áætlað er að bókin komi út á næsta ári.

SIGURÐUR ÁMUNDASON

Á AUSTFJÖRÐUM OG SELTJARNARNESI

október og nóvember 2025

Sýningar Sigurðar Ámundasonar

Haustið 2024 var auglýst að nýju eftir umsóknum frá listafólki og að venju bárust margar umsóknir í háum gæðaflokki.

Að þessu sinni var Sigurður Ámundason valinn til samstarfs um sýningar á Austurlandi og á Seltjarnarnesi seinni hluta árs 2025.


Í umsögn listráðsins segir m.a. um verk Sigurðar Ámundasonar:

„Sigurður er óhræddur við að prófa sig áfram með mismunandi listform. Hann hefur unnið jafnt og þétt að því að prófa sitt eigið myndmál að mestu óháð ríkjandi straumum og stefnum. Efnisnotkunin er nokkuð óvenjuleg og hann fer óhræddur út í almenningsrýmið og fangar þar athygli með einstöku myndmáli.“

Sýningar á vinnustöðum

Mikilvægur þáttur í starfsemi safnsins eru vinnustaðasýningarnar sem safnið setur upp í fyrirtækjum og opinberum stofnunum gegn hóflegu gjaldi og hefur safnið boðið upp á þessa þjónustu um langt árabil. Nú eru í gangi tæplega þrjátíu vinnustaðasýningar með hátt í 250 verkum víðs vegar um landið, flestar á höfuðborgarsvæðinu hjá aðildarfélögum ASÍ, einkafyrirtækjum og opinberum aðilum, s.s. í ráðuneytum og húsakynnum Alþingis.

Á vormánuðum leitaði þingflokkur Samfylkingarinnar til safnsins um verk fyrir nýtt fundarherbergi í Alþingishúsinu. Safnið velur einnig verk fyrir fleiri rými í þinghúsinu, m.a. verk eftir kvenkyns listamenn í forrými þingsalarins.



Verk Svavars Guðnasonar, „Einræðisherrann“, og „Það er gaman að lifa“ eftir Jóhannes S. Kjarval eru meðal verka Listasafns ASÍ sem nú prýða og veita innblástur í fundarherbergi Samfylkingarinnar í Alþingishúsinu.



Safnbúð Listasafns ASÍ

Safnið lætur framleiða veggspjöld og eftirprentanir í gjafapakkingu með verkum úr stofngjöfnni frá 1961. Reglulega eru prentuð fleiri veggspjöld í stað þeirra sem seljast upp og bætt við fleiri verkum auk nýrra gjafakorta með myndum úr stofngjöfnni. Varningurinn er seldur í vefverslun á heimasíðu safnsins og á sölustöðum um allt land. Einnig er framleiddur annars konar söluvarningur sem byggir á safneigninni og tengist þeim sýningum sem safnið stendur fyrir. Haustið 2024 lét safnið hanna og prenta stórt litaspjald sem byggir á verkum úr stofngjöfnni. Litaspjaldið er geysivinsælt og hentar vel fyrir alla fjölskylduna sem kynnist verkunum saman í leik.



Taupoki með verki eftir Ragnheiði Jónsdóttur sem fjallar um kvennafríðaginn 24. október 1975.

Í ár lét safnið framleiða mikið af varningi sem tengist kvennafríðeginum 24. október 1975, þ.á m. veggspjöld, minnisbækur og boli, en í ár eru liðin fimmtíu ár frá þessum merka viðburði. Varningurinn er unninn í samvinnu við listakonuna Ragnheiði Jónsdóttur.

Húsnæðismál safnsins

Safnið býr við góðan húsakost hvað varðar skrifstofur og listaverkageymslur. Skrifstofur safnsins eru í Guðrúnartúni 1 og sýningar eru skipulagðar í samstarfi við önnur söfn og fleiri aðila víðs vegar um landið. Áfram er unnið að því að finna safninu hentugt húsnæði þar sem öll starfsemi safnsins getur verið undir einu þaki. Vinnan miðast við að skerpa á sérstöðu safnsins meðal íslenskra safna með áherslu á fólkið sem því er ætlað að þjóna. Samstarf við önnur söfn hefur gefist mjög vel og ekki ástæða til annars en að halda því samstarfi áfram þegar safnið eignast aftur sína eigin sýningaraðstöðu.

Heimasíða safnsins

Í gangi er átaksvinna við að betrumbæta upplýsingar á heimasíðu um fyrri sýningar á vegum safnsins. Unnið er að því að bæta upplýsingum og tenglum enda mikilvæg heimild um starfsemina frá upphafi.

Safngeymslur, skráning og varðveisla

Í ár var unnið mikið átak við skráningu nýrra verka í safneign og skipulag safngeymslna.

Auk sýningagerðar er hefðbundið safnastarf annar meginþátturinn í starfsemi safnsins, svo sem skráning safngripa, varðveisla og viðhald þeirra auk rannsókna á safneigninni. Þessum þáttum er sinnt eins og hægt er í ljósi starfsmannafjölda og fjárveitinga til safnsins.

Safneign safnsins hefur að mestu leyti verið skráð í menningarsögulega gagnasafnið SARP sem er netlægur gagnagrunnur, <http://sarpur.is/>. Safnið hefur undirritað samning við Myndstef og greiðir samkvæmt honum fyrir birtingu mynda á ytri vef Sarps og annars staðar á netinu. Birting safneignarinnar á netinu gefur fagfólki sem stundar rannsóknir og öllum almenningi innsýn í safneignina. Auk lista yfir verkin hafa verið settar upp sýningar á vefsvæðinu sem er þáttur í stafrænni miðlun safnsins.

Með reglulega millibili er unnið átak í skráningu og varðveislu muna í safneigninni. Núverandi geymslur safnsins eru með besta móti og jafnt og þétt er unnið að því að koma verkunum þannig fyrir að öllum öryggiskröfum sé framfylgt og verkin aðgengileg.



Fundað um efnahagsmál í Framtíðinni, einu af fundarherbergjum ASÍ í Guðrúnartúni 1.

Starfsemi og skipulag á skrifstofu ASÍ

Starfsemi skrifstofu Alþýðusambands Íslands byggir á starfs- og fjárhagsáætlun sem unnin er af framkvæmdastjóra og forseta, í samráði við starfs- og fjárhagsnefnd, og samþykkt af miðstjórn ASÍ. Fyrri umræða fór fram í miðjum desember 2024, og samþykkt eftir síðari umræðu á fyrsta fundi miðstjórnar í janúar 2025.

Hlutverk ASÍ hefur mótað í gegnum tíðina í nánú samstarfi við aðildarsamtök þess og felst í að móta sameiginlega stefnu launafólks, standa vörð um réttindi þess í opinberri umræðu og við lagasetningu, auk samráðs við stjórnvöld og samtök atvinnurekenda. ASÍ tekur einnig virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi innan verkalyðshreyfingarinnar og stuðlar að þróun nýrrar þekkingar um samfélagsmál og stöðu launafólks.

Skrifstofa ASÍ vinnur að því að styðja forseta og miðstjórn við þessi verkefni, þjónustar aðildarfélögin, veitir aðhald gagnvart stjórnvöldum og atvinnurekendum og byggir upp faglega þekkingu á sviði kjar- og réttindamála.

Á meðal verkefna skrifstofunnar eru túlkun laga og kjarasamninga, hagfræðileg greining, umsagnir við lagafrumvörp og þátttaka í nefndum og starfshópum á vegum stjórnvalda. Einnig sinnir hún öflugum fræðslustarfi. Nokkur verkefni skrifstofu eru tilgreind hér í þessum kafla, en nánari umfjöllun um önnur verkefni skrifstofunnar má finna í öðrum köflum þessarar skýrslu.

Starfsfólk á skrifstofu ASÍ 1. september 2025

Starfsfólk Alþýðusambands Íslands var þann 1. september síðastliðinn sem hér segir:

- Aleksandra Leonardsdóttir, sérfræðingur í inngildingu og fræðslu
- Arnaldur Grétarsson, sviðsstjóri miðlunarsviðs
- Auður Alfa Ólafsdóttir, sérfræðingur í umhverfis- og neytendamálum
- Ágúst Arnórsson hagfræðingur
- Ásgeir Sverrisson, sérfræðingur í textagerð og útgáfu
- Benjamín Julian, verkefnastjóri verðlagseftirlits

- Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir, sviðsstjóri fræðslusviðs
- Eyrún Björk Valsdóttir framkvæmdastjóri
- Finnbjörn A. Hermannsson, forseti ASÍ
- Guðrún Margrét Guðmundsdóttir, sérfræðingur í jafnréttismálum
- Hafþór Reynisson, verðlagseftirliti
- Halla Gunnarsdóttir, 3. varaforseti ASÍ
- Halldór Oddsson, sviðsstjóri lögfræði- og vinnumarkaðssviðs
- Hjördís Þóra Sigurpórsdóttir, 1. varaforseti ASÍ
- Hrafn Jónsson, sérfræðingur í miðlun og útgáfu
- Karen Ósk Nielsen Björnsdóttir lögfræðingur
- Kristjana Fenger, sérfræðingur vinnustaðaeftirlits
- Magnús Norðdahl, sérfræðingur á sviði alþjóða- og vinnumarkaðsmála
- Ólöf Brynja Jónsdóttir bókari
- Róbert Farestveit, sviðsstjóri hagfræði- og greiningarsviðs
- Saga Kjartansdóttir, túlkur og umsjón með vinnustaðaeftirliti
- Sif Ólafsdóttir gæða- og skjalastjóri
- Sigurlaug Gröndal, verkefnisstjóri Félagsmálaskólans
- Sólveig Anna Jónsdóttir, 2. varaforseti ASÍ
- Stefán Ingvi Vigfússon, verðlagseftirliti
- Steinunn Bragadóttir hagfræðingur
- Svanfríður Bergvinsdóttir, formaður ASÍ – UNG
- Unnur Pálína Guðmundsdóttir gjaldkeri
- Þórir Gunnarsson hagfræðingur

Þær breytingar sem orðið hafa á starfsmannahaldi hjá ASÍ frá síðasta ári eru að Ástríður Andrésdóttir fulltrúi og Ása Jónsdóttir gjaldkeri létu af störfum. Eru þeim þökkud góð störf. Þá bættust fjórir starfsmenn við, þau Ágúst Arnórsson hagfræðingur, Kristjana Fenger, verkefnastjóri vinnustaðaeftirlits, Unnur Pálína Guðmundsdóttir, gjaldkeri og þjónustufulltrúi, og Henný Hinz hagfræðingur sem hefur tekið við starfi aðstoðarframkvæmdastjóra Alþýðusambandsins.

Skipurit skrifstofu ASÍ byggir á fimm sviðum; rekstrar- og þjónustusviði, hagfræði- og greiningarsviði, lögfræði- og vinnumarkaðssviði, miðlunarsviði og fræðslusviði.

X24 – Stjórn málamenn krafðir svara

ASÍ og BSRB efndu til fundar með formönnum flokka í framboði til alþingiskosninga sem fram fóru 30. nóvember 2024. Fundurinn fór fram á Hótel Hilton Reykjavík Nordica 21. nóvember undir yfirskriftinni „Samfélag á krossgötum“.

Formenn allra flokka í framboði á landsvísi sátu fyrir svörum um stefnu í málum sem varða launafólk. Pallborðinu stýrðu Finnbjörn A. Hermannsson, forseti ASÍ og Sonja yr Þorbergsdóttir, formaður BSRB.



Stjórnmalaleiðtogar á kosningafundi ASÍ og BSRB haustið 2024.



Finnbjörn A. Hermannsson, forseti ASÍ, og Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, á kosningafundinum.

Fundir með ráðherrum nýrrar ríkisstjórnar

Á árinu 2024 lagði ASÍ ríka áherslu á opið og virkt samráð við stjórnvöld og aðila vinnumarkaðarins. Samstarf þessara aðila á sviði efnahags-, velferðar- og vinnumarkaðsmála hefur lengi verið hornsteinn félagslegs stöðugleika á Íslandi. Með undirritun fjögurra ára kjarasamninga í mars 2024 lögðu heildarsamtök launafólks sitt af mörkum til að draga úr verðbólgu, stuðla að vaxtalækkunum og bæta lífshæð.

Forsendur samninganna byggja á því að stjórnvöld efni loforð sín um aðgerðir sem snúa að stuðningi við barnafjölskyldur, húsnæðismál, leigjendur og viðkvæma hópa. Áhersla var lögð á að efla barnabætur, gera skólamáltíðir gjaldfrjálssar, brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla og tryggja aukið húsnæðisöryggi. ASÍ fagnar áherslum nýrrar ríkisstjórnar sem samræmast stefnumiðum sambandsins, en kallar jafnframt eftir framkvæmd og festu í aðgerðum.

Á 46. þingi ASÍ haustið 2024 voru dregnar fram skýrar áherslur í stefnu sambandsins. Þar má nefna málaflokka á borð við orku- og auðlindamál, heilbrigðisþjónustu, samkeppni, húsnæðismál og skattamál. Einnig var lögð áhersla á réttlátar umbætur á almannatryggingum, aðgerðir gegn félagslegum undirboðum og vinnumansali og að loftslagsaðgerðir byggji á sjónarmiðum réttláttra umskipta með hagsmuni launafólks að leiðarljósi.

Í upphafi árs 2025 átti ASÍ fundi með nær öllum ráðherrum nýrrar ríkisstjórnar, þar sem farið var yfir helstu áherslumál sambandsins. Þau samræmast víða markmiðum stjórnarsáttmálans og lögð var rík áhersla á nauðsyn samvinnu við stjórnvöld til að ná fram varanlegum umbótum í þágu velferðar, atvinnulífs og réttinda launafólks. Samstarf og opið samtal er forsenda árangurs.

Ný félagaskrá

Félagaskrá ASÍ hafði áður verið geymd í tölvukerfi sem ekki var lengur stuðningur við og hafði það margvíslega galla í för með sér. Í upphafi árs 2024 var lögð áhersla á að bjarga þeim gögnum sem til voru og byggja upp stafræna innviði í kringum þau þannig að notagildi gagnanna væri sem mest. Nokkrar leiðir voru skoðaðar en til þess að ná fram réttri virkni og mestu notagildi var lagt upp með að sérsníða gagnagrunn með tilheyrandi viðmóti.

Gagnagrunnurinn er nú að mestu tilbúinn og hefur þegar sýnt notagildi sitt í tengslum við framkvæmd þings ASÍ og umsjón með upplýsingum frá félögum.

Á árinu 2025 hefur notagildi gagnagrunnsins verið aukið með margvíslegum hætti; sjálfvirkri skýrslugerð; þægilegra viðmóti; aðgangsstýringum fyrir innslátt gagna; vefviðmótstengingum o.fl. Enn er þó talsvert svigrúm fyrir frekari þróun á kerfinu og stendur til að útfæra aukna virkni á þessu og næsta ári, s.s. bráðabirgðaútreikninga fyrir félög o.fl.

Gæðahandbók

Unnið er að gerð og innleiðingu á gæðahandbók fyrir skrifstofu ASÍ. Gæðahandbókin er hluti af skjalakerfi ASÍ og heldur m.a. utan um stefnur, reglur, verkferla, vinnulýsingar, starfslýsingar, leiðbeiningar og handbækur fyrir starfsemi skrifstofunnar.

Sameiginlegur fundur málefnanefnda miðstjórnar við upphaf starfstímabils

Til að marka upphaf starfstímabils málefnanefnda miðstjórnar ASÍ í kjölfar þings ASÍ var haldinn sameiginlegur fundur allra nefnda til að kynna nefndarfólki fyrir skyldum sínum og farið yfir málefnasviðin sem eru undir hverri nefnd. Sökum veðurs fór svo að fundurinn fór eingöngu fram með rafrænum hætti en upphaflega stóð til að hann yrði haldinn í húsnæði Fagfélaganna á Stórhöfða. Markmið fundarins sem var vel sóttur var að stilla saman strengi nefndarfólks með hliðsjón af öllum þeim stóru og breiðu efnisþáttum sem ASÍ lætur sig varðar.

Á fundinum hélt forseti erindi um skipulag ASÍ og helstu málefnasvið sem við eiga um þessar mundir. Í kjölfarið fór framkvæmdastjóri vandlega yfir skyldur nefndarfólks, hlutverk þess og erindisbréf. Því næst hélt skjalastjóri kynningu á viðeigandi tölvu- og skjalakerfum sem unnið er með í nefndarstarfinu. Að endingu var svo fjallað stuttlega um helstu málefni hversrar nefndar í ljósi stefnu ASÍ af nýliðnu þingi.

Bókasafn Dagsbrúnar til ASÍ

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) hefur tekið við rekstri og vörslu Bókasafns Dagsbrúnar sem verið hefur á forræði Eflingar frá stofnun félagsins árið 1998. Bókasafnið hefur verið yfirfarið og því komið fyrir í hentugri geymslu til bráðabirgða uns varanleg staðsetning þess verður ákveðin.

Bókasafn Dagsbrúnar er mikið að vöxtum og hefur að geyma bækur, tímarit og önnur gögn sem tengjast verkalyðshreyfingunni á Íslandi. Í safninu er einnig að finna fjölda erlendra ritverka.

Uppistaðan í Dagsbrúnarsafninu er bókasafn Héðins Valdimarssonar, formanns Dagsbrúnar og þingmanns, sem var helsti hvatamaður þess að verkamannabústaðir risu í Reykjavík. Héðinn andaðist árið 1948 og átta árum síðar gaf Guðrún Pálsdóttir, ekkja hans, Dagsbrún bókasafn hans til minningar um eiginmann sinn. Gjöfin var afhent 26. janúar 1956 þegar 50 ár voru liðin frá stofnun Dagsbrúnar. Héðinn Valdimarsson var formaður Dagsbrúnar í 13 ár á tímabilinu 1922–1941.

Er Efling stéttarfélag var stofnað með sameiningu Dagsbrúnar & Framsóknar stéttarfélags við Starfsmannafélagið Sókn og Félag starfsfólks í veitingahúsum tók nýja félagið við safninu. Árið 2003 tók Reykjavíkurakademían að sér vörslu og rekstur safnsins samkvæmt samkomulagi við Eflingu sem áfram var eigandi þess. Safnið var hýst í Þórunnartúni þar sem Reykjavíkurakademían er til húsa.

Á þeim tæplega 70 árum sem liðin eru frá stofnun safnsins hefur því borist fjöldi bókagjafa frá einstaklingum og útgáfufélögum.

Fágætar og merkar bækur úr safninu hafa verið fluttar í Þjóðskjalasafnið en unnið er að því að finna bókakostinum framtíðarstað.



Fyrsta skóflustunga tekin í Árbænum.

Bjarg íbúðafélag


Bjarg hefur verið leiðandi aðili í byggingum í almenna íbúðakerfinu í samstarfi við Reykjavík, Hafnarfjörð, Akranes, Akureyri, Garðabæ, Árborg, Ölfus, Hveragerði, Reykjanesbæ, Suðurnesjabæ, Mosfellsbæ, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra, Húsavík og Grindavík. Þá hefur Bjarg átt farsælt samstarf við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og stjórnvöld.

Í ágúst 2025 var Bjarg með 1.055 íbúðir í útleigu. Fyrsta íbúð var afhent í júní 2019 og hefur verkefnið gengið samkvæmt áætlun.

Enn eru miklar framkvæmdir í gangi á vegum Bjargs og er 191 íbúð í byggingu. Þá er félagið 54 íbúðir í undirbúningsfasa.

Á sama tíma er 3.821 á biðlista eftir íbúð hjá Bjargi og ljóst að auka þarf framboð lóða til félagsins.

Opið er fyrir umsóknir um íbúð hjá Bjargi og eru nánari upplýsingar á vef félagsins www.bjargibudafelag.is



Einingahús flutt til Húsavíkur.



Varða – rannsóknastofnun vinnumarkaðarins

Í baráttunni fyrir bættum lífsskilyrðum launafólks sameinuðust Alþýðusamband Íslands og BSRB um stofnun rannsóknastofnunar vinnumarkaðarins sem hefði það að markmiði að skapa víðtækari þekkingu á stöðu launafólks á Íslandi. Rannsóknastofnuninni Vörðu var komið á fót vorið 2020 og hefur starf stofnunarinnar verið metnaðarfullt og öflugt frá upphafi.

Stjórn Vörðu er skipuð Sonju Yri Þorbergsdóttur, formanni BSRB og stjórnarformanni Vörðu, Finnbirni A. Hermannssyni, forseta ASÍ, Magnúsi Má Guðmundssyni, framkvæmdastjóra BSRB, Eyrúnu Björk Valsdóttur, framkvæmdastjóra ASÍ og Sigrúnu Ólafsdóttur, prófessor við félagsvísindasvið Háskóla Íslands.

Þrátt fyrir að Varða sé ung stofnun og starfsemi hennar enn í mótun og þróun hefur hún nú þegar skilað miklum árangri í að auka þekkingu á lífskjörum launafólks. Varða hefur frá stofnun staðið að könnun um stöðu launafólks á Íslandi. Tæplega 25.000 félagar svöruðu könnun Vörðu árið 2025 og nýtur hún sérstöðu þar sem hún nær í mun meira mæli til innflytjenda en almennt þekkist. Grunnurinn að könnuninni miðar að því að meta fjárhagslega stöðu félagsfólks auk andlegrar og líkamlegrar heilsu en árlega eru einnig notaðar spurningar sem tengjast sérstaklega stöðu launafólks hverju sinni. Niðurstöður könnunarinnar hafa vakið mikla athygli enda veita þær dýrmætar upplýsingar um raunveruleika launafólks.

Varða vinnur auk þess að ýmsum öðrum rannsóknaverkefnum sem varða lífsskilyrði launafólks í viðum skilningi og vinnur einnig að ýmsum rannsóknaverkefnum fyrir stéttarfélög innan ASÍ og BSRB og hefur átt gæfuríkt og gott samstarf við fjölda aðildarfélaga. Slíkt samstarf hefur gefið góða raun og standa vonir til að slíkt samstarf muni aukast á komandi árum.

Varða nýtir aðferðafræði vísindanna og sterk tengsl við verkalýðshreyfinguna til að skapa þekkingu sem hefur þýðingu fyrir launafólk. Þetta samstarf hefur skilað góðum árangri á fyrstu fimm starfsárum stofnunarinnar og verður grundvöllurinn að frekari þróun og þekkingarsköpun til framtíðar.

VIRK – Starfsendurhæfingarsjóður

VIRK er sjálfseignarstofnun stofnuð 2008 af helstu samtökum stéttarféлага og atvinnurekenda á vinnumarkaði og hefur það hlutverk að efla starfsgetu einstaklinga með heilsubrest sem stefna að aukinni þátttöku og virkni á vinnumarkaði.

Hjá VIRK starfa nú 139 starfsmenn og ráðgjafar sem halda utan um mál þjónustuþega og tryggja að allir njóti góðrar, þverfaglegrar atvinnutengdrar starfsendurhæfingar. Starfsemi VIRK og þjónusta er á mörgum stöðum á höfuðborgarsvæðinu og um allt land á skrifstofum stéttarféлага. Höfuðstöðvar VIRK eru í Borgartúni 18 í Reykjavík.

VIRK á í mjög góðu samstarfi við rúmlega 500 þjónustuaðila – einkaaðila og starfsendurhæfingarstöðva – um allt land og leggur áherslu á að nýta fagaðila á hverju svæði og þróa úrræði sem henta þeim fjölbreytta hópi sem nýtir sér þjónustu VIRK. Auk þess þá koma um 10 utanaðkomandi sérfræðingar að mati á þjónustuþegum VIRK.

Á þeim 17 árum sem VIRK hefur starfað hefur reglulega átt sér stað stefnumótunarvinna þar sem stjórn, fulltrúaráð, starfsmenn, samstarfsaðilar og ýmsir hagaðilar um allt land fá tækifæri til að ræða saman um starfsemi, framtíðarsýn VIRK og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Síðasta lota þessarar stefnumótunarvinnu fór fram sl. vetur og niðurstöður hennar marka framtíðarsýn og áherslur VIRK næstu árin og eru settar fram í fjórum liðum; 1) starfsendurhæfing, 2) forvarnir, 3) samskipti og miðlun og 4) vinnustaðurinn. Nýjar áherslur snúa einkum að forvörnum, samskiptum og miðlun upplýsinga þar sem leggja á meiri áherslu á þessa þætti á næstu árum en áður hefur verið.

Mikil fjölgun þjónustuþega á milli ára

Í september 2025 hafa rúmlega 27.000 einstaklingar komið til VIRK frá því að starfsemin hófst 2009 og sumir oftari en einu sinni. Þannig eru skráðir rúmlega 30 þúsund starfsendurhæfingarferlar í upplýsingakerfi VIRK.

Alls 2.371 einstaklingur hóf starfsendurhæfingu á vegum VIRK á árinu 2024, aðeins fleiri en árið áður. 1.899 þjónustuþegar útskrifuðust frá VIRK 2023, 119 færri en árið áður. Í september 2025 voru tæplega 3.100 þjónustuþegar í starfsendurhæfingu á vegum VIRK um allt land, um 18% fleiri en á sama tíma 2024.

Einstaklingar sem leita til VIRK koma úr öllum starfsstéttum, eru á öllum aldri og eru með fjölbreytta menntun og reynslu. Konur eru 68% einstaklinganna sem nýtt hafa sér starfsendurhæfingarþjónustu á vegum VIRK.

Langflestir þjónustuþega VIRK fara í virka þátttöku á vinnumarkaði. Um 80% þeirra 19.000 þjónustuþega sem útskrifast hafa frá VIRK, fóru í vinnu, atvinnuleit eða nám að lokinni starfsendurhæfingu.

Atvinnutenging VIRK

VIRK hefur aukið áherslu á atvinnutengingu í starfsendurhæfingu undanfarin ár. Meðal starfsfólks VIRK eru 15 atvinnulífstenglar sem vinna markvisst að því, í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir, að finna störf fyrir þjónustuþega sem útskrifast frá VIRK með skerta starfsgetu.

Atvinnulífstenglar VIRK leggja mikla áherslu á samstarf við fyrirtæki enda er gott samstarf og samvinna grundvöllur farsællar atvinnutengingar. Síðan VIRK fór markvisst að ráða til starfa sérhæfða atvinnulífstengla árið 2017 hafa um 2.000 störf orðið til fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu.

Nú eru yfir 1.600 fyrirtæki og stofnanir skráðar í upplýsingagrunn VIRK og mörg þeirra eru með ákveðna tengiliði sem auðveldar allt samstarf.

Á ársfundi VIRK 2025 hlutu Rafver og Hrafnista viðurkenninguna VIRKT fyrirtæki en 11 fyrirtæki voru tilnefnd þetta árið. Viðurkenningin er veitt fyrirtækjum og stofnunum sem sinna atvinnutengingu sérlega vel og sýna samfélagslega ábyrgð í verki.

Forvarnarpjónusta VIRK

Forvarnasvið VIRK veitir einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum forvarnarpjónustu með það að markmiði að auka vinnugetu einstaklinga og þátttöku þeirra á vinnumarkaði. Áhersla er lögð á að efla bæði starfsmenn og stjórnendur til sjálfshjálpar.

Forvarnarpjónustan er veitt einstaklingum samhliða vinnumarkaðspáttöku þegar álagstengd einkenni, líkamleg og/eða andleg, eru farin að hafa áhrif á vinnugetu og líðan í starfi. Stuðst er við þá þekkingu og reynslu sem hefur skapast innan starfsendurhæfingar varðandi hindranir, verndandi þætti og aðstæður í vinnuumhverfinu.

Hægt er að hafa samband við forvarnaráðgjafa í gegnum vefsíðu VIRK auk þess að í boði er stuðningsefni á velvirk.is.

Ung VIRK

Hjá VIRK stendur ungu fólki til boða sérhæfð aðstoð og stuðningur við að komast í vinnu eða nám samhliða annarri endurhæfingu með Ung VIRK.


Ung VIRK er sérsniðin þjónustuleið sem getur hentað einstaklingum á aldrinum 16–29 ára sem eru með litla náms- eða vinnusögu, þurfa þétt utanumhald, sem eiga erfitt með að haldast í starfi eða námi eða þurfa einstaklingsmiðaðan stuðning við atvinnuleit.

Hægt er að senda inn fyrirspurn til sérfræðinga Ung VIRK á vef VIRK og afla sér nánari upplýsinga.


Mikill samfélagslegur ávinningur af VIRK

VIRK leitast við að meta árangur starfsendurhæfingarinnar á fjölbreyttan hátt; fylgst er grannt með tölfræði starfseminnar, stöðugt er leitað eftir endurgjöf frá þjónustuþegum í gegnum þjónustukönnun, leitað er mats utanaðkomandi sérfræðinga á ávinningi starfseminnar og viðhorf almennings til VIRK mælt, t.d. með viðhorfskönnunum. Í könnun sem Maskína gerði snemma árs 2025 telja 75% svarenda að VIRK hafi mikla þýðingu fyrir íslenskt samfélag.

Samkvæmt þjónustukönnun VIRK á árinu 2024 voru 90% þjónustuþega ánægðir með þjónustuna og 95% þeirra ánægðir með starf ráðgjafa VIRK. Þá telja þjónustuþegar almennt að þjónusta VIRK hafi haft mikil áhrif á stöðu þeirra. Við lok þjónustu sé sjálfsmynd þeirra sterkari, starfsgeta meiri og líkamleg og andleg heilsa betri eins og sjá má á myndinni hér að neðan.



Ráðgjafarfyritækið Talnakönnun metur ávinning af starfsemi VIRK reglulega. Myndin hér að neðan sýnir að samfélagslegur ávinningur af starfi VIRK 2024 er metinn 20,2 milljarðar króna en rekstrarkostnaður VIRK sama árs nam 4,6 milljörðum króna. Í skýrslu Talnakönnunar var einnig reiknaður meðalsparnaður, ávinningur samfélagsins af virkni einstaklinganna, á hvern útskrifaðan einstakling frá VIRK og nam hann 14,3 milljónum króna á árinu 2024.



Eins og áður segir þá eru um 80% þeirra sem hafa lokið starfsendurhæfingu frá VIRK að öllu eða einhverju leyti virk á vinnumarkaði við útskrift – og tölfræði VIRK sýnir að þetta hlutfall er óbreytt tveimur árum seinna.

Þá hefur örorkubyrði hjá lífeyrissjóðum dregist talsvert saman, eða um 13,7% milli tímabilanna 2000–2004 og 2015–2019, þegar VIRK var komið til sögunnar, samkvæmt heildarúttekt á VIRK sem skilað var til félagsmálaráðuneytisins 2022.

Sýnt hefur verið fram á að ávinningurinn af starfsemi VIRK skilar sér til Tryggingastofnunar, lífeyrissjóða og ríkisins, t.d. í formi aukinna skatttekna. Ofan á þetta kemur svo bættur hagur einstaklinga, bæði fjárhagslegur auk þeirra lífsgæða sem felast í því að geta tekið fullan þátt í samfélaginu.



Umsagnir um þingmál

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2026, 1. mál, og frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga 2026, 2. mál.

7. október 2025

Alþýðusamband Íslands skilaði umsögn um fjármálaáætlun fyrir árin 2026-2030²¹ í apríl síðastliðnum. Í umsögninni var tekið undir mikilvægi þess að stöðva hallarekstur og skuldasöfnun ríkisins. Hins vegar gagnrýndi sambandið harðlega áform ríkisstjórnarinnar um að ná afkomumarkmiðum sínum með hagræðingaraðgerðum sem leggjast þungt á ellilífeyrisþega, atvinnulausa og barnafólk.

Alþýðusambandi Íslands hefur nú borist til umsagnar frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2026 og frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga 2026. Frumvarp til fjárlaga 2026 byggir á meginstefnumörkun fjármálaáætlunar 2026-2030, sem miðar að því að ná fram jákvæðum heildarjöfnuði ríkissjóðs og lækka skuldahlutfall. Þær athugasemdir sem settar eru fram í umsögn um

²¹ <https://www.althingi.is/altext/erindi/154/154-2482.pdf>

fjármálaáætlun eiga í meginatriðum við um frumvarpið sem nú liggur fyrir. Verði frumvarpið að lögum mun það þýða að fyrrnefndar hagræðingaraðgerðir verði að veruleika en þar má nefna:

- Framlag til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða verður afnumið.
- Bótatímabil atvinnuleysistrygginga verður stýtt um 12 mánuði og reglur um ávinnslu þrengdar.
- Fjárhæðir í barnabótakerfinu haldast óbreyttar og stuðningur við barnafjölskyldur rýrnar að raungildi.
 - Fjárhæðir í húsnæðis- og vaxtabótakerfinu haldast óbreyttar og stuðningur vegna húsaleigu og vaxtakostnaðar rýrnar að raungildi.
 - Sérstakar aðhaldsráðstafanir upp á 3,8 milljarða í heilbrigðiskerfinu og kostnaðarþáttaka sjúklinga verður aukin.
- Lækkun á framlögum til framhaldsfræðslu og íslenskukennslu.

Blikur á lofti í efnahagsmálum

Í umsögn Alþýðusambandsins um fjármálaáætlun var bent á að mjúk lending hagkerfisins geti verið í augsýn eftir tímabil mikils hagvaxtar og verðbólgu. Hins vegar er efnahagsleg óvissa mikil, sérstaklega í ljósi alþjóðlegra vendinga og hagvaxtarhorfur líklegri til að vera ofmetnar frekar en vanmetnar. ASÍ telur ástæðu til að hafa áhyggjur af horfum í efnahagsþróun og viðsnúningi í efnahagslífinu. Með stöðugleikasamningunum sem gerðir voru á almennum vinnumarkaði árið 2024 var meginmarkmiðið að stuðla að verðstöðugleika og leggja grunn að lækkun vaxta. Þó verðbólga hafi gengið nokkuð niður frá gerð kjarasamninga er verðbólga og raunvaxtastig enn óásættanlega hátt. Enn eru það aðstæður á húsnæðismarkaði sem eru megindrífkraftur verðbólgu, hér þurfa stjórnvöld að grípa til aðgerða. Stjórnvöld bera ríka ábyrgð á að stuðla að verðstöðugleika hvort sem er með opinberum fjármálum, hófsemi í gjaldskrárhækkunum eða tryggja að kerfislægir þættir verði ekki til þess að ýta undir verðbólgu. Þar má nefna miklar hækkanir á raforkuverði til bæði heimila og fyrirtækja. Jafnframt er tilefni til að gagnrýna sveitarfélög fyrir að standa ekki við gefin loforð við gerð kjarasamninga um að halda gjaldskrárhækkunum í hófi og tryggja framboð byggingarhæfra lóða.

Alþýðusambandið leggur áherslu á eftirfarandi atriði við meðferð fjárlagafrumvarpsins.

Tekjuðflun, skattar og kílómetragjald

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi nemur umfang lögfestra og ólögfestra skattbreytinga 27,9 milljörðum á árinu 2026. Þar vegur þyngst breyting á veiðigjöldum, breyting á kílómetragjaldi og breyting á heimild til samnýtingar skattþrepa.

Alþýðusambandið hefur veitt umsögn og gert margvíslegar athugasemdir um kílómetragjaldið á fyrra löggjafarþingi. Þar hefur sambandið m.a. gagnrýnt að ekki liggi fyrir ítarlegt áhrifamat og varað við hættunni á að frumvarpið ýti undir verðbólgu. Stjórnvöld ganga út frá því að olíufélög lækki verð til samræmis við afnám gjalda. Slíkt er ekki fast í hendi, og virðast stjórnvöld ekki hafa nein áform um að fylgja eftir eða vakta hvort það raungerist. Alþýðusambandið hefur að undanfögnu fjallað um verðþróun á eldsneyti og bent á að styrking gengis krónunnar og hagfelldara heimsmarkaðsverð hafi ekki komið fram að fullu í lægra smásöluverði á eldsneyti²². Í nýlegri greiningu Alþýðusambands Íslands er afnám eldsneytisgjalda sett í samhengi við stöðu samkeppni á eldsneytismarkaði. Í greininni er bent á að

²² Sjá [https://vinnan.is/laekkun-a-oliuverdi-ekki-ad-skila-ser-til-neytenda/og https://vinnan.is/gengisahrifa-gaetir-ekki-a-islenskum-bensindaelum/](https://vinnan.is/laekkun-a-oliuverdi-ekki-ad-skila-ser-til-neytenda/og-https://vinnan.is/gengisahrifa-gaetir-ekki-a-islenskum-bensindaelum/)

heildarkostnaður neytenda geti við breytingarnar hækkað þar sem samkeppni sé ekki að fullu virk á eldsneytismarkaði²³.

Gert er ráð fyrir skatttekjur aukist um 4 milljarða vegna afnáms heimildar til samnýtingar skattþrepa og afnáms heimildar til að nýta óráðstafaðan persónuafslátt til greiðslu fjármagnstekjuskatts. ASÍ hefur veitt umsagnir um þessi áform á fyrri stigum en vekur athygli á að ekki hefur verið ráðist í aðgerðir til að draga úr þeim hvötum sem eru í uppbyggingu skattkerfisins og ýta undir tekjutilflutning, þ.e. að atvinnutekjur séu skráðar sem fjármagnstekjur.

Samkomulag um framlag til jöfnunar á örorkubyrði rofið

Enn ítrekar Alþýðusamband Íslands eindregna andstöðu sína við fyrirætlanir um að fella niður framlag til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða sem hafa mun veruleg áhrif á lífeyrisréttindi í sjóðum verka- og láglaunafólks. Þung örorkubyrði í þessum sjóðum birtist í því að lífeyrisréttindi verka- og láglaunafólks á almennum vinnumarkaði eru nú þegar umtalsvert minni en annarra hópa á vinnumarkaði og mun niðurfelling framlagsins auka enn á þann mun. Með því að fella niður jöfnunarframlag er vegið að grunnstöðum lífeyriskerfisins komi ekki annað form jöfnunar í staðinn. Alþýðusamband Íslands mótmælir þessum áformum harðlega og krefst þess að Alþingi og ríkisstjórnin endurskoði áform sín um niðurfellingu jöfnunarframlagsins þar til um annað fyrirkomulag hefur verið samið til að jafna örorkubyrði lífeyrissjóðanna með fullnægjandi hætti. Í ályktun miðstjórnar ASÍ frá 18. september sl. segir m.a.:

„ASÍ mun aldrei fallast á að verka- og láglaunafólk eitt verði látið bera byrðarnar af misskiptri örorkubyrði með frekari lækkun á lífeyrisréttindum sínum í nafni hagræðingar í ríkisrekstri“²⁴.

Áform um að lækka framlag til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða komu fyrst fram í fjármálaáætlun fyrir árin 2024 - 2028 en í umsögn gerði ASÍ alvarlegar athugasemdir við áformin og benti á að ekkert samráð hefði verið haft við verkalýðshreyfinguna.²⁵ Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2025 birtust svo áformin þar sem lagt var til að lækka framlagið um rúm 67% sem hlutfall af tryggingagjaldsstofni eða úr 7,2 ma. kr. í fjárlögum 2024 í 2,5 ma. kr. árið 2025 og síðan að fella niður að fullu 2026. Alþingi dró úr lækkuninni við afgreiðslu fjárlaga og varð hún rúm 40%, úr 0,325% af tryggingagjaldsstofni í 0,193%, fyrir árið 2025 en óbreytt var að framlagið félli niður að fullu 2026. Lækkunin og niðurfellingin mætti andstöðu bæði aðila vinnumarkaða og lífeyrissjóða. Vegna launafólks er reiknað með að tekjur ríkissjóðs verði um 8,2 milljarðar króna árið 2026 gegnum gjald til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða en útgjöldin vegna þess eru engin skv. fjárlagafrumvarpi.

Niðurfelling jöfnunarframlags felur í sér tilfærslu á ábyrgð á framfærslu öryrkja frá ríki til sjóðfélaga lífeyrissjóða, einkum sjóði launafólks sem sinnir erfiðustu störfunum og fremur reynir á örorkutryggingar. Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði var upphaflega komið á með samkomulagi við ASÍ og SA til að tryggja jafnræði milli sjóða og koma í veg fyrir að ólíkt umfang örorku innan lífeyrissjóða legðist þyngra á ákveðna hópa launafólks. Framlagið á rætur að rekja til samkomulags stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins í tengslum við endurskoðun kjarasamninga á árinu 2005 vegna vaxandi örorkubyrðar. Umfang örorku er mest í lífeyrissjóðum verkafólks og sjómanna innan ASÍ sem hefur áhrif á ellilífeyri

²³ Sjá <https://vinnan.is/kilometragjald-og-samkeppni-a-eldsneytismarkadi/>

²⁴ <https://vinnan.is/rikisstjornin-endurskodi-aform-um-jofnunarframlag-vegna-ororku/>

²⁵ <https://www.althingi.is/altext/erindi/153/153-4518.pdf>

sjóðfélaga þeirra. Samkomulagið tryggði að föst hlutdeild af tryggingagjaldsstofni hvers árs skyldi renna til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða.

Lykilpáttur í útfærslu á framlagi stjórnvalda til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða hefur að mati aðila vinnumarkaðarins ávallt verið sá að um ótímabundið framlag sé að ræða sem byggir á fastri hlutdeild í tryggingargjaldsstofni þannig að unnt sé að taka mið af því við tryggingafræðilegt mat á stöðu sjóðanna á hverjum tíma og framlagið nýtist þannig til að treysta ellilífeyrisréttindi þeirra sjóða sem hafa hæsta örorkutíðni. Nánar má lesa um mikilvægi framlagsins, forsögu þess og umfjöllun um ábyrgð ríkisins í sameiginlegri umsögn Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins varðandi jöfnunarframlagið vegna fjárlaga fyrir árið 2024.²⁶

Einhliða stendur til að rjúfa samkomulag sem gert var við aðila vinnumarkaðarins árið 2005 um jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða. Samkomulagið er rofið án þess að forsendur hafi breyst eða samið hafi verið um annað fyrirkomulag sem tryggi jöfnun á örorkubyrði sem raski ekki getu sjóðanna til þess að standa undir skuldbindingum sínum gagnvart sjóðfélögum. Alþýðusamband Íslands krefst þess að stjórnvöld standi við það samkomulag sem gert var um jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða þar sem forsendur þess hafa ekki breyst og um annað fyrirkomulag hefur ekki verið samið sem tryggir fullnægjandi jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða.

Breyting á lögum um atvinnuleysistryggingar

Í frumvarpinu eru boðaðar breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar sem felast í styttingu bótatímabils um 12 mánuði og breytingu á ávinnslu réttinda. Alþýðusambandið hefur mótmælt áformunum, bæði í umsögn um fjármálaáætlun 2026-2030²⁷ og við áformin sem birtust í samráðsgátt²⁸. Miðstjórn ASÍ hefur jafnframt tekið málið til umfjöllunar og samþykkt á fundi sínum þann 17. september harðorða ályktun²⁹ þar sem skorað var á ríkisstjórnina falla frá áformunum.

Í þessu samhengi leggur ASÍ áherslu á að frá því í janúar 2021 hefur verið starfandi nefnd skipuð aðilum vinnumarkaðarins sem hafði það hlutverk að endurskoða lög um atvinnuleysistryggingar. Óformlegt hlé var svo gert á starfi nefndarinnar haustið 2023 en verkefnið er enn brýnt og nefndin formlega að störfum. Alþýðusambandið lýsir því furðu og vonbrigðum með það að nú hafi verið kynnt svo umfangsmikil breytingaráform á lögum um atvinnuleysistryggingar sem fela í sér að stytta eigi bótatímabil um heila 12 mánuði og herða á ávinnskilyrðum án þess að umræddri nefnd hafi verið gefinn kostur á því að ljúka vinnu sinni og leggja fram heildstæðar tillögur um málið.

Að því sögðu hafa áformin verið rökstudd með vísan í að bótatímabil sé lengst á Íslandi og að stytting muni stuðli að aukinni virkni á vinnumarkaði. Tilraunir til að rökstyðja áformin með vísan í norrænan samanburð eru samhengislausar og segja bara hálfa söguna. Nauðsynlegt að horfa heildstætt á réttindi og stuðningskerfi vinnumarkaðarins í þeim efnum. Þekkt er að í mörgum samanburðarlöndum er mun meiri ráðningarfesta, lengri uppsagnarfrestur o.s.frv. en þekkist hér á landi. Kerfið sem byggt hefur verið upp á Íslandi einkennist af sveigjanleika og frjálsræði sem undirbyggt er af öryggisneti eins og

²⁶ Sjá <https://www.althingi.is/altext/erindi/155/155-44.pdf>

²⁷ Sjá <https://www.althingi.is/altext/erindi/156/156-1009.pdf>

²⁸ Sjá <https://samradapi.island.is/api/Documents/47a98834-9494-f011-9bcf-005056bccc7e>

²⁹ Sjá <https://vinnan.is/rikisstjorn-kristrunar-lati-adra-en-atvinnulausa-fjarmagna-sparnadinn/>

atvinnuleysistryggingum. Sá sveigjanleiki sem einkennir íslenskan vinnumarkað hefur stuðlað að minna atvinnuleysi en gengur og gerist í samanburðarlöndum. Boði stjórnvöld einhliða grundvallarbreytingar á því kerfi er ljóst að verkalýðshreyfingin mun þurfa að aðlaga kröfur sínar og áherslur í átt að þeirri festu og öryggi sem þekkist á Norðurlöndum. Heildstæður samanburður á réttindum og afkomuöryggi launafólks á Norðurlöndunum leiðir alls ekki til þess að þau áform sem hér eru boðuð megi réttlæta með hliðsjón af því. Berskjaldaðir hópar á vinnumarkaði, m.a. það fólk sem starfar í árstíðabundnum meginatvinnugreinum eins og ferðaþjónustu, mannvirkjagerð og fiskvinnslu, mun finna vel fyrir því að ávinnskilyrði atvinnuleysistrygginga verði hert. Sá sveigjanleiki sem kjarasamningar í slíkum atvinnugreinum leyfa, m.a. með vísan í öflug afkomutryggingarkerfi eins og atvinnuleysistryggingar mun ekki geta staðið óhaggaður verði umrædd áform að veruleika.

Alþýðusambandið tekur undir mikilvægi þess að atvinnuleysistryggingakerfið stuðli að virkni atvinnuleitenda og endurkomu á vinnumarkað en bendir á að Vinnumálastofnun hefur ríkar heimildir til þess að beita virkum vinnumarkaðsaðgerðum, starfrækja vinnumiðlun og stuðla að virkni atvinnuleitenda. Að mati ASÍ hefur of litlum fjármunum verið varið í slík úrræði og of lágt hlutfall atvinnuleitenda að jafnaði staðið til boða þátttaka í úrræðum. Samhliða breytingunum er ekki áformað að auka fjármagn til vinnumarkaðsúrræða, er því um að ræða hreina sparnaðartillögu. Einhliða stytting á bótatímabili og ávinnsurétti er ekki trygging fyrir aukinni virkni á vinnumarkaði heldur gæti þvert á móti leitt til þess að viðkvæmir hópar falli brott af vinnumarkaði. ASÍ telur mikilvægt að stjórnvöld setji aukna fjármuni í virkar vinnumarkaðsaðgerðir, t.d. menntunarúrræði, tungumálakennslu, endurhæfingu o.fl. Slík úrræði þarf að ígrunda og hanna vel og í tilfellum klæðskerasníða gagnvart tilteknum hópum eigi þau að ná markmiðum sínum.

Barnabætur

Verkalýðshreyfingin hefur á undanförunum árum lagt þunga áherslu á aukin framlög til barnabótakerfisins til að mæta framfærslubyrði barnafjölskyldna. Sá áfangi náðist bæði við gerð skammtímasamninganna 2022 og við gerð stöðugleikasamninganna 2024 að framlög til kerfisins voru aukin, dregið var úr skerðingum og kerfið einfaldað. Það er ekki nýlunda að verkalýðshreyfingin þurfi að standa vörð um tilfærslukerfin við gerð kjarasamninga. Hún hefur um árabíl gagnrýnt stjórnvöld fyrir tryggja ekki verðbætur kerfisins í fjárlögum svo stuðningurinn haldi raungildi sínu. Því var það jákvætt að sjá boðað í stjórnsáttamála ríkisstjórnarinnar að þróun barnabóta yrði komið í fastar skorður svo fjárhæðir fylgi launaþróun og stuðningur haldist stöðugur yfir tíma. Í fjárlagafrumvarpi er hinsvegar gert ráð fyrir óbreyttum útreikningsreglum og viðmiðunarfjárhæðum barnabóta sem leiðir til þess að fjárhæðir munu ekki halda verðgildinu sínu, skerðingar munu aukast sökum óbreyttra tekjuviðmiða, viðtakendum barnabóta mun fækka og skattbyrði barnafjölskyldna mun aukast. Húsnæðisstuðningur Líkt og með barnabætur er ekki stefnt að því að verðbæta húsnæðisbætur eða vaxtabætur. Það þýðir að stuðningurinn rýrnar að raungildi og heldur ekki í við þróun leiguverðs, eignaverðs og launaþróun. Við gerð stöðugleikasamninganna voru húsnæðisbætur hækkaðar til að draga úr íþyngjandi húsnæðiskostnaði leigjenda og sérstakur vaxtastuðningur greiddur út vegna aukinnar vaxtabyrði heimila. Útgreiðsla sérstaks vaxtastuðnings var tímabundin í ljósi þess að samhliða kjarasamningum var boðað að skipaður yrði starfshópur sem ætlað væri að leggja mat á húsnæðislánakerfið og endurskoða fyrirkomulag húsnæðisstuðnings hér á landi. ASÍ er ekki kunnugt um að sá hópur hafi tekið til starfa en hafði tilnefnt fulltrúa í hópinn. ASÍ leggur þunga áherslu á að hópurinn taki til starfa.

Húsnæðismál

Pung áhersla var lögð á húsnæðismál í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar þar sem m.a. voru boðaðar bráðaaðgerðir á húsnæðismarkaði, breyttar reglur um skammtímaleigu, uppbygging á færanlegu

húsnæði, aukin nýting ríkislóða til uppbyggingar, aðgerðir til að minnka vægi verðtryggingar, aðgerðir til að styrkja stöðu leigjenda og aukinn stuðningur við óhagnaðardríf húsnæðisfélög. ASÍ fagnar þeim áherslum en hefur áhyggjur af því hversu erfiðlega ríki og sveitarfélögum hefur tekist að eiga samvinnu um að tryggja fullnægjandi uppbyggingu húsnæðis í takt við fólksfjölgun og breytt fjölskyldumunstur.

Með rammasamkomulagi um aukið framboð íbúða á árunum 2023-2032 voru stigin skref með það að markmiði að uppbygging verði í samræmi við þörf og að skilgreint hlutfall nýrra íbúða verði félagslegt og hagkvæmt húsnæði. Markmið stjórnvalda var að byggja 4.000 íbúðir á ári á fyrstu fimm árum samkomulagsins og 3.500 á ári á síðari fimm. Af þeim yrðu 30% innan almenna íbúðakerfisins og 5% félagslegt húsnæði. Um nokkurt skeið hefur verið fyrirséð að erfitt verði að ná markmiðum um húsnæðisuppbyggingu. Þó hægt hafi á hækkunum á húsnæðisverði hafa núverandi aðstæður hárra vaxta, lánþegaskilyrða og hás húsnæðisverðs skapað spennu á leigumarkaði þar sem ekkert lát er á hækkunum á leiguverði. Húsnæði er því enn ráðandi þáttur í verðbólgu. Kraftmikil uppbygging íbúða er því ekki einungis velferðar- og lífshjálpmál heldur grundvöllur verðstöðugleika hér á landi. Þar þarf uppbygging hagkvæmra íbúða í almenna íbúðakerfinu að vera áfram í forgangi en mun hægar hefur gengið að byggja upp íbúðir í því kerfi en áætlanir gerðu ráð fyrir þrátt fyrir að fyrir liggi stofnframlög ríkisins til uppbyggingarinnar.

Til skamms tíma geta stjórnvöld gripið til aðgerða sem myndu stuðla að heilbrigðari húsnæðismarkaði. ASÍ hefur í umsögnum um fjármálaáætlanir 2024-2028 og 2025-2029 bent á að skattalegir hvatar séu til staðar sem ýti undir ásælni fjárfesta í húsnæði, t.d. skattalegur afsláttur af leigutekjum í gegnum 50% frítekjumark og skattlagning söluhagnaðar húsnæðis. Alþýðusambandið telur ástæðu til að taka þessar reglur til endurskoðunar og tryggja að skattaleg umgjörð vinni ekki gegn húsnæðisöryggi og heilbrigðum húsnæðismarkaði. Söluhagnaður íbúðarhúsnæðis er skattfrjálss á Íslandi að því gefnu að seljandi hafi átt íbúðarhúsnæðið í full tvö ár og eigi undir 600 rúmmetra af húsnæði, eða 1.200 m³ hjá hjónum. Ekki er gerð krafa um að eigandi hafi búið í eigninni að undangenginni sölu líkt og gert er í mörgum löndum. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur einnig tekið undir þessar áherslur³⁰.

Heilbrigðismál

Útgjöld til heilbrigðismála aukast um 19,9 milljarða að raunvirði samkvæmt fjárlagafrumvarpinu. Þyngst vega aukin framlög til fjárfestinga við nýja Landspítalann og Sjúkrahúsið á Akureyri, samtals um 8,6 milljarða. Í samræmi við stjórnarsáttamála aukast framlög um 5,6 milljarða til að styttu biðlista og auka aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu.

Framlög til heilbrigðisstofnana og sjúkratrygginga eru einnig aukin um 2%, alls 5,2 milljarða til að mæta aukinni eftirspurn eftir þjónustu, þ.e. fjölgun sjúklinga og vegna öldrunar þjóðarinnar. Hér er ekki um að ræða framlög til að bæta gæði og aðgengi að heilbrigðisþjónustu heldur til að mæta aukinni eftirspurn og álagi á heilbrigðiskerfið. Í því samhengi er vert að minna á að á næstu 10 árum mun hlutfall mannfjölda yfir 67 ára aukast úr 13,5% í 16,5% samkvæmt mannfjöldaspá Hagstofunnar, sem jafngildir fjölgun um nærri tuttugu þúsund einstaklinga. Það er því fyrirséð að framlög til heilbrigðisþjónustu munu vaxa skarpt á

³⁰ <https://www.imf.org/en/Publications/CR/Issues/2024/07/15/Iceland-2024-Article-IV-Consultation-Press-Release-and-Staff-Report>

næstu árum. Það vekur því áhyggjur að í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir umtalsverðu aðhaldi í heilbrigðiskerfinu, alls 3,8 milljörðum í rekstri. Hluta af því aðhaldi á að ná með óljósum aðgerðum um forgangsroðun og aukinni greiðsluþátttöku sjúklinga. Undanfarin ár hefur verið stefnt að því að draga úr beinni greiðsluþátttöku sjúklinga en með frumvarpinu eru tekin skref til baka. Alls er stefnt að því ná inn 1 milljarði með aukinni greiðsluþátttöku í heilsugæslunni en í því samhengi má nefna að aðrar tekjur en fjármögnun í fjárlögum nam samtals 900 milljónum í fyrra hjá Heilsugæslunni á höfuðborgarsvæðinu. Því er um að ræða verulega fjármuni sem leggjast á notendur heilbrigðiskerfisins.

Mál nr. 24. - Stéttarfélög og vinnudeilur (staða og valdheimildir ríkissáttasemjara).

3. október 2024

Alþýðusamband Íslands er þeirrar skoðunar, nú sem fyrr, að þingmál sem varða grundvallarréttindi verkalýðshreyfingarinnar skuli unnin í samráði við aðila vinnumarkaðarins.

Lög nr. 80/1938 mynda grundvöll undir samskipti aðila vinnumarkaðarins, hafa þjónað hlutverki sínu án áfalla um áratuga skeið og mynda traustan grundvöll undir skipulagðan íslenskan vinnumarkað til farsældar fyrir launafólk og atvinnu- og efnahagslíf þjóðarinnar. Tillögur um breytingar, unnar af hópi þingmanna án samráðs og að því er virðist án nægilegrar þekkingar, eru fallnar til þess að raska sátt á vinnumarkaði og samskiptum verkalýðshreyfingarinnar og stjórnvalda á hverjum tíma.

Eftirfarandi umsögn er ekki ætlað að leiðbeina Alþingi um breytingar á lögum nr. 80/1938. Þvert á móti er hún gerð til þess að leggja áherslu á hve viðkvæmt og flókið málið er og hve brýnt það er að sú venja verði virt að öll mál sem varða stjórnarskrárvörin grundvallarréttindi launafólks og verkalýðshreyfingar séu unnin í samráði og sátt. Alþýðusamband Íslands leggst því eindregið gegn bæði efni og afgreiðslu þessa þingmáls.

Um 1. gr., viðbót við 17. gr.

Hafi vinnustöðvun verið boðuð eða hún hafin áður en miðlunartillaga kemur fram mun framlagning miðlunartillögu hvorki stöðva, fresta eða ónýta vinnustöðvun. Það er vel. Fram kemur hins vegar í breytingu þeirri sem lögð er til á 2.mgr. 20. gr. að óheimilt sé að boða vinnustöðvun eftir að miðlunartillaga hefur verið lögð fram. Þegar ákvæðin eru túlkuð saman er ljóst að framlagning miðlunartillögu eftir að undirbúningur vinnustöðvunar er hafin og áður en boðunarbréf hefur löglega verið mótttekið mun stöðva fyrirhugaða vinnustöðvun. Tillagan er því inngrip í lögsmæta og stjórnarskrárvarða starfsemi frjálsra verkalýðsfélaga.

Um 2. gr., viðbót við 1. mgr. 20. gr.

Þessi tillaga er bæði óviðeigandi og óþörf. Hún breytir engu í gildandi rétti þar sem ríkissáttasemjari er bundinn sömu skyldum og aðrir starfsmenn ríkisins. Ákvæðið er því óþarft og mætti reyndar túlka þannig að ef ekki séu skýr fyrirmæli um sjálfstæði embættismanna ríkisins í lögum um viðeigandi embætti eða stofnun, þá geti viðkomandi embættismenn tekið með lögsmætum hætti við fyrirmælum frá „öðrum“, reyndar eru engin fordæmi fyrir ólögsmætum afskiptum af starfi ríkissáttasemjara sem ekki einungis er embættismaður ríkisins heldur einnig og ekki síður trúnaðarmaður aðila vinnumarkaðarins.

Um 3. gr. Í stað 2. og 3. mgr. 29. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu fela breytingarnar á 2.mgr. í sér inngrip í starfsemi frjálsra verkalyðsfélaga sem nýtur verndar stjórnarskrár. Með tillögunni er í reynd verið að fela ríkissáttasemjara heimild til þess að koma í veg fyrir boðun vinnustöðvunar. Líkt á við um tillögu til breytinga á 17. gr.

Dregið er úr vægi inngripsins með því að réttaráhrif miðlunartillögu frestast við málshöfðun fyrir Félagsdómi. Hins vegar leikur vafi á því hver áhrif þess frests eru. Ef atkvæðagreiðslu um vinnustöðvun er t.d. lokið en boðun hefur ekki verið send, er þá heimilt að boða vinnustöðvunina sem eftir það verður ekki stöðvuð þó mál hafi verið höfðað fyrir Félagsdómi og hvað verður þá um vinnustöðvun sem hafin er þegar Félagsdómur dæmir miðlunartillöguna lögmeeta? Stöðvast vinnustöðvun, frestast hún eða telst hún ólögmeet? Ljóst er að tillaga þessi er ekki hugsuð til enda.

Fyrri hluti tillögu um breytingu á 3.mgr. er í samræmi við túlkun Félagsdóms. Síðari hlutanum er ætlað að skýra lagaheimildir sem Félagsdómur taldi óskýrar og ófullnægjandi í dómi sínum í máli Eflingar gegn SA sem vísað til í greinargerð með frumvarpinu. Síðari hlutinn færir ríkissáttasemjara einhliða vald, án samráðs sem þó er áskilið nú, til þess að ákveða framkvæmd atkvæðagreiðslu sem þó skal vera „skrifleg og leynileg“. Fyrirverandi ríkissáttasemjari tók sér þetta vald án heimildar og hugðist einnig og án heimildar, efna til rafrænnar atkvæðagreiðslu.

Síðan eru felld út ákvæði um atkvæðagreiðslur utan kjörfundar og tilvísun til póstatkvæðagreiðslu og ríkissáttasemjara falið einhliða vald án nokkurs samráðs til þess að ákveða framkvæmdina. Í því sambandi er rétt að hafa í huga að aðildarsamtök ASÍ starfa um land allt og sum hver á stórum svæðum. Hvernig ríkissáttasemjari á að framkvæma skriflega og leynilega atkvæðagreiðslu á kjörstað og utan kjörfundar eins og félögin sjálf gera nú til þess að tryggja þátttöku sem flestra, er með öllu óljóst og óframkvæmanlegt nema í hlut eigi félög sem bundin eru við höfuðborgarsvæðið.

Loks er ekki tekið fram, á hvaða formi gögn sem senda skal sáttasemjara skuli vera en rafrænar atkvæðagreiðslur hafa verið viðhafðar af samtökum atvinnurekenda og samtökum launafólks, á grundvelli samkomulags milli þeirra. Tillagan tekur ekki á þessu.

Jafnframt er horft fram hjá því, að upplýsingar um stéttarfélagsaðild eru persónuupplýsingar sem leynt skulu fara og stéttarfélög sem safna þeim hafa ekki heimild til þess að afhenda þær þriðja aðila til nota að eigin vild þó þeim sé sjálfum heimilt að nota þær í þágu starfsemi sinnar sem stéttarfélaga.

Tillögur sem fela í sér inngrip í starfsemi frjálsra stéttarfélaga skal túlka þröngt og ljóst að löginn þannig túlkuð rúma ekki rafrænar atkvæðagreiðslur. Hvað sem því líður verður réttarstaða aðila áfram óskýr, þ.e. ef gögn eru ekki afhent og ómögulegt að framkvæma atkvæðagreiðslu.

Tillaga þessi um breytingar á 29. gr. virðist vera viðbragð við mistökum í framgöngu fyrrum ríkissáttasemjara við framlagningu miðlunartillögu í kjaradeilu Eflingar – stéttarfélags og Samtaka atvinnulífsins í janúar 2023. Fram til þess hafði gengið áfallalaust að framkvæma gildandi lagaákvæði og ekki annars að vænta en að svo verði til framtíðar án nokkurra lagabreytinga eins og dæmin sýna, nú síðast framlagning og afgreiðsla miðlunartillögu setts ríkissáttasemjara í deilu Eflingar – stéttarfélags og Samtaka atvinnulífsins í mars 2023.

Ítrekað er, að Alþýðusamband Íslands leggst eindregið gegn bæði efni og afgreiðslu þessa þingmáls.

Framkvæmdaáætlun í kynjajafnréttismálum 2025–2028,

29. október 2024

Alþýðusambandið fagnar drögum að ofangreindri framkvæmdaáætlun í kynjajafnréttismálum og telur hana metnaðarfulla og er það sérstakt gleðiefni að aðgerðunum fylgi fjármagn. Í aðgerðunum má finna fjölda mikilvægra skuldbindinga til að bæta jafnrétti og stöðu kvenna á vinnumarkaði, draga úr launamuni kynjanna og auðvelda innflytjendum, sérstaklega konum, aðgang að vinnumarkaði, t.d. með viðurkenningu á menntun þeirra og hæfi. Þess ber að geta að inntak áætlunarinnar rímar í megindrátum við áherslur ASÍ, frá sl. þingi, tengdum jafnrétti á vinnumarkaði en þær lúta að launamuni kynjanna, þolendavænum viðbrögðum við kynferðislegu og kynbundnu áreiti og ofbeldi á vinnumarkaði og því að bæta stöðu og velferð fólks í láglau nastörfum, en stór hluti þess hóps eru konur af erlendum uppruna. Einnig skal bent á að mjög svipuð umsögn var send inn í samráðsgátt, dags. 13. mars sl. Umsögn Alþýðusambandsins mun aðeins fjalla um þá þætti er snúa að vinnumarkaðnum, eðli málsins samkvæmt:

C. 18. Jafnlaunavottun og jafnlaunastaðfesting

ASÍ styður áframhaldandi vinnu og þróun jafnlaunastaðalsins. Ótvírætt er að jafnlaunastaðallinn hefur aukið almenna vitund um launamun kynjanna innan fyrirtækja og stofnana sem fara í gegnum ferlið. Auk þess sem staðallinn hafi aukið gæðastarf við launasetningu.

ASÍ saknar þess að aðgerðin beinist ekki að því að lagfæra þá gagnrýnisverðu þætti sem fræðimenn hafa bent á, einkum út frá sjónarhóli kynjafræðinnar. Til dæmis veiti staðallinn atvinnurekendum svigrúm til að ákveða hvernig einstaklingsbundin umbun er veitt. Vegna þess að vinnumarkaðurinn gengur oft út frá karllægum viðmiðum er hætta á að kvenlægir þættir séu vanmetnir. Mikilvægt er að tryggja að málefnalegir þættir í umbun séu í raun málefnalegir. Til þess er þekking á sviði kynjafræði nauðsynleg sem sjónarhorns í vottunarferlinu. Hættan er á því að staðallinn veiti mismunun í launasetningu hefðbundinna kvenna- og karlastarfa lögmæti. Á þessu þarf að taka. „Skortur á samræmdum aðgerðum skipulagsheilda og vottunaraðila er vandamál sem stjórnvöld þyrftu að bregðast skjótt við með skýrum hætti“, svo vísað sé til orða fræðikvennanna Rögnu Kemp Haraldsdóttur, Guðbjargar Lindu Rafnsdóttur og Guðbjargar Andreu Jónsdóttur í greininni *Að sníða verkfærið að veruleikanum eða veruleikann að verkfærunum? Um jafnlaunastaðal og afnám kynbundinna launa*. Bent hefur verið á að jafnlaunastaðallinn taki aðeins á hluta vandans í ljósi þess að rekja megi kynbundinn launamun að miklu leyti til kynskipts vinnumarkaðar og skýrist af því að hefðbundin kvennastörf eru almennt minna metin en hefðbundin karlastörf.

Jafnlaunastaðallinn tekur eingöngu á launamun innan fyrirtækja/stofnana en ekki á milli starfsstétta og er því ófær um að taka á þeim launamuni sem skýrist vegna menningarbundins vanmats á kvennastörfum. Nú er að störfum aðgerðahópur stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins sem vinnur að því að þróa aðferðir til að útrýma launamuni sem skýrist af kynskiptum vinnumarkaði og kerfisbundnu vanmati á hefðbundnum kvennastörfum.

C. 20 Rannsókn á launamun innfæddra kvenna og innflytjendakvenna

ASÍ telur þennan lið afar brýnan og vill fagna honum sérstaklega. Brýnt er að fylgjast með stöðu þessa hóps sérstaklega.

Athygli skal vakin á niðurstöðum úr nýlegri könnun Vörðu, rannsóknastofnunar vinnumarkaðarins, um stöðu launafólks á Íslandi, sem út kom fyrr í mánuðinum. Þar segir að atvinnubátttaka innflytjenda sé mjög mikil og sérstaklega er áberandi að fleiri innflytjendakonur eru í launuðu starfi og fullu starfi samanborið við innfæddar konur. Það kemur jafnframt fram að þriðjungur innflytjenda hafi orðið fyrir mismunun á vinnumarkaði á síðustu tveimur árum vegna uppruna.

C. 21 Mat og viðurkenning á menntun og hæfi

Þessi aðgerð er mikilvæg en ASÍ vill vekja athygli á því að gátt þessi nær ekki yfir þá menntun sem veitir ekki starfsleyfi. Eins brýnt og það er að viðurkenna menntun í lögvörðum störfum þá er aragrúi af annars konar menntun sem gott væri að meta og viðurkenna til að auðvelda öllum konum aðgang að störfum við hæfi. Á saman tíma þyrfti að skapa hvata fyrir atvinnurekendur til að taka mark á slíkum viðurkenningum.

D. KYNBUNDIÐ OG KYNFERÐISLEGT OFBELDI

ASÍ vill vekja athygli á því að heildarsamtök launafólks á Íslandi í samstarfi við VIRK starfsendurhæfingarsjóð ses. (VIRK) standa saman að þróun móttökuáætlunar og bættrar þjónustu fyrir þolendur kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni og ofbeldi í vinnu. Unnið verður út frá þolendamiðaðri nálgun. Verkefnin felast í meginatriðum í því að þolandi geti leitað til stéttarfélags síns eftir aðstoð og ráðgjöf um réttindi sín og í kjölfarið bjóðist þeim viðtal hjá fulltrúa VIRK, sem tekur stöðuna með viðkomandi, veitir stuðning og upplýsingar um úrræði, sé þörf á frekari úrvinnslu. Samstarfið eru viðbrögð ofangreindra samtaka og VIRK við #MeToo-bylgjunum og í því felst einlægur vilji til að þjónusta betur þolendur kynferðislegs og kynbundins ofbeldis á vinnumarkaði og taka skýra afstöðu gegn ofbeldi á vinnumarkaði.

D. 31 Kynferðisleg áreitni innan íslenskrar ferðaþjónustu

ASÍ hvetur til þess að litið verði á þennan vanda á heildstæðan hátt. Algengi kynferðislegs áreitnis í íslenskri ferðaþjónustu má rekja til margra þátta og þess félagslega umhverfis sem konurnar vinna í. Ferðaþjónustan er tiltölulega ný grein sem vex hratt, er undir litlu eftirliti og stór hluti starfsfólks innan hennar raða er af erlendum uppruna. Þá er hún enn þá rekin á árstíðabundnum forsendum, laðar til sín fólk eftir þörfum og einkennist af mikilli starfsmannaveltu. Hætta er á því að þetta geti skapað konum óöruggt starfsumhverfi og félagslega einangrun, einkum hjá þeim sem njóta slakra kjara en allt þetta getur reynst kjörlendi til misnotkunar. Skýrslur ASÍ og Vörðu, rannsóknastofnunar vinnumarkaðarins og Hallfríðar Þórarinsdóttur hafa sýnt fram á að töluverður hluti brota á vinnumarkaði á sér stað í ferðaþjónustu og afleiddum greinum

Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld o.fl. (nýsköpun, virðisaukaskattur o.fl.)

30. október 2024

Óskað hefur verið eftir umsögn Alþýðusambands Íslands um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld o.fl.

Um 2. gr.

2. gr. felur í sér tvær breytingar. Annars vegar er felld niður heimild til að nýta óráðstafaðan persónuafslátt til greiðslu auðlegðarskatts. Hins vegar er gerð breyting á heimild til að nýta óráðstafaðan persónuafslátt til greiðslu fjármagnstekjuskatts. ASÍ gerir ekki athugasemdir við það sem snýr að auðlegðarskatti, enda eðlilegt að sú heimild falli á brott í ljósi þess að lög um auðlegðarskatt runnu sitt skeið árið 2014. Öðru gildir um breytingu á heimild til að nýta óráðstafaðan persónuafslátt til greiðslu fjármagnstekjuskatts. ASÍ leggst gegn þeim áformum og telur þau byggja á ákveðnum misskilningi. Í kjölfar þess að frítekjumark fjármagnstekna var tvöfaldað árið 2022 hefði verið réttara að afnema heimildina.

Samræmd skattlagning fjármagnstekna var leidd í lög árið 1997. Lögin byggðu á tillögum nefndar sem skipuð var af fjármálaráðherra árið 1995. Á þeim tíma voru vaxtatekjur skattfrjálsar en aðrar fjármagnstekjur, arðgreiðslur, húsaleigutekjur og söluhagnaður, voru skattlagðar líkt og launatekjur. Frá upptöku fjármagnstekjuskattsins var heimilt að nýta óráðstafaðan persónuafslátt til greiðslu fjármagnstekjuskatts. Heimildin kom í stað frítekjumarks á þeim tíma. Síðar var heimildin takmörkuð þannig að 10/38 hluta óráðstafaðs persónuafsláttar mætti nýta til greiðslu fjármagnstekjuskatts. Heimildin hefur frá þeim tíma þróast í takt við skatthlutföll.

Árið 2010 var frítekjumark vaxtatekna tekið upp, alls 100 þúsund krónur á ári sem síðar var hækkað í 150 þúsund krónur á ári. Með upptöku frítekjumarks var í raun komið á persónuafslætti fjármagnstekna, sem með réttu hefði átt að leiða til breytinga á fyrirkomulagi nýtingar óráðstafaðs persónuafsláttar. Í dag eru því í reynd tvö frítekjumörk í skattlagningu fjármagnstekna. Í skýrslu fjármála- og efnahagsráðuneytisins, „Skattstofn fjármagnstekna og áhrif verðbólgu“, var bent á að áhrif frítekjumarksins séu veruleg og að upptaka frítekjumarks árið 2010 hafi dregið verulega úr áhrifum verðbólgu á skattbyrði fjármagnstekna. Þar segir að „mikill minnihluti einstaklinga sætir af þeim sökum álagningu fjármagnstekjuskatts á vaxtatekjur sínar. [...] Það eru því innan við 10% af þeim sem höfðu vaxtatekjur á árinu 2019 sem greiddu einhvern fjármagnstekjuskatt af vaxtatekjum við álagningu 2020.“

Frítekjumark vaxtatekna var hækkað í desember 2020, úr 150 þúsund í 300 þúsund. Sú aðgerð veitti 10% tekjuhæstu framteljenda fjármagnstekna viðbótarskjól fyrir áhrifum verðbólgu. Frítekjumarkið var einnig útvíkkað þannig að það náði yfir aðrar fjármagnstekjur, þ.e. arð og söluhagnað. Áætlað var að árlegur kostnaður við tillögurnar næmi 1,6–2 milljörðum króna, þar af 770 milljónum vegna hækkunar frítekjumarks fjármagnstekna. Með breytingunum var gengið lengra en nefndin lagði til í skýrslu sinni. Niðurstaða nefndarinnar var að frítekjumark vaxtatekna ætti að þróast með verðlagi og þar með að kaupmáttarleiðréttum höfuðstól væri veitt óbreytt skjól yfir tíma gagnvart skattlagningu verðbólgu.

Það er mat ASÍ að rétt hefði verið að endurskoða og fella niður heimild til ráðstöfunar persónuafsláttar samhliða upptöku frítekjumarks og síðar hækkun þess. Í frumvarpinu er lagt til að heimilt verði að ráðstafa allt að 22/31 hluta af óráðstöfuðum persónuafslætti til greiðslu fjármagnstekjuskatts. Í raun felur breytingin í sér aukinn skattafslátt vegna fjármagnstekna, sem þegar njóta frítekjumarks. Í ljósi þess að frítekjumarkið nær nú þegar yfir stóran hóp framteljenda er líklegt að aðgerðin sé einungis til þess fallin að lækka skattbyrði tekjuhárra fjármagnseigenda.

Frumvarp til laga um kílómetragjald á ökutæki. Mál nr. 301.

1. nóvember 2024

Alþýðusamband Íslands hefur áður skilað inn umsögnum um áform um kílómetragjald og um frumvarp um kílómetragjald(1) á hreinorku- og tengiltvinnbifreiðar(2) þar sem einnig var farið yfir sjónarmið sambandsins varðandi breytingar á gjaldtöku á bifreiðar og notkun þeirra.

Í stefnu ASÍ um skattamál er lögð áhersla á að skattkerfið stuðli að samfélagssátt, tryggi jöfnuð og standi undir sterkri velferð. Í sömu stefnu leggst ASÍ gegn aukinni innheimtu notendagjalda, t.d. veggjalda, skólagjalda eða komugjalda í almannapjónustu. Ljóst er að stjórnvöld þurfa að bregðast við þeirri staðreynd að aukið umfang rafbíla, og minni eldsneytisnotkun hefur veikt þá tekjustofna sem lagðir hafa verið á eldsneyti. Þó er vert að undirstrika að stjórnvöld hafa fleiri leiðir til tekjuöflunar aðrar en kílómetragjald, sem í raun er nefskattur á ekinn kílómetra.

ASÍ telur gagnrýnivert að ekki liggi fyrir ítarlegra mat á áhrifum frumvarpsins og samanburður við aðrar leiðir í tekjuöflun. Þannig hefur ekki legið fyrir hvernig Hagstofa Íslands myndi bregðast við frumvarpinu við útreikning vísitölu neysluverðs. Breytingin gæti því í raun leitt til aukinnar verðbólgu. Ólíkar útfærslur


kílómetragjalds og samspil við aðra tekjuöflun hefðu getað dregið úr þeim áhrifum. Stjórnvöld virðast ganga jafnframt út frá því að olúfélög lækki verð til samræmis við afnám gjalda. Slíkt er ekki fast í hendi, og virðast stjórnvöld ekki hafa nein áform um að fylgja eftir eða vakta hvort það raungerist.

ASÍ getur ekki tekið undir að kílómetragjald leiði til þess að þeir „borgi sem noti“. Meginstefið í útfærslu kílómetragjalds er hlutleysi hjá meðaleinstaklingi sem á meðalökutæki. Líkt og bent er á í umsögn FÍB eru allir bílar undir 3,5 tonnum jafnsettir hvað varðar gjalddöku og álögur á þyngri ökutæki eru ekki í samræmi við áhrif þeirra á vegakerfið. ASÍ telur eðlilegt að á þessu verði gerðar breytingar og þrepum kílómetragjalds verði fjölgað þannig að smærri bílar greiði lægra gjald. Jafnframt væri rétt að hækka gjöldin hjá þyngri ökutækjum til samræmis við markmið áforma.

Breytingarnar ekki í samræmi við réttlát umskipti

Alþýðusamband Íslands fagnar því að í greinargerð með frumvarpinu sé gengið lengra í mati á áhrifum frumvarpsins og áhrifum á efnahag ólíkra hópa en á fyrri stigum. Sambandið hefur kallað eftir að stjórnvöld framkvæmi slíkt mat. Alþýðusamband Íslands telur matið ekki vera fullnægjandi hvað varðar áhrif á ólíka tekjuhópa. Jafnframt er sambandið ósammála þeirri ályktun sem stjórnvöld draga af matinu um að þær kerfisbreytingar sem felast í frumvarpinu séu í samræmi við markmið um réttlát umskipti og að þær tryggji jöfnuð og réttlæti.

Eins og kemur fram í greinargerðinni stuðlar skattlagning sem tekur mið af eknum kílómetrum að meira jafnræði milli tekjuhópa en sú sem tekur mið af eyðslu eldsneytis. Tekjulægri hópar eru frekar á eldri bílum sem eyða meira eldsneyti á meðan tekjuhærri hópar eru líklegri til að vera á sparneytnari bílum. Þá sé hlutdeild rafmagns- og tengiltvinnbifreiða meiri hjá einstaklingum með hærri tekjur. Stjórnvöld draga þá ályktun að vegna þessa muni áhrif skattlagningar á notkun bifreiða verða meiri hjá tekjuhærri hópum en þeim tekjulægri og telja áhrif kerfisbreytinganna þannig vera í samræmi við markmið stjórnvalda um réttlát umskipti. Alþýðusamband Íslands fellst á að gjalddaga sem tekur mið af fjölda ekinna kílómetra sé síður til þess fallin að hafa verri áhrif á lægri tekjuhópa en skattur á fjölda lítra. Hins vegar hafa stjórnvöld fleiri úrræði til tekjuöflunar önnur en kílómetragjald og bensíngjald. Því er ljóst að hægt væri að afla tekna með öðrum leiðum en notendagjöldum eða notkunargjöldum, leiðum sem myndu dreifa byrðum með jafnari hætti.



Alþýðusambandið tekur ekki undir og er ósammála þeirri ályktun stjórnvalda að kerfisbreytingarnar séu í samræmi við markmið um réttlát umskipti. Að mati Alþýðusambands Íslands tekur sú skattlagning sem frumvarpið felur í sér hvorki mið af ábyrgð á loftslagsvandannum né fjárhagslegri stöðu fólks.

Réttlát umskipti fela í sér að tækifærum og byrðum vegna loftslagsbreytinga og loftslagsaðgerða sé skipt með réttlátum og sanngjörnum hætti. Réttlát umskipti fela einnig í sér að byrði af loftslagsaðgerðum sé í samræmi við ábyrgð á vandanum og getu til að standa straum af kostnaði vegna vandans. Á mynd númer 7 á blaðsíðu 30 í frumvarpinu, sem má sjá hér að neðan, má sjá að fjöldi bifreiða eykst eftir því sem tekjur eru hærri. Myndin styður við það sem önnur gögn sýna, að bílæign er meiri eftir því sem tekjur eru hærri(3,4). Það að tekjuhærri fjölskyldur eigi fleiri bíla felur í sér að þær beri ábyrgð á stærri hluta losunar gróðurhúsalofttegunda en tekjulægri fjölskyldur, sama hvort litið er til losunar sem stafar af notkun bílanna eða framleiðslu þeirra.

Þó kílómetragjald hafi ekki jafn neikvæð áhrif á tekjulægri hópa er kílómetragjald flatur skattur sem leggst þyngra á tekjulægra fólki. Þetta frumvarp felur ekki í sér neinar breytingar á því eða aðgerðir til þess að koma til móts við það. Slíkar aðgerðir eru mikilvægar til að tryggja að einstaklingar geti brugðist og breytt hegðun, notkun eða neyslu. Fjárhagslegt svigrúm fjölskyldna til að standa straum af kostnaði vegna bifreiða er misjafnt eftir tekjum. Aukin gjaldheimta á bifreiðar og notkun þeirra getur lagst þyngra á tekjulægri fjölskyldur, sem gjarnan búa í útjöðrum borga og nýta samgöngur til að sækja sér vinnu. Tekjuhærri fjölskyldur hafa frekar fjárhagslegt bolmagn til að standa straum af auknum rekstrarkostnaði bíla enda eru útgjöld vegna samgangna lægra hlutfall af ráðstöfunartekjum þeirra en tekjulægra fólks. Tekjuhærri fjölskyldur sem eiga fleiri bíla geta einnig frekar brugðist við aukinni skattlagningu á bifreiðar með því að fækka bílum á heimilinu. Aukinn skattlagning á bifreiðar hefur þau áhrif á tekjulægri hópa að geta þeirra til að standa straum af öðrum nauðsynlegum kostnaði minnkar.

Val tekjulægri hópa stendur því á milli þess eða að reiða sig á almenningssamgöngur sem uppfylla í mörgum tilfellum ekki ferðaparfir fólks með tilheyrandi skerðingu á lífsgæðum og tækifærum til þátttöku í samfélaginu(5). Brýnt er að stjórnvöld bregðist við þeim ójöfnuði sem stefna stjórnvalda í samgöngum og loftslagsaðgerðir getur ýtt undir. Einstaklingar þurfa að hafa valkosti til að bregðast við aukinni gjaldheimtu. Þar þurfa stjórnvöld að efla almenningssamgöngur og draga úr gjöldum vegna notkunar þeirra. Með réttum áherslum má draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka velferð og lífsgæði almennings um leið. Slíkar aðgerðir stuðla að réttlátum umskiptum og eru í samræmi við stefnu Alþýðusambands Íslands(6), stefnu stjórnvalda(7) og stjórnarsáttmála fráfarandi ríkisstjórnar(8).

Sama kílómetragjald á Toyota Yaris og Hummer

Frumvarpið felur í sér álagningu gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra, sem fer stighækkandi eftir þyngd bíls. Eðlilegt er að gjaldið taki mið af þyngd bíls og tilheyrandi sliti á vegum og yfirborði malbiks og fari stighækkandi eftir því sem þyngd bílsins er meiri. Það er því jákvætt að frumvarpið taki að einhverju leyti mið af því. Alþýðusamband Íslands gerir athugasemdir við að sama gjald sé lagt á allar bifreiðar undir 3.500 kg að þyngd. Í greinargerð með frumvarpinu segir að óverulegur munur sé á sliti og niðurbroti vega sem bifreiðar innan þessara þyngdarmarka valda án þess að það sé rökstutt frekar. ÁSÍ tekur undir þau sjónarmið sem koma fram í umsögn FÍB hvað þetta varðar. Ljóst er að mikill þyngdarmunur er á bílum sem rúmast innan þessara marka. Toyota Yaris er til dæmis rúm 1.000 kíló að þyngd en ýmsar gerðir af Hummer-jeppum vega 3.000 kíló. Ljóst er að Hummer hefur meiri áhrif á slit á vegum en Yaris, auk þess sem jeppinn veldur meiri svifryksmengun en minni bílar.

1. <https://samradapi.island.is/api/Documents/07161fb2-7f5c-ef11-9bc5-005056bcce7e>

2. <https://samradapi.island.is/api/Documents/8835b48b-0a80-ee11-9bbf-005056bcce7e>

3. [https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/IRN/Ferdavenjukonnun2022/4033670 Heild allt landid 210423.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/IRN/Ferdavenjukonnun2022/4033670%20Heild%20allt%20landid%20210423.pdf)

4. <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/manntal/manntal-2021-tekjur-heimila-og-bilaeign/>

5. [https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S1364032124000686?ref=pdf download&fr=RR2&rr=8db3c8eeaf4d5cbe](https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S1364032124000686?ref=pdf%20download&fr=RR2&rr=8db3c8eeaf4d5cbe)

6. <https://asi.is/wp-content/uploads/2024/06/53-framtid-vinnumarkadarins-aherslur-asi-2023-2024.pdf>

7. <https://www.stjornarradid.is/verkefni/sjalfbaert-island/>

8. <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/stjornarsattmali/>

Frumvarp til laga um kílómetragjald á ökutæki. Mál nr. 123/2025.

19. mars 2025

Helstu niðurstöður umsagnar:

- Frumvarpið samræmist ekki markmiðum um að „þeir borgi sem noti“.
- Eigendur smærri bíla bera þyngstu byrðarnar og gjaldtaka á þungaflutninga er í engu samræmi við slit á vegum.
- ASÍ leggur til að þrepum kílómetragjalds verði fjölgað með lægri þrepum á bilinu 1.000–3.000 kg.
- ASÍ hvetur stjórnvöld til að auka aðhald á eldsneytismarkaði til að koma í veg fyrir að breytingarnar skapi svigrúm fyrir aukna álagningu á eldsneyti.
- Stjórnvöld ráðist í aðgerðir til að tryggja réttlát umskipti í samgöngum.

Umsögn ASÍ

Frumvarp þetta er endurflutt nær óbreytt en Alþýðusamband Íslands skilaði inn umsögnum um málið á fyrri stigum og í tíð fyrri ríkisstjórnar(1,2) en þau sjónarmið sem þar koma fram eiga einnig við um frumvarp þetta.

Meginmarkmið kílómetragjaldsins er að bregðast við að tekjur hins opinbera af notkun bifreiða hafa dregist saman, m.a. vegna minni eyðslu bíla. Eðlilegt er að stjórnvöld bregðist við þeirri þróun. Segja má að kerfisbreytingin eigi að jafnaði ekki að leiða til þess að meðalnotandi verði fyrir áhrifum af breyttu kerfi. Frá þessu eru þó veruleg frávik. Breytingin mun leiða til aukins kostnaðar fyrir eigendur smærri bíla á meðan gjöld fyrir eigendur þyngri bíla munu lækka, þrátt fyrir að þyngri bílar valdi margfalt meira slit. Jafnframt felur frumvarpið ekki í sér neinar breytingar á gjaldtöku af þungaflutningum frá fyrra kerfi þrátt fyrir að vitað sé að vegslit vegna fólksbíla sé einungis lítið brot af því slit sem vörubifreiðar valda. Þá liggur ekki fyrir hvort frumvarpið sé í samræmi við markmið stjórnvalda um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda.

Alþýðusamband Íslands ítrekar einnig þá afstöðu sína að eðlilegt sé að samgönguinnviðir séu fjármagnaðir í gegnum samneyslu en ekki einungis með notkunargjöldum, enda eru greiðar og skilvirkar samgöngur hagur samfélagsins alls.

Frumvarpið leiðir ekki til þess að „þeir borgi sem noti“

Samkvæmt frumvarpinu er megináherslan í nýju tekjuöflunarkerfi sú að „þeir borgi sem noti“ og að gjaldtakan miðist við afnot af samgönguinnviðum. Ef frumvarpið verður samþykkt munu eigendur bifreiða undir 3,5 tonnum að þyngd greiða sama gjald (6,7 kr.) fyrir ekinn kílómetra. Eigendur smábíla munu þannig greiða sama gjald og eigendur stórra jeppa.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að breyting á tekjuöflunarkerfi muni ekki hafa með sér í för miklar breytingar á gjaldtöku af vörubifreiðum. Þungaflutningar valda margfalt meira slit á vegakerfinu en fólksbilar og er óbreytt gjaldtaka af vörubifreiðum ekki í neinu samræmi við raunkostnað samfélagsins.

Að mati Alþýðusambands Íslands er óbreytt gjaldtaka af þungaflutningum ekki til þess fallin að ná yfirlýstum markmiðum frumvarpsins um að þeir borgi sem noti. Að óbreyttu mun almenningur því bera þyngstu byrðarnar af fjármögnun vegakerfisins og niðurgreiða uppbyggingu þess og viðhald fyrir þungaflutninga á vegum atvinnulífsins.

Lækkun á bensínverði getur leitt til aukinnar álagningar olíufélaga

Alþýðusambandið hefur einnig lýst yfir áhyggjum sínum af áhrifum frumvarpsins á verðþróun á bensíni og álagningu olíufélaganna á olíuverð. Frumvarpið mun leiða til mikillar lækkunar á bensínverði sem getur ruglað verðvitund neytenda og skapað svigrúm fyrir olíufélög til að auka álagningu sína á bensín. Það er því afar mikilvægt að breytingunum verði fylgt eftir með eftirliti með verðlagningu á eldsneyti til að skapa aðhald með olíufélögunum. Meðfram því þarf að leita fleiri leiða til að stuðla að aukinni samkeppni á eldsneytismarkaði.

Stjórnvöld ráðist í aðgerðir til að tryggja réttlát umskipti í samgöngum

Alþýðusamband Íslands kallar eftir því að stjórnvöld ráðist í aðgerðir til að tryggja réttlát umskipti í samgöngum. Notkunargjöld eins og kílómetragjald og kolefnisskattur leggjast þyngra á fólk eftir því sem tekjur eru lægri. Samgöngur eru einn stærsti útgjaldaliður heimilanna ásamt húsnæði og matvöru og hafa aðgerðir stjórnvalda í samgöngum fram að þessu verið til þess fallnar að ýta undir ójöfnuð. Á síðustu árum hafa tugir milljarða í formi ívilnana vegna kaupa á vistvænum bifreiðum runnið úr ríkissjóði, að mestu til tekjuhærri hópa. Á sama tíma hafa auknar álögur verið lagðar á milli- og lægri tekjuhópa sem eiga og reka bifreiðar sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti og hafa ekki haft efni á að skipta yfir í vistvænni bíl. Þá hafa stjórnvöld látið almenningssamgöngur sitja á hakanum sem eru fyrir vikið ekki raunhæfur valkostur við einkabílinn fyrir stóran hluta fólks.

Nauðsynlegt er að snúa þessari þróun við og ráðast í aðgerðir til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif orkuskipta á almenning og stuðla að réttlátum umskiptum í samgöngum.

Til að ná því markmiði er brýnt að stjórnvöld leggi aukna áherslu á uppbyggingu og rekstur almenningssamgangna. Meðfram uppbyggingu Borgarlínu verða stjórnvöld að styðja betur við rekstur Strætó og stuðla þannig að því að almenningssamgöngur verði raunhæfur valkostur við einkabílinn. Bættar almenningssamgöngur eru þjóðhagslega hagkvæmar auk þess sem þær styðja við bætt kjör almennings og samdrátt í losun. Stjórnvöld þurfa einnig að stuðla að því að lægri tekjuhópar hafi möguleika á að skipta yfir í vistvænni bifreiðar með því að beina ívilnunum í auknum mæli til þessara hópa og veita fjárhagslegan stuðning við uppbyggingu rafhleðslustöðva í fjölbýlishúsum.

Frumvarp um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sjálfskaparvíti. Mál nr. 212, 156. löggjafarþing.

8. apríl 2025

ASÍ styður frumvarpið og leggur til að það verði að lögum. Ákvæði sem frumvarpið leggur til að falli úr lögum samræmist ekki hvernig lítið er til fíkisjúkdóma í dag. Rökstuðningur frumvarpsins fer ágætlega yfir það. Viðbúið er að kallað verði eftir mati á áhrifum breytinga á stöðu lífeyrissjóða en með sömu rökum mætti rýna hin ýmsu atriði sem hafa áhrif á heilsufar en fyrirgera ekki rétti á framreikningi örorkulífeyris.

Alþýðusamband Íslands telur frumvarpið tímabæra uppfærslu á lögum um lífeyrissjóði og styður framgang þess.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um Menntasjóð námsmanna (pskj. 286, 254. mál).

23. apríl 2025

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) fagnar framlagningu frumvarpsins og telur það mikilvægt skref í átt að auknum jöfnuði og bættum kjörum námsmanna. ASÍ hefur ítrekað lagt áherslu á að námslánakerfið tryggji öllum jöfn tækifæri til náms, óháð efnahag, aðstæðum eða aldri.

ASÍ styður þær breytingar sem fela í sér að námsmenn fái 20% niðurfærslu námsláns við lok hvernar annar og 10% viðbótarstyrk við námslok, að uppfylltum skilyrðum um námsframvindu. Þetta hvetur til árangurs og veitir aukinn fjárhagslegan stuðning á meðan námi stendur.

Sömuleiðis telur ASÍ sanngjarnt að vextir námslána verði miðaðir við þriggja ára meðaltal vaxta. Þetta dregur úr áhrifum sveiflna í stýrivöxtum og gerir lánskjörin fyrir sjáanlegri fyrir námsmenn.

Einnig er jákvætt að upphaf endurgreiðslna námslána færist úr 12 mánuðum í 18 mánuði eftir námslok, enda er sú breyting til þess fallin að veita nýútskrifuðum námsmönnum meira svigrúm til að hasla sér völl á vinnumarkaði áður en greiðslur hefjast.

ASÍ styður frumvarpið í heild og telur að það feli í sér breytingar sem stuðla að auknum jöfnuði, bættum aðstæðum námsmanna og hagstæðari lánskjörum. Þá hvetur ASÍ til þess að áfram verði unnið að frekari þróun námslánakerfisins með hagsmunum námsmanna og launafólks að leiðarljósi.

Frumvarp til laga um námsgögn, 255. mál.

25. apríl 2025

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) fagnar frumvarpi til laga um námsgögn fyrir leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskóla. Sambandið styður megin stefnu frumvarpsins sem miðar að jöfnuði, bættu aðgengi að menntun og auknum gæðum námsgagna á öllum skólastigum en vill þó koma neðangreindum athugasemdum á framfæri.

ASÍ styður að námsgögn fyrir börn að 18 ára aldri verði gjaldfrjál. Mikilvægt er að tryggja að kostnaður verði ekki færður yfir á foreldra í gegnum aðra gjalddöku, svo sem vegna tækjakaupa, aukagjalda eða skyldukaupa á stoðnámsgögnum. Þetta þarf einnig að hafa í huga við aðgengi að stafrænum lausnum og nýrri tækni þar sem tryggja þarf að allir nemendur hafi raunverulegt aðgengi að nauðsynlegum búnaði, svo sem tölvum og nettengingu, óháð efnahag og búsetu.

Þá er brýnt að verknám, iðnnám, tæknigreinar og aðrar starfsmiðaðar námsleiðir verði í fyrirrúmi við þróun og útgáfu námsgagna. Þá er mikilvægt að tryggja að samráð við alla hagsmunaaðila, þar á meðal þá sem standa að starfsnámi og framhaldsfræðslu, verði raunverulegt og markvisst við gerð árlegrar útgáfuáætlunar um námsgögn, þannig að öll svið náms njóti jafnrar athygli.

Að lokum tekur ASÍ undir mikilvægi áfangaskiptar innleiðingar á gjaldfrjálsum námsgögnum, en leggur ríka áherslu á að hraði í framvindu verði eins mikill og kostur er, svo nemendur njóti sem fyrst ávinnings frumvarpsins. Alþýðusamband Íslands styður því frumvarpið og telur það mikilvægt framlag til að efla jöfnuð og bæta aðgengi að menntun.

Tillaga til þingsályktunar um sveigjanlega tilhögun á fæðingar- og foreldraorlofi (26. mál á 156. löggjafarþingi).

4. apríl 2025

ASÍ hefur undanfarna áratugi verið leiðandi í þeirri mikilvægu baráttu að hér á landi sé aðgengilegt og gott fæðingarorlofskerfi öllum til hagsbóta. Atvinnuþátttaka kvenna á Íslandi er ein sú mesta í heimi sem má meðal annars rekja til fæðingarorlofskerfis og aðgengilegra dagvistunarúrræða. Þrátt fyrir það er atvinnuþátttaka þeirra lægri en karla og konur enn líklegri en karlar til að vinna hlutastörf og draga úr starfsþátttöku eftir fæðingu barna. Alþjóðlegar rannsóknir sýna að réttur feðra til sjálfstæðs fæðingarorlofs hefur jákvæð áhrif á stöðu kvenna á vinnumarkaði. Hann stuðlar að aukinni atvinnuþátttöku, dregur úr launamun kynja og eflir fjárhagslegt sjálfstæði kvenna. Slíkar úrbætur hafa jafnframt áhrif á verkaskiptingu innan heimila, auka þátttöku feðra í umönnun barna og geta leitt til hærri heildartekna heimila til lengri tíma lítið(1).

Jöfn skipting fæðingarorlofs er mikilvæg forsenda jafnrar þátttöku kynja á vinnumarkaði. Nýleg könnun Vörðu, rannsóknastofnunar vinnumarkaðarins, sýnir að konur lengja frekar fæðingarorlof sitt og draga úr vinnu eftir fæðingu barna, á meðan karlar halda frekar fullri starfsþátttöku(2). Þetta endurspeglast í tekjum: samkvæmt rannsókn fjármála- og efnahagsráðuneytisins lækkuðu ráðstöfunartekjur kvenna um 30–40% á fyrsta ári eftir fæðingu barns, á meðan tekjur karla lækkuðu aðeins um 3–5%. Á öðru ári voru tekjur kvenna enn tæplega 20% lægri(3). Þetta hefur neikvæð áhrif á fjárhagslegt sjálfstæði kvenna, möguleika þeirra á starfsframa og eykur ævitekjubil kynjanna.

Sú sviðsmynd sem hér er lýst á líka við um önnur lönd en undanfarin ár hafa einmitt t.d. Svíþjóð, Danmörk og Noregur gert breytingar á sínu kerfi í þá átt sem verið hefur á Íslandi um nokkurt skeið, þ.e. að hluti fæðingarorlofs sé bundinn hvoru foreldri og ekki tilfæranlegur á milli foreldra nema í undantekningartilfellum. Jafnframt má tiltaka í þessu samhengi að Evrópusambandið hefur í tilskipun sinni um jafnvægi á milli vinnu og einkalífs foreldra(4), með vísan í svipuð sjónarmið, skilgreint sérstaklega rétt til feðraorlofs sem er nýmæli á þeim vettvangi.

Um leið og ASÍ fagnar allri umræðu um kerfið og hvernig best sé að þróa það er rétt að benda á að á bak við þróun kerfisins hefur legið mikil vinna aðila vinnumarkaðarins og hefur að mestu verið víðtæk sátt á meðal þeirra um útkomuna. Nánar tiltekið hefur verið sátt um það blandaða kerfi sem verið hefur við lýði allt frá setningu laga nr. 95/2000 þar sem svokallað feðraorlof var á meðal nýmæla. Á þeim tíma var heildarrétturinn níu mánuðir, þ.e. sjálfstæður réttur hvors foreldra um sig þrír mánuðir og svokallaður sameiginlegur réttur til skiptingar var þrír mánuðir. Þessi skipting í þriðjunga hefur að mestu haldið sér síðan og svo því sé haldið til haga þá er skiptingin í gildandi lögum þannig að hvort foreldri um sig á rétt til sex mánaða en er heimilt að framselja sex vikur (1,5 mánuð) til hins foreldris. Í raun má umorða þá reglu svo að sjálfstæður réttur hvors foreldris sé því fjórir og hálfur mánuður og sameiginlegir mánuðir séu þrír talsins ($4,5 + 4,5 + 3 = 12$ mánuðir). Sjálfstæður óframseljanlegur réttur hvors foreldri um sig í gildandi kerfi sé því nú 37,5% ($4,5/12$) af þeim tólf mánuðum sem til skiptanna eru en var í árdaga núgildandi 33%. ($3/9$). Í samhengi við framangreint og þann sveigjanleika sem er í gildandi kerfi má jafnvel benda á það að með lögum nr. 144/2020 var gerð umtalsverð tilslökun á framseljanleika til að mæta sérstökum aðstæðum sem uppi geta verið hjá einstæðum foreldrum. Í því samhengi er sérstaklega bent á 8. mgr. 9. gr.(5) sem átti sér ekki hliðstæðu í lögum nr. 95/2000.

Með vísan í allt framangreint þá telur ASÍ ekkert sérstakt tilefni til að þingsályktunartillaga þessi verði samþykkt. Ágætis sátt sé um kerfið sem nýlega var uppfært.

1.Earle, A., Raub, A., Sprague, A., & Heymann, J. (2023). Progress towards gender equality in paid parental leave: an analysis of legislation in 193 countries from 1995-2022. Community, Work & Family, 1-21.

2.https://www.rannvinn.is/_files/ugd/61b738_8c725099850442528934919dfd7378cc.pdf 3.<https://www.althingi.is/altext/pdf/154/s/2172.pdf> 4.<https://www.efta.int/sites/default/files/media/documents/legal-texts/eea/other-legaldocuments/translated-acts/icelandic/i32019L1158.pdf> 5. Í greinargerð með frumvarpinu sem varð að lögnum segir um þetta: Í 8. mgr. er lagt til að í þeim tilvikum þegar fyrirséð er að forsjárlaust foreldri muni ekki annast barn sitt á fyrstu 24 mánuðunum eftir fæðingu þess sem og á fyrstu 24 mánuðunum eftir að barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða tóku í varanlegt föstur þar sem foreldrið hefur ekki umgengni við barnið á grundvelli niðurstöðu lögmæltstjórnsvalds, svo sem sýslumanns, eða dómstóla, sé Vinnumálastofnun heimilt að færa réttforsjárlausa foreldrisins til fæðingarorlofs, sem stofnast hefur til skv. 1. mgr. 8. gr., og foreldrið hefur ekki þegar nýtt sér, yfir til forsjáforeldrisins, enda sækir forsjáforeldrið um tilfærslu til Vinnumálastofnunar. Lagt er til að hið sama eigi við liggja fyrir niðurstöðu lögmæltstjórnsvalds eða dómstóla um að umgengni forsjárlausa foreldrisins við barnið skuli vera verulega takmörkuð en í því sambandi er meðal annars átt við að umgengni forsjárlausa foreldrisins skuli fara fram undir eftirliti. Gert er ráð fyrir að Vinnumálastofnun skuli meta hvort skilyrði fyrir tilfærslu réttinda séu uppfyllt. Í því sambandi er gert ráð fyrir að stofnuninni verði heimilt að óska eftir nauðsynlegum gögnum frá forsjáforeldrinu eða öðrum aðilum við matið. Við tilfærslu réttinda er gert ráð fyrir að réttur forsjárlausa foreldrisins verði að þeim réttindum sem forsjáforeldrið hefur áunnið sér innan fæðingarorlofskerfisins. Er þannig gert ráð fyrir að einstætt foreldri, sem fer með fulla og óskipta forsjá og umönnun barns á fyrstu 24 mánuðunum eftir fæðingu þess sem og á fyrstu 24 mánuðunum eftir að barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða tóku í varanlegt föstur, án aðkomuforsjárlausa foreldrisins samkvæmt niðurstöðu lögmæltstjórnsvalds eða dómstóla, geti átt möguleika á allt að tólf mánaða fæðingarorlofi. Þá kemur fram að ráðherra sé heimilt að setja reglugerð þar sem nánar er kveðið á um skilyrði fyrir tilfærslu réttinda samkvæmt ákvæðinu.

Frumvarp til laga um breytingar á raforkulögum og lögum um stjórn vatnamála (flýtimeðferð og breyting á vatnshloti)

27. febrúar 2025

Helstu niðurstöður umsagnar:

- Frumvarpið gengur lengra en þörf er á til að ná þeim markmiðum sem því er ætlað.
- Vinnubrögð við framlagningu frumvarpsins hvorki vönduð né lýðræðisleg.
- Áformaðar breytingar styðja ekki við faglegt mat á virkjanakostum.

Umsögn Alþýðusambandsins

Alþýðusamband Íslands hefur frá upphafi stutt faglegt ferli um vernd og orkunýtingu landsvæða og gerir enn. Verkefnisstjórn rammaáætlunar lagði á sínum tíma til að Hvammsvirkjun yrði sett í nýtingarflokk og studdi ASÍ þá tillögu. ASÍ telur nauðsynlegt að tryggja raforkuöryggi til lengri og skemmri tíma. Aukin orkuöflun er hluti af þeirri lausn en lagasetning, þar sem forgangsnotendur raforku eru skilgreindir og þeim er tryggð raforka ef eftirspurn er umfram framboð, er einnig nauðsynleg til að tryggja raforkuöryggi.

Ljóst er að stjórnvöld þurfa að bregðast við þeim aðstæðum sem komið hafa upp í kjölfar nýlegs dóms þar sem framkvæmdaleyfi Hvammsvirkjunar var fellt úr gildi. Alþýðusamband Íslands telur mikilvægt að orkuöflun og nýting þjóni almannahagsmunum, styðji við raforkuöryggi, verðmæta- og atvinnusköpun, velferð og bætt kjör almennings.

Það er mat Alþýðusambandsins að bregðast þurfi við því ef formgalli á lögum kemur í veg fyrir að hægt sé að gera breytingar á vatnshloti vegna virkjana. ASÍ telur þó varhugavert að ráðast eigi í jafn umfangsmiklar og almennar breytingar á lagaumgjörð um ákvarðanatöku, greiningu og mat á hvaða hagsmunir vega þyngst fyrir almannaheill við nýtingu á orkuauðlindum allra landsmanna, án undangengins samráðs og samfélagslegrar umræðu.

Alþýðusamband Íslands leggur áherslu á að ákvarðanir um virkjanir og orkunýtingu séu byggðar á faglegu mati og að sjálfbær þróun og hagsmunir komandi kynslóða liggja til grundvallar við nýtingu auðlinda. Breytingar á löggjöf sem varða það ferli sem mat og ákvarðanatöku um orku- og auðlindanýtingu byggir á, þurfa að vera gerðar að undangengnu samráði og opinni umræðu byggðri á vísindalegum staðreyndum og faglegu mati þar sem gagnsæi ríkir um þær forsendur sem liggja að baki.

Að mati Alþýðusambands Íslands uppfyllir framlagning þessa frumvarps, eða efni þess, ekki þessi skilyrði.

Gengið á lýðræðislegan rétt almennings

Alþýðusamband Íslands gagnrýnir að umsagnarfrestur sé stytur úr fjórum vikum niður í eina en með því er gengið á möguleika almennings til þátttöku í ákvarðanatöku um umhverfismál og aðgang að réttlátri málsmeðferð. Ljóst er að með því að stytta umsagnarrétt, sem fyrir var ekki langur, verður aðstöðumunur þeirra sem vilja láta sig málin varða aukinn verulega. Þannig mun halla enn frekar á almenning þegar kemur að lýðræðislegri þátttöku, sem stendur nú þegar höllum fæti, samanborið við aðra aðila sem hafa meiri styrk og bolmagn til að hafa áhrif á ákvarðanatöku.

Gjaldfelling á hugtakinu „almannahagsmunir“

Alþýðusamband Íslands gerir einnig alvarlegar athugasemdir við hve rúmt almannahagsmunir eru túlkaðir í frumvarpinu. Í greinargerð með frumvarpinu eru fjölmörg atriði nefnd sem talin eru varða almannahagsmuni, sem líta eigi til við ákvarðanatöku um flýtimeðferð við leyfisveitingu. Þar má nefna fjárhagslega hagsmuni framkvæmdaraðila. Að mati ASÍ er hugtakið almannahagsmunir gjaldfellt með svo rúmri skilgreiningu en augljóst er að fjárhagslegir hagsmunir fyrirtækja teljast ekki til almannahagsmuna.

Eðlisbreyting á ferli rammaáætlunar

Rammaáætlun er mikilvægt tól og veigamikill þáttur í að stuðla að faglegum vinnubrögðum við mat á virkjanakostum í tengslum við vernd og nýtingu náttúruauðlinda. Faglegt mat á virkjanakostum felur þó einnig í sér mat opinberra stofnana sem gegna mikilvægu hlutverki í að tryggja að almannahagsmunir séu tryggðir þegar landsvæðum er raskað. Frumvarpið felur í sér eðlisbreytingu á ferli rammaáætlunar og að vægi hennar verði aukið á kostnað mats Umhverfis- og orkustofnunar, sem mat verkefnisstjórnar Rammaáætlunar byggir meðal annars á. Alþýðusamband Íslands fær ekki séð að þessar breytingar styðji við það faglega ferli og mat sem er nauðsynlegt til að tryggja almannahagsmuni við vernd og orkunýtingu.

Það er mat Alþýðusambands Íslands að frumvarpið gangi mun lengra en þörf er á til að ná þeim markmiðum sem frumvarpinu er ætlað.

Frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum, nr. 99/1993.

24. mars 2025

Alþýðusamband Íslands styður þær breytingar sem boðaðar eru í frumvarpsdrögum en með þeim eru afturkallaðar undanþágur sem afurðastöðvum voru veittar frá samkeppnislögum.

Aðdraganda málsins má rekja til lagabreytinga sem tóku gildi í mars 2024 og fólu í sér að afurðastöðvum voru veittar rýmri undanþágur frá samkeppnislögum en þekkjast í okkar nágrannaríkjum. Alþýðusambandið mótmælti þeim breytingum harðlega í yfirlýsingu og taldi að breytingarnar myndu skerða kjör launafólks og neytenda. Sambandið taldi jafnframt gagnrýnivert að svo víðtækar breytingar væru gerðar á frumvarpinu í meðförum nefndar og án alls samráðs við hagsmunaaðila eða eftirlitsstofnanir.

Verðlag á Íslandi er hátt og með því hæsta sem þekktist innan ríkja Evrópu. Verð á matvöru er að jafnaði 42% hærra á Íslandi en í ríkjum Evrópusambandsins. Munurinn er meiri þegar horft er á verð á búvöru, en verð á kjöti er um 64% hærra en í ESB og mjólkurvara 68% dýrari. Margar ástæður geta útskýrt hærra

verðlag á Íslandi en í ríkjum Evrópusambandsins, s.s. smæð og staða landsins, launamunur eða ólík tollvernd milli ríkja. Samkeppni eða öllu heldur skortur á henni hefur einnig tilfinnanleg áhrif á vöruverð. Enda er munur á verðlagi að jafnaði meiri í þeim flokkum þar sem tollvernd er há og fákeppni til staðar.

Í upphaflegum frumvarpsdrögum var lagt til að heimila fyrirtækjum í eigu eða undir meirihlutastjórn frumframleiðenda (þ.e. bænda) að eiga með sér samstarf um afmarkaða þætti líkt og tíðkast í nágrannalöndum. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir að félag gæti talist til framleiðendafélags ef frumframleiðendur réðu að lágmarki yfir 51% atkvæða í félaginu. Markmið þessara breytinga var einkum að styrkja stöðu bænda. Þær breytingar sem gerðar voru í meðförum þingnefndar gengu mun lengra en í frumvarpsdrögum, þar var ekki gerð krafa um meirihlutaeignarhald eða stjórn bænda í framleiðendafélögum. Í raun var öll kjötframleiðsla gerð undanþegin samkeppnislögum en líkt og segir í greinargerð eru það öll félög og samtök félaga sem eru fyrstu framleiðendur kjötafurða, afleiddra afurða og annast slátrun og vinnslu. Sjónarmið um að með þessu hefðu framleiðendur setið við sama borð og framleiðendur í Evrópu á ekki við rök að styðjast, enda gengu breytingarnar lengra en í nágrannalöndum, ásamt þeirri staðreynd að íslenskur landbúnaður býr við meiri tollvernd heldur en í samanburðarlöndum. Breytingarnar myndu því ýta undir aukna fákeppni á innanlandsmarkaði á sama tíma og erlend samkeppni er takmörkuð með tollvernd. Ekki var gert ráð fyrir að samrunaæftirlit myndi virkjast í kjölfar lagabreytinga og ekki tryggt að opinber verðlagsákvörðun yrði til staðar líkt og þekkist í mjólkuriðnaði.

Rétt er að benda á að nú þegar eru heimildir í 15. gr. samkeppnislaga sem kveða á um að falla megi frá banni við samráði og samstarfi að því gefnu að það stuðli að:

- Bættri framleiðslu eða dreifingu á vöru eða þjónustu eða efla tæknilegar og efnahagslegar framfarir,
- veiti neytendum sanngjarna hlutdeild í ávinningi sem af þeim hlýst,
- leggi ekki höft á hlutaðeigandi fyrirtæki sem óþörf eru til að settum markmiðum verði náð og veiti fyrirtækjunum ekki færi á að koma í veg fyrir samkeppni að því er varðar verulegan hluta framleiðsluvaranna eða þjónustunnar sem um er að ræða.

Það er mat ASÍ að breytingarnar hafi hvorki verið í þágu bænda, launafólks eða neytenda og í raun getað verið íþyngjandi fyrir bændur, haft neikvæð áhrif á kjör launafólks og leitt til hærra verðlags fyrir neytendur.

Tillaga til þingsályktunar um fjárhæðir skaðabóta, 112. mál á 156. löggjafarþingi.

20. mars 2025

Eins og fram hefur komið í umsögnum um efnislega sambærileg lagafrumvörp á 150., 151., 152., 153. og 154. löggjafarþingum, styður Alþýðusamband Íslands eindregið þau sjónarmið sem tillaga þessi byggir á hvað varðar vísitöluviðmiðun skaðabótalaga enda stuðla þau að því meginmarkmiði skaðabótalaga að tjónpolar verði eins settir og þeir voru fyrir tjón.

**Frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum
nr. 65/2003 (raforkuöryggi). Mál nr. 130/2025**

24. mars 2025

Alþýðusamband Íslands fagnar sýndum vilja stjórnvalda til að tryggja forgang heimila og almennra notenda að raforku sem birtist í samstarfsyfirlýsingu stjórnvalda og framlagningu þessa frumvarps. Að mati Alþýðusambands Íslands er frumvarpið ekki fullnægjandi til að tryggja raforkuöryggi þessara notenda. Alþýðusamband Íslands gerir athugasemdir við að frumvarpið feli ekki í sér neina vernd fyrir heimili og smærri fyrirtæki gegn verðhækkunum á raforku. Lykilþáttur í að tryggja raforkuöryggi er að tryggja að raforka sé á viðráðanlegu verði.

Þrátt fyrir að frumvarpið tryggi íslenskum heimilum örugga afhendingu á raforku er ekkert í frumvarpinu sem tryggir að sú raforka verði á viðráðanlegu verði og sem kemur í veg fyrir að almenningur og smærri fyrirtæki lendi í verðsamkeppni við stórnotendur raforku. Frumvarpið tekur ekki mið af sérstöðu íslensks raforkumarkaðar sem er gjörólíkur orkumörkuðum á meginlandi Evrópu. Hér á landi eru stórnotendur ráðandi á raforkumarkaði og nota 80% raforkunnar en almenningur og smærri fyrirtæki samanlagt 20%. Þessu er öfugt farið í löndunum í kringum okkur. Þá er nær öll raforka sem framleidd er á Íslandi endurnýjanleg auk þess sem íslenskur raforkumarkaður er lokaður og tíma tekur að setja á fót nýjar virkjanir. Þetta þýðir að ekki er hægt að bregðast við framboðsskorti með skömmum fyrirvara og að hærri orkuverð hefur ekki sömu áhrif á framboð og eftirspurn eftir raforku hér og á meginlandi Evrópu.

Það er með öllu óskiljanlegt að íslensk stjórnvöld taki ekki tillit til þessarar sérstöðu við mótun lagaumgjarðar fyrir raforkumarkað. Með því hætta stjórnvöld á að grafa undan lífsgjörum almennings og auka kostnað smærri fyrirtækja, draga úr samkeppnishæfni þeirra og setja rekstur þeirra sem nota meiri raforku í uppnám.

Alþýðusamband Íslands gagnrýnir einnig að ekki hafi verið framkvæmt neitt áhrifamat á þeim breytingum sem frumvarpið felur í sér. Slíkt getur ekki talist til vandaðrar stjórnsýslu eða löggjafar og er óábyrgt gagnvart almenningi og fyrirtækjum sem munu verða fyrir áhrifum af lagasetningunni.

Raforkuöryggi ekki tryggt án verndar gegn verðhækkunum á raforku

Jákvætt er að í frumvarpinu sé að finna ákvæði sem tryggir afhendingaröryggi almennings. Frumvarpið felur þó ekki í sér neina vernd fyrir verðhækkunum á raforku og er raforkuöryggi almennings því ekki tryggt. Afhendingaröryggi og raforkuverð er samofið og raforkuöryggi verður ekki náð ef heimili og fyrirtæki hafa ekki efni á raforkunni og ef hátt verð grefur undan lífsgæðum almennings og rekstri fyrirtækja. Engin tilraun er gerð í frumvarpinu til að koma í veg fyrir að heimili og smærri fyrirtæki lendi í verðsamkeppni við stórnotendur raforku sem er vitað mál hver hefur yfirhöndina í. Raforka er nauðsynjavara og munu verðhækkanir á raforku koma verst niður á tekjulægri hópum, hafa neikvæð áhrif á lífsgjör og ýta undir ójöfnuð. Aðgengi að raforku á viðráðanlegu verði er ein af undirstöðum þeirra lífsgæða sem íslensk heimili búa við og er grundvallarþáttur í verðmæta- og atvinnusköpun hér á landi og fyrir samkeppnishæfni fyrirtækja. Lagaumgjörð sem stendur ekki vörð um þessa þætti er til þess fallin að grafa undan þessum ábata sem orkuauðlindin hefur skilað þjóðinni fram til þessa.

Forgangur smærri fyrirtækja við skömmun raforku ekki tryggður

Að mati Alþýðusambands Íslands er enn óljóst hvaða aðilar, aðrir en almenningur, muni njóta forgangs ef framboð af raforku fullnægir ekki eftirspurn. Ekki er skýrt hvað er átt við með „mikilvægum samfélagslegum innviðum“ og ekki er að finna skilgreiningu á því í greinargerð. Ósamræmis gætir í greinargerð frumvarpsins um hverjir eigi að njóta forgangs ef kemur til skömmunar og óskýrt er hvaða aðilar eða hópar, aðrir en almenningur, skuli njóta forgangs.

Í 4. gr. frumvarpsins segir að „heimilisnotendur og mikilvægir samfélagsinnviðir“ skuli njóta forgangs ef óviðráðanleg atvik valdi því að framboð raforku fullnægir ekki eftirspurn. Í greinargerð með frumvarpinu segir að markmið frumvarpsins sé „aukið raforkuöryggi og forgangur heimila og almennra notenda“ í samræmi við stefnuýfirlýsingu þeirra flokka sem eru í ríkisstjórn. Á öðrum stað í greinargerðinni segir að „almennigur og þjónusta í almannapágu skuli ávallt njóta forgangs umfram aðra hagsmuni“. Á enn öðrum stað segir að með frumvarpinu sé lagt til að „forgangur almennings og smærri fyrirtækja í tilviki skömmtunar verði bundinn í lög“.

Ef frumvarpið verður samþykkt óbreytt verður ekki tryggt í lögum að smærri fyrirtæki njóti forgangs né verður til staðar skilgreining á hvað telst til smærri fyrirtækja. Þá verður ekki ljóst hvaða mikilvægu samfélagslegu innviðir skuli njóta forgangs. Að mati Alþýðusambands Íslands er ekki fullnægjandi að skilgreining á hvaða hópar skuli njóta forgangs við skömmtnun á raforku sé útfærð í reglugerð. Slíkt ákvæði þarf að vera í lögum þar sem er skýrt hvaða hópa er átt við.

Eitt meginmarkmið frumvarpsins er að skilgreina hvaða hópar skuli njóta forgangs ef grípa þarf til skömmtunar á raforku. Að mati Alþýðusambands Íslands er því markmiði ekki náð. Nauðsynlegt er að ráðast í breytingar á frumvarpinu þar sem skilgreint er nánar hvað er átt við með „mikilvægum samfélagslegum innviðum“ og þar sem forgangur smærri fyrirtækja er tryggður.

Ekkert áhrifamat á breytingum á hlutverki stórnotenda á raforkumarkaði

Alþýðusamband Íslands geldur mikinn varhug við þeim breytingum sem felast í 3. gr. b. þar sem lagt er til að flutningsfyrirtæki skuli leita tilboða, eða sjá til þess að tilboða sé leitað, um breytingu á raforkunotkun miðað við aðstæður í raforkukerfinu. Í greinargerð með frumvarpinu segir að dæmi um slíkt geti verið samningar við stórnotendur um endurkaup raforku eða breytingar á raforkunotkun við tilteknar aðstæður til lengri eða skemmri tíma og að gert sé ráð fyrir að slíkir samningar séu boðnir út á markaðsforsendum. Afar gagnrýnivert er að ekkert áhrifamat hafi verið gert á svo umfangsmiklum breytingum í frumvarpinu. Ákvæði þetta felur í sér verulega eðlisbreytingu á hlutverki stórnotenda raforku. Breytingar þessar geta haft afdrifaríkar afleiðingar með sér í för fyrir íslenskt atvinnulíf og vinnumarkað, dregið úr verðmætasköpun og grafið undan starfs- og afkomuöryggi þess fólks sem starfar hjá stórnotendum og hjá fyrirtækjum sem þeim tengjast og sem þjónusta þá. Alþýðusamband Íslands getur ekki stutt svo umfangsmiklar breytingar á meðan ekkert liggur fyrir um umfang þeirra né áhrif þeirra. Sambandið hvetur stjórnvöld eindregið til að draga breytingarnar til baka og ráðast í áhrifamat og greiningar á hvaða þýðingu þær hafa fyrir íslenskt atvinnulíf, launafólk og vinnumarkað.

Frumvarp til breytinga á lögum um sorgarleyfi, nr. 77/2022 (aukin réttindi foreldra), mál nr. 146.

25. mars 2025

Alþýðusamband Íslands (hér eftir ASÍ) hefur fengið ofangreint frumvarp til umsagnar. Líkt og fram kemur í frumvarpinu er um að ræða framhald af vinnu sem farið var í að hausti 2024 þegar lögð voru fram drög að frumvarpi um aukinn rétt foreldra til sorgarleyfis. ASÍ lagði þá fram umsögn, dags. 2. október 2024.

Í frumvarpi því sem nú er til umsagnar er að finna mikla réttarbót fyrir foreldra sem missa maka sinn, auk þess að réttur til sorgarleyfis við barnsmíssi, fósturlát eða andvanafæðingu er rýmkaður. ASÍ fagnar þeim breytingum sem lagðar eru til, enda mikilvægt að styðja við foreldri á þeim erfiðu tímum sem í frumvarpinu er lýst. Ekki síður er um að ræða bót fyrir börn foreldra eftir atvikum, enda stuðlar

frumvarpið að því að foreldrar fái ákveðinn tíma frá vinnumarkaði meðan hlúð er að þeim sjálfum og börnum þeirra.

ASÍ hefur áður lagt til að endurskoða hvort rétt sé að rýmka réttinn til sorgarleyfis þegar foreldri barns andast en er ekki í sambúð með eftirlifandi foreldri. Má sem dæmi nefna þegar hvorugt foreldri er í sambúð eða hjónabandi. Það liggur ljóst fyrir að við slíkan missi foreldris, er rík þörf á að eftirlifandi foreldri geti hlúð að barni sínu og ekki síður en í þeim tilvikum sem fram koma í frumvarpi þessu. Samkvæmt framlögðu frumvarpi nú kemur fram að ekki þótti tilefni til breytinga frá fyrri drögum. Engu að síður telur ASÍ mikilvægt að tekin sé sérstök afstaða til athugasemdar þessarar.

Hvað varðar aukinn rétt til sorgarleyfis við barnsmissi, fósturlát eða andvanafæðingar er tekið undir afstöðu Gleym mér ey styrktarfélag er varðar rétt til sorgarleyfis við fósturlát.

Að öðru leyti, líkt og að framan er rakið, er fagnað frumvarpi þessu til handa foreldrum á þeim erfiðu tímum sem þar er lýst og lýst yfir fullum vilja til frekari aðkomu sé þess óskað.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um opinber fjármál, nr. 123/2015 (stöðugleikaregla o.fl.).

3. apríl 2025

Alþýðusambandið tekur undir markmið þeirra breytinga sem boðaðar eru í frumvarpi er snúa að fjármálareglum laganna, t.a.m. stuðla að sjálfbærni og stöðugleika í efnahagsmálum. Það er mat ASÍ að innleiðing stöðugleikareglu í stað afkomureglu sé til bóta og líklegra til að styðja við grunnildi laga um opinber fjármál. ASÍ telur jákvætt og mikilvægt að fjárfesting sé undanskilin frá stöðugleikareglu.

Fjármálareglur tóku gildi árið 2015 með lögum um opinber fjármál. Alþýðusambandið taldi á þeim tíma til bóta að innleiða umgjörð sem myndi auka aga og fyrirsjáanleika við stjórn ríkisfjármála. Hins vegar hafði sambandið fyrirvara um afkomuregluna sérstaklega í ljósi mikilvægis opinberra fjármála í að bregðast við áföllum í efnahagslífi. Þar kynni reglan að vera að takmarka viðspyrnu í efnahagslífi. Áhrif heimsfaraldurs á íslenskt efnahagslíf urðu til þess að frávík frá tölulegum fjármálareglum voru heimiluð árið 2020. Að óbreyttu taka þær gildi á ný árið 2026.

Þetta skapaði skilyrði fyrir endurskoðun á verkan og virkni núgildandi regluverks. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) og fjármálaráð hafa kallað eftir endurskoðun á núgildandi afkomureglu, sem þykir sveifluaukandi (e. *pro-cyclical*). Þar hefur borið á því að tekjum sem skýrast af tímabundinni hagsveiflutengdri aukningu sé ráðstafað í varanleg útgjöld sem síðar hefur takmarkað getu til viðspyrnu í niðursveiflu. Alþýðusambandið hefur ítrekað gagnrýnt slíka fjármálastjórn hins opinbera.

Umrætt frumvarp sýnir viðleitni í þá veru að bregðast við framangreindum vandamálum. Almennt þykir æskilegt að fjármálastjórn hins opinbera sé sveiflujafnandi (e. *counter-cyclical*). Það næst með bættri tekjuafkomu í uppsveiflu og lakari í niðursveiflu. Fyrirhugaðri stöðugleikareglu er ætlað að stuðla að þessu markmiði. Það er góðra gjalda vert. Samhliða er skuldalækkunarreglan afnumin og tekin upp krafa um skuldaþróunaráætlun, fari skuldahlutfallið umfram 30% af VLF. Oft vill verða togstreita milli markmiða um skuldalækkun og sveiflujöfnun og hefur tillagan, í fljótu bragði, burði til að greiða úr slíkum árekstrum.

Núgildandi fyrirkomulag, þrátt fyrir augljósa ágalla, er gagnsætt með skýrum tölulegum mælikvörðum. Frumvarpið boðar sveigjanlegra kerfi, en reiðir sig í töluverðum mæli á undirbúningsgögn fremur en lagatextann sjálfan þegar kemur að útfærslu, svo sem frávikum frá tölulegum viðmiðum og áætlanagerð. Alþýðusambandið setur fyrirvara við að löggjafinn gefi sér vissa túlkun við úrvinnslu laganna, sem ætti heima í reglugerð.

Alþýðusambandið setur spurningarmerki við að markmið stöðugleikareglu nái ekki yfir fjármál ríkis og sveitarfélaga, heldur einungis A-hluta ríkissjóðs. Það gengur í berhöggi við álit AGS1, þar sem þvert á móti er hvatt til þess að útvíkka þekju fjármálareglna svo ná megi utan um kerfisáhættu hins opinbera með heildstæðum hætti. Þó svo að skuldareglan tengi enn saman fjármál ríkis og sveitarfélaga verður ekki betur séð en að þekja regluverksins dragist saman, nái frumvarpið fram að ganga. ASÍ er ekki kunnugt um að núverandi gildissvið afkomureglu hafi verið til trafala og kallar eftir skýringum á breytingunni, en áréttar að afnámi afkomureglu sé ekki mótmælt.

Athygli er vakin á að hlutverk sérfræðingaráðs um framleiðni, sbr. yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til stuðnings kjarasamningum, samræmist ekki hlutverki fjármálaráðs sem hlutlægs álitsgjafa um opinber fjármál. Sérfræðingaráði um framleiðni er ætlað ráðgefandi hlutverk um stefnumótun varðandi bættu nýtingu framleiðsluþátta, sem er í eðli sínu stefnumótandi. ASÍ hefur fyrirvara um útvíkkað hlutverk fjármálaráðs. Umræða um framleiðniþróun í hagkerfinu og aðgerðir til að styðja við framleiðnivöxt er ekki eingöngu samtal sem hefur snertiflöt við opinber fjármál heldur víðtækan snertiflöt við málefni vinnumarkaðar. Eðlilegt væri að aðilar vinnumarkaðarins hefðu beina aðkomu að því samtali, t.d. á vettvangi þjóðhagsráðs og í kjaratölfræðinefnd.

Það er mat ASÍ að þær breytingar, sem frumvarpið boðar, séu á heildina til bóta. Umfang frávaksheimilda frá tölulegum markmiðum laganna eru auknar og æskilegt að þær séu útfærðar í reglugerð með skýrari hætti.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, 215. mál (fjölburaforeldrar og veikindi á meðgöngu)

9. apríl 2025

Alþýðusamband Íslands (hér eftir ASÍ) hefur fengið til umsagnar ofangreint frumvarp er varðar aukinn rétt fjölburaforeldra til fæðingarorlofs eða greiðslu fæðingarstyrks svo og aukinn rétt vegna meðgöngutengdra veikinda. Áður hefur ASÍ lagt fram umsögn þegar umræddar breytingar voru kynntar sem áform í samráðsgátt stjórnvalda, dags. 17. febrúar sl. Lá þá ekki fyrir hvernig lögin yrðu útfærð og lagði sambandið til við ráðherra að huga að anda núgildandi laga um fæðingar- og foreldraorlof og tilhögun fæðingarorlofs við vinnslu frumvarps.

Í frumvarpi því sem nú er til meðferðar innan þingsins er lagður til aukinn réttur fyrir fjölburaforeldra þannig að í stað þriggja mánaða vegna hvers barns umfram eitt, komi inn sex mánuðir og aukinn réttur til töku fæðingarorlofs þegar foreldri veikist á meðgöngu sem hefur áhrif á getu þess til að annast barn sitt í fæðingarorlofi. Það foreldri á rétt til tveggja mánaða aukins fæðingarorlofs.

Frumvarpið felur í sér mikilvægar úrbætur fyrir foreldra sem standa frammi fyrir aðstæðum sem felur í sér aukna þörf til umönnunar: við umönnun fjölbura eða þegar foreldri veikist alvarlega á meðgöngu sem hefur áhrif á umönnun barns í fæðingarorlofi. Í frumvarpinu er lögð til frjáls skipting þeirra mánaða sem aukning nær til og er þannig undantekning frá hinni almennu reglu grunnorlofs, sem eru sex mánuðir á hvort foreldri, með heimild til framsals á sex vikum. Er mikilvægt að huga að því hvernig slíkar útfærslur kunna að hafa áhrif á markmið laganna um jafna þátttöku beggja foreldra í umönnun barna og jafnvægi á milli einkalífs og atvinnuþátttöku. Í því samhengi vill ASÍ benda á mikilvægi þess að fylgst verði með tölfræði og þróun mála á komandi misserum verði frumvarpið að lögum.

Ekki eru gerðar sérstakar athugasemdir um útfærslu þess réttar sem aukinn er vegna meðgöngutengdra veikinda. ASÍ tekur undir mikilvægi þess og styður frumvarpið m.t.t. framangreindra athugasemda.

Tillögur til þingsályktunar um fjármálaáætlun (Mál 264) og fjármálastefnu (Mál 259) fyrir árin 2026–2030.


30. apríl 2025

Óskað hefur verið eftir umsögn Alþýðusambands Íslands um fjármálaáætlun og fjármálastefnu fyrir árin 2026–2030.

Síðustu ár hefur meginstefnumörkun opinberra fjármála verið að stöðva skuldasoðun og hallarekstur ríkissjóðs. Frumjöfnuður ríkissjóðs hefur verið jákvæður frá árinu 2022 en að teknu tilliti til vaxtagreiðslna hefur ríkissjóður verið rekinn í halla frá því fyrir heimsfaraldur. Líkt og í fjármálaáætlun 2025–2029 er stefnt að því að ná jákvæðum heildarjöfnuði, nú á árinu 2027 í stað ársins 2029 og þar með leggja grunn að lækkun skuldahlutfalls, úr 39% í 37% á tímabili áætlunar. Alþýðusambandið tekur undir mikilvægi þess að hallarekstur ríkissjóðs sé stöðvaður og ríkisfjármálin stuðli þannig að efnahagslegum stöðugleika, lægra vaxtastigi og lægri vaxtabyrði. Þetta er ekki síst mikilvægt í ljósi þeirrar vaxandi óvissu sem efnahagslífið stendur frammi fyrir sem skýrist bæði af aukinni óvissu í alþjóðamálum en einnig af innlendum þáttum á borð við eldgos og náttúruhamfarir.

Afkoma hins opinbera

% af VLF



Þó meginstefnumörkunin sé í grunninn ekki frábrugðin þeirri sem birtist í síðustu fjármálaáætlun hefur afkoma ríkissjóðs reynst veikari en áætlanir og fjárlög gerðu ráð fyrir. Við endurmat á afkomu ríkissjóðs í lok árs var þannig áætlað að halli næmi 1,2% af VLF í stað 0,5% eins og lagt var upp með síðustu fjármálaáætlun(1). Er um kunnuglegt stef að ræða í ríkisfjármálum þar sem tekjum sem leiða af tímabundinni stöðu hagsveiflunnar hefur verið ráðstafað í aukin útgjöld og/eða veikingu tekjustofna. Alþýðusambandið hefur ítrekað varað við slíkri stefnumörkun sem leiðir til þess að þegar hægir á í efnahagslífi duga tekjur ríkissjóðs ekki til þess að fjármagna nauðsynleg útgjöld eða fjárfestingar.

ASÍ telur jákvætt að nú sé lögð fram fjármálaáætlun án óútfærðra afkomubætandi ráðstafana en slíkar ráðstafanir hafa numið allt að 40 milljörðum króna á ári í áætlunum. Sambandið hefur talið það veikleika hversu mikið áætlanagerð hvílir á óútfærðum ráðstöfunum, eignasölum og ólögfestum breytingum sem pólitísk samstaða virðist ekki ríkja um.

Fjármálareglur taka breytingum

Fjármálareglur tóku gildi árið 2015 með lögum um opinber fjármál. Alþýðusambandið taldi á þeim tíma til bóta að innleiða umgjörð sem myndi auka aga og fyrirsjáanleika við stjórn ríkisfjármála. Hins vegar hafði sambandið fyrirvara um afkomuregluna sérstaklega í ljósi mikilvægis opinberra fjármála í að bregðast við áföllum í efnahagslífi. Þar kynni reglan að takmarka viðspyrnu í efnahagslífi. Áhrif heimsfaraldurs á íslenskt efnahagslíf urðu til þess að frávik frá tölulegum fjármálareglum voru heimiluð árið 2020. Að óbreyttu taka þær gildi á ný árið 2026.

Það er mat ASÍ að innleiðing stöðugleikareglu í stað afkomureglu sé til bóta og líklegri til að styðja við grunnildi laga um opinber fjármál(2). Líkt og segir að ofan hefur borið á því að tímabundinni hagsveiflutengdri aukningu tekna sé gjarnan ráðstafað í varanleg útgjöld sem síðar hefur takmarkað getu hins opinbera til viðspyrnu í niðursveiflu. Innleiðing stöðugleikareglu vinnur gegn þessu. ASÍ telur þó mikilvægt að fjárfesting sé undanskilin frá stöðugleikareglu. Samhliða er skuldalækkunarreglan afnumin og tekin upp krafa um skuldaþróunaráætlun, fari skuldahlutfallið umfram 30% af VLF. Oft vill verða togstreita milli markmiða um skuldalækkun og sveiflujöfnun og hefur tillagan, í fljótu bragði, burði til að greiða úr slíkum árekstrum.

Mjúk lending hagkerfisins í augsýn en aukin óvissa

Hagvöxtur mældist 0,5% á síðasta ári og samkvæmt nýlegum spám er útlit fyrir hóflegan hagvöxt á næstu árum. Gert er ráð fyrir á bilinu 1,8–2,8% hagvexti á næstu árum samkvæmt spá Hagstofunnar sem liggur til grundvallar fjármálaáætlun. Eftir tímabil mikils hagvaxtar og hárrar verðbólgu er útlit fyrir að mjúk lending hagkerfisins geti verið í augsýn, þ.e. að efnahagsleg viðspyrna hefjist við stöðugt verðlag og lægra vaxtastig. Hins vegar ríkir mikil óvissa um efnahagshorfur um þessar mundir og hefur óvissan einungis aukist á þeim tíma frá því fjármálaáætlun var birt. Bæði OECD og AGS hafa fært niður efnahagsspár sínar og efnahagsleg óvissa mælist svipuð og við upphaf heimsfaraldurs, samkvæmt mælikvarða OECD á efnahagslega óvissu. Við slíkar aðstæður er nauðsynlegt að tryggja varfærni í áætlanagerð. Þó Ísland kunni að verða fyrir takmörkuðum beinum áhrifum af tollastríðum er hætt á að neikvæð óbein áhrif verði meiri á íslenskt hagkerfi, m.a. í gegnum samdrátt í okkar helstu viðskiptalöndum, minni ferðavilja yfir Atlantshafið og áhrif á framleiðslukeðjur milli landa.

Rúmt ár er frá því kjarasamningar á almennum vinnumarkaði voru undirritaðir en markmið samninganna var að stuðla að hjöðnun verðbólgu og skapa forsendur fyrir lægri vöxtum. Verðbólga mælist í dag 4,2% og hefur lækkað úr 6,8% frá gerð samninga. Sé horft fram hjá áhrifum húsnæðiskostnaðar mælist verðbólga nær markmiði Seðlabankans, eða 3,2%. Aðstæður á húsnæðismarkaði eru enn meginþrífkraftur verðbólgu hér á landi. ASÍ fagnar þeirri áherslu sem lögð er á húsnæðismál í stjórnarsáttmála en hefur áhyggjur af því hversu erfiðlega ríki og sveitarfélögum hefur tekist að eiga samvinnu um að tryggja fullnægjandi uppbyggingu húsnæðis í takt við fólksfölgun og breytt fjölskyldumunstur. Kraftmikil uppbygging íbúða er því ekki einungis líf skjaramál heldur grundvöllur verðstöðugleika hér á landi. Þar þurfi uppbygging hagkvæmra íbúða í almenna íbúðakerfinu að vera áfram í forgangi.

Hagvöxtur hér á landi hefur verið einn sá mesti í Evrópu undanfarinn áratug. Einkum hefur vöxturinn verið drifinn áfram af uppbyggingu í mannaflsfrækum greinum en af þeim sökum hefur hagvöxtur á mann verið mun minni.

Aukin landsframleiðsla skýrist því af mannfjölgun fremur en aukinni framleiðni í hagkerfinu. Til langs tíma ráðast lífskjör hér á landi af getu hagkerfisins til að skapa verðmæti, auka framleiðni og útflutning. Á þetta er lögð þung áhersla í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnar en þar er boðað að mótuð verði atvinnustefna sem stuðlar að sjálfbærum vexti atvinnugreina, aukinni framleiðni og heilbrigðum vinnumarkaði. Alþýðusambandið fagnar þessum áherslum en bendir á að auðvelt sé að setja markmið um öflugt atvinnulíf, verðmætasköpun og vel launuð störf. Annað sé að fylgja eftir þeirri stefnu með skynsamlegum

aðgerðum sem stuðla að bættum lífskjörum til langs tíma. Þar þurfi að samræma stefnumörkun í mörgum málaflokkum þannig að unnið sé að sama markmiði og tryggt að fjárfest sé í innviðum, orkuöflun og mannauði.

Tekjuþróun hins opinbera

Samhliða miklum útgjaldavexti síðastliðinn áratug hafa stjórnvöld ráðist í margbættar breytingar á skattkerfinu. Breytingarnar hafa dregið úr tekjum ríkisins en áhrifin hafa jafnan ekki verið sýnileg í afkomu hins opinbera sökum mikilla hagsveiflutengdra tekna.

Lögfestar skattkerfisbreytingar á tímabilinu 2013–2019 minnkuðu tekjur ríkisins um samanlagt 27 milljarða á ári sé miðað við árið 2019 og eru þá ótalin áhrif af afnámi auðlegðarskatts, lækkun veiðigjalda, breytingum á tekjuskattkerfinu, lækkun bankaskatts og hækkun frítekjumarks fjármagnstekna svo dæmi séu nefnd. Á það skal bent að fjármálaráð hefur velt því upp að vafi ríki um hvort tekjustofnar standi undir reglulegum útgjöldum hins opinbera og er sú þróun í raun sýnileg nú þegar hægt hefur á umsvifum í hagkerfinu.

Gert er ráð fyrir auknum tekjum hins opinbera m.v. síðustu fjármálaáætlun. Skýrist munurinn af áformum stjórnvalda um auðlindagjöld, áherslum á bætta virkni skattkerfisins, fækkun undanþága, lokun á skattalegum glufum og auknum arðgreiðslum ríkisfyrirtækja. Líkt og sést á mynd 3.7 í fjármálaáætlun hefðu tekjur ríkisins farið lækkandi ef ekki væri brugðist við á tekjuhlíð. Áhrif fyrirhugaðra skattbreytinga nema 29 milljörðum króna á árinu 2026. Mestu munar um kílómetragjöld sem áformað er að innleiða á þessu ári(3).


Bætt skattskil og afnám heimildar til samnýtingar skattþrepa

Í fjármálaáætlun er boðað að grunnstoðir skattkerfisins verði styrktar, þ.e. með bættum skattskilum, auknu skatteftirliti, lokun á glufum og færri undanþágum í skattkerfinu. ASÍ fagnar þessum áformum og telur það réttlætismál að ekki séu til staðar glufur eða undanþágur sem nýtist ákveðnum hópum umfram aðra. Að óbreyttu leiðir það til þess að skattbyrði sé hærri en hún þurfi að vera. Á þetta hefur Alþýðusambandið bent bæði í umsögnum og skýrslum á undanförunum árum. ASÍ tekur jafnframt undir mikilvægi þess að sinna almennu skattaftirliti og eftirliti með skattstyrkjum, t.d. vegna rannsóknar- og þróunar til að tryggja að fjármunir séu nýttir í samræmi við markmið.

Alþýðusambandið hvetur til þess að fyrirkomulag um reiknað endurgjald verði endurskoðað í heild sinni. Þar sé ekki nóg að taka einungis viðmiðunarfjárhæðir til endurskoðunar. Í skýrslu ASÍ frá árinu 2021 er bent á þá veikleika sem eru í íslensku skattkerfi og felast í þeim hvötum sem ýta undir tekjutilflutning, þ.e. að launatekjur séu ranglega skráðar sem fjármagnstekjur. Skýrar vísbendingar eru um að slíkt viðgangist hér á landi. Til viðbótar má ætla að hið opinbera verði af skatttekjum vegna oftalins kostnaðar hjá fyrirtækjum. Fleiri hafa bent á þennan veikleika í íslensku skattkerfi. Þannig hafa ábendingar komið fram í skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá árinu 2012(4) og í skýrslu sérfræðingahóps sem vann fyrir fjármála- og efnahagsráðuneytið(5).

Í fjármálaáætlun er boðað að heimild til samsköttunar milli skattþrepa verði felld niður. Í almennri umræðu mætti skilja að samsköttun verði alfarið hætt en samsköttun felst m.a. í samnýtingu persónuafsláttar sem áfram verður heimil og hins vegar samnýtingu skattþrepa. Þegar núverandi tekjuskattkerfi var innleitt með upptöku staðgreiðslu tekjuskatts var sambúðaraðilum gert kleift að millifæra ónýttan persónuafslátt sín á milli. Í upphafi var heimilt að nýta allt að 80% af ónýttum persónuafslætti en heimildin var rýmkuð í 100% árið 2003.

Hámarksfjárhæð ívilnunar vegna samnýtingar skattþrepa



Þegar skattþrepum var fjölgað árið 2010 var gert heimilt að samnýta skattþrep hjá hjónum ef annar aðilinn hefur tekjur fyrir ofan efsta skattþrep. Tekjuhærri aðilinn getur þá notið skattaafsláttar vegna ónýttar tekna í miðþrepi hjá tekjulægri sambúðaraðila. Í upphafi gat skattalegur sparnaður verið allt að 162 þúsund krónur á mánuði. Í dag nemur hámarksafsláttur 424 þúsund krónum.

Einungis um 10% framteljenda greiða skatta í efsta skattþrepi. Enn færri eru í sambúð og þá í sambúð með aðila sem á ónýtta nýtingu í miðþrepi. Samkvæmt fjármála- og efnahagsráðuneytinu eru færri en 5% sem njóta ábata af heimildinni. Um er að ræða tekjuháa og eignamikla einstaklinga.

Nokkuð óljóst er hvers vegna heimild til samnýtingar skattþrepa sé yfir höfuð til staðar í skattalöggjöf. Slík heimild er ekki til staðar á Norðurlöndunum. Í grunninn gengur samnýting skattþrepa gegn tekjujöfnunarhlutverki skattkerfisins ásamt því að draga úr hlutleysi skattkerfisins með því að hafa áhrif á ákvarðanir heimila um vinnu og frítíma. Heimildin leiðir til hárra jaðarskatta og hefur þar með vinnuleytjandi áhrif á tekjulægri sambúðaraðila, sem í flestum tilfellum eru konur.

ASÍ telur til bóta að heimild til samnýtingar skattþrepa verði afnumin. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem stefnt er að afnámi heimildarinnar. Það kom einnig til skoðunar þegar skattþrepum var fækkað árið 2016 og einnig við endurskoðun tekjuskattkerfisins árið 2019 en þá stóð til að afnema heimildina og nýta fjármagnið til frekari lækkunar á neðsta skattþrepi.

Nokkuð hefur verið ritað um að afnám heimildarinnar hafi sérstaklega neikvæð áhrif á ungt barnafólk. Það er mat ASÍ að almennur skattaafsláttur sem nýtist eingöngu sambúðaraðilum þar sem annar aðili er í efsta skattþrepi sé ekki skilvirk leið til að styðja við barnafjölskyldur sem glíma tímabundið við tekjufall og aukinn kostnað vegna barneigna. Mun eðlilegra væri að nýta fjármunina til að efla barnabótakerfið, fæðingarorlofskerfið eða til að auka aðgengi að leikskólum og draga úr kostnaði heimila vegna leikskóla. Samhliða gerð kjarasamninga vorið 2024 voru boðaðar markvissar aðgerðir við að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla. ASÍ hvetur stjórnvöld eindregið áfram í þeirri vinnu. Barnafjölskyldur búa í dag við óviðunandi ástand þar sem skortur á dagvistunarúrræðum leiðir til verulegs kostnaðar fyrir heimili og atvinnulíf ásamt því að hafa neikvæð áhrif á atvinnupátttöku.

Aukið vægi auðlindagjalda

Í stefnuyfirlýsingu stjórnvalda er boðuð aukin gjaldtaka á greinar sem nýta sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar. Í fjármálaáætlun er slík gjaldtaka boðuð í ferðaþjónustu, sjávarútvegi og fiskeldi en þó með ólíkum hætti eftir atvinnugrein. Í ferðaþjónustu er stefnt að gjaldtöku fyrir aðgang að náttúruperlum í sameiginlegri eigu. Í fiskeldi er stefnt að hækkun fiskeldisgjalds upp í 5% af alþjóðlegu markaðsverði og í fiskveiði er stefnt að breytingu á skattstofni veiðigjalda þannig að hann miðist við raunverulegt markaðsverð á afurðum.

Auðlindamál voru eitt af meginþemum á 46. þingi ASÍ sem haldið var í október síðastliðnum. Í stefnu sem samþykkt var á þinginu var þess krafist að „*almannahagsmunir ráði för við auðlindanýtingu, að auðlindir verði nýttar í þágu þjóðarinnar og að almenningur njóti þess ábata sem verður til vegna þeirrar nýtingar*“.

(6) Í stefnu ASÍ er hvatt til þess að horft sé heildstætt á gjaldtöku á auðlindanýtingu hvort sem lítið er til sjávarauðlinda, orku, lands eða vatns. Þar eigi gjaldtaka að miðast við að tryggja þjóðinni réttláta hlutdeild í umframárði sem verður til við auðlindanýtingu. Eðli málsins samkvæmt, mun gjaldtaka sem miðast við umframárðsemi ekki koma niður á samkeppnishæfni atvinnugreinarinnar. ASÍ telur mikilvægt að gjaldtaka á auðlindanýtingu sé á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðuneytisins en ekki fagráðuneyta.

Miðstjórn ASÍ styður boðaðar breytingar á veiðigjöldum en í nýlegri ályktun miðstjórnar sagði, „*augljós galli í núverandi kerfi veiðigjalda er að sjávarútvegsfyrirtæki geta komist hjá greiðslu eðlilegs gjalds með milliverðlagningu. Boðað frumvarp bætir úr framangreindum galla. ASÍ leggur þó áherslu á að hluti auðlindaarðs verði eftir í þeim byggðum þar sem nýting fer fram. ASÍ telur jafnframt mikilvægt að stjórnvöld rýni vel hvaða áhrif þessar breytingar hafa á smærri útgerðir og fiskvinnslur*(7)“.

Í ályktun miðstjórnar var bent á að fiskveiðistjórnunarkerfið hafi skapað hagræðingu, aukið framleiðni og skapað gríðarlegan arð. Þó er vert að nefna að aukið umfang strandveiða getur unnið gegn markmiðum um verðmætasköpun sem myndar grundvöll arðsemi í greininni.

Útgjöld dragast saman

Á tímabili fjármálaáætlunar munu ríkisútgjöld dragast saman að hlutfalli og fara úr 31% af vergri landsframleiðslu á þessu ári í rúmlega 29% af VLF árið 2030. Líkt og kemur fram að ofan telur Alþýðusambandið mikilvægt að stöðva hallarekstur ríkissjóðs við núverandi efnahagsóvissu og þar með skapa svigrúm til að mæta óvæntum áföllum. Minni útgjöld eigi hins vegar ekki að vera sérstakt markmið. Alþýðusambandið kallar eftir skýrri forgangsriðun þannig að velferðarkerfið og innviðir verði ekki notuð sem hagstjórnartæki. Þar hræða spörin þar sem hagræðingaraðgerðir hins opinbera hafa gjarnan leitt til versnandi þjónustu, verri kjara starfsfólks eða aukins kostnaðar notenda þjónustunnar.

Ljóst er að öldrun þjóðar og fólksfjölgun búa til miklar áskoranir fyrir heilbrigðis- og velferðarkerfið og opinber fjármál almennt. Samkvæmt mannfjöldaspá Hagstofu Íslands verður hlutfall 67 ára og eldri af mannfjölda, sem nú eru 13,5%, komið í 16,5% eftir 10 ár og 18,4% eftir 20 ár. Á sama tíma hefur íbúum á Íslandi fjölgað miklu hraðar undanfarin ár en annars staðar í Evrópu, að stærstum hluta vegna þess mikla fjölda sem hingað hefur komið til að starfa. Að mæta þessari þróun mun kalla á aukin útgjöld, bæði til rekstrar og fjárfestinga í opinberum innviðum. 46. þing ASÍ tók skýra afstöðu gegn markaðsvæðingu opinberrar þjónustu sem lausn við framangreindum áskorunum.

Tenging bótafjárhæða við launavísitölu

Í samræmi við stefnuýfirlýsingu stjórnvalda birtast í fjármálaáætlun áform um að tengja fjárhæðir örorku- og ellilífeyris við launavísitölu. Í 62. gr. laga um almannatryggingar segir að við ákvörðun um árlega breytingu fjárhæða almannatrygginga skuli taka mið af launaþróun en þó aldrei minna en verðlagsþróun. Fram kemur í umsögn um þingmálið að ASÍ telur ekki þörf á lagabreytingunni enda rúmast aðferðafræðin innan núverandi laga.

Alþýðusambandið styður markmið um að bætur almannatrygginga þróist í samræmi við launaþróun og aldrei minna en verðlagsþróun. Margar ástæður eru þó fyrir því að bein tenging fjárhæða við launavísitölu Hagstofunnar sé ekki æskileg og geti skapað misræmi við launastig og tekjuþróun í samfélaginu. Launavísitala Hagstofunnar er þannig mælikvarði á þróun á reglulegu tímakaupi byggt á þöruðum einstaklingssamanburði og á tímabilum þróast sú eining ekki endilega í takt við almennt launastig, tekjuþróun eða þróun lægstu launa.

Líkt og bent er á í umsögn ASÍ um málið, voru lægstu laun hækkuð sérstaklega í kjarasamningum undanfarin ár, t.d. lífskjarasamningum. Hækkun lægstu launa er þá umfram þær almennu hækkanir sem

launavísitalan endurspeglar. Að festa almannatryggingar við launavístölu getur leitt til þess að bætur almannatrygginga dragist aftur úr þróun launa hjá lágtekjuhópum. Á hinn bóginn geta ýmsir aðrir þættir, t.d. vinnuafliðsskortur í ákveðnum greinum, ýtt undir mælt launaskrið og þar með hækkun á launavísitölu sem álitamál er hvort eigi að hafa áhrif á fjárhæðir sem miða að framfærslu.

Vanhugsaðar tillögur hagræðingahóps

Tillögur hagræðingahóps ríkisstjórnarinnar voru kynntar í byrjun mars en tillögurnar byggðu m.a. á opnu samráðsferli í gegnum Samráðsgátt stjórnvalda. Alþýðusambandið hefur almennt lagt áherslu á að farið sé vel með opinbert fé og að stjórnvöld þurfi að horfa til aðgerða bæði á útgjalda- og tekjuhlíð til að ná fram jöfnuði í ríkisfjármálum. Þar á að vera viðvarandi verkefni að ná fram sem bestri nýtingu fjármuna en með það að markmiði að tryggja nauðsynlega opinbera þjónustu. ASÍ hafnar tillögum sem miða að því að auka gjaldtöku eða draga úr aðgengi að þjónustu eða ná sparnaði fram með lakari kjörum eða aðstæðum launafólks.

Tillögur hagræðingahópsins ollu vonbrigðum verandi í mörgum tilfellum illa útfærðar, illa rökstuddar og ekki til þess fallnar að ná fram sparnaði. ASÍ tekur undir mikilvægi þess að ná fram hagræðingu í opinberum innkaupum og í samrekstri stofnana. Tillögur um breytingar á lagaumhverfi vinnumarkaðarins, heimildum ríkissáttasemjara og breytt hlutverk mikilvægra eftirlitsstofnana eru hins vegar ekki til þess fallnar að ná fram neinni hagræðingu fyrir ríkissjóðs og hefur miðstjórn ASÍ gagnrýnt slík áform harðlega(8).

Ein af stærri sparnaðartillögum hópsins fólst í niðurlagningu Kríu Nýsköpunarsjóðs, sem myndi þýða sölu á eignarhlutum ríkisins í nýsköpunarfyrirtækjum og að framtíðarfjárfestingu hins opinbera í nýsköpun yrði hætt. Tillagan fæli ekki í sér neina hagræðingu fyrir ríkið þar sem fjárfesting ríkisins í nýsköpun hefur verið fjárhagslega arðbær.

Ekki er að sjá að horft hafi verið á tillögur hópsins við gerð fjármálaáætlunar. Þar er þó engu að síður að finna áform um hagræðingu. Þar er ástæða til að staldra sérstaklega við tillögur um að afnema framlög til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða og áform um að stytta bótatímabil atvinnuleysistrygginga.

Hagrætt á kostnað ellilífeyrisþega?

Framlög til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða verða felld niður á árinu 2026 komi ekki til lagabreytinga. Aðkoma ríkisins að jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða á rætur að rekja til samkomulags stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins í tengslum við endurskoðun kjarasamninga á árinu 2005 vegna vaxandi örorkubyrði sem leggst þyngst á lífeyrissjóði verkafólks innan ASÍ og hefur neikvæð áhrif á ellilífeyri sjóðfélags þeirra.

Lykilþáttur í útfærslu á framlagi stjórnvalda til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða hefur að mati aðila vinnumarkaðarins ávallt verið að um ótímabundið framlag sé að ræða sem byggir á fastri hlutdeild í tryggingargjaldsstofni þannig að unnt sé að taka mið af því við tryggingafræðilegt mat á stöðu sjóðanna á hverjum tíma – og framlagið nýtist þannig til að treysta ellilífeyrisréttindi þeirra sjóða sem hafa hæsta örorkutíðni.

Stjórnvöld hafa á liðnum árum ítrekað komið fram með hugmyndir um að einhliða draga úr eða fella niður framlag til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða án samráðs eða mats á þeim áhrifum sem slík breyting hefði á afkomu lífeyrisþega. Voru slík áform sett fram í frumvarpi til fjárlaga vegna yfirstandandi árs þar sem til stóð að lækka framlagið um ríflega 65% á milli ára með vísan til breytinga á örorkulífeyriskerfi almannatrygginga. Aðilar vinnumarkaðarins lögðust þungt gegn áformunum enda ljóst að slíkt hefði haft umtalsverð áhrif á ellilífeyrisréttindi fjölda fólks.

Niðurstaða Alþingis var sú að framlagið var skert um þriðjung og úthlutunarreglum breytt þannig að framlagið rennur nú til þeirra lífeyrissjóða sem hafa mesta örorku í stað þess að dreifast á alla lífeyrissjóði. Mikilvægi og samstaða aðila vinnumarkaðarins um málið birtist m.a. í því að ASÍ og SA skiluðu sameiginlegri umsögn síðastliðið haust og andmæltu áformum um skerðingu framlagsins þegar málið var í þinglegri meðferð.

Þær umbætur sem taka gildi á örorkulífeyriskerfi almannatrygginga síðar á árinu eru mikilvægt skref í að bæta kjör og auka áherslu á endurhæfingu þeirra sem missa starfsgetuna og vonir standa til þess að til lengri tíma muni sú áherslubreyting sem í þeim felst fækki þeim sem detta út af vinnumarkaði. Þær breytingar munu þó taka tíma að skila árangri og munu til lengri tíma ekki breyta þeirri staðreynd að umfang örorku verður áfram ólíkt milli lífeyrissjóða og aðkoma hins opinbera að tryggja að verka- og láglæunafólk beri ekki þyngstar byrðar vegna þessa áfram nauðsynleg.

ASÍ ítrekar áherslu á að samráð og samtal sé átt við aðila vinnumarkaðarins, sem eru bakhjarlar lífeyrissjóðanna og samningsaðilar um lífeyrisréttindi launafólks. Samráð aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda varðandi innleiðingu nýs kerfis örorkulífeyris almannatrygginga býður upp á tækifæri til rýni á útfærslu og umfangi framlagsins. Alþýðusambandið ítrekar áherslu sína á að misjöfn örorkubyrði lífeyrissjóða verði jöfnuð með skilgreindu framlagi frá ríkinu og varar við þeim afdrifaríku afleiðingum sem það hefði fyrir ellilífeyrisréttindi í lífeyrissjóðum almenns launafólks að höggva frekar í framlagið. Verði af því að framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði verði felld niður er einhliða horfið frá samkomulagi við aðila vinnumarkaðar og mun höggið af því áfalli koma niður á ellilífeyrisgreiðslum verkafólks.

Nýtt örorkulífeyriskerfi almannatrygginga

Síðastliðið vor voru samþykkt á Alþingi lög um heildarendurskoðun á örorkulífeyriskerfi almannatrygginga sem taka gildi þann 1. september nk. Undirbúningur að þeim breytingum hefur staðið yfir um langt skeið í nokkrum áföngum. ASÍ hefur tekið virkan þátt í þeirri vinnu og lagt áherslu á mikilvægi þess að tryggja bæði viðunandi afkomu lífeyrisþega og áherslu á stuðning og þjónustu til endurhæfingar og atvinnuþátttöku. Þær breytingar sem nú hafa verið leiddar í lög eru að mati ASÍ til þess fallnar að stuðla að þessu. Til þess að vel takist til við breytingarnar er nauðsynlegt að:

- Leysa vanda víxlverkunar milli örorkulífeyris almannatrygginga og lífeyrissjóða sem mun raungerast þegar gildandi bráðabirgðaákvæði nr. XI í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða fellur úr gildi við gildistöku nýs örorkulífeyriskerfis almannatrygginga þann 1. september nk. Ljóst er að verði ekkert viðhafst áður en gildandi bráðabirgðaákvæði til að stemma stigu við víxlverkun milli lífeyrissjóða og almannatrygginga fellur úr gildi mun það leiða til þess að kjarabætur til örorkulífeyrisþega verða minni en ella hefði orðið, einkum hjá tekjulægri örorkulífeyrisþegum.

- Stutt verði með fullnægjandi hætti við framkvæmd og innleiðingu breytinganna, ekki síst með því að fjármagna nauðsynlega þjónustu, stuðningskerfi og vinnumarkaðsaðgerðir í þeim stofnunum sem að breytingunum koma og fá ný og viðameiri verkefni í kjölfar breytinganna.

- Breytingin kallar einnig á mikla aðkomu vinnumarkaðarins við að tryggja aukið aðgengi fyrir fjölbreyttan hóp fólks með skerta starfsgetu og mikilvægt að opinberir atvinnurekendur taki þátt í þeirri vegferð.

Veiking atvinnuleysistrygginga


Ásamt skerðingu á jöfnunarframlagi er í fjármálaáætlun boðað að bótatímabil atvinnuleysistrygginga verði stýtt úr 30 mánuðum í 18 mánuði. Gert er ráð fyrir að breytingin spari um 3,5 milljarða í árleg útgjöld. Alþýðusambandið telur gagnrýnivert að ráðist sé í slíkar breytingar á grundvallar afkomutryggingakerfi vinnumarkaðarins að því virðist eingöngu í hagræðingaskyni til að fjármagna nýtt örorkulífeyriskerfi. Engar greiningar liggja til grundvallar áformunum og því alls kostar óljóst hvort raunverulegur sparnaður verði af styttingu bótatímabils. Langtímaatvinnuleysi sem megir rekja til kerfislægra þátta verður þannig

ekki auðveldlega leyst með styttingu bótatímabils. Vandinn gæti þá færst á sveitarfélög eða leitt til skjótrar endurkomu á atvinnuleysisskrá. Slíkt gæti kallað á klæðskerasniðnar vinnumarkaðsaðgerðir eða úrræði.

Í samanburði við nágrannalönd hefur atvinnuleysi að jafnaði mælst lítið hér á landi, einnig þegar lítið er á langtímaatvinnuleysi. Hér landi hefur atvinnuleysi mælst hlutfallslega hátt vegna kerfislægra þátta, t.d. mikið atvinnuleysi innan ákveðinna landshluta eða meðal ákveðinna hópa, t.d. háskólamenntaðra eða meðal aðfluttra. Það er mat ASÍ að slíku atvinnuleysi sé betur mætt með virkum vinnumarkaðsaðgerðum, úrræðum sem efla menntun og færni.

Lykilhlutverk atvinnuleysistryggingakerfisins felst ekki einungis í að veita vernd gegn tekjufalli við atvinnumissi heldur hefur það einnig skilgreint hlutverk í að stuðla að jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir vinnuafli og þar með stuðla að skilvirkri þörun milli atvinnuleitenda og starfa. Þetta hlutverk Vinnuálastofnunar byggir á lögum um vinnumarkaðsaðgerðir sem veitir stofnuninni víðtækar heimildir til úrræða og aðgerða í því skyni að stuðla að jafnvægi á vinnumarkaði.

Fjármunir í virkar vinnumarkaðsaðgerðir



Heimild: OECD

Vísað hefur verið til þess að stytting bótatímabils sé hugsað til samræmingar gagnvart nágrannalöndum þar sem bótatímabil séu styttri. Vert er að nefna að þó bótatímabil sé almennt styttra í nágrannalöndum, þá ráðstafa sömu lönd mun meiri fjármunum í virkar vinnumarkaðsaðgerðir.

ASÍ tók atvinnuleysistryggingar til umfjöllunar í skýrslunni Íslenskur vinnumarkaður 2021(9). Þar kom m.a. fram að á árunum 2016–2019 voru að jafnaði einungis á bilinu 30–40% þátttakendur í úrræðum, þ.e. meirihluti var ekki þátttakandi í úrræðum. OECD hefur í umfjöllunum sínum um Ísland ítrekað bent á að misræmi milli menntunar og starfa sé hátt á Íslandi og á tímum tæknibreytinga er einnig lögð vaxandi áhersla á að atvinnuleysistryggingar og virkar vinnumarkaðsaðgerðir styðji við bætta færni í takt við þarfir vinnumarkaðarins, t.d. með endur- og símenntun. OECD hefur einnig lagt áherslu á að atvinnuleysistryggingakerfið þurfi að koma betur til móts við þarfir innflytjenda sem síður hafa tengslanet á vinnumarkaði og þar þurfi úrræði, námskeið og tungumálakennsla að vera betur sniðin að þörfum innflytjenda á vinnumarkaði.

Nýjar leiðir við fjármögnun innviða

Í fjármálaáætlun er boðað að nýja leiðir í fjármögnun innviðafjárfestinga verði skoðaðar á tímabili áætlunar. Sambland fólksfjölgunar, fjölgunar ferðamanna og lítillar fjárfestingar hins opinbera á árunum eftir fjármálahrun hefur leitt til mikillar uppsafnaðrar fjárfestingarþarfar í innviðum. Uppsöfnuð

viðhaldsskuld hefur verið metin á um 680 milljarða króna, þá mest í samgönguinnviðum, eða um 200 milljarðar(10).

Í fjármálaáætlun er bent á að vegna þröngrar stöðu ríkisfjármála sé takmarkað svigrúm til þess að ráðast í stórar framkvæmdir á næstu árum. Af þeim sökum þurfi að horfa til nýrra leiða við fjármögnun innviða og er þá vísað til svokallaðra PPP verkefna, samstarfi opinberra og einkaaðila sem einnig hefur verið kallað einkaframkvæmd eða samvinnuverkefni.

ASÍ tekur undir að þröng staða ríkisfjármála skapi verulegar hindranir fyrir stjórnvöld að ráðast í nauðsynlegar innviðafjárfestingar og viðhald. Það er full ástæða að skoða með hvaða hætti hægt sé að hraða nauðsynlegri opinberri fjárfestingu. Hafa þarf í huga að PPP verkefni eru í eðli sínu ekki frábrugðin hefðbundinni fjárfestingu hins opinbera. Slík verkefni hafa hins vegar orðið eftirsóknarverð á tímum þröngri fjármálareglna, þar sem ríki hafa getað haldið skuldbindingu utan efnahagsreikninga, þ.e. þau eru „off the books“ eins og það er kallað. Í grunninn er þó um fjárfestingu hins opinbera að ræða, þar sem ríkið ber á endanum ábyrgð á greiðslum og áhættu. Hvernig greiðslum er háttað og áhættu er skipt getur verið útfært með ólíkum hætti.

Ákvörðun um hvort einkaframkvæmd verði fyrir valinu verður að grundvallast á því hvort samstarf opinberra og einkaaðila skili ábata umfram hefðbundna opinbera fjárfestingu. Áskorun stjórnvalda felst því í að búa til ramma um innviðafjárfestingar sem tryggir hámarksábata. Sá ábati er ekki sjálfgæfinn og felst m.a. í því hvort einkaaðilar geti náð fram skilvirkni sem vegur upp hærri kostnað við fjármögnun og hvort viðunandi samkeppni sé milli framkvæmdaaðila þannig að hagkvæmni náist. Að mati ASÍ er frumforsenda þess að ráðist sé í einkaframkvæmd að eignarhald á fjárfestingunni færist alltaf yfir til hins opinbera eftir skilgreindan tíma, að ráðist sé í arðbær verkefni, forgangsroðun verkefna taki mið af ábatagreiningum og skýrt sé að samstarf við einkaaðila skili ábata umfram hefðbundna opinbera fjárfestingu.

Fjöldmörg dæmi eru um að fyrrgreind skilyrði séu ekki uppfyllt og að einkaframkvæmdir hafi á endanum leitt til aukins kostnaðar eða verri gæða(11). Önnur dæmi eru um að óarðbær og áhættumikil verkefni hafi verið sett í einkaframkvæmd þar sem verulegur kostnaður á endanum fellur á hið opinbera.

Önnur atriði tengd málefnasviðum

Málefnasvið 30 – Vinnumarkaður og atvinnuleysi

Vinnustaðaeftirlit

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) og aðildarfélög þess sinna mikilvægu hlutverki á vinnumarkaði með eftirliti á vinnustöðum á grundvelli laga nr. 42/2010 um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum og nánari útfærslu þeirra í samkomulagi við Samtök atvinnulífsins (SA). Um 100 eftirlitsfulltrúar stéttarfélaganna hafa heimild til að sinna eftirliti á vinnustöðum um land allt og heimsækja reglulega vinnustaði í þeim atvinnugreinum sem tiltekna eru í samkomulaginu með það að markmiði að ræða við félagsfólk, upplýsa það um réttindi sín samkvæmt lögum og kjarasamningum, upplýsa launafólk um hlutverk og þjónustu stéttarfélaganna og efla tengsl félaganna við félagsfólk, einkum þau af erlendum uppruna, og svara spurningum sem kunna að koma upp.

Markmið laganna og samkomulagsins er að sporna gegn undirboðum, nauðungarvinnu, svartri atvinnustarfsemi, misneytingu og mansali á vinnumarkaði sem og að tryggja að farið sé að lögum, reglugerðum og gildandi kjarasamningum í starfseminni. Eftirlitið stuðlar að heilbrigðum og samkeppnishæfum vinnumarkaði, eykur gagnsæi og verndar réttindi launafólks.

ASÍ fagnar þeim áherslum sem fram koma í stefnu málefnasviðsins í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar um að efla heimildir og úrræði vinnustaðaeftirlitsins. Slík efling er nauðsynleg til að tryggja árangursríkt

og markvisst eftirlit með að starfsemi á vinnumarkaði fari fram með lögmætum hætti og með virðingu fyrir réttindum launafólks til þess að sporna með afgerandi hætti gegn félagslegum undirboðum á vinnumarkaði.

Starfsmannaleigur

ASÍ fagnar áformum ríkisstjórnarinnar um hert eftirlit með starfsmannaleigum og telur ástæðu til að áréttta að starfsemi starfsmannaleiga felur í sér frávik frá þeirri meginreglu íslensks vinnumarkaðar að starfsmenn séu ráðnir ótímabundið beint til atvinnurekenda. Starfsmannaleigustarfsemi á að mati ASÍ að vera þröngt frávik frá framangreindri meginreglu, fyrst og fremst sem lausn fyrir fyrirtæki til skemmri tíma ef óvænt kemur upp vöntun á starfsfólki. Of mikið er um t.d. í byggingariðnaði að verktakar styðjist nær eingöngu við starfsmannaleigur og sé með sáralítið af starfsfólki í beinni ráðningu. Slíkir starfshættir eru ekki sjálfbærir og draga úr hæfni greinarinnar til að vaxa og dafna í samræmi við það sem nauðsynlegt er m.a. í því skyni að auka framboð á íbúðum. ASÍ bendir á að í mörgum löndum hafa verið settar ýmiss konar skorður á starfsemi starfsmannaleiga, til dæmis varðandi tímalengd notkunar og skoða ætti aðgerðir í nágrannalöndum í þessu samhengi.

Keðjuábyrgð

ASÍ styður innleiðingu keðjuábyrgðar í stærri verklegum framkvæmdum. Keðjuábyrgð getur verið áhrifaríkt tól til að stuðla að vönduðum verksamningum og ábyrgð aðalverktaka gagnvart starfsfólki í keðjunni. Keðjuábyrgð á þegar við um stærri verklegar framkvæmdir á vegum opinberra aðila og tímabært að hún verði einnig innleidd á almennum markaði. Virk keðjuábyrgð stuðlar að skilvirkum skattskilum og dregur úr kennitölufлакki.

Vinnumansal

Í fjármálaáætluninni kemur fram að ríkisstjórnin hyggist lögfesta skýrari refsíákvæði vegna vinnumansals. ASÍ fagnar því að auka eigi getu kerfisins til að takast á við þá meinsemd sem misneyting og mansal á vinnumarkaði er. ASÍ telur mikilvægt að mansalsákvæðið sé reglulega endurskoðað og að það sé nægilega vítt svo að það geti sannarlega náð yfir mansal á vinnumarkaði, sem er flókin og margslunginn glæpur. ASÍ telur einnig að skoða ætti alvarlega að innleiða sérstakt ákvæði um misneytingu launafólks til að ná utan um sérstaklega alvarleg brot á vinnumarkaði þar sem berskjöldun launamanns er notuð í þeim tilgangi að hagnýta hann. Í þessu samhengi mætti líta til Finnlands sem náð hefur einna bestum árangri í baráttunni gegn misneytingu og mansali á vinnumarkaði. ASÍ lýsir sig reiðubúið til aðstoðar og samráðs við vinnu um öll ofangreind atriði og telur jafnframt afar mikilvægt að samráð verði haft til að tryggja að breytingar nái markmiðum sínum enda býr sambandið yfir töluverðri sérfræðipækkingu á málum sem varða vinnumarkaðinn.

1. <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2024/12/10/Fjarlog-2025-Halli-aaetladur-1-2-af-landsframleidslu/>

2. Sjá umsögn ASÍ, <https://www.althingi.is/altext/erindi/156/156-528.pdf>

3. Sjá umsögn ASÍ, <https://www.althingi.is/altext/erindi/156/156-257.pdf>

4. Sjá <https://www.imf.org/external/pubs/ft/wp/2012/wp12263.pdf>

5. Sjá <https://www.stjornarradid.is/library/O2-Rit--skyrslur-ogskrar/Endursko%C3%B0un%20tekjuskatts%20og%20bo%C3%81takerfa.pdf>

6. Sjá <https://asi.is/wp-content/uploads/2024/10/34-Audlindir-i-thagu-thjodar-Stefna-ASI.pdf>

7. <https://vinnan.is/midstjorn-asi-styður-breytingar-a-veidigjoldum/>

8. Sjá <https://vinnan.is/alyktun-midstjornar-um-tillogur-starfshops-um-hagraedingu-i-rikisrekstri/>

9. Sjá https://asi.is/wp-content/uploads/2024/06/vinnumarkadsskyrsla_2021.pdf

10. Sjá <https://vb.overcastcdn.com/documents/SI-Innvidaskyrsla-2025-opnur-fin.pdf>

11. Sjá úttekt, https://www.eca.europa.eu/lists/ecadocuments/sr18_09/sr_ppp_en.pdf

**Frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum, nr. 36/1994
(almenn skráningarskylda leigusamninga í leiguskrá).**

24. mars 2025

Í frumvarpinu eru boðaðar breytingar á húsaleigulögum sem felast í aukinni skráningaskyldu leigusamninga í leiguskrá. Um árábil hefur legið fyrir að tölulegar upplýsingar um leigumarkað eru af skorum skammti og því ekki fengist fullnægjandi mynd af stöðu leigjenda. Um nokkurt skeið hafa stjórnvöld stefnt að almennri skráningaskyldu leigusamninga en breytingar í þá veru hafa ekki orðið lögfestar á Alþingi. Alþýðusambandið styður almenna skráningaskyldu leigusamninga í húsnæðisgrunn Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og telur breytingarnar til verulegra bóta frá eldra fyrirkomulagi sem byggði á þinglýstum leigusamningum.

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á húsaleigulögum með það að markmiði að styrkja stöðu leigjenda og bæta gagnaöflun. Skráningaskylda var innleidd í lögum árið 2023 en einungis gagnvart aðilum sem voru með þrjár íbúðir eða fleiri í útleigu. Upphaflega hafði þó verið stefnt að almennri skráningaskyldu. Af þeim sökum eru takmarkaðar upplýsingar til staðar um stóran hlut leigumarkaðar, þ.e. leigusamninga hjá leigusölum sem hafa færri en þrjár eignir í útleigu.

Alþýðusambandið fagnar því að gerðar hafi verið breytingar á lögnum í þá veru að banna verðtryggingu skammtíamasamninga á fyrstu 12 mánuðum samningstíma. Þetta samræmist þeim markmiðum að auka fyrirsjáanleika um leigufjárhæð, auka húsnæðisöryggi og hvetja til þess að gerðir séu ótímabundnir leigusamningar. Í reynd telur ASÍ eðlilegt að sett yrðu mörk á hversu oft tímabundnir samningar séu endurnýjaðir áður en þeir séu orðið ótímabundið leigusamband. ASÍ telur jafnframt eðlilegt að draga úr vægi sjálfvirkra hækkana, t.d. með því að verðlagsuppfærsla geti einungis farið fram á mánaðar fresti.

ASÍ telur rétt að árétta að meginvandi húsnæðismarkaðar skýrist af misræmi framboðs og eftirspurnar sem byggst hefur upp yfir langan tíma. Þó breytingar á húsaleigulögum séu mikilvægar til þess að styrkja stöðu leigjenda mun jafnvægi ekki nást nema með stórfelldri uppbyggingu á fjölbreyttu húsnæði. Þar er mest þörf á auknu framboði á leiguhúsnæði á viðráðanlegu verði, en í dag eru um 4 þúsund fjölskyldur á biðlistum eftir húsnæði hjá Bjargi íbúðafélagi.

ASÍ telur rétt að minna á markmið þeirra breytinga sem gerðar voru á síðasta ári og í þessu frumvarpi munu ekki nást nema kærunefnd húsamála verði styrkt verulega og málshraða komið í ásættanlegt horf. Við því hefur ekki verið brugðist. Í umsógn ASÍ við síðustu breytingar á húsaleigulögum var bent á að breytingar muni leiða til aukins málafjölda hjá kærunefndinni og mikilvægi þess að leigjendur eigi kost á lögfræðiaðstoð. Þar benti sambandið á mikilvægi þess að rekstrargrundvöllur leigjendaaðstoðar Neytendasamtakanna verði tryggður.

**Frumvarp um breytingu á lögum um almannatryggingar
og ýmsum lögum vegna endurskoðunar örorkulífeyriskerfis almannatrygginga
(aldursviðbót, launavísitala og tölfraði-upplýsingar). Mál nr. 259, 156. löggjafarþing.**

16. apríl 2025

- ASÍ telur ekki þörf á að breyta lögum þannig að þróun almannatrygginga sé fest við launavísitölu. Aðferðin sem lögð er til með lagabreytingunni rúmast innan núverandi laga.
- Æskilegt væri í kjölfar greiningar að rýna heildstætt hvernig bæta megi kjör þeirra sem eiga takmörkuð réttindi í lífeyrissjóðum þegar komið er að ellilífeyrisaldri.
- Að leggja af stjórn Tryggingastofnunar er óráðlegt að mati ASÍ, betur færi á því að skilgreina hlutverk stjórnar frekar og rýna hvernig hún er skipuð.
- Alþýðusamband Íslands setur fyrirvara við aukið hlutverk Tryggingastofnunar við öflun, vistun og miðlun upplýsinga sem innifela viðtækar heimildir til öflunar, vistunar og miðlunar upplýsinga um meðferð og endurhæfingu.

Í fyrstu, annarri og fjórðu grein frumvarpsins sem lagt er fyrir Alþingi er lagabreytingartillaga um að leggja niður stjórn Tryggingastofnunar. Sú tillaga fór ekki í gegnum samráðsferli stjórnvalda. Þessháttar lagabreytingar væri rétt að kynna í tíma skv. hefðbundnu samráðsferli og gerir ASÍ athugasemd við að svo sé ekki. Alþýðusamband Íslands styður ekki tillögu um að leggja niður stjórn Tryggingastofnunar. ASÍ tekur undir að megi skýra stöðu og hlutverk stjórnar ásamt því hvernig hún er skipuð. Í stofnun með mikilvægt hlutverk við að tryggja framfærslu landsmanna er aðhald af því að almenningur eigi málsvara. Almannahagsmunasamtökin ASÍ telja það samræmast hlutverki sambandsins og eru fús að skipa hluta stjórnar. Komið hefur verið inn á að hagræðing hlytist af því að leggja niður stjórn. ASÍ gerir ekki athugasemd við að fella stjórnarlaun niður.

Alþýðusambandið styður afdráttarlaust stefnu hins opinbera um að uppræta fátækt og lyfta greiðslum almannatrygginga til tekjulægri lífeyrisþega. Í samráðsferli birti félags- og vinnumarkaðsráðuneytið áform og drög að frumvarpi um að aldursviðbót örorkutrygginga framlengist inn á tímabil ellilífeyris og launavísitölutryggingu almannatrygginga sem Alþýðusambandið fjallaði um í umsögnum. Sjónarmið ASÍ sem komu fram í umsögnum eiga eins við um frumvarpið sem er til umsagnar og eru því endurtekin í þessari umsögn.

Ákjósanlegt væri að kortleggja stöðu og umfang þeirra sem eiga takmörkuð réttindi gegnum vinnumarkaðspáttöku þegar komið er að töku ellilífeyris. Aldursviðbót greiðist þeim sem gjarnan eiga takmörkuð réttindi í lífeyrissjóðum. Fleiri hópar eiga takmörkuð réttindi í lífeyrissjóðum þegar að töku ellilífeyris kemur en þau sem hafa fengið aldursuppbót. Æskilegt væri að fram færi heildstæð greining á þeim hópum svo ekki sé gert upp á milli hópa þegar kemur að töku ellilífeyris.

Alþýðusambandið styður markmið og telur eðlilegt að bætur almannatrygginga fylgi þróun lægstu launa til að tryggja að kjör elli- og örorkulífeyrisþega dragist ekki aftur úr öðrum hópum. Í lögum um almannatryggingar 100/2007 segir í 62. gr um árlegar breytingar fjárhæða, að greiðslur almannatrygginga „skulu breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Ákvörðun þeirra skal taka mið af launaþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs.“ Í núverandi löggjöf um almannatryggingar er því að finna ákvæði sem vinnur að sama marki og lagt er upp með í drögum að frumvarpi. Í framkvæmd hefur þó orðið svo að almannatryggingar fylgja launaþróun misvel.

Það að festa lífeyri almannatrygginga við þróun launavísitölu vekur þó spurningar bæði tæknilegs eðlis og hvort aðferðin þjóni markmiðum sínum. Í kjarasamningum síðustu ára voru lægstu laun hækkuð sérstaklega. Hækkun lægstu launa er þá umfram hækkanir í samfélaginu í heild sem launavísitala endurspeglar. Að festa almannatryggingar við launavísitölu leiðir til þess að bætur almannatrygginga

munu dragast aftur úr lágtækjuhópum eins og ASÍ hefur endurtekið vakið athygli á í umsögnum við fjárlög. ASÍ telur óásættanlegt að kjör elli- og örorkulífeyrisþega dragist aftur úr öðrum lágtækjuhópum og mælist til þess að bætur almannatrygginga taki hækkunum til samræmis við lægstu laun á vinnumarkaði.

Alþýðusamband Íslands setur fyrirvara við 6. gr. frumvarps varðandi aukið hlutverk við öflun, vistun og miðlun upplýsinga hjá Tryggingastofnun. Í 6. gr. er lagt er til að TR fái viðtækar heimildir til öflunar, vistunar og miðlunar upplýsinga um meðferð og endurhæfingu. Samkvæmt greinargerð er markmið breytinganna, söfnun tölfræðiupplýsinga um endurhæfingarþjónustu í viðum skilningi. ASÍ tekur undir nauðsyn þess að slíkar tölfræðiupplýsingar liggi fyrir til að unnt sé að leggja mat á framgang og árangur kerfisins. Hins vegar eru ekki færð nægilega sterk rök fyrir því að útvíkka þurfi frekar hlutverk TR varðandi upplýsingaöflun líkt og lagt er til. Réttar væri að skoða hvort útfæra mætti söfnun og miðlun upplýsinga, í þeim tilgangi að afla þekkingar um veitta þjónustu og bæta árangur innan þjónustusamnings og nýrrar þjónustugáttar. Með breytingu á lögum fær Tryggingastofnun aukið hlutverk en ASÍ vill vara við því að Tryggingastofnun, sem tekur ákvörðun um og ber ábyrgð á framfærslu einstaklinga, hafi einnig með höndum hlutverk við að stýra uppbyggingu og þróun endurhæfingarþjónustu.

Í ljósi framangreinds leggur ASÍ til að leitað verði leiða innan fyrirbyggjandi ramma um samstarf stofnana og þegar aukins hlutverks Tryggingastofnunar, til að ná mikilvægu markmiði um söfnun fullnægjandi tölfræðiupplýsinga um endurhæfingarþjónustu og þjónustuþega.

Alþýðusamband Íslands er reiðubúið að leggja sitt af mörkum í kortlagningu hópa sem eiga takmörkuð réttindi þegar kemur að ellilífeyrisaldri og eins því að vinna að framgangi markmiða og stefnuyfirlýsingar um að útrýma fátækt. Óvíst er að launavísitölutenging almannatrygginga þjóni þeim tilgangi. Þá er hætt við því að mismunað verði milli hópa við það að aldursviðbót framlengist inn á tímabil lífeyris gagnvart öðrum hópum sem af ýmsum ástæðum geta átt takmörkuð réttindi í lífeyrissjóðum þegar komið er að lífeyristökualdri.

Að framansögðu leggur ASÍ til að frumvarpið verði ekki að lögum. ASÍ er reiðubúið í frekari rýni varðandi útfærslu nýs frumvarps sem þjónar betur tilætluðum markmiðum sínum.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um framhaldsskóla (þskj. 318, 282. mál).

30. apríl 2025

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) fagnar framlagningu frumvarpsins og tekur undir markmið þess um að styrkja lagaumgjörð starfsnáms og skýra ábyrgð við framkvæmd vinnustaðánáms. Frumvarpið felur í sér mikilvægar breytingar sem geta stuðlað að bættri tengingu náms og atvinnulífs, auk þess að tryggja réttindi nemenda og gæði námsins. Til þess að svo megi verða er mikilvægt að lagaumgjörð og framkvæmd séu í senn skýr, einföld í framkvæmd og raunhæf fyrir alla hlutaðeigandi aðila.

ASÍ ítrekar enn fremur þær athugasemdir sem gerðar voru í sameiginlegri umsögn sambandsins, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og Samtaka atvinnulífsins fyrr í vetur varðandi sama mál. Þar var bent á mikilvægi þess að skýra verkaskiptingu, tryggja samræmi milli laga og reglugerða og skapa sveigjanlegt en faglegt umhverfi fyrir mat á hæfni nemenda í starfsnámi.

Helstu atriði sem þar voru sérstaklega dregin fram voru meðal annars:

- Að ábyrgð allra hlutaðeigandi, framhaldsskóla, fyrirtækja og stofnana á framkvæmd vinnustaðanáms sé skýr og afmörkuð.
- Að raunfærnimat geti nýst sem raunhæf leið fyrir nemendur utan hefðbundins skólakerfis.
- Að samræmi ríki milli laga, reglugerða og verklags við mat á hæfni og að lagaumhverfi stuðli að auknu aðgengi að starfsnámi fyrir fjölbreyttan hóp nemenda.

Áherslur um ábyrgð, sveigjanleika og aðgengi að starfsnámi

ASÍ telur brýnt að ábyrgð skóla og vinnustaða sé skýrt afmörkuð í lögum. Hlutverk skólameistara, meistara á vinnustað og nemanda þarf að vera skýrt og samræmanlegt. Ekki skal gengið út frá því að ábyrgð falli á skóla í málum sem eðlilega tilheyra ráðningarsambandi nemanda og vinnustaðar, líkt og gerð ráðningarsamninga eða rafræn ferilbók. Sérstaklega er mikilvægt að virða þá sérstöðu iðnnáms sem lýkur með sveinsprófi, sem er þá formlegt lokamat.

Mikilvægt er að tryggja fjölbreytt og sveigjanlegt aðgengi að starfsnámi fyrir ólíka hópa nemenda. Það felur meðal annars í sér að efla kvöld-, dreif- og fjarnám og draga úr hindrunum eins og aldurstakmörkunum sem geta hamlað þátttöku fullorðinna einstaklinga á vinnumarkaði. Í þessu samhengi gegnir raunfærnimat einnig lykilhlutverki sem leið fyrir fólk með starfsreynslu utan hefðbundins skólakerfis til að fá viðurkenningu fyrir hæfni sína og ljúka formlegu námi.

Frumvarpið þarf að tryggja að ákvæði um mat á hæfni nemenda í vinnustaðanámi heimili slíkar leiðir og takmarki ekki aðkomu annarra en skóla að matsferlinu. Með hliðsjón af þessu telur ASÍ nauðsynlegt að huga sérstaklega að því hvernig ábyrgð og fyrirkomulag mats er orðað í 12. grein frumvarpsins.

Í frumvarpinu er lagt til að eftirfarandi málslíður bætist við 30. grein laganna: „Mat á hæfni nemanda í vinnustaðanámi er í höndum iðnmeistara, fyrirtækis eða stofnunar, **undir umsjón skólameistara.**“

ASÍ telur brýnt að þetta orðalag verði endurskoðað. Það verður að koma skýrt fram að „undir umsjón skólameistara“ feli ekki í sér einhliða ákvörðunarvald yfir mati á vinnustaðanámi. Vinnustaðanám fer fram í ráðningarsambandi þar sem meistari og nemandi starfa saman, og því er eðlilegt að tryggja aðkomu stéttarfélags ef upp kemur ágreiningur milli nemanda og vinnustaðar um mat eða framkvæmd námsins. Slíkt fyrirkomulag styður réttindi nemenda í starfsnámi, viðheldur trausti á ferlinu og tryggir jafnræði í framvindu námsins.

Þá er mikilvægt að orðalagið verði útfært þannig að það útiloki ekki fjölbreyttar leiðir við mat á hæfni, þar á meðal raunfærnimat. Tryggja þarf að matsleiðir sem byggja á reynslu nemenda falli innan ramma laganna og nýtist sérstaklega í þeim tilvikum þar sem nám fer fram utan hefðbundins skólaumhverfis, s.s. í raunfærnimati.

Alþýðusamband Íslands styður því þau markmið sem frumvarpið byggir á og leggur áherslu á að framkvæmd vinnustaðanáms verði skýr, sveigjanleg og í takt við raunverulegar aðstæður á vinnumarkaði. Nauðsynlegt er að tryggja að mat á hæfni nemenda geti farið fram með fjölbreyttum hætti, þar á meðal í gegnum raunfærnimat, og að lagaumgjörðin styðji við jafnt aðgengi og gæði starfsnáms á öllum skólastigum.

**Frumvarp um breytingu á lögum um veiðigjald,
nr. 145/2018 (aflaverðmæti í reiknistofni).**

27. maí 2025

Óskað hefur verið eftir umsögn Alþýðusambands Íslands um frumvarp til breytinga á lögum um veiðigjald.

Í fjármálaáætlun 2025–2029 voru boðaðar breytingar á veiðigjöldum sem fólust í hækkun á gjaldhlutfalli úr 33% í 45% ásamt álagi á veiðigjald á uppsjávartegundir. Áhrifin voru um 4 milljarða hækkun á veiðigjaldi. Í fyrirbyggjandi frumvarpi er farin önnur leið í breytingu á veiðigjaldi þannig að gjaldhlutfall af reiknistofni verður óbreytt en breyting er gerð á aflaverðmæti þannig að það endurspegli markaðsverð á afurðum.

Sambandið hefur á fyrri stigum skilað umsögn í samráðsgátt stjórnvalda en einnig samþykkti miðstjórn ASÍ ályktun(1) þar sem fram kom að hún styðji boðaðar breytingar á lögum um veiðigjöld og teldi rétt að skattstofn miðist við raunverulegt markaðsverð á afurðum. Í ályktun miðstjórnar kom einnig fram að rýna þyrfti vel hver möguleg áhrif yrðu á smærri útgerðir, byggðir og fiskvinnslur og eftir atvikum bregðast við með breytingu á frítekjumarki.

Mikilvægt að skapa sátt um nýtingu auðlindar

Auðlindir Íslands eru sameign þjóðarinnar. Auðlindamál voru meginþema síðasta þings ASÍ og kallaði þingið eftir endurskoðun gjalddtöku vegna nýtingar hvers kyns auðlinda(2). Þar eigi að miða að því að gjalddtaka af auðlindum tryggi þjóðinni réttláta hlutdeild í þeim umframardi sem til verður við nýtingu auðlinda(3). Þetta hefur ekki tekist með núverandi kerfi þar sem veiðigjöld eru einungis lítill hlutur í mældri auðlindarentu í sjávarútvegi. Þar kemur einnig fram að tryggja þurfi að hlutdeild auðlindarentu verði eftir í þeim byggðum þar sem nýting fer fram.

Fiskveiðistjórnunarkerfið hefur skapað hagræðingu, aukið framleiðni og skapað gríðarlegan arð. Augljós galli í núverandi kerfi veiðigjalda er að sjávarútvegsfyrirtæki geta komist hjá greiðslu eðlilegs gjalds með milliverðlagningu. Boðað frumvarp bætir úr framangreindum galla.

Sjónarmið við skattlagningu á nýtingu auðlinda

Sjávarútvegsfyrirtæki geta notið umframávöxtunar sem stafar af ákvörðun stjórnvalda að takmarka aflaheimildir með kvótakerfi. Umframávöxtunin er hagnaður þegar tekið hefur verið tillit til væntrar ávöxtunar fjárfestinga í greininni. Umframávöxtun er ávöxtun umfram það sem vænta má á markaði. Gjaldheimta á umframhagnað er því hlutlaus gagnvart hagkvæmni fjárfestingarkosta í greininni, þ.e. fjárfestingarkostir sem eru arðbærir fyrir gjald eru það einnig eftir skatt.

Auðlindagjöld voru til umfjöllunar í skýrslu ASÍ frá árinu 2021, „*Skattar og ójöfnuður- Réttlátara og skilvirkara skattkerfi*“. Líkt og þar er bent á hefur auðlindarenta aukist verulega samhliða aukinni samþjöppun og hagræðingu í sjávarútvegi eftir tilkomu aflamarkskerfisins. Á árunum 2008–2019 nam mæld auðlindarenta með árgreiðsluaðferð tæplega 50 milljörðum á ári á verðlagi ársins 2024 en aðferðin tekur tillit til kostnaðar við starfsemina og fjármagnskostnaðar vegna fjárfestinga í starfseminni. Á árunum 2020–2023 nam mæld renta að jafnaði 73 milljörðum á ári á verðlagi ársins 2023.

Gjaldheimta sem er hlutlaus gagnvart ákvörðunum einstaklinga og fyrirtækja hefur ekki sömu efnahagslegu áhrif og almennir skattar. Vel hönnuð gjaldheimta á auðlindanýtingu getur því verið skilvirk leið til að tryggja hlutdeild þjóðarinnar í þeim arði sem til verður við nýtingu án þess að koma niður á

hvötum til fjárfestinga og verðmætasköpunar. Hins vegar þarf að hafa í huga að sé of langt gengið í hækkunum á gjöldum geti það leitt til neikvæðra hvata.

Líkt og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er stefnt að breytingum á lögum um veiðigjald þannig að aflaverðmæti endurspegli raunverulegt markaðsverð. Það getur verið ákveðnum vandkvæðum bundið að nota norsk verð til að áætla verðmæti íslenskra uppsjávartegunda sem gjarnan eru veiddar á öðrum tímabilum. Slík vandamál eru t.d. ekki til staðar við gjalddöku auðlinda á borð við olíu eða lax úr laxeldi. ASÍ telur mikilvægt að þar sé vandað til verka.

Hagkvæmni og byggðarsjónarmið

Bætt afkoma og aukin auðlindarenta í sjávarútvegi hefur haldist í hendur við hagræðingu, fækkun starfa og samþjöppun í greininni. Þessi þróun hefur ólíkar birtingarmyndir, þróunin hefur verið sársaukafull fyrir sumar byggðir á meðan aðrar búa við sterkt atvinnulíf. Áskorun stjórnvalda er að finna jafnvægi milli hagkvæmni og samþjöppunar sem er grundvöllur veiðigjalda og svo byggðarsjónarmiða. Þar telur ASÍ mikilvægt að tryggja að fiskur verði áfram unninn á Íslandi og að stjórnvöld kortleggi áhrif breytinga á stöðu ólíkra fyrirtækja í veiðum og vinnslu, á byggðir og stilla af frítekjumörk eftir þörf.

1. Sjá <https://vinnan.is/midstjorn-asi-stydur-breytingar-a-veidigjoldum/>

2. Sjá <https://asi.is/wp-content/uploads/2024/10/34-Auðlindir-i-thagu-thjodar-Stefna-ASI.pdf>

3. Með umframðsemi, auðlindaarði eða auðlindarentu er vísað til þess umframhagnaðar sem eftir stendur þegar greitt hefur verið fyrir framleiðsluþætti, þ.e. laun og fjármagn.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 (víxlverkun örorkulífeyrisgreiðslna), 430.mál.

5. júní 2025

Samantekt

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 (víxlverkun örorkulífeyrisgreiðslna), 430. mál.

Sá vandi sem fylgir víxlverkun milli lífeyrissjóða og almannatrygginga fyrir örorkulífeyrisþega og lífeyriskerfið allt hefur legið ljós fyrir um árabíl. Við endurskoðun á örorkulífeyriskerfi almannatrygginga létu stjórnvöld hjá líða að taka á málinu þrátt fyrir að samkomulag sem gert var um bráðabirgðalausn árið 2010 hafi kveðið skýrt á um að fundin yrði sameiginleg framtíðarlausn á víxlverkun milli almannatrygginga og lífeyrissjóða. Á þetta hefur Alþýðusambandið ítrekað bent á undanförunum árum. ASÍ gagnrýnir harðlega seinagang og aðgerðaleysi stjórnvalda í málinu sem lagt er fyrir með afar skömmum fyrirvara þrátt fyrir að legið hafi fyrir um langa hríð að ná þyrfti ásættanlegri lendingu fyrir alla aðila.

ASÍ telur með engu móti hægt að slíta umræðu um frumvarp það sem hér er til umfjöllunar úr samhengi við umræðuna um jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða og að eðlilegt hefði verið að stjórnvöld greindu áhrif þeirra í samhengi.

ASÍ mótmælir harðlega að stjórnvöld skuli einhliða rjúfa það samkomulag sem gert var við aðila vinnumarkaðarins um jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða án þess að forsendur hafi breyst eða samið hafi

verið um annað fyrirkomulag sem tryggi jöfnun á örorkubyrði og raski ekki getu sjóðanna til að standa undir skuldbindingum sínum gagnvart sjóðfélögum.

Forsaga bráðabirgðaákvæðis til að stemma stigu við víxlverkun

Á árunum 2006–2008 innleiddu lífeyrissjóðirnir í samþykktir sínar annars vegar ákvæði um sk. viðmiðunartekjur og hins vegar skilgreiningu á því hvað skuli teljast til tekna við mat á tekjumissis örorkulífeyrisþega. Fyrir þann tíma var fyrirkomulag við mat á tekjuskerðingum og skilgreining á þeim tekjum sem tekið var tillit til í því mati mismunandi milli sjóða en með breytingunum voru reglur og verklag samræmt. Í breytingunni fólst að farið var að taka mið bæði af atvinnutekjum og bóta- og lífeyrisgreiðslum frá almannatryggingum en áður hafði nær eingöngu verið litið til atvinnutekna. Breytingin leiddi til talsverðrar skerðingar á örorkulífeyrisgreiðslum úr lífeyrissjóðum sem bætt var upp að hluta til með hækkun á greiðslum úr almannatryggingum sem gat þannig leitt til þess að í gang fór víxlverkun milli almannatrygginga og lífeyrissjóða. Ef samanlagðar tekjur sjóðfélagsins við tekjuathugun voru hærri en fyrir orkutap þá lækkar lífeyrissjóður greiðslur sínar. Þetta getur aftur leitt til þess að greiðslur frá almannatryggingum hækka – og í kjölfarið lækka aftur greiðslur frá lífeyrissjóði og svo koll af kolli – þ.e. víxlverkun verður á greiðslum milli almannatrygginga og lífeyrissjóða.

Þetta fyrirkomulag skapaði verulegt óhagræði fyrir örorkulífeyrisþega og fékk talsverða gagnrýni. Í desember 2010 gerðu Landssamtök lífeyrissjóða og ríkisstjórnin með sér samkomulag um að draga úr víxlverkunum milli bóta almannatrygginga og lífeyrissjóðsgreiðslna og sömuleiðis sammæltust þessir aðilar um að setja af stað vinnu við að finna varanlega lausn á víxlverkunarvandanum.

Í samræmi við samkomulagið var sett bráðabirgðaákvæði í lög nr. 129/1997 (lífeyrissjóðalögin) á árinu 2011 þess efnis að óheimilt væri á tímabilinu 1. janúar 2011 til 31. desember 2013 að láta almennar hækkanir sem kunna að verða á örorkulífeyrisgreiðslum almannatrygginga leiða til lækkunar á örorkulífeyri sjóðfélaga úr lífeyrissjóði. Jafnframt var lögfest bráðabirgðaákvæði í lög um almannatryggingar þess efnis að tiltekna greiðslur skv. þeim kæmu ekki til lækkunar á sama tímabili vegna almennra hækkana á örorkulífeyri úr lífeyrissjóðunum.

Gildistíma bráðabirgðaákvæðisins skyldi nýta til að finna varanlega lausn á málinu. Undir lok hans, í desember 2013, skipaði þáverandi félags- og húsnæðismálaráðherra starfshóp til að vinna að skoðun á víxlverkan milli örorkulífeyris frá almannatryggingum og frá lífeyrissjóðum. Hópurinn skoðaði nokkrar leiðir til að stemma stigu við víxlverkunum til skemmri tíma en áleit hlutverk sitt ekki vera að finna framtíðarlausn á samspili örorkulífeyrisgreiðslna þar sem endurskoðun á almannatryggingalöggjöfinni stæði yfir og á framtíðarskipan lífeyrismála. Vinnan leiddi ekki til breytinga á fyrirkomulaginu en bráðabirgðaákvæðið var framlengt og hefur síðan þá verið framlengt árlega, nú síðast með lögum nr. 127/2024 til 1. september 2025.

Endurskoðun almannatrygginga án lausnar á víxlverkunarvandanum

Frá því umrætt bráðabirgðaákvæði var fyrst sett á hefur farið fram vinna í nokkrum áföngum við endurskoðun á lögum um örorkulífeyri almannatrygginga sem skilaði loks heildarendurskoðun á örorkulífeyriskerfi almannatrygginga með lagabreytingu á Alþingi vorið 2024 með gildistöku 1. september 2025. Í þeim breytingum er ekki tekið sérstaklega á víxlverkunum milli örorkulífeyris almannatrygginga og lífeyrissjóða en bráðabirgðaákvæði sem verið hafa í gildi síðan árið 2011 til að draga úr víxlverkunum munu líkt og áður segir falla úr gildi samhliða upptöku á nýju örorkulífeyriskerfi almannatrygginga þann 1. september nk.

Alþýðusamband Íslands hefur á undanförnum árum ítrekað vakið athygli á að samhliða breytingum á örorkulífeyriskerfi almannatrygginga sé nauðsynlegt að horfa heildstætt á réttindakerfi lífeyrissjóða og almannatrygginga og tryggja gott samspil þessara kerfa til að gæta bæði hagsmuna örorkulífeyrisþega, ríkissjóðs og annarra sjóðfélaga lífeyrissjóðanna. Hluti þessa samspils snýr að lausn á

víxlverkunarvandanum sem legið hefur ljóst fyrir í ríflega 15 ár. Stjórnvöld hafa þrátt fyrir þetta sýnt málinu takmarkaðan áhuga og ekkert raunverulegt samráð eða vinna við að finna ásættanlega framtíðarlausn farið fram.

Á það má benda að í nefnd félagsmálaráðherra um breytingar á almannatryggingum frá árinu 2016 var lagt til að lífeyrissjóðir hætti að líta til greiðslna frá almannatryggingum við tekjuathugun vegna örorkulífeyrisgreiðslna en forsenda þess væri að framlag ríkisins til að jafna örorkubyrði milli lífeyrissjóðanna verði endurskoðað. Í sameiginlegri bókun ASÍ, BSRB, BHM, KÍ og SA við niðurstöðu nefndarinnar er áréttað mikilvægi þess að endurskoða framlög ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði ef heildarbyrði sjóðanna vegna örorku eykst við það að lífeyrissjóðirnir hætti að líta til greiðslna almannatrygginga við tekjuathugun örorkulífeyrisþega.

Lífeyriskerfið og löggjöf um lífeyrissjóðina hefur á undanförunum áratugum þróast í samráði og samstarfi við aðila vinnumarkaðarins sem í gegnum kjarasamning sinn um lífeyrismál hafa axlað ábyrgð á að byggja upp og varsla lífeyrissjóði landsmanna. **Það verklag sem hér er viðhaft við breytingar á ákvæði lífeyrissjóðalaga, sem áður var sett að undangengnu samráði og fyrirætlana um vinnu við sameignlega sýn á framtíðarlausn, telur ASÍ verulega gagnrýnivert og gengur gróflega gegn hefðum um þriðliða samstarf aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda í mikilvægum málum er snerta hagsmuni launafólks.**

Samhengi við ólíka örorkutiðni sjóða og jöfnunarframlag ríkisins

Að óbreyttu fellur gildandi bráðabirgðaákvæði sem takmarkar víxlverkanir milli kerfa úr gildi þann 1. september 2025, samhliða gildistöku á nýju örorkulífeyriskerfi almannatrygginga, sem mun leiða til þess að lífeyrissjóðir fara að nýju að horfa að fullu til greiðslna frá almannatryggingum við tekjuathugun örorkulífeyrisþega sem lækka mun greiðslur til þeirra úr sjóðunum. Fyrir liggur að sú kjaraskerðing leggst þýngst á tekjulægri örorkulífeyrisþega – þar sem tekjuhærri hópar fá síður greiðslur frá almannatryggingum. Verulegt óhagræði yrði af því fyrir örorkulífeyrisþega og lífeyriskerfið allt ef til þessa kæmi.

Þá er ljóst að áhrifin af því að lífeyrissjóðir horfi ekki til tekna almannatrygginga við tekjuathugun leggjast mjög misþungt á lífeyrissjóði eftir örorkubyrði þeirra en langmest eru áhrifin á sjóði verka- og lágláunafólks þar sem örorkutiðnin er hæst. Þetta bætist við þá óvissu sem uppi er varðandi áform stjórnvalda hvað varðar framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða sem að óbreyttu stendur til að fella niður að fullu frá og með árinu 2026 og draga þannig enn úr getu lífeyrissjóða verka- og lágláunafólks til að standa undir greiðslu ellilífeyris til sjóðfélaga sinna.

Alþýðusamband Íslands telur það grundvallarforsendu í því máli sem hér er til umfjöllunar að samkomulag náist um framtíðarfyrirkomulag á framlagi ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða. Slíkt fyrirkomulag þarf að tryggja raunverulega jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða verka- og lágláunafólks við sjóði með lága örorkutiðni og taka jafnframt mið af áhrifum þess að sjóðirnir hætti að horfa til greiðslna almannatrygginga við tekjuathugun. ASÍ telur með engu móti hægt að slíta umræðuna um jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða úr samhengi við það frumvarp sem hér er til umfjöllunar og að eðlilegt hefði verið að stjórnvöld greindu áhrif þeirra í samhengi.⁽¹⁾

Alþýðusambandið gagnrýnir harðlega að mál af þessu tagi komi fram með þeim hætti sem raun ber vitni og sé lagt fram með svo skömmum fyrirvara þegar fyrir hefur legið um langa hríð að ná þyrfti ásættanlegri lendingu fyrir alla aðila í málinu.

Stjórnvöld rjúfa einhliða samkomulag um jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða

Aðkoma ríkisins að jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða á rætur að rekja til samkomulags stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins í tengslum við endurskoðun kjarasamninga á árinu 2005 vegna vaxandi

örorkubyrði sem leggst þyngst á lífeyrissjóði verkafólks innan ASÍ og hefur neikvæð áhrif á ellilífeyri sjóðfélags þeirra.(2) Samkvæmt samkomulaginu skyldi 0,25% af tryggingagjaldsstofni hvers árs renna til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða.

Lykilþáttur í útfærslu á framlagi stjórnvalda til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða hefur að mati aðila vinnumarkaðarins ávallt verið sá að um ótímabundið framlag sé að ræða sem byggir á fastri hlutdeild í tryggingagjaldsstofni þannig að unnt sé að taka mið af því við tryggingafræðilegt mat á stöðu sjóðanna á hverjum tíma – og framlagið nýtist þannig til að treysta ellilífeyrisréttindi þeirra sjóða sem hafa hæsta örorkutíðni(3).

Stjórnvöld hafa á liðnum árum ítrekað komið fram með hugmyndir um að einhliða draga úr eða fella niður framlag til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða án samráðs eða mats á þeim áhrifum sem slík breyting hefði á afkomu sjóðfélaga ólíkra lífeyrissjóða. Voru slík áform nú síðast sett fram í frumvarpi til fjárlaga vegna yfirstandandi árs þar sem til stóð að lækka framlagið um ríflega 65% á milli ára með vísan til breytinga á örorkulífeyriskerfi almannatrygginga, sem þó hafa engin áhrif á ólíka örorkutíðni lífeyrissjóða. Aðilar vinnumarkaðarins lögðust þungt gegn áformunum enda ljóst að þau ganga þvert á gildandi samkomulag og slíkt hefði haft umtalsverð áhrif á ellilífeyrisréttindi fjölda fólks.

Niðurstaða Alþingis var sú að framlagið var lækkað í 0,193% af tryggingagjaldsstofni sem jafngildir um 40% lækkun vegna yfirstandandi árs en áform um niðurfellingu á árinu 2026 standa óbreytt. Þá var úthlutunarreglum framlagsins breytt þannig að það rennur nú til þeirra lífeyrissjóða sem hafa mesta örorku í stað þess að dreifast á alla lífeyrissjóði sem er til bóta að mati ASÍ.

ASÍ mótmælir harðlega að stjórnvöld skuli einhliða rjúfa það samkomulag sem gert var við aðila vinnumarkaðarins um jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða án þess að forsendur hafi breyst eða samið um annað fyrirkomulag sem raski ekki getu sjóðanna til að standa undir skuldbindingum sínum.

Ákvörðun um að hætta að jafna örorkubyrði lífeyrissjóða, sem verður enn áleitnari við þær breytingar sem lagðar eru til í því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar, er ákvörðun um að sjóðfélagar í lífeyrissjóðum verka- og láglænaafólks beri mestu byrðina af örorku í lífeyrissjóðakerfinu, langt umfram sjóðfélaga annarra sjóða.

Við slíkt verður ekki búið.

1. Verði umrætt frumvarp að lögum mun breytt verklag lífeyrissjóða við tekjuathugun lækka örorkulífeyrisgreiðslu Tryggingastofnunar. Ljóst er að nýta má þá lækkun örorkulífeyris Tryggingastofnunar til að jafna ólík áhrif á lífeyrissjóði eftir umfangi örorkulífeyrisgreiðslna þeirra.

2. Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar frá 2006.

3. Umsögn ASÍ um tillögur til þingsályktunar um fjármálaáætlun og fjármálastefnu fyrir árin 2026–2030.

Frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum, nr. 36/1994 (almenn skráningarskylda leigusamninga í leiguskrá), 108. mál

8. október 2025

Frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum er nú lagt fram á Alþingi í þriðja sinn. Alþýðusambandið skilaði inn umsögn um málið fyrst þegar það kom til umfjöllunar á 154. löggjafarþingi og svo aftur þegar frumvarp sambærilegt því sem hér er til umfjöllunar var lagt fram á 156. löggjafarþingi.

Í frumvarpinu eru boðaðar breytingar á húsaleigulögum sem felast í aukinni skráningaskyldu leigusamninga í leiguskrá. Um árábil hefur legið fyrir að tölulegar upplýsingar um leigumarkað eru af skörnum skammti og því ekki fengist fullnægjandi mynd af stöðu leigjenda og umfangi leigumarkaðarins.

Um nokkurt skeið hafa stjórnvöld stefnt að almennri skráningaskyldu leigusamninga en breytingar í þá veru hafa ekki verið lögfestar á Alþingi. Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á húsaleigulögum með það að markmiði að styrkja stöðu leigjenda og bæta gagnaöflum.

Skráningaskylda var innleidd í lög árið 2023 en einungis gagnvart aðilum sem voru með þrjár íbúðir eða fleiri í útleigu. Upphaflega hafði þó verið stefnt að almennri skráningaskyldu. Af þeim sökum eru takmarkaðar upplýsingar til staðar um stóran hlut leigumarkaðarins, þ.e. leigusamninga hjá leigusölum sem hafa færri en þrjár eignir í útleigu.

Alþýðusambandið styður almenna skráningaskyldu leigusamninga í húsnæðisgrunn Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og telur breytingarnar til nauðsynlegrar til að gefa heildstæða mynd af íslenskum leigumarkaði.

Alþýðusambandið fagnar því að gerðar séu breytingar á lögnum þannig að óheimilt sé að verðtryggja tímabundna leigusamninga á fyrstu 12 mánuðum samningstíma. Þetta samræmist þeim markmiðum að auka fyrirsjáanleika um leigufjárhæð, auka húsnæðisöryggi og hvetja til þess að gerðir séu ótímabundnir leigusamningar. Í reynd telur ASÍ rétt að gera frekari breytingar á lögnum, m.a. að takmarka hversu oft er heimilt að endurnýja tímabundna samninga þannig að þeir verði sjálfkrafa ótímabundið leigusamband.

Til viðbótar væri að mati ASÍ eðlilegt að draga úr vægi sjálfvirkra hækkana, t.d. með því að verðlagsuppfærsla geti að hámarki farið fram á 12 mánaða fresti. Í því samhengi þyrfti að skoða undanþágu fyrir óhagnaðardrífni leigufélög varðandi verðlagsuppfærslur.

ASÍ telur við hæfi að áréttu að meginvandi á húsnæðismarkaði skýrist af misræmi framboðs og eftirspurnar sem byggst hefur upp yfir langan tíma. Þó breytingar á húsaleigulögum séu mikilvægar til þess að styrkja stöðu leigjenda mun jafnvægi ekki nást nema með stórfelldri uppbyggingu á fjölbreyttu húsnæði. Þar er mest þörf á auknu framboði á leiguhúsnæði á viðráðanlegu verði en nú eru um fjögur þúsund fjölskyldur á biðlistum eftir húsnæði hjá Bjargi íbúðafélagi.

ASÍ vill jafnframt áréttu að markmið þeirra breytinga sem gerðar voru á árinu 2023 og þau markmið sem sett eru fram í þessu frumvarpi munu ekki ná fram að ganga nema kærunefnd húsamála verði styrkt verulega og ásættanlegur málshraði tryggður. Við því hefur ekki verið brugðist. Í umsögn ASÍ við frumvarp um breytingar á húsaleigulögum á árinu 2023 var bent á að breytingarnar myndu óhjákvæmilega leiða til aukins mála fjölda hjá kærunefndinni og mikilvægt væri að leigjendur ættu kost á lögfræðiaðstoð og ráðgjöf. Í því samhengi er nauðsynlegt að rekstrargrundvöllur leigjendaaðstoðar Neytendasamtakanna verði tryggður.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007 (skammtímaleiga, gagnaöflun og rekstrarleyfi).

8. október 2025

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Markmið laganna er bregðast við auknu umfangi skammtímaleigu íbúðarhúsnæðis til ferðamanna sem ýtt hefur undir þenslu á húsnæðismarkaði og dregið úr framboði almenns leiguhúsnæðis. Alþýðusamband Íslands styður frumvarpið og hvetur til þess að það nái fram að ganga en telur rétt að benda að hér er gengið mun skemur í takmörkun á

skammtímaleigu en í mörgum borgum Evrópu sem glímt hafa við sambærileg vandamál. Að mati ASÍ hefði þurft að taka stærri skref sem myndu hafa mæta þeim bráðavanda sem nú ríkir á húsnæðismarkaði.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á núgildandi lögum sem felast einkum í tvennu. Annars vegar er heimagisting endurskilgreind og afmörkuð við lögheimili einstaklings og eina aðra fasteign í eigu viðkomandi utan þéttbýlis. Hins vegar eru rekstrarleyfi í íbúðarhúsnæði innan þéttbýlis gerð tímabundin til fimm ára.

ASÍ styður að heimagisting sé þrengd og miði við lögheimili einstaklings og eina fasteign utan þéttbýlis. Með því verði heimagisting færð nær tilætluðu markmiði um að gera einstaklingum kleift að leigja út sitt eigið húsnæði sem stendur tímabundið ónotað. Slík heimagisting stuðlar að betri nýtingu og getur gert einstaklingum kleift að afla tímabundið aukinna tekna.

Samhliða heimagistingu einstaklinga hefur orðið mikil aukning á skammtímaleigu íbúðarhúsnæðis í atvinnurekstrarskyni, bæði á vegum einstaklinga og lögaðila. Þessi þróun hefur jafnframt ýtt undir ásælni fjárfesta í íbúðarhúsnæði, dregið úr framboði íbúðahúsnæðis og ýtt undir þenslu á húsnæðismarkaði. Líkt og nefnt er í greinargerð með frumvarpinu hefur þetta gert sveitarfélögum erfitt fyrir að samræma rekstrarleyfisskylda gististarfsemi við stefnu um landnotkun, byggðapróun og byggðamynstur. Jafnframt er bent á dæmi þess að heilu íbúðarhúsin séu í raun rekin sem gistiheimili í húsnæði sem skilgreint er sem íbúðarhúsnæði. Við þessu er brugðist með tímabindingu rekstrarleyfa til 5 ára. ASÍ telur vert að nefna að hér er ekki um bráðaaðgerð að ræða, áhrifin koma seint fram og alls óvíst hvort breytingin verði til að draga úr umfangi skammtímaleigu á íslenskum húsnæðismarkaði. Að mati ASÍ væri eðlilegt fella niður útgefin rekstrarleyfi eða stytta tímabindinguna verulega.

Fundir og fundarsókn miðstjórnarmanna

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Alþýðusambands Íslands. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda samstæðuársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvisandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé fram hjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi samstæðunnar.
- Metum í heild sinni hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Grant Thornton endurskoðun var kjörið endurskoðandi á aðalfundi félagsins á árinu 2024. Grant Thornton endurskoðun hefur verið endurskoðandi félagsins síðan árið 2016.

Theodór S. Sigurbergsson

löggiltur endurskoðandi

fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Reykjavík, 16. maí 2025

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur			
Framlög og styrkir		52.198.817	36.848.948
Skattar		715.878.601	607.935.077
Aðrar tekjur		695.116.524	598.896.177
		<u>1.463.193.942</u>	<u>1.243.680.202</u>
Rekstrargjöld			
Laun og starfsmannakostnaður	3	(725.970.536)	(658.363.236)
Annar rekstrarkostnaður		(605.737.845)	(495.604.066)
Afskriftir	5	(10.392.630)	(8.743.547)
		<u>(1.342.101.011)</u>	<u>(1.162.710.849)</u>
Rekstrarafgangur fyrir fjármagnsliði		121.092.931	80.969.353
Fjármagnsliðir	4		
Fjármunatekjur		63.539.840	46.025.237
Fjármagnsgjöld		(15.055.451)	(19.063.350)
Gengismunur		(150.379)	(279.968)
		<u>48.334.010</u>	<u>26.681.919</u>
Rekstrarafgangur fyrir aðrar tekjur og gjöld		169.426.941	107.651.272
Aðrar tekjur og gjöld			
Tekjuskattur		(2.051.571)	(1.192.843)
Breyting lífeyrisskuldbindingar	10	(2.078.080)	(14.175.654)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага		2.234.868	5.366.061
Hlutdeild minnihluta í afkomu dótturfélaga		(1.610.883)	(697.047)
		<u>(3.505.666)</u>	<u>(10.699.483)</u>
Rekstrarafgangur ársins		<u>165.921.275</u>	<u>96.951.789</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir		2024	2023
Fasteignir, lóðir og fasteignaréttindi	5	335.130.013	326.469.546
Listaverkasafn	5	34.623.625	33.587.625
Skrifstofu- og tölvubúnaður	5	34.461.944	29.822.706
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	6	9.059.924	6.825.056
Fastafjármunir		413.275.506	396.704.933
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	7	74.161.635	92.959.520
Kröfur á tengda sjóði og félög	15	7.756.257	211.457
Verðbréfaeign	8	611.452.531	568.690.692
Handbært fé		585.490.407	477.268.114
Veltufjármunir		1.278.860.830	1.139.129.783
Eignir alls		1.692.136.336	1.535.834.716
Eigið fé og skuldir			
Vinnudeilusjóður		355.074.605	355.074.605
Annað eigið fé		806.735.875	637.284.600
		1.161.810.480	992.359.205
Hlutdeild minnihluta		19.281.392	17.670.509
Eigið fé	9	1.181.091.872	1.010.029.714
Lífeyrisskuldbinding	10	197.669.042	195.590.962
Tekjuskattsskuldbinding	11	4.926.347	2.874.776
Fjármagnstekjuskattsskuldbinding	12	45.754.715	49.720.186
Langtímaskuldir	13	46.732.224	0
Skuldabréfalán	13	0	102.498.362
Langtímaskuldir og skuldbindingar		295.082.328	350.684.286
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	14	215.325.981	158.936.764
Skuldir við tengda sjóði og félög	15	636.155	0
Næsta árs afborganir skuldabréfalána	13	0	16.183.952
Skammtímaskuldir		215.962.136	175.120.716
Skuldir alls		511.044.464	525.805.002
Skuldir og eigið fé alls		1.692.136.336	1.535.834.716

Sjóðstreymi ársins 2024

		2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarafgangur ársins		165.921.275	96.951.789
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	5	10.392.630	8.743.547
Hlutdeild minnihluta í afkomu dótturfélaga		1.610.883	697.047
Breyting skuldbindinga		164.180	20.835.402
Verðbætur af langtímaskuldum og eignum		3.388.585	8.559.097
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagana		(2.234.868)	(5.366.061)
		<u>179.242.685</u>	<u>130.420.821</u>
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur; lækkun (hækkun)		18.758.154	(7.350.992)
Skammtímaskuldir; hækkun (lækkun)		56.389.217	(28.876.243)
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum		<u>75.147.371</u>	<u>(36.227.235)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>254.390.056</u>	<u>94.193.586</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfest í varanlegum rekstrarfjármunum	5	(21.198.335)	(27.226.942)
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(21.198.335)</u>	<u>(27.226.942)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar, breyting		(6.908.645)	(1.322.303)
Langtímaskuldir, breyting		46.732.224	0
Afborganir langtímalána		(122.031.168)	(15.638.077)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(82.207.589)</u>	<u>(16.960.380)</u>
Hækkun á handbæru fé		150.984.132	50.006.264
Handbært fé í ársbyrjun		1.045.958.806	995.952.542
Handbært fé í lok árs		<u>1.196.942.938</u>	<u>1.045.958.806</u>

Skýringar

1. Starfsemi

Alþýðusamband Íslands er fjöldahreyfing launafólks í landinu. Aðalstarfsemi sambandsins er að berjast fyrir bættem kjörum félagsmanna sinna og að standa vörð um réttindi þeirra. Lögheimili sambandsins er að Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur samstæðu

Dótturfélög eru þau félög þar sem sambandið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar sambandið hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélaga. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í reikningsskilum sambandsins frá því að yfirráð hefjast og þar til þeim lýkur.

Stöður milli samstæðufélaga, viðskipti og óinnleystur hagnaður og/eða tap sem myndast hefur af viðskiptum milli félaganna eru felld út í samstæðuársreikningnum.

Ársreikningur samstæðunnar fyrir árið 2024 hefur að geyma ársreikning sambandsins og dótturfélaga þess, Eignarhaldsfélagið Guðrúnartúni 1 ehf. og Mímir - símenntun ehf., sem vísað er til sem samstæðunnar.

Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuársreikningur Alþýðusambands Íslands fyrir árið 2024 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Samstæðuársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Fjárhæðir eru í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sambandsins.

Mat og ákvarðanir

Í samræmi við lög um ársreikninga ber stjórnendum við gerð samstæðuársreiknings að meta, draga ályktanir og taka ákvarðanir sem hafa áhrif á eignir, skuldir, tekjur og gjöld á reikningsskiladegi. Það sama gildir um ábyrgð stjórnenda varðandi upplýsingar í skýringum ársreiknings. Við mat og ályktanir byggja stjórnendur á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar á gengi viðskiptadags. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi Seðlabanka Íslands í lok árs 2024. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum á árinu eru umreiknuð í íslenskar krónur á viðskiptadegi. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir eru færðir í rekstrarreikning á því tímabili sem þeir falla til.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá.

Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í samstæðuársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Skattamál

Tekjuskattur til greiðslu er sá tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Tekjuskattsinneign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem talið er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði næstu ára.

Eignarhaldsfélagið Guðrúnartúni 1 ehf. er skattskyldur aðili, en önnur félög innan samstæðunnar eru óskattskyld.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstandur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á tímabilinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem samstæðan hefur stjórnunarleg áhrif. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð og eru færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap hlutdeildarfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild.

Handbært fé

Skammtímaverðbréf og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2024	2023
Laun	574.802.407	531.144.939
Lífeyrissjóðsgjöld	79.877.967	77.102.985
Önnur launatengd gjöld	84.273.953	74.438.163
Þátttaka annarra í launum og launatengdum gjöldum	(39.756.624)	(47.495.727)
Laun og launatengd gjöld vegna námskeiða	(672.000)	(2.500.583)
Lífeyrisgreiðslur	15.659.044	14.299.835
Endurgreidd laun	(543.576)	0
Annar starfsmannakostnaður	12.329.365	11.373.624
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>725.970.536</u>	<u>658.363.236</u>
Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf	<u>45</u>	<u>43</u>
Launagreiðslur til stjórnenda sambandsins:		
Finnbjörn A. Hermannsson, forseti	22.328.979	12.921.574
Kristján Þórður Snæbjarnarson, fyrrverandi forseti, varaforseti	860.307	6.799.154
Drífa Snædal, fyrrverandi forseti		10.352.987
Ragnar Þór Ingólfsson, varaforseti	2.443.168	2.250.099
Halldóra Sigríður Sveinsdóttir, fyrrverandi varaforseti		1.035.860
Hilmar Harðarson, fyrrverandi varaforseti		1.002.534
Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, varaforseti	2.666.298	1.788.188
Sólveig Anna Jónsdóttir, varaforseti	446.260	
Halla Gunnarsdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri	63.000	8.784.724
Eyrún Björk Valsdóttir, framkvæmdastjóri	18.737.601	17.774.408

4. Fjármagnsliðir

Fjármunatekjur greinast þannig:	2024	2023
Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur	83.954.309	57.494.792
Fjármagnstekjuskattur	(20.414.469)	(11.469.555)
	<u>63.539.840</u>	<u>46.025.237</u>
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtagjöld og verðbætur	10.354.551	18.799.658
Bankakostnaður, þjónustugjöld	4.700.900	263.692
	<u>15.055.451</u>	<u>19.063.350</u>

5. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir, sem reiknaðar eru sem fastur árlegur hundraðshluti, greinast þannig:

	Fasteignir, lóðir og fasteignaréttindi	Listaverka- safn	Skrifstofu- og tölvubúnaður	Samtals
Heildarverð 1.1. 2024	411.232.791	33.587.625	107.485.502	552.305.918
Afskrifað áður	(84.763.245)	0	(77.662.796)	(162.426.041)
	326.469.546	33.587.625	29.822.706	389.879.877
Viðbót á árinu	9.180.649	1.036.000	10.981.686	21.198.335
Matsbreyting	3.530.000	0	0	3.530.000
Afskrifað á árinu	(4.050.182)	0	(6.342.448)	(10.392.630)
Heildareign 31.12. 2024	335.130.013	34.623.625	34.461.944	404.215.582
Afskriftarhlutföll	0-2%	0%	15-20%	

Opinbert mat fasteigna skiptist þannig:

	Fasteignamat 31.12. 2024	Brunabótamat 31.12. 2024	Bókfært verð 31.12. 2024
Sumarhús Ölfusborgum nr. 37	15.100.000	25.316.000	15.100.000
Guðrúnartún 1	654.850.000	1.148.950.000	320.030.013
Guðrúnartún 1, lóðarmat	135.350.000	0	0
	805.300.000	1.174.266.000	335.130.013

Sumarhús að Ölfusborgum nr. 37 er að hálfu í eigu ASÍ og að hálfu í eigu Sameignar- og rekstrarfélags Ölfusborga. Húsið er bókfært skv. fasteignamati. Vátryggingarverðmæti listaverkasafns nam 719,5 millj. kr. og vátryggingaverðmæti annarra rekstrarfjármuna nam 78,1 millj. kr. í árslok

6. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Hlutabréf í eigu Alpýðusambands Íslands greinast þannig:

	Hlutdeild	Hlutdeild í afkomu ársins	Bókfært verð
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf.	40,00%	2.234.868	9.059.924
		2.234.868	9.059.924

7. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

	2024	2023
Viðskiptakröfur	9.476.153	15.502.553
Varúðarniðurfærsla viðskiptakrafna	(500.000)	(500.000)
Útistandandi kröfur vegna verkefna	22.928.586	36.542.035
Áfallnir ógreiddir vextir	0	1.104
Fyrirframgreidd laun	10.130.000	10.520.000
Fyrirframgreiddur kostnaður	322.249	167.414
Næsta árs afborgun af skuldabréfi	0	39.431
Krafa vegna framlags ríkisins til hagdeildar	30.000.000	30.000.000
Aðrar skammtímakröfur	1.804.647	686.983
	74.161.635	92.959.520

8. Verðbréfaeign

Yfirlit yfir verðbréfaeign:	2024	2023
Íslandsbanki, Ríkisskuldabréf meðallöng	43.699.073	71.719.111
Íslandsbanki, Ríkisskuldabréf löng	91.584.788	85.700.016
Íslandsbanki, Græn skuldabréf	27.845.253	25.646.066
Íslandsbanki, Skuldabréfasafn	58.161.365	25.271.190
Íslandsbanki, Ríkisskuldabréf óverðtryggð	112.483.319	105.716.166
Íslandsbanki, Sértryggð skuldabréf	105.871.340	98.274.699
Íslandsbanki, Sértryggð skuldabréf VTR	115.027.130	107.054.639
Íslandsbanki, Ríkissafn	48.451.604	40.315.792
Skuldabréf Íbúðalánasjóðs	0	731.789
Skuldabréf Ríkissjóðs	8.328.659	8.261.224
	<u>611.452.531</u>	<u>568.690.692</u>

9. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:	Vinnudeilusjóður	Óráðstafað eigið fé	Hlutdeild minnihluta	Samtals
Flutt frá fyrra ári	355.074.605	637.284.599	17.670.510	1.010.029.714
Matsbreyting sumarahúss		3.530.000		3.530.000
Rekstrarafgangur ársins		165.921.275	1.610.883	167.532.158
Eigið fé samtals 31.12. 2024	<u>355.074.605</u>	<u>806.735.874</u>	<u>19.281.393</u>	<u>1.181.091.872</u>

10. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding sambandsins er færð í ársreikninginn á grundvelli útreiknings tryggingastærðfræðings. Samkvæmt þeirri niðurstöðu er skuldbinding sambandsins áætluð 71,8% (2023: 71,3%) af áfallinni lífeyrisskuldbindingu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, eða kr. 197.669.042.

Lífeyrisskuldbinding sambandsins greinist þannig:	2024	2023
Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun	195.590.962	181.415.308
Framlag ársins	(15.659.044)	(14.299.835)
Breyting ársins	17.737.124	28.475.489
Lífeyrisskuldbinding í lok árs	<u>197.669.042</u>	<u>195.590.962</u>

Breytingar á árinu eru færðar þannig í rekstrarreikningi:

Lífeyrisgreiðslur meðal launa og launatengdra gjalda	15.659.044	14.299.835
Gjaldfært meðal annarra tekna og gjalda	2.078.080	14.175.654
	<u>17.737.124</u>	<u>28.475.489</u>

11. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding sambandsins greinist þannig:	2024	2023
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	2.874.776	1.681.933
Reiknaður tekjuskattur ársins	2.051.571	1.192.843
Tekjuskattsskuldbinding í lok árs	<u>4.926.347</u>	<u>2.874.776</u>
Tekjuskattsskuldbinding skiptist þannig á einstaka liði:		
Varanlegir rekstrarfjármunir	5.273.983	3.333.001
Yfirfæranlegt skattalegt tap	<u>(347.636)</u>	<u>(458.225)</u>
	<u>4.926.347</u>	<u>2.874.776</u>

12. Fjármagnstekjuskattsskuldbinding

Skattskuldbinding vegna frestaðs fjármagnstekjuskatts er reiknuð og færð í ársreikninginn að fjárhæð 45,8 millj. kr. Um er að ræða tímabundinn mismun milli þess að tekjur sem mynda fjármagnstekjuskattsstofn eru færðar í rekstrarreikningi og þess að tekjurnar verða skattskyldar. Vaxtatekjur og verðbætur teljast skattskyldar þegar þær eru greiddar eða greiðslukræfar.

Skuldbindingin er reiknuð miðað við það skatthlutfall sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundinn mismunur kemur til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörssdegi. Útreikningurinn miðar við skatthlutfall fjármagnstekjuskatts sem er 22%.

13. Langtímaskuldir

Yfirlit um skuldabréfalán:	2023
Íslandsbanki, verðtryggt	91.876.409
Birta lífeyrissjóður, verðtryggt	26.805.905
	<u>118.682.314</u>
Næsta árs afborgun	<u>(16.183.952)</u>
	<u>102.498.362</u>

Skuldabréfalán voru greidd upp að fullu á árinu 2024.

Skuld við þriðja aðila vegna uppgreiðslu lána Eignarhaldsfélagsins á árinu var 46,7 millj.kr. í lok árs.

14. **Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir**

	2024	2023
Viðskiptaskuldir	33.420.261	8.564.630
Ógr. ýmiss kostnaður	36.184.347	36.493.821
Áfallnir vextir	0	588.270
Fyrirframinnheimtar tekjur	8.497.000	3.128.500
Ólokin verk samkvæmt þjónustusamningum	23.527.109	24.089.403
Fjármagnstekjuskattur til greiðslu	10.354.619	0
Ógreidd laun og launatengd gjöld	37.213.438	28.340.157
Áunnið orlof	66.129.207	57.731.983
	<u>215.325.981</u>	<u>158.936.764</u>

15. **Tengdir aðilar**

Stöður við tengda aðila greinast þannig í lok árs 2024:

	Kröfur	Skuldir
Msj. Eðvarðs	7.756.257	0
Félagsmálaskóli alþýðu	0	636.155
	<u>7.756.257</u>	<u>636.155</u>

Stöður við tengda aðila greinast þannig í lok árs 2023:

	Kröfur	Skuldir
Félagsmálaskóli alþýðu	211.457	
	<u>211.457</u>	

Undirritunarsíða

Stjórnarmaður
Finnbjörn Aðalvíkingur Hermannsson

Stjórnarmaður
Andri Reyur Haraldsson

Stjórnarmaður
Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir

Stjórnarmaður
Berglind Kristófersdóttir

Stjórnarmaður
Eiður Stefánsson

Stjórnarmaður
Tómas Gabríel Benjamin

Stjórnarmaður
Jónas Yngvi Ásgrímsson

Stjórnarmaður
Guðbjörg Kristmundsdóttir

Stjórnarmaður
Óskar Hafnfjörð Gunnarsson

stjórnarmaður
Halla Gunnarsdóttir

Undirritunarsíða

Stjórnarmaður
Hilmar Harðarson

Stjórnarmaður
Kolbrún Júlía Erlendsdóttir

stjórnarmaður
Valmundur Valmundsson

Stjórnarmaður
Vilhjálmur E Birgisson

Stjórnarmaður
Sólveig Anna Jónsdóttir

Framkvæmdastjóri
Eyrún Björk Valsdóttir

Endurskoðandi
Theodór Siemsen Sigurbergsson

Ársreikningur

Eignarhaldsfélagið Guðrúnartúni 1 ehf.

2024



Guðrúnartúni 1
105 Reykjavík
KT. 690601-2650

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar og áritun stjórnar á ársreikninginn	2
Áritun endurskoðenda	3 - 4
Rekstrarreikningur ársins 2024	5
Efnahagsreikningur 31. desember 2024	6
Sjóðstreymi ársins 2024	7
Skýringar	8 - 12
Sundurliðanir	13

Stjórn félagsins Eignarhaldsfélagið Guðrúnartúni 1 ehf.:

Finnbjörn A. Hermannsson
Hólmgeir Jónsson
Björg Bjarnadóttir

Framkvæmdastjóri:

Eyrún Björk Valsdóttir

Kjörinn endurskoðandi:

Grant Thornton endurskoðun ehf.
Theodór S. Sigurbergsson
löggiltur endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Aðalstarfsemi félagsins er rekstur fasteigna.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam rekstrarafgangur félagsins 8,2 millj.kr. á árinu. Eigið fé félagsins í lok árs var jákvætt um 98 millj.kr. en var um 89,8 millj.kr. í byrjun árs. Stjórn félagsins leggur til að hagnaði ársins verði ráðstafað til næsta árs og ekki er gerð tillaga um úthlutun arðs. Að öðru leyti vísast til ársreikningsins varðandi fjárhagsstöðu félagsins og rekstur þess á liðnu ári.

Stöðugildi hjá félaginu voru 0,4 og launagreiðslur félagsins námu um 4,7 millj.kr. á árinu. Stöðugildi hjá félaginu á fyrra ári voru 0,4 og launagreiðslur félagsins námu um 4,8 millj.kr. á árinu 2023.

Hluthafar í upphafi og lok árs voru 3 að tölu.

Hlutfé félagsins skiptist þannig:

Alþýðusamband Íslands	87.205.800	80,3%
Starfsgreinasamband Íslands	12.163.200	11,2%
Sjómannasamband Íslands	9.231.000	8,5%
	<u>108.600.000</u>	

Stjórn félagsins Eignarhaldsfélagið Guðrúnartúni 1 ehf. staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Reykjavík, 16. maí 2025

Stjórn:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa félagsins Eignarhaldsfélagið Guðrúnartúni 1 ehf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning félagsins Eignarhaldsfélagið Guðrúnartúni 1 ehf. fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2024, efnahag þess 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA). Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð félaginu í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir, jafnt með ársreikningi sem og öðrum upplýsingum. Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga sem félagið gefur út en tilgreint er hér að ofan. Aðrar upplýsingar teljast til að mynda skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra (ekki umfram það sem álit okkar segir til um hér að neðan). Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirlestri á efni og innihaldi og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli þeirra og ársreikningsins.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi félagsins. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi atriði eru einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Theodór S. Sigurbergsson

löggiltur endurskoðandi

fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Reykjavík, 16. maí 2025

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur			
Húsaleigutekjur		82.122.843	86.308.558
		<u>82.122.843</u>	<u>86.308.558</u>
Rekstrargjöld			
Rekstur fasteignar		(38.112.845)	(37.498.914)
Laun og tengd gjöld	3	(5.878.989)	(5.857.324)
Annar rekstrarkostnaður		(1.840.564)	(2.151.768)
Afskriftir	4	(7.203.890)	(5.647.150)
		<u>(53.036.288)</u>	<u>(51.155.156)</u>
Rekstrarafgangur fyrir fjármagnsliði		29.086.555	35.153.402
Fjármagnsliðir			
Fjármunatekjur		305.681	377.227
Fjármagnsgjöld		<u>(19.155.284)</u>	<u>(30.795.881)</u>
Hrein fjármagnsgjöld		<u>(18.849.603)</u>	<u>(30.418.654)</u>
Rekstrarafgangur fyrir skatta		10.236.952	4.734.748
Tekjuskattur	7	<u>(2.051.571)</u>	<u>(1.192.843)</u>
Rekstrarafgangur ársins		<u>8.185.381</u>	<u>3.541.905</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir	Skýr.	2024	2023
Varanlegir rekstrarfjármunir	4	340.316.924	329.830.976
Fastafjármunir		<u>340.316.924</u>	<u>329.830.976</u>
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	5	67.249	82.990
Handbært fé		4.259.532	4.912.933
Veltufjármunir		<u>4.326.781</u>	<u>4.995.923</u>
Eignir alls		<u>344.643.705</u>	<u>334.826.899</u>
Eigið fé og skuldir			
Hlutfé		108.600.000	108.600.000
Ójafnað tap		(10.625.445)	(18.810.826)
Eigið fé	6	<u>97.974.555</u>	<u>89.789.174</u>
Tekjuskattsskuldbinding	7	4.926.347	2.874.776
Skuldbindingar		<u>4.926.347</u>	<u>2.874.776</u>
Langtímalán	8	0	212.827.640
Skuld við tengda aðila	10	237.219.413	0
Langtímaskuldir		<u>237.219.413</u>	<u>212.827.640</u>
Aðrar skammtímaskuldir	9	4.523.390	6.291.506
Næsta árs afborganir langtímaskulda	8	0	23.043.803
Skammtímaskuldir		<u>4.523.390</u>	<u>29.335.309</u>
Skuldir alls		<u>246.669.150</u>	<u>245.037.725</u>
Skuldir og eigið fé alls		<u>344.643.705</u>	<u>334.826.899</u>

Sjóðstreymi ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarafgangur ársins		8.185.381	3.541.905
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	4	7.203.890	5.647.150
Verðbætur og gengismunur langtímalána		8.529.522	18.412.733
Tekjuskattsskuldbinding, breyting	7	2.051.571	1.192.843
		<u>25.970.364</u>	<u>28.794.631</u>
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur; lækkun (hækkun)		15.741	(11.689)
Skammtímaskuldir; hækkun (lækkun)		(1.768.116)	2.188.293
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>(1.752.375)</u>	<u>2.176.604</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>24.217.989</u>	<u>30.971.235</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfest í varanlegum rekstrarfjármunum	4	(17.689.838)	(14.652.234)
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(17.689.838)</u>	<u>(14.652.234)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddar afborganir langtímalána		(244.400.965)	(22.266.549)
Lán frá tengdum aðilum		237.219.413	0
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(7.181.552)</u>	<u>(22.266.549)</u>
Lækkun á handbæru fé		(653.401)	(5.947.548)
Handbært fé í ársbyrjun		4.912.933	10.860.481
Handbært fé í lok árs		<u>4.259.532</u>	<u>4.912.933</u>

Skýringar

1. Starfsemi

Aðalstarfsemi félagsins Eignarhaldsfélagið Guðrúnartúni 1 ehf. er starfsemi eignarhaldsfélaga og er félagið með aðalstarfsstöð í Reykjavík. Félagið er dótturfélag Alþýðusamband Íslands sem er með aðsetur að Guðrúnartúni 1, Reykjavík.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur félagsins Eignarhaldsfélagið Guðrúnartúni 1 ehf. fyrir árið 2024 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Fjárhæðir eru í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Í samræmi við lög um ársreikninga ber stjórnendum við gerð ársreiknings að meta, draga ályktanir og taka ákvarðanir sem hafa áhrif á eignir, skuldir, tekjur og gjöld á reikningsskiladegi. Það sama gildir um ábyrgð stjórnenda varðandi upplýsingar í skýringum ársreiknings. Við mat og ályktanir byggja stjórnendur á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir eru færðir í rekstrarreikning á því tímabili sem þeir falla til.

Skráning tekna

Húsaleigutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi.

Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikning. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegs mismunar á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 21%.

Tekjuskattur til greiðslu er sá tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Tekjuskattsinneign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem talið er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði næstu ára.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á tímabilinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á sóludegi.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði.

Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að fráðregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2024	2023
Laun	4.719.617	4.782.502
Lífeyrissjóðsgjöld	637.148	645.637
Önnur launatengd gjöld	522.224	429.185
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>5.878.989</u>	<u>5.857.324</u>
Meðalföldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf	<u>0,4</u>	<u>0,4</u>

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir, sem reiknaðar eru sem fastur árlegur hundraðshluti, greinast þannig:

	Fasteign	Húsbúnaður, áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1. 2024	399.662.791	31.611.441	431.274.232
Afskrifað áður	(84.763.245)	(16.680.011)	(101.443.256)
	<u>314.899.546</u>	<u>14.931.430</u>	<u>329.830.976</u>
Viðbót á árinu	9.180.649	8.509.189	17.689.838
Afskrifað á árinu	(4.050.182)	(3.153.708)	(7.203.890)
Bókfært verð 31.12. 2024	<u>320.030.013</u>	<u>20.286.911</u>	<u>340.316.924</u>

Afskriftarhlutföll

1%	15-20%
----	--------

Opinbert mat fasteigna skiptist þannig:

	Fasteignamat 31.12. 2024	Brunabótamat 31.12. 2024	Bókfært verð 31.12. 2024
Guðrúnartún 1	654.850.000	1.148.950.000	320.030.013
Guðrúnartún 1, lóðarmat	135.350.000	0	0
	<u>790.200.000</u>	<u>1.148.950.000</u>	<u>320.030.013</u>

Vátryggingaverðmæti annarra rekstrarfjármuna nemur um 14,3 millj. kr.

5. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

	2024	2023
Fjármagnstekjuskattur, afdreginn	67.249	82.990
	<u>67.249</u>	<u>82.990</u>

6. Eigið fé

Hlutfé félagsins nam 108,6 millj.kr. í lok ársins. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutfé	Ójafnað tap	Samtals
Flutt frá fyrra ári	108.600.000	(18.810.826)	89.789.174
Rekstrarafgangur ársins		8.185.381	8.185.381
Eigið fé samtals 31.12. 2024	<u>108.600.000</u>	<u>(10.625.445)</u>	<u>97.974.555</u>

7. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding félagsins greinist þannig:

	2024	2023
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	2.874.776	1.681.933
Reiknaður tekjuskattur ársins	<u>2.051.571</u>	<u>1.192.843</u>
Tekjuskattsskuldbinding í lok árs	<u>4.926.347</u>	<u>2.874.776</u>

Tekjuskattsskuldbinding skiptist þannig á einstaka liði:

Varanlegir rekstrarfjármunir	5.273.983	3.333.001
Yfirfæranlegt skattalegt tap	<u>(347.636)</u>	<u>(458.225)</u>
	<u>4.926.347</u>	<u>2.874.776</u>

8. Langtímalán

Langtímalán greinast þannig:

	2023
Íslandsbanki, verðtryggt	91.876.409
Alþýðusamband Íslands (tengdur aðili), verðtryggt	117.189.129
Birta lífeyrissjóður, verðtryggt	26.805.905
	<u>235.871.443</u>
Næsta árs afborganir langtímalána	<u>(23.043.803)</u>
	<u>212.827.640</u>

Langtímalán voru greidd upp að fullu á árinu 2024.

9. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir	2024	2023
Áunnið orlof	434.948	412.997
Ógreitt tryggingargjald	32.572	31.035
Ógreiddur lífeyrissjóður	97.618	93.011
Ógreidd sjóðagjöld	10.169	9.689
Ógreidd staðgreiðsla	65.962	64.927
Reiknaðir áfallnir vextir	0	1.008.198
Ógreiddir reikningar	3.882.121	4.645.693
Ógreidd opinber gjöld	0	25.956
	<u>4.523.390</u>	<u>6.291.506</u>

10. Tengdir aðilar

Viðskipti við tengd félög árið 2024:

	Leigutekjur	Vaxtagjöld og verðbætur	Langtíma-skuldir
Alþýðusamband Íslands	46.181.149	8.966.366	190.487.189
Starfsgreinasamband Íslands	8.121.339		26.568.574
Sjómannasamband Íslands	4.988.554		20.163.650
Guðrúnartún 1, húsfélag	7.518.089		
	<u>66.809.131</u>	<u>8.966.366</u>	<u>237.219.413</u>

Viðskipti við tengd félög árið 2023:

	Leigutekjur	Vaxtagjöld og verðbætur	Langtíma-skuldir	Skammtíma-skuldir
Alþýðusamband Íslands	51.450.196	13.984.397	117.189.129	
Alþýðusamband Ísl. næsta. árs afb.			(6.859.851)	6.859.851
Alþýðusamband Ísl. áfalln. vextir				419.928
Starfsgreinasamband Íslands	9.294.167			
Sjómannasamband Íslands	5.572.282			
Guðrúnartún 1, húsfélag	5.662.000			
	<u>71.978.645</u>	<u>13.984.397</u>	<u>110.329.278</u>	<u>7.279.779</u>

Sundurliðanir ársins 2024

	2024	2023
11. Húsaleigutekjur		
Húsaleigutekjur	82.122.843	86.308.558
Húsaleigutekjur	82.122.843	86.308.558
12. Rekstur fasteignar		
Rekstur húsfélags	21.330.000	19.440.000
Hiti og rafmagn	2.330.021	2.092.490
Fasteignagjöld	11.346.000	11.165.500
Viðhald og ræsting	1.664.347	3.452.401
Hreinlætisvörur	388.570	412.110
Vátryggingar	1.053.907	936.413
Rekstur fasteignar	38.112.845	37.498.914
13. Laun og tengd gjöld		
Laun	4.719.617	4.782.502
Orlof starfsmanna	21.951	(66.887)
Tryggingagjald	340.153	344.686
Lífeyrissjóðsgjöld	637.148	645.637
Sjúkra- og orlofstryggingar	77.872	78.910
Slysstryggingar	82.248	72.476
Laun og tengd gjöld	5.878.989	5.857.324
14. Annar rekstrarkostnaður		
Gjaldfærð áhöld og viðhald	339.846	1.109.284
Vátryggingar	72.309	68.547
Reikningsleg aðstoð	941.372	879.942
Útvarpsgjald	20.900	20.200
Annar kostnaður	466.137	73.795
Annar rekstrarkostnaður	1.840.564	2.151.768

Undirritunarsíða

Framkvæmdastjóri
Eyrún Björk Valsdóttir

Stjórnarmaður
Finnbjörn Aðalvíkingur Hermannsson

Stjórnarmaður
Hólmgeir Jónsson

Stjórnarmaður
Björg Bjarnadóttir

Endurskoðandi
Theodór Siemsen Sigurbergsson

Ársreikningur

Félagsmálaskóli alþýðu

2024



Guðrúnartúni 1
105 Reykjavík
KT: 420190-2049

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar og áritun stjórnar á ársreikninginn	2
Áritun endurskoðenda	3 - 4
Rekstrarreikningur ársins 2024	5
Efnahagsreikningur 31. desember 2024	6
Sjóðstreymi ársins 2024	7
Skýringar	8 - 10

Stjórn Félagsmálaskóla alþýðu

Guðbjörg Kristmundsdóttir
Ásgrímur Örn Hallgrímsson
Hulda Anna Arnljótsdóttir
Aðalsteinn Árni Baldursson
Sandra Ósk Jóhannsdóttir
Karl Rúnar Þórsson
Hilmar Harðarson

Skólastjóri

Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir

Kjörinn endurskoðandi:

Grant Thornton endurskoðun ehf.
Theodór S. Sigurbergsson
löggiltur endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Aðalstarfsemi skólans er skipulagning námskeiða og fræðsla út frá þörfum og aðstæðum aðildarfélaga ASÍ og BSRB.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam rekstrarhalli skólans 3,3 millj.kr. á árinu. Eigið fé skólans í lok árs var jákvætt um 14,5 millj.kr. en var um 17,8 millj.kr. í byrjun árs. Stjórn skólans leggur til að rekstrarhalla ársins verði ráðstafað til næsta árs. Að öðru leyti vísast til ársreikningsins varðandi fjárhagsstöðu skólans og rekstur hans á liðnu ári.

Skólinn hefur enga skráða starfsmenn í sinni þjónustu en greiddi hlutdeild í launum 1,3 starfsmanna Sambands sjóðs ASÍ.

Stjórn Félagsmálaskóla alþýðu og skólastjóri staðfesta hér með ársreikning skólans fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Reykjavík, 27. maí 2025

Stjórn:

Skólastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Félagsmálaskóla alþýðu.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Félagsmálaskóla alþýðu fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu skólans á árinu 2024, efnahag þess 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA). Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð skólanum í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og skólastjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem skólinn birtir, jafnt með ársreikningi sem og öðrum upplýsingum. Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga sem skólinn gefur út en tilgreint er hér að ofan. Aðrar upplýsingar teljast til að mynda skýrsla stjórnar og skólastjóra (ekki umfram það sem álit okkar segir til um hér að neðan). Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirlestri á efni og innihaldi og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli þeirra og ársreikningsins.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórn og skólastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og skólastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og skólastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi skólans. Ef við á, skulu stjórn og skólastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og skólastjóri hafi ákveðið að leysa skólann upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Næganleg vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beittum við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi atriði eru einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi skólans:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé fram hjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits skólans.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi skólans.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Theodór S. Sigurbergsson

löggiltur endurskoðandi

fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Reykjavík, 27. maí 2025

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur			
Framlag frá ríkissjóði	6	19.459.000	18.100.000
Aðrar tekjur	7	10.646.227	16.843.610
Fræðsludeild ASÍ, mótframlag		1.702.102	2.921.057
		<u>31.807.329</u>	<u>37.864.667</u>
Rekstrargjöld			
Laun og tengd gjöld	3	(21.859.101)	(27.795.875)
Námskeiðahald	8	(3.377.794)	(2.446.339)
Annar rekstrarkostnaður	9	(10.897.505)	(9.951.485)
		<u>(36.134.400)</u>	<u>(40.193.699)</u>
Rekstrarhalli fyrir fjármagnsliði		(4.327.071)	(2.329.032)
Fjármagnsliðir			
Vaxtatekjur		1.281.405	1.210.052
Fjármagnstekjuskattur		(291.771)	(266.183)
		<u>989.634</u>	<u>943.869</u>
Rekstrarhalli ársins		<u>(3.337.437)</u>	<u>(1.385.163)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir	Skýr.	2024	2023
